Hér líður mér vel

Katrín Halldóra segist elska lifandi og skemmtilegt heimili sitt þar sem tónlistin er allsráðandi. ➤ 30

Reynir að stöðva dauðarefsingu

Gísli Guðjónsson er í verjendateymi fjórtán barna móður sem taka á af lífi í Texas. ➤ 36

Genf
frá 14.999 KR.
flyPLAY.com

FRÉTTABLAÐIÐ

74. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 9. APRÍL 2022

Hafði týnt minni eigin kynveru

Hugmyndina að kynlífstækjaversluninni Blush fékk Gerður Huld þegar hún gekk 21 árs gömul inn í slíka verslun eftir fæðingarorlof. Hún hafði þá týnt sinni eigin kynveru og fann sig engan veginn í versluninni. Markmiðið að færa markaðinn frá klámi að kynheilbrigði virðist hafa náðst og er fyrirtækið nú komið í 860 fermetra húsnæði. ➤ 26

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

20% LÆGRA VERÐ Í ELKO FRÍHÖFN
GRÆJAÐU FERÐAFÉLAGANN Á ELKODUTYFREE.IS

ELKO

Hinsegin dagar árið 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Reykjavík best fyrir hinsegin fólk

kristinnhaukur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Breska fjármála- og greiningarfyrirtækið Money hefur valið Reykjavík sem bestu borg heims fyrir hinsegin fólk að búa í. Greiningin er byggð á almennum viðhorfum í samfélaginu í garð hinsegin fólks, fjölda hinsegin klúbba og einkunnum sem þeir fá.

Reykjavík skoraði 10 af 10 mögulegum í samfélagsviðhorfum, með 2,5 hinsegin klúbba á hverja 100 þúsund íbúa, með 4,0 í einkunn á Tripadvisor.

Í öðru og þriðja sæti koma tvær hollenskar borgir, Amsterdam og Rotterdam, en Hollendingar eru frægir fyrir umburðarlyndi sitt. Í fjórða sæti er San Francisco, sem hefur verið miðpunktur baráttu hinsegin fólks í Bandaríkjunum í áratugi.

Topp tíu listann klára Dublin, Brussel, Edinborg, Cardiff, Glasgow og Madríd. London er í 18. sæti og Kaupmannahöfn í 20. sæti. ■

Lögðu blóðug leikföng við sendiráðið

Mótmælendur lögðu blóðrauða skó, dúkkur og bangsa við inngang rússneska sendiráðsins í gær til að mótmæla innrás Rússa í Úkraínu og veru rússneska sendiráðsins og starfsfólks þess á Íslandi. Skipuleggjandi mótmælagjörningsins er Tetiana Medko frá Úkraínu sem hefur búið á Íslandi í fimm ár. Samkvæmt síðustu gögnum Mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna hafa 158 börn verið drepin í innrásinni en líklegt er að heildartalan sé mun hærri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Systurnar í Amsterdam

erlamaria@frettabladid.is

EUROVISION Systurnar þrjár Sigga, Beta og Elín héldu til Amsterdam í gær til að kynna framlag Íslands til Eurovision, Með hækkandi sól. Þær koma fram á kynningartónleikunum Eurovision in Concert um helgina, sem er árlegur viðburður í aðdraganda Eurovision.

Tuttugu og átta atriði keppninnar í ár munu verða flutt, auk fimm gestasöngvara sem allir eiga það sammerkt að hafa keppt á stóra sviðinu í Eurovision. Á þeim lista er ekki ómerkilegri sigurvegari en hin sænska Loreen, sem vann árið 2012 með lagið Euphoria.

Þegar blaðamaður náði á Betu var hún önnum kafin en sagðist mjög spennt fyrir því sem koma skal.

Eurovision-keppnin í ár verður haldin í Tórínó á Ítalíu og munu systurnar stíga á svið í fyrri undankeppninni, sem fer fram 10. maí, og freista þess að komast áfram fyrir hönd Íslands og keppa á lokakvöldinu 14. maí. Eins og sakir standa spáir veðbankinn eurovisionworld.com þeim stöllum 26. sæti sem myndi þýða að þær fara ekki áfram úr undanúrslitunum. ■

Sigga, Elín og Beta spila í Amsterdam um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rússnesk-íslenska ráðið starfar í hálfgerðum dvala

Einn stjórnarmaður í rússnesk-íslenska viðskiptaráðinu segir óeðlilegt að stunda viðskipti við Rússland í dag, en annar að það sé persónuleg ákvörðun fyrirtækja. 36 fyrirtæki eru í ráðinu, þar á meðal nokkur af þeim stærstu á landinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Rússnesk-íslenska viðskiptaráðið hefur ekki verið lagt niður eftir að stríðið í Úkraínu hófst og stjórnarmaður veit ekki til úrsagna úr félaginu. 36 íslensk fyrirtæki eiga aðild, þar á meðal stórfyrirtæki á borð við Samherja, Brim, Marel, Lýsi hf. og Kaupfélag Skagfirðinga.

„Ég lít svo á að félagið sé í hálfgerðum dvala," segir Gunnþór Ingvason, stjórnarmaður og forstjóri Síldarvinnslunnar. Ekki sé eðlilegt sé að stunda viðskipti við Rússland í dag. „Þetta stríð er ömurlegt og ég held að það séu allir sammála þeim aðgerðum sem eru í gangi."

Aðspurður um Síldarvinnsluna segir Gunnþór hana ekki hafa verið í viðskiptum við Rússland síðan matarinnflutningsbann var sett á árið 2015.

Rússnesk-íslenska viðskiptaráðið heyrir undir Viðskiptaráð og tók til starfa árið 2019. Tilgangurinn er að viðhalda góðum viðskiptatengslum milli landanna.

Í janúar hætti Ari Edwald sem formaður ráðsins. Hann sat fyrir hönd Mjólkursamsölunnar og Ísey skyrs en var rekinn eftir ásakanir um kynferðisbrot gegn Vítalíu Lazarevu.

Í gær greindu Mjólkursamsalan og Kaupfélag Skagfirðinga frá því að framleiðslu Ísey skyrs í Rússlandi væri hætt en Fréttablaðið greindi frá því á fimmtudag að salan væri enn í gangi, mánuði eftir að stríðið hófst.

Anton Vasilev, þáverandi sendiherra Rússlands, Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi utanríkisráðherra, og Ari Edwald, þáverandi formaður Rússnesk-íslenska viðskiptaráðsins, á stofnfundi árið 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Þetta stríð er ömurlegt og ég held að það séu allir sammála þeim aðgerðum sem eru í gangi.**

Gunnþór Ingvason, stjórnarmaður í Rússnesk-íslenska viðskiptaráðinu

Nýr formaður ráðsins er Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Alvotech. Ekki náðist í hana fyrir vinnslu þessarar fréttar.

„Viðskiptaráðið er ekki hætt. Starfsemi er í gangi," segir Natalia Yukhnovskaya, stjórnarmaður sem situr fyrir iCan í Grindavík sem selur þorskalifur. „Ráðið fundaði eftir að stríðið byrjaði og ræddi hvaða erfiðleika við erum að stríða við. Við erum svolítið í pásu og bíðum og sjáum hvað gerist næst."

Natalia segir fyrirtækin hafa átt í erfiðleikum með að fá greiðslur og að samskiptin milli landanna gangi erfiðlega. Hafi Viðskiptaráð ætlað að hafa milligöngu um að koma upplýsingum til utanríkisráðuneytisins um þá erfiðleika sem fyrirtækin standi frammi fyrir.

„Það er persónuleg ákvörðun hvers og eins fyrirtækis," segir hún aðspurð, um hvort það sé siðferðislega rétt að stunda viðskipti við Rússland meðan stríðið geisi. Hún segir fólk hafa mismunandi skoðanir á því hvort eigi að halda áfram að stunda viðskiptin eða hætta þeim. Enginn styðji þó þetta stríð.

„Við reynum að stíga varlega til jarðar og taka engar ákvarðanir í flýti," segir hún um framhaldið. Stefnt er að því að halda ársfund félagsins í apríl eða maí. ■

TOYOTA HIGHLANDER HYBRID

FÆR Í FLESTAN SJÖ

7 MANNA OG 4WD

TOYOTA – MEST SELDA BIFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI 32 ÁR Í RÖÐ

Toyota Hybrid hefur aldrei verið svona stór
Verð frá: 10.890.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga
Highlander Hybrid verð frá: 205.000 kr. á mán.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 ÁBYRGÐ 3+4 | 3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Tölur vikunnar

209

fjárfestar fengu keypréttt í útboði á hlut ríkisins í Íslandsbanka fyrir rúmum tveimur vikum.

150

sátu í fangelsi á Íslandi árið 2021, samkvæmt nýlegri úttekt Evróputáðsins á fangelsismálum.

1,5

prósenta hækkun er á matarkörfu fjögurra manna fjölskyldu milli mánaða, samkvæmt verðkönnun ASÍ.

6,7

prósenta verðbólga er á landinu og hefur ekki mælst meiri í tólf ár.

66

prósent allra seldra nýrra fólksbíla á árinu eru nýorkubílar.

Þrjú í fréttum

Vigdís Häsler

framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands

tjáði sig á Facebook-síðu sinni um ummæli Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra og formanns Framsóknarflokksins, á Búnaðarþingi sem haldið var í síðustu viku. Fréttir herma að óviðurkvæmileg orð hafi verið látin falla um húðlit Vigdísar, sem tók málið óstinnt upp. „Ég veit hvað ég heyrði, ég veit hvað var sagt."

Magnús Leópoldsson

sem sat í gæsluvarðhaldi í yfir 100 daga í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu

gagnrýnir harðlega aðkomu stjórnmálamanna að bótum til þeirra sem komu honum í fangelsi með röngum sakargiftum. Hann segir að himinháar bótagreiðslur í þessu ljósi séu þeim sem enn lifa af þeim fjórum sem sátu inni mjög þungbærar.

Aníta Briem

leikkona

leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Skjálfta. Myndin hefur verið sýnd á nokkrum kvikmyndahátíðum og fengið góða dóma. Aníta segir myndina fjalla um það að ekki sé hægt að sópa hlutum undir teppið. „Ef fólk tekst ekki á við hlutina stækka þeir og verða eins og eitur í líkamanum sem ekki fer fyrr en við þorum að horfast í augu við það." ■

Hafnar beiðni um rannsókn þingsins

Meint lögbrot við sölu Íslandsbanka skapa titring. Forsætisráðherra segir að spurningar hafi vaknað um pólitíska ábyrgð.

bth@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að spurningar hafi vaknað um pólitíska ábyrgð. Hún á von á að þeim verði svarað með úttekt Ríkisendurskoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bjarni Benediktsson

Svandís Svavarsdóttir

ALÞINGI Meirihlutinn á Alþingi féllst ekki á óskir minnihlutans um að skipa sérstaka rannsóknarnefnd um útboð á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Ásakanir um meint lögbrot við söluna bættust ofan á fyrri ólgu á Alþingi í gær, svo nálgast suðupunkt.

Margir þingmenn minnihlutans vidu knýja fram rannsókn þingsins á málinu og telja ekki nóg að gert að vísa málinu til Ríkisendurskoðunar.

„Ríkið er búið að dunda við að selja bankana í tómu rugli og lögbrotum," sagði Guðmundur Ingi Kristinsson, Flokki fólksins, og gerði ágóða útvalinna vegna sölunnar að umræðuefni.

Halga Vala Helgadóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, var í hópi þeirra sem vildu gera hlé á þingfundi til að ná niðurstöðu um formlega rannsóknarnefnd Alþingis vegna sölunnar.

Sigmar Guðmundsson, þingmaður Viðreisnar, sagði ekkert mál meira knýjandi en þetta. Hann sagði orð Sigríðar Benediktsdóttur hagfræðings, sem sat í rannsóknarnefnd Alþingis sem rannsakaði hrunið og telur að lög hafi verið brotin, vega þyngra en allt sem sagt hefði verið í ræðustóli Alþingis um málið síðustu daga.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði skömmu áður en krafan kom upp á þinginu að enginn deildi um það að frumútboð við sölu ríkishlutar í Íslandsbanka í fyrra hefði verið vel heppnað. Í þessum legg sölunnar hefðu aftur vaknað spurningar um pólitíska ábyrgð. Eðlilegt væri að þeirra spurninga sé spurt og niðurstaða fáist í málinu.

Katrín segir að Bankasýslan hafi verið valin til að stýra þessu ferli. Hún starfi í armslengd frá hinu pólitíska valdi. Katrín segist sjálf hafa lagt áherslu á, í blóra við vilja Bankasýslunnar, að birta nafnalista kaupenda. Ríkisstjórnin hafi verið einhuga um nafnbirtinguna.

„Það hafa vaknað spurningar um hvort framkvæmdin haf verið í takti við lýsingu sem lagt var upp með. Við höfum sent Ríkisendurskoðun beiðni og þessum málum verður ekkert hreyft meðan málið er til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun," sagði Katrín.

Spurð hvort Bankasýslan hafi sannarlega starfað í armslengd frá hinu pólitíska valdi, svarar Katrín:

„Ja, ekki var ég upplýst um neina kaupendur og ég tel að það sama eigi við um aðra ráðherra."

Varðandi ábyrgð Bjarna, sem viðurkenndi í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði betur séð til þess fyrir fram að pabbi hans hefði ekki keypt hlut í útboðinu, segir Katrín:

„Það er á ábyrgð löggjafans sem hefur útbúið ferlið, að Bankasýslan sé fjarri pólitísku valdi og þótt við höfum skoðanir er það ekki okkar hlutverk að velja kaupendur, við erum ekki upplýst. En við getum rætt hvort við viljum hafa þetta fyrirkomulag. Þótt það sé þannig að við setjum stofnun í fjarlægð er spurning hver ber ábyrgð á hinu pólitíska valdi."

Svandís Svavarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra VG, vildi ekki ganga svo langt að kalla söluna klúður.

„Nei, alls ekki klúður," sagði Svandís.

Bjarni Benediktsson sagði í viðtölum við fjölmiðla í gær að hann gerði sér vonir um að úttekt Ríkisendurskoðunar lægi fyrir í júní.

„Eina leiðin til að ná trausti á ný," segir Svandís.

Fagfárfestirinn Jakob Valgeir Flosason gagnýndi í Fréttablaðinu í gær að lífeyrissjóðirnir hefðu pressað verð hlutabréfanna niður. Ríkið hefði getað fengið hærra verð fyrir hlutina sem seldir voru ef færri kaupendur hefðu fengið að kaupa meira,

„Þarna er útgerðarmaður að segja: Ef ég hefði fengið að kaupa meira hefði ríkið getað fengið hærra verð," segir Bjarni Benediktsson. „En við erum sammála um að tryggja fjölbreytni eigenda og dreifa eignaraðild. Við myndum ekki vilja láta fáa, til dæmis útgerðaraðila, taka stóra hluta og ráða bankanum í framhaldinu."

Bjarni bendir á að nú séu 14 hluthafar með eitt prósent eða meira í bankanum, Ríkið sé enn langstærst með 45 prósent. 15.000 hluthafar eigi minna en eitt prósent.

„Útgerðarmaðurinn er að segja að ef hann hefði fengið að kaupa meira hefði bankanum verið betur stýrt í framhaldinu. Hann má alveg eiga þá skoðun," segir Bjarni. ■

100% RAFMÖGNUÐ ÍTÖLSK HÖNNUN

Með 3+1 hurðum og allt að 433 km drægni

Hvað nærðu að gera á fimm mínútum? Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

FIAT

FIAT.IS

Herra Lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur af öllum vörum
BOSS HUGO BOSS
Stenströms
HUGO HUGO BOSS
gardeur
SAND COPENHAGEN
EMPORIO ARMANI
bugatti
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
POLO RALPH LAUREN
eterna
LES DEUX copenhague
LLOYD
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Skima flóttafólk í nýrri móttökumiðstöð

Í nýrri móttökumiðstöð fyrir flóttafólk er öll þjónusta fyrir fólk á einum stað. Það talar við lögreglu, fær heilsufarsskoðun og getur svo farið á fund Fjölmenningarseturs þar sem því er úthlutað húsnæði.

lovisa@frettabladid.is

Allt fólk á flótta getur farið í miðstöðina, sótt um vernd, talað við lögreglu og farið í heilsufarsskoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SAMFÉLAG Miðstöðin var opnuð formlega í vikunni en hún er bæði fyrir þau sem koma vegna átakanna í Úkraínu, en einnig fyrir þann fjölda fólks sem kemur hingað frá öðrum löndum eins og Venesúela, Palestínu og öðrum löndum.

Aðgerðastjóri móttöku flóttamanna er Gylfi Þór Þorsteinsson en hann fer beint í verkefnið úr farsóttarhúsunum.

Móttökumiðstöðin á að einfalda ferli umsókna um vernd og auðvelda umsækjendum að sækja þjónustuna, en nú er hún öll á einum stað. Miðstöðin er staðsett á Egilsgötu í miðbæ Reykjavíkur þar sem læknamiðstöðin Domus Medica var áður.

Þegar gengið er inn er að finna móttökusal þar sem umsækjendur um vernd taka númer og fá fyrst númer merkt A og fara þá niður og hitta lögregluna. Að því loknu fara þeir aftur á bið en þá á númeri merkt B og fara þá í heilsufarsskoðun. Auk þess er öllum boðið að fara í Covid-próf og svo út frá niðurstöðum ýmissa heilusfarsprófa er fólkinu boðið að þiggja þær bólusetningar sem það hefur ekki enn þegið, ef það vill.

Ein af ástæðunum fyrir því að móttökumiðstöðin er í þessu húsnæði er að þar er að finna Röntgen Domus, en vegna þess að berklar eru landlægir í Úkraínu fara allir flóttamenn eldri en 15 ára sem koma þaðan í berklapróf sem felst í því að tekin er röntgenmynd af lungum þeirra. Þau sem eru undir 15 ára fara í berklapróf á húðinni en það tekur um tvo sólarhringa að fá niðurstöður úr því.

„Allir flóttamenn sem koma frá löndum þar sem berklar eru landlægir fara í berklapróf,“ segir Gylfi og að myndirnar séu ekki notaðar til að skoða neitt annað.

> Núna þegar fjöldinn er svona mikill, sem þarf að þjónusta svona hratt, þá þurfti að nota aðrar aðferðir.

Þórir Björn Kolbeinsson, yfirlæknis á göngudeild sóttvarna

„Það eru alls konar sjúkdómar landlægir víða um heim sem ekki eru hér, auk þess sem fólk á Íslandi er bólusett fyrir ýmsu, og börn sem ekki eru bólusett úti. Þetta er því gert með þeirra hagsmuni að leiðarljósi en einnig til að koma í veg fyrir dreifingu sjúkdómanna hér,“ segir Gylfi.

> Allir flóttamenn sem koma frá löndum þar sem berklar eru landlægir fara í berklapróf.

Gylfi Þór Þorsteinsson, aðgerðastjóri móttöku flóttamanna

Hann segir að fyrir ferðamenn sem koma frá sama svæði þá þurfi þeir ekki endilega að sýna fram á bólusetningar- eða smitvottorð, því það á ekki í sama samneyti við fólk sem hér er búsett og þau sem hingað koma á flótta.

Það er að sögn Þóris Björns Kolbeinssonar, yfirlæknis á göngudeild sóttvarna, algerlega staðlað að prófa fyrir berklum, en fyrir þann hóp sem kemur frá Úkraínu hafa verið gerðar þær breytingar að farið er niður í 15 ára með myndatökur en fyrir fólk frá öðrum löndum er miðað við 18 ára aldur.

„Við á göngudeild sóttvarna erum með stöðuga móttöku fyrir alþjóðlega hælisleitendur,“ segir Þórir, en á göngudeildinni starfa aðeins fimm manns og var þess vegna ákveðið, vegna umfangs flóttafólks frá Úkraínu, að setja upp sérstaka miðstöð fyrir það.

„Við erum allt árið með læknisskoðanir í gangi og hingað til hafa hælisleitendur komið á göngudeild sóttvarna en núna þegar fjöldinn er svona mikill, sem þarf að þjónusta svona hratt, þá þurfti að nota aðrar aðferðir,“ segir Þórir.

Það er þó fyrir þau, og aðra sem koma, nokkuð staðlað hvaða heilsufarsrannsóknir eru gerðar, en þær miða að miklu leyti við aldur, að sögn Þóris.

„Það sem allir fara í er yfirleitt að leitað er fyrir lifrarbólgu B og C, alnæmi og sárasótt. Þetta er allt rútína. Þetta er gert fyrir alla aldurshópa en svo getur verið munur á því hvort það er tekin röntgenmynd af lungum eða hvort það er lagt fyrir berklapróf.

Vanalega eru mörkin metin eftir því hversu lengi einstaklingurinn ætlar að vera á Íslandi hvaða aðferð er valin,“ segir Þórir og að þegar tekin er mynd þá sé verið að leita að berklum. ■

Meiri verðhækkanir eru í pípunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mestu hækkanir á mat í fjórtán ár

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Matvælavísitala Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, hækkaði um 12,7 prósent milli febrúar og mars og er þetta mesta hækkun milli mánaða í 14 ár.

Framboð af korni og jurtaolíum hefur dregist mjög saman vegna stríðsins í Úkraínu og telur Matvælastofnunin að þetta geti valdið miklu tjóni í fátækari löndum heims.

Í þróuðum hagkerfum fara um 17 prósent útgjalda neytenda til matarinnkaupa, en í þróunarríkjum er hlutfallið mun hærra. Til dæmis fara um 40 prósent útgjalda almennings í Afríku, sunnan Sahara, til matarinnkaupa.

Mestar hafa verðhækkanir verið á jurtaolíum, sem hækkuðu um 23,3 prósent milli mánaða og hafa hækkað um 56 prósent síðustu 12 mánuði, og korni sem hækkaði um 17,1 prósent milli mánaða og 37 prósent milli ára.

Síðustu 12 mánuði hefur matvælavísitalan hækkað um 34 prósent. Sérfræðingar Matvælastofnunarinnar óttast að frekari hækkanir séu í pípunum, á bilinu 8-22 prósent.

Þessi mikla hækkun matarverðs er í takti við verðkannanir Veritabus og ASÍ hér á landi undir síðustu mánaðamót, sem fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu. Talið er að verðhækkanir á matvælum vegna stríðsins í Úkraínu séu ekki komnar inn í mælingar hér á landi og því geta miklar hækkanir verið í pípunum. ■

KRÓNAN

Mmm ...

Allt fyrir gómsæta páskaveislu!

OPIÐ ALLA PÁSKANA!

Sjá nánar á kronan.is

Lambalæri beint frá býli
1789 kr. kg

Lambahryggur beint frá býli
3298 kr. kg

Confit De Canard andalæri
3698 kr. stk.

Kalkúnabringa með salvíusmjöri
4399 kr. kg

Krónu Nauta Wellington
8699 kr. pk.

Bökunarkartöflur
58 kr. stk.

Nóatúns rjóma sósa 420 ml
569 kr. stk.

Ferskur aspas, 400 g
799 kr. pk.

Pssst ... Kíktu á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Konur finna fyrir streitu en karlar sofa of lítið

Ungar konur meta andlega heilsu sína verst, samkvæmt talnabrunni Landlæknis. Þá finna konur fyrir meiri streitu en karlar og geta ástæðurnar verið margvíslegar. Karlar, 35-64 ára, sofa of lítið, sem sérfræðingur segir geta haft slæm áhrif á heilsu.

birnadrofn@frettabladid.is

Þegar horft er til fólks á aldrinum 55-64 ára segjast hátt í tvöfalt fleiri konur en karlar finna fyrir mikilli streitu í daglegu lífi, 25 prósent kvenna á móti 14 prósentum karla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HEILBRIGÐISMÁL Ungar konur, á aldrinum 18-24 ára, eru sá hópur sem metur andlega heilsu sína verst, samkvæmt talnabrunni unnum af Embætti landlæknis. Á síðasta ári mátu einungis 46 prósent þeirra andlega heilsu sína góða eða mjög góða á móti 65 prósentum karla á sama aldri.

Í heild mátu 70 prósent fullorðinna einstaklinga á Íslandi andlega heilsu sína góða eða mjög góða árið 2021, eða 73 prósent karla og 68 prósent kvenna. Árið 2019 var heildarhlutfallið 76 prósent.

Á síðustu árum hefur Embætti landlæknis vaktað heilsuhegðun, aðstæður og líðan Íslendinga. Gallup framkvæmir könnunina fyrir embættið og hefur hún verið lögð fyrir mánaðarlega frá árinu 2016. Mælingar úr vöktun embættisins hafa ítrekað sýnt að fleiri konur en karlar upplifa mikla streitu í daglegu lífi.

Á síðasta ári var hlutfall kvenna sem upplifði mikla streitu þrjátíu prósent á móti 21 prósenti hjá körlum. Árið 2021 sagðist tæplega helmingur kvenna á aldrinum 18-44 ára finna oft eða mjög oft fyrir mikilli streitu í daglegu lífi. Hlutfall karla í sömu mælingu fór ekki yfir þrjátíu prósent í neinum aldurshópi.

Þegar horft er til fólks á aldrinum 55-64 ára segjast hátt í tvöfalt fleiri konur en karlar finna fyrir mikilli streitu í daglegu lífi, 25 prósent kvenna á móti 14 prósentum karla.

Sóley Dröfn Davíðsdóttir, forstöðusálfræðingur við Kvíðameðferðarstöðina, segir ýmsar ástæður fyrir því að konur upplifi frekar streitu en karlar. Þar hafi áhrif bæði innri og ytri streituþættir.

„Konur hafa gjarnan aðeins lægra sjálfstraust en karlar, hafa oft lent í fleiri áföllum vegna þess að þær eru útsettari fyrir ýmsum þáttum eins og til dæmis kynferðisofbeldi, búa við harðari kröfur frá samfélaginu og svo getur þetta tengst hormónum, meðgöngu og fæðingu barna svo dæmi séu tekin," segir hún.

Sóley segir langvinna streitu geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir fólk sé ekki unnið í henni. „Hún getur til að mynda leitt til depurðar, misnotkunar vímuefna og áfengis og kulnunar," segir hún og bendir á að kulnun sé mun algengari hjá konum en körlum.

Samkvæmt tölum frá VIRK starfsendurhæfingarstöð voru 68 prósent þjónustuþega þeirra konur árið 2021.

Í gögnum Landlæknis kemur fram að 67 prósent fullorðinna Íslendinga, eða tveir af hverjum þremur, fái nægan svefn, það eru 7-8 klukkustundir á nóttu. Á móti kemur að tæplega 30 prósent Íslendinga fengu á síðasta ári ekki nægan svefn og sváfu minna en sex klukkustundir á nóttu. Stuttur svefn er algengastur meðal karla á aldrinum 35-64 ára, þar sem um þriðjungur fær of lítinn svefn, en hlutfallið fer hins vegar ekki yfir 30 prósent í neinum aldurshópi kvenna.

67%

fullorðinna Íslendinga, eða tveir af hverjum þremur, fá nægan svefn, það eru 7-8 klukkustundir á nóttu. Tæplega 30 prósent Íslendinga fengu á síðasta ári ekki nægan svefn og sváfu minna en sex klukkustundir á nóttu.

13%

fullorðinna Íslendinga fundu oft eða mjög oft fyrir einmanaleika árið 2021 en hlutfallið var sjö prósent árið 2016.

> **Þá getur langvarandi svefnleysi aukið líkur á ýmsum andlegum sjúkdómum, líkt og kvíða og þunglyndi.**

Doktor Erla Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Betri svefns

Doktor Erla Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Betri svefns, segir of lítinn svefn geta haft fjölmörg áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu. Við langvarandi svefnleysi geti ónæmiskerfið veikst, en eftir aðeins eina svefnlausa nótt geti mælst auknar bólgur í blóði og brenglun geti orðið á hormónum.

„Þá getur langvarandi svefnleysi aukið líkur á ýmsum andlegum sjúkdómum, líkt og kvíða og þunglyndi. Kvíði og streita eru jafnframt algengustu forverar svefnleysis í heiminum en á móti getur lítill svefn aukið á einkenni beggja," segir Erla.

Frá því að mælingar Embættis landlæknis á líðan Íslendinga hófust hefur fjölgað verulega í hópi fullorðinna sem greina frá einmanaleika. Árið 2016 var hlutfall þeirra sjö prósent en árið 2021 sögðust þrettán prósent finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika.

Þegar einmanaleiki er skoðaður í tengslum við fjárhagsstöðu er munurinn á þeim sem eiga auðvelt og erfitt með að ná endum saman tæplega fjórfaldur. Tæplega þrefalt færri upplifa velsæld meðal þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman samanborið við þau sem eiga auðvelt með það, tvöfalt færri telja sig hamingjusöm og meira en tvöfalt fleiri greina frá mikilli streitu í daglegu lífi.

„Fjárhagur er þáttur sem getur haft mikil áhrif á streitu," segir Sóley. „Fjárhagur getur líka verið þáttur í því að fleiri konur finni fyrir meiri streitu en karlar. Þær eru jú í mörgum tilfellum með lægri laun en karlar."■

Lögreglustjóri tjáir sig ekki um kæruna

bth@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL „Ég vil ekki tjá mig um kæruna. Þetta mál er bara í ákveðnu ferli," segir Gunnar Örn Jónsson, lögreglustjóri á Vesturlandi.

Fréttablaðið bar undir lögreglustjórann kæru Karls Gauta Hjaltasonar til ríkissaksóknara, eftir þá ákvörðun lögreglunnar á Vesturlandi að hætta rannsókn á hendur yfirkjörstjórn á Vesturlandi vegna talningar atkvæða í Borgarnesi að loknum alþingiskosningum í haust.

Karl Gauti var einn þeirra frambjóðenda sem virtust hafa náð þingsæti á kosninganótt en misstu það svo eftir endurtalningu yfirkjörstjórnar á Vesturlandi.

Karl Gauti sagði í Fréttablaðinu í gær að ekki hefði verið ætlun löggjafans að slaka á kröfum heldur þvert á móti að auka þær. Embætti lögreglustjóra á Vesturlandi vísar í breytingar sem Alþingi gerði á kosningalögum meðan á rannsókninni stóð.

> **Ég vil ekki tjá mig um kæruna. Þetta mál er bara í ákveðnu ferli.**
>
> Gunnar Örn Jónsson, lögreglustjóri á Vesturlandi

Vakið hefur athygli að ef meðlimir yfirkjörstjórnarinnar hefðu greitt sektarboð sem lögreglustjórinn hafði gert þeim að greiða áður en hann felldi niður málið hefði staða þeirra verið verri. Með því að greiða ekki sektina hafði yfirkjörstjórnin að minnsta kosti tímabundinn sigur í málinu.■

ICELANDAIR

Litríkt og fjölbreytt fjölskyldufrí í Billund

icelandair.is

Njóttu litlu hlutanna með fjölskyldunni

Fáðu óviðjafnanlega útrás fyrir leikgleðina í Billund. Kíktu í skemmtigarð og örvaðu sköpunargleðina, kældu þig niður í vatnsrennibrautagarði eða gefðu forvitninni lausan tauminn í dýragörðunum. Bókaðu flug í áreynslulaust ævintýri með fólkinu sem þér þykir vænt um.

LEGOLAND BILLUND RESORT

THE LAND OF EVERYDAY WONDER
VisitDenmark

Rússnesk sending til Straumsvíkur

kristinnhaukur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Sending af súráli frá rússneska fyrirtækinu Rusal barst til álversins í Straumsvík tveimur vikum eftir að Rio Tinto lýsti því yfir að það ætlaði að slíta öllum viðskiptatengslum við Rússland.

„Rio Tinto er í því ferli að slíta öllum viðskiptatengslum sem fyrirtækið hefur við rússnesk fyrirtæki," svaraði fyrirtækið fréttastofu Reuters þegar spurt var um sendinguna. Að öðru leyti vildu forsvarsmenn fyrirtækisins ekki tjá sig.

Fyrirtækið Rusal er ekki undir sérstökum þvingunum en eigandi þess er það hins vegar.

Yfirlýsing Rio Tinto var gerð 10. mars en sendingin barst frá Írlandi til Íslands þann 24. mars.

Álfyrirtækið Rusal er ekki undir sérstökum þvingunum af hálfu Evrópusambandsins, Íslands eða annarra landa, en eigandi þess, óligarkinn Oleg Deripaska, er það hins vegar.

Rio Tinto og Rusal tengjast í gegnum eignarhald á ástralska álfyrirtækinu Queensland Alumina. Í gær var tilkynnt að Rio Tinto myndi alfarið fara með stjórn þess félags. Ástralir hafa bannað allan útflutning á áli og fleiri málmum til Rússlands. ■

Dýraverndunarsamtök biðla til Katrínar um að stöðva hvalveiðarnar

Alþjóðleg rannsókna- og dýraverndunarsamtök hafa sent forsætisráðherra bréf til að reyna að stöðva hvalveiðar Hvals hf. í sumar. Stefnt er að veiðum í fyrsta sinn síðan árið 2018.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Hrefnuveiðar á Niðri KÓ árið 2008. MYND/GUNNAR BERGMANN

DÝRAVERND Rannsókna- og dýraverndunarsamtökin Environmental Investigation Agency, eða EIA, hafa óskað eftir því við Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra að þær hvalveiðar sem fyrirhugaðar eru í sumar verði stöðvaðar. Sendi Clare Perry, sem stýrir herferðum í málefnum hafsins, Katrínu bréf þess efnis á fimmtudag.

Kristján Loftsson, eigandi Hvals hf., tilkynnti í mars að hvalveiðar myndu hefjast að nýju í sumar. En fjögurra ára hlé hefur verið á hvalveiðum, að hans sögn vegna togstreitu milli útgerðarinnar og Matvælastofnunar. Alls má veiða 200 hrefnur og 200 langreyðar í lögsögu Íslands á ári. Reiknað er með að veiðarnar hefjist í júní og standi fram í september.

EIA voru stofnuð árið 1984 af hinum breska Dave Currey, eftir að hann hafði séð aðfarir norskra hvalveiðimanna. Síðan þá hafa samtökin stækkað og víkkað út sína starfsemi og taka á náttúruverndarmálum á landi líka. Að eigin sögn segjast þau

Samtökin greindu frá því að íslenskt hvalkjöt væri notað í gæludýranammi.

rannsaka, upplýsa og reyna að koma í veg fyrir glæpi gegn náttúrunni og dýralífi. Höfuðstöðvarnar eru í London og Washington.

„Það er eitthvað hrikalega rangt við að einn einstaklingur geti boðið heimsálitinu birginn til að drepa þessar stórkostlegu skepnur á sama tíma og þörfin til að vernda stóra hvali er meiri en nokkru sinni fyrr," sagði Clare í yfirlýsingu fyrir hönd samtakanna og átti þá við Kristján.

Einnig segir að árið 2011 hafi EIA ljóstrað upp um það að Kristján hafi sjálfur komið að stofnun fyrirtækis í Japan til að flytja inn hvalkjöt til að reyna að skapa neytendamarkað þar. „Tveimur árum seinna komum við upp um það að íslenskt hvalkjöt væri notað til að búa til gæludýranammi," segir í yfirlýsingunni. Í krafti fjármuna sinna gæti Kristján haldið niðri verðinu. Samkvæmt reikningum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé virði hvers hvals fyrir Ísland, vegna ferðaþjónustu og hvalaskoðunar, 2 milljónir dollara, eða um 260 milljónir króna.

Á mánudag skrifaði Svandís Svavarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, grein í Morgunblaðið þar sem hún sagði fátt styðja hvalveiðar og að þær hefðu litla efnahagslega þýðingu fyrir Ísland. Hversu lítil nýtingin hafi verið á kvótanum undanfarin ár sýni hversu óarðbærar veiðarnar séu og líklega sé af þeim tap. Að öllu óbreyttu verði engin hvalveiði heimil frá árinu 2024. ■

GARÐABÆR, MARÍUGATA Í URRIÐAHOLTI

Opið fyrir umsóknir vegna nýrra leiguíbúða

Bjarg íbúðafélag hefur opnað fyrir umsóknir vegna nýrra leiguíbúða í Maríugötu í Garðabæ.
Umsóknir og nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.bjargibudafelag.is

BJARG ÍBÚÐAFÉLAG

BSRB

Flestir slappa af um páskana

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Yfir sextíu prósent landsmanna ætla einfaldlega að slappa af heima um páskana, að því er fram kemur í nýlegri skoðanakönnun Prósents. Þá ætlar helmingur aðspurðra að gæða sér á góðum mat á komandi frídögum.

Athygli vekur að álíka margir ætla að ferðast innanlands og utan landsteinanna yfir páskana, þrettán prósent heima en tíu prósent erlendis. Níu prósent ætla að vera á skíðum.

Þá kemur fram í könnuninni að sautján prósent verða við vinnu, tíu prósent við lærdóm – og loks munu yfir fjörutíu prósent gæða sér á páskaeggjum. ■

Um helmingur ætlar að gæða sér á góðum mat á komandi frídögum.

Ókyngreind salerni samþykkt

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Borgarráð hefur samþykkt tillögu mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, um að tryggja ókyngreind almenningssalerni og búningsaðstöðu í nýju húsnæði borgarinnar og þegar um endurgerð er að ræða.

Samkvæmt þessari ákvörðun eiga ókyngreind salerni og búningsaðstaða að vera í byggingum skóla- og frístundar sem og annars staðar í húsnæði borgarinnar sem opið er almenningi. Í tilkynningu frá borginni segir að mikilvægt sé að öll svið Reykjavíkurborgar gangi í takt og hafi sömu sýn er kemur að því að útbúa aðstöðu fyrir öll kyn.

Könnun og samtal starfshóps við skólastjórnendur hafi leitt í ljós að sumir hinsegin nemendur veigri sér við að nota kyngreinda aðstöðu í skólum og ákall sé eftir einstaklingsbundinni salernisaðstöðu í skólum óháð kyni og kynvitund. ■

Útivistarfólk fylgist með veðurspám

birnadrofn@frettabladid.is

VEÐUR Spáð er éljagangi eða samfelldri snjókomu vestan til á landinu í dag, einkum á Snæfellsnesi og á sunnanverðum Vestfjörðum. Fólki sem hyggur á útivist á svæðinu eða ferðalög er bent á að skoða veðurspár vel og fara útbúið eftir veðri eða jafnvel fresta útivist þar til veðrið gengur niður.

Í Reykjavík má búast við suðaustan 8-13 metrum á sekúndu í dag og síðdegis gæti farið að snjóa í borginni. ■

Spáð er éljagangi eða samfelldri snjókomu vestantil á landinu í dag.

NÁTTÚRULEGA GÓÐIR PÁSKAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjötið er ómissandi hluti af íslenskum páskum. Í meira en þúsund ár hefur læri, hryggur, lund eða fillet með kjarngóðri sósu fært okkur ómælda gleði um hátíðina – en möguleikarnir til að galdra fram ljúffengan páskamat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

/Augljos

Fríar forskoðanir
fyrir laseraðgerðir
út apríl

Tímapantanir 414 7000

Jackson er fyrsta svarta konan til að hljóta skipun við Hæstarétt Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Dómari sem þekkir mótlæti

Nærmynd
Ketanji Brown Jackson

Uppruni: Fædd 14. september 1970 í Washington D.C. en ólst upp í Miami í Flórída. Alltaf haft mikinn áhuga á lögfræði, segir það koma frá þeim tíma þegar faðir hennar var að mennta sig í lögfræði.

Ferill: Bachelors-meistarapróf í lögfræði frá Harvard-háskóla.

Aðstoðarmaður og ráðgjafi Stephens Breyer hæstaréttardómara á árunum 1999-2000.

Starfandi lögmaður fyrsta áratug aldarinnar en tók sér hlé á árunum 2005 til 2007 til að gegna verjendastörfum hjá hinu opinbera.

Alríkisdómari frá árinu 2012, fyrst héraðsdómari í Columbia og síðasta árið við áfrýjunardómstól í Washington.

Skipuð dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna 7. apríl 2022 og sest í réttinn í júní næstkomandi.

Fjölskylduhagir: Foreldrar eru Johnny Brown, fv. lögfræðingur, og Ellery Brown. fv. skólastjóri. Gift Patrick Jackson síðan árið 1996. Þau eiga tvær dætur og búa í Washington D.C.

Tilnefning Ketanji Brown Jackson í embætti dómara við Hæstarétt Bandaríkjanna hefur verið staðfest. Hún verður fyrst svartra kvenna til að sitja í réttinum í 233 ára sögu hans.

sbt@frettalbadid.is

Joe Biden Bandaríkjaforseti og Ketanji Brown Jackson dómari, fylgdust með atkvæðagreiðslunni í öldungadeildinni þegar tilnefning Jackson var staðfest. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ketanji Brown Jackson tekur sæti hæstaréttardómarans Stephens Breyer, en hann tilkynnti fyrr á árinu að hann hygðist setjast í helgan stein í júní á þessu ári. Jackson tekur sæti gamla læriföður síns, en hún starfaði sem aðstoðarmaður Breyers á árunum 1999-2000.

Jackson hefur mætt mótlæti í gegnum ævi sína og þekkir það vel að þurfa að berjast fyrir hlutunum. Hún var meðlimur ræðuliðs Palmetto High School og var valin formaður nemendafélagsins þar. Þegar hún sagði námsráðgjafa skólans að hún stefndi á Harvard-háskóla sagði ráðgjafinn henni að setja sér ekki of háleit markmið. Það stoppaði hana ekki, hún útskrifaðist úr lögfræði, bæði grunnnámi og framhaldsnámi, frá Harvard og fékk viðurkenningu fyrir báðar gráður.

Jackson var samþykkt með 53 atkvæðum gegn 47, fimmtíu Demókratar kusu með henni og þrír Repúblikanar. Margir Repúblikanar gagnrýndu hana mikið fyrir fyrri störf, sökuðu hana um að vera of mjúka í dómum gegn glæpum, einnig fyrir að hafa varið hryðjuverkamenn í Guantanamo.

Þrátt fyrir að Jackson teljist fremur frjálslyndur dómari eru íhaldssamir dómarar enn þá í meirihluta í Hæstarétti Bandaríkjanna, sex dómarar á móti þremur. Síðustu ár hefur verið íhaldssveifla í dómstólnum. Síðustu tveir dómarar sem skipaðir voru á undan Jackson teljast íhaldssamir, Amy Coney Barrett var skipuð árið 2021 og tók sæti frjálslynda dómarans Ruth Bader Ginsburg og Brett Kavanaugh var skipaður árið 2018 og tók sæti Anthonys Kennedy, sem sveiflaðist á milli þess að vera frjálslyndur og íhaldssamur. ■

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

borgarleikhus.is
Frumsýning
í kvöld

Innblástur kemur víða að, þú þarft bara að finna hann. Kia Sportage tekur akstursupplifun þína í nýjar hæðir með einstökum aksturseiginlegum, tvöföldum bogadregnum skjá, öflugu fjórhjóladrifi og einstöku viðmóti. Kia Sportage verður fáanlegur bæði sem tvinn- og tengiltvinnbíll með allt að 70 km drægi.
Nánar á kia.com

Komdu og reynsluaktu nýjum Sportage. Opið i dag frá 12-16.
Við tökum vel á móti þér.

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Instagram.
instagram.com/kiaisland

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

Danskir DAGAR

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM*

20% AFSLÁTTUR AF SMÁVÖRU FRÁ

BROSTE COPENHAGEN · NORDAL · Bitz · eva solo · ester & erik · Verti COPENHAGEN · by Sommer · ZONE DENMARK · KAY BOJESEN DENMARK · bodum

ZONE INU SPA
Handklæði. Grá eða Nature.
70 x 140 cm. Nú 4.392 kr. ~~5.490 kr.~~
50 x 100 cm. Nú 2.792 kr. ~~3.490 kr.~~
40 x 60 cm. Nú 1.992 kr. ~~2.490 kr.~~

ZONE DENMARK

BODUM POUR OVER
Kaffikanna.
0,5L Nú 5.592 kr. ~~6.990 kr.~~
1L Nú 7.992 kr. ~~9.990 kr.~~
1,5L Nú 9.592 kr. ~~11.990 kr.~~

BROSTE HASLE
Pottur með loki. 23,5 x 19 cm.
Nú 5.192 kr. ~~6.490 kr.~~

MUUBS HAZEL
Krukka með loki. Ø25 x 24 cm.
Nú 5.592 kr. ~~6.990 kr.~~

ZONE
A-mirror borðspegill, grár eða svartur.
22 x 10,5 x 31 cm. Nú 7.192 kr. ~~8.990 kr.~~

EVA SOLO
Rifjárn.
Nú 4.792 kr. ~~5.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20 — **11 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1 — **11 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1
www.husgagnahollin.is 558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

FOCUS
Borðstofuskenkur. Dökkgrá olíuborin eik, lökkuð eik eða svört eik.
160 × 45 × 75 cm.
135.992 kr. ~~169.990 kr.~~

LENE BJERRE
Murina egg glært/svart.
Ø22 x 30 cm.
Nú 9.592 kr. ~~11.990 kr.~~

LENE BJERRE
Evria kanína. H36 cm.
Nú 7.992 kr. ~~9.990 kr.~~

MIKIÐ ÚRVAL AF PÁSKAVÖRUM

ROXBY
Eldhúsborð. Fáanlegt með spónlagðri eikarplötu eða svartri og svörtum fótum.
Ø105 x 76 cm. **31.992 kr.** ~~39.990 kr.~~

ALEXA
Borðstofustóll. Brúnt eða svart bonded leður. Nú 27.992 kr. ~~34.990 kr.~~

KOS
3ja sæta XL sófi. Drapplitað eða grátt áklæði. 248 x 100 x 84 cm.
239.992 kr. ~~299.990 kr.~~

CLOUD
Counterstóll. Vintage ljósbrúnt PU-leður eða Velvet brons. H100 cm.
Nú 27.192 kr. ~~33.990 kr.~~

SCOTT
Hornsófi. Hægri eða vinstri.
Kentucky koníakslitað bonded leður. 293 × 217 × 85 cm.
223.992 kr. ~~279.990 kr.~~

ALINA
Skápur, spónlögð reyklituð eik.
72 × 36 × 145 cm.
111.992 kr. ~~139.990 kr.~~

HEAVEN
3,5 sæta sófi. Grænt eða Nougat rifflað flauel.
290 x 105 x 82 cm. **263.992 kr.** ~~329.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn husgagnahollin.is eða með því að skanna QR kóðann

** Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

Úkraínskir hermenn í Lvív bera út líkkistu Oleksandrs Dymarezkíj, 43 ára Úkraínumanns sem lést í árás Rússa, í Kirkju Péturs og Páls postula á föstudaginn. Dymaretskíj lést í bardaga gegn rússneska hernum nálægt bænum Popasníj.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Svipmyndir frá Úkraínu

thorgrimur@frettabladid.is

Innrásin í Úkraínu hefur nú staðið yfir í um einn og hálfan mánuð og hefur skekið bæði Úkraínu og heimsbyggðina. Í kringum mánaðamótin hörfaði rússneski herinn frá norðurhluta landsins og virðist nú ætla að einbeita sér að hernaði sínum í austur- og suðurhluta Úkraínu til stuðnings aðskilnaðarsinnunum í Donbass. Úkraínumenn hafa endurheimt nokkuð landsvæði og hafa varpað ljósi á gríðarlega eyðileggingu.

Úkraínsk móðir gengur ásamt börnum sínum fram hjá ónýtum herfarartækjum í bænum Bútsja nálægt Kænugarði á miðvikudaginn. Rússar liggja undir þungum ásökunum um að hafa framið fjöldamorð á íbúum bæjarins á meðan þeir sátu um Kænugarð.

Óbreyttir borgarar flýja með lest frá bardagasvæðum í Kramatorsk í Donetsk-héraði. Flóttamenn hafa haldið vestur á bóginn í stríðum straumum þar sem óttast er að enn meiri harka færist í átökin austan til eftir að Rússar hörfuðu frá norðurhluta Úkraínu.

Natalía, íbúi í bænum Borodjanka, stendur fyrir framan það sem eftir er af blokkinni þar sem hún átti heima. Gríðarleg eyðilegging og dauði fjölda óbreyttra borgara hefur komið í ljós eftir að Rússar hörfuðu frá þéttbýliskjörnunum í kringum Kænugarð.

Úkraínskt flóttafólk á lestarstöðinni Przemyśl í Póllandi. Frá því að innrásin hófst hafa nærri tíu milljónir flúið frá Úkraínu, flestir til Póllands.

Úkraínumenn hafa þurft að grafa upp fjöldagrafir í Bútsja, þar sem fjöldi óbreyttra borgara var tekinn af lífi á meðan bærinn var hernuminn af Rússum.

Leifar af brynbíladeildar sitja eftir eins og rusl á götum Kænugarðs.

Starfsemi á árinu 2021

Ársfundur LSR verður haldinn fimmtudaginn 19. maí kl. 15:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2. Ársfundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2021

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Iðgjöld	38.370	1.493	1.238	41.102
Lífeyrishækkanir	0	25.629	0	25.629
Uppgreiðslur og innborganir vegna skuldbindinga	0	9.020	0	9.020
Lífeyrir	(13.266)	(62.427)	(638)	(76.331)
Hreinar fjárfestingartekjur	138.420	40.185	2.368	180.972
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(893)	(556)	(16)	(1.465)
Hækkun á hreinni eign á árinu	162.631	13.344	2.952	178.927
Hrein eign frá fyrra ári	861.771	284.037	22.077	1.167.886
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	**1.024.403**	**297.382**	**25.029**	**1.346.813**

Fjárhæðir í milljónum króna

Hrein eign til greiðslu lífeyris



Efnahagsreikningur 31.12.2021

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	172.844	59.446	7.347	239.637
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	413.578	117.969	6.133	537.680
Ríkisskuldabréf	173.444	57.454	709	231.607
Útlán til sjóðfélaga	89.333	21.805	0	111.138
Önnur skuldabréf	149.457	30.078	506	180.041
Bankainnistæður	23.103	12.274	10.336	45.712
Kröfur á launagreiðendur og aðrar eignir	3.411	375	27	3.813
Skuldir	(767)	(2.020)	(29)	(2.815)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**1.024.403**	**297.382**	**25.029**	**1.346.813**

Fjárhæðir í milljónum króna

Lífeyrisgreiðslur



Kennitölur 2021

	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	Samtals
Nafnávöxtun	15,8%	14,8%	15,7%	11,0%	4,8%	15,5%
Hrein raunávöxtun	10,4%	9,3%	10,3%	5,8%	-0,1%	10,0%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	8,1%	9,1%	9,9%	4,9%	1,3%	8,3%
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	7,2%	7,7%	7,2%	5,1%	1,7%	7,3%
Verðbréfaeign í íslenskum krónum	56,6%	58,6%	53,6%	77,5%	100,0%	57,4%
Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum	43,4%	41,4%	46,4%	22,5%	0,0%	42,6%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	28.661	1.234	970	693	1.364	30.058
Meðalfjöldi lífeyrisþega	10.166	17.948	54	25	141	23.148
Skrifst. og stjórnunarkostn. í % af meðalstöðu eigna	0,10%	0,19%	0,08%	0,08%	0,06%	0,12%

Verðbréfaeign 2021



Lífeyrisskuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2021

	A-deild
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	174.042
Hrein eign í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	21,4%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(39.958)
Hrein eign í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-2,7%

Fjárhæðir í milljónum króna

Stjórn LSR
Guðrún Ögmundsdóttir, formaður stjórnar,
Ragnar Þór Pétursson, varaformaður stjórnar,
Árni Stefán Jónsson, Áslaug María Friðriksdóttir,
Jökull Heiðdal Úlfsson, Unnur Pétursdóttir,
Viðar Helgason, Þórveig Þormóðsdóttir

Framkvæmdastjóri LSR
Harpa Jónsdóttir

Engjateigi 11, 105 Reykjavík Sími 510 6100 www.lsr.is

Hafna krónunni

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það athyglisverðasta við nýafstaðna sölu ríkisins á hluta þjóðarinnar í Íslandsbanka er ekki afslátturinn af kaupverðinu, enda var hann höflegur. Og það athyglisverða við söluna er ekki endilega nafnalisti kaupendanna, sem var kannski fyrirséður þegar allt kom til alls.

Það athyglisverðasta við söluna – og það er jafnframt áfellisdómur yfir íslensku efnahagslífi – er að erlendir fagfjárfestar höfðu engan áhuga á að eignast hlut í Íslandsbanka til langrar framtíðar. Það voru einungis heimamenn sem þorðu að hætta peningum sínum í þennan banka, sem tengist sögu íslensks efnahagshruns nokkuð órjúfanlegum böndum.

Erlendir fjárfestar hefðu ef til vill haft áhuga á að eignast hlut í bankanum til skamms tíma – eins og dæmin sanna frá fyrri sölunni, en alls ekki til langs tíma, enda aðstæðurnar hér á landi úr takti við allan fyrirsjáanleika.

Skilaboðin eru augljóslega þau að erlendir fjárfestar hafa ekki áhuga á Íslandi nema þeir fái aðgang að orku landsins og öðrum auðlindum á útsöluverði sem þeim er tryggt til áratuga, svo fremi raunar að þeir hinir sömu þurfi ekki að borga skattana sína á Íslandi.

Erlend fjárfesting á Íslandi er því aðeins möguleg að Íslendingar borgi sjálfir fyrir hana. Fyrir hálfri öld eða svo var þessi plagsiður kannski skiljanlegur í ljósi nesjamennsku og mikilvægis þeirrar þörfu viðurkenningar að útlendingar virtu Íslendinga viðlits. Og hluti ástæðunnar er líka sú gamalkunna gestrisni að standa upp úr rúmi fyrir aðkomumann af þakklætinu einu fyrir að hann kæmi í heimsókn.

Eitthvert blessunarverðasta framlag Íslendinga til framfara samfélagsins er fjórfrelsið sem hlaust af evrópska efnahagssamningnum, sem ráðríkir og þaulsætnir stjórnmálaflokkar í landinu tala raunar gegn í orði, en þó ekki á borði, af því þá brestur þor til þess.

Þriðja stoð fjórfrelsisins varðar frjálst flæði fjármagns og sú fjórða frjálst flæði þjónustu. Þessar stoðir galopna íslensku fólki og fyrirtækjum dyr að hvaða starfsemi sem er á meginlandi Evrópu. Og margir landsmenn hafa einmitt freistað gæfunnar í þeim efnum með ágætum árangri, ekki síst í sjávarútvegi.

En ef þessu er snúið við blasir annað tveggja við. Ásælni útlendinga í íslenskan sjávarútveg þykir óþolandi fullveldisafsal. Og svo er hitt, að engir útlendingar hafa áhuga á að stofna hér til alvöru samkeppnisrekstrar á fjármálasviði, svo sem í bankaviðskiptum eða á sviði trygginga.

Þeir hafna ótryggu efnahagsumhverfi krónunnar. ■

> Það athyglisverðasta við söluna – og það er jafnframt áfellisdómur yfir íslensku efnahagslífi – er að erlendir fagfjárfestar höfðu engan áhuga á að eignast hlut í Íslandsbanka til langrar framtíðar.

Gunnar

Mín skoðun

Þetta er bara fóturinn, Svenni

Sif Sigmarsdóttir

Sumarið 1973 héldu tveir síbrotamenn með hríðskotabyssu að vopni fjórum starfsmönnum banka í Stokkhólmi í gíslingu. Umsátur lögreglunnar um bankann stóð í sex daga.

Atburðarásin inni í bankanum tók snemma óvænta vendingu. Gíslarnir fjórir snerust á sveif með gíslatökumönnunum. Þegar umsátrinu lauk með því að lögregla dældi táragasi inn í bankann bægðu gíslarnir lögregluþjónum sem frelsuðu þá frá sér en föðmuðu kvalara sína og kysstu. Gíslarnir heimsóttu mennina reglulega í fangelsi. Segir sagan að einn gíslanna hafi trúlofast gíslatökumanni.

Fyrirbærið fékk nafnið Stokkhólmsheilkennið. „Fórnarlömbin verða eins og börn," sagði sálfræðingurinn Frank Ochberg, sérfræðingur á sviði gíslatöku. „Þau geta ekki borðað, talað eða farið á klósettið án þess að fá leyfi." Ochberg sagði lítil góðverk, eins og þegar gísl er gefinn matur, vekja „frumstætt þakklæti fyrir lífgjöfina" og að gíslarnir væru í algerri afneitun um að „þetta væri sama fólkið og kom þeim í aðstæðurnar."

Það er annars konar „bankarán" sem á hug okkar Íslendinga um þessar mundir. Nýverið var seldur í lokuðu útboði með afslætti 22,5 prósenta hlutur ríkisins í Íslandsbanka. Í tvær vikur ríkti leynd yfir nöfnum þeirra sem hrepptu hnossið. En svo kvað við kunnuglegan tón: „Faðir fjármálaráðherra á meðal þeirra sem fengu að kaupa í Íslandsbanka." Hinir rómuðu „fagfjárfestar" reyndust afturgengnir útrásarvíkingar, kvótaaðall sem notar arðinn af einni almenningseign til að kaupa aðra, spákaupmenn, dæmdir hrunverjar, starfsmenn bankans og söluráðgjafinn.

„Mjög fallega gert"

Ári eftir gíslatökuna í Stokkhólmi ræddi blaðamaður tímaritsins The New Yorker við fórnarlömbin. Gíslarnir fullyrtu enn að gíslatökumennirnir hefðu komið vel fram við þá. Ein kvennanna, sem þjáðist af innilokunarkennd, hafði til að mynda fengið að taka nokkur skref út úr herberginu þar sem hópnum var haldið föngnum. Hún varð að vísu að bera snöru um hálsinn en hún sagði þetta hafa verið „mjög fallega gert". Þegar gíslatökumaður hugðist skjóta annan gísl í fótinn til að sýna lögreglunni að sér væri alvara hugsaði gíslinn: „En fallegt af honum að ætla bara að skjóta mig í fótinn." Hinir gíslarnir hvöttu hann til að fórna sér fyrir gíslatökumennina: „Þetta er bara fóturinn, Svenni."

Hinn 15. september árið 2017 sleit stjórnmálaflokkurinn Björt framtíð samstarfi við ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar. Var það í kjölfar þess að upp komst að fyrrnefndur faðir Bjarna, Benedikt Sveinsson, hefði veitt dæmdum kynferðisafbrotamanni meðmæli í umsókn um uppreist æru. Það olli að auki útbreiddri hneykslun að þáverandi dómsmálaráðherra Sigríður Andersen greindi Bjarna frá meðmælum föður hans án þess að gera öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar viðvart.

En í stað þess að verðlauna Bjarta framtíð fyrir það að verða við köllum almennings um aukna siðferðisábyrgð stjórnmálaflokka tóku kjósendur afstöðu með gíslatökumönnunum. Björt framtíð þurrkaðist út í næstu kosningum. Vinstri græn stigu fram fyrir hönd fanginnar þjóðar og þökkuðu Sjálfstæðisflokknum fyrir brauðmolana af „frumstæðu þakklæti" gísls í sænsku bankaholi.

Og hér erum við stödd enn á ný, með snöru um hálsinn en teljum okkur frjáls, því við fengum að stíga nokkur skref út úr prísundinni sem var „mjög fallega gert". Barnslega glöð yfir því að hafa áður verið leyft að kaupa brot af okkar eigin banka í almúgaútboðinu lifum við í afneitun um að sama fólkið og gefur með annarri hendi tekur með hinni. Gíslatökumennirnir þurfa hins vegar ekki að skjóta okkur í fótinn. Við tökum af þeim ómakið og skjótum okkur sjálf í fótinn á fjögurra ára fresti. ■

> Og hér erum við stödd enn á ný, með snöru um hálsinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Gleðilega páska

HAGKAUP

Hagkaups hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum til að tryggja hámarks gæði. Hryggurinn er léttsaltaður og léttreyktur sem skilar sér í einfaldari eldun. Hrygginn þarf því ekki að forsjóða heldur einungis að elda í ofni.

Veislulæri Hagkaups

Marinerað og kryddað með ferskum kryddjurtum: Sítrónuberki, hvítlauk, kóriander, salvíu, majoran, steinselju, oregano og rósmarín.

Spá Fréttablaðsins

1. sæti ?
2. sæti Víkingur
3. sæti FH
4. sæti Breiðablik
5. sæti KR
6. sæti Stjarnan
7. sæti ÍA
8. sæti Leiknir R
9. sæti KA
10. sæti ÍBV
11. sæti Keflavík
12. sæti Fram

Víkingur hafnar í 2. sæti

Eftir að hafa unnið tvo titla á síðustu leiktíð eru væntingarnar í Fossvogi gríðarlegar. Hafa litið frábærlega út í vetur og ættu að berjast um báða titla ef allt fer vel. Gríðarleg stemning er í kringum félagið, sem vafalítið hjálpar til. Kraftaverkið gætið endurtekið sig hjá Arnari Gunnlaugssyni.

Lykilmaðurinn

Pablo Punyed

Harðhausinn á miðsvæði Víkings, Pablo Punyed, var magnaður á síðasta tímabili. KR ákvað að leyfa Pablo að fara haustið 2020 og sér eflaust enn eftir þeirri ákvörðun í dag. Ásamt því að vera harður í horn að taka er Pablo afar öflugur fram völlinn, getur farið af stað með boltann en hefur einnig gott auga fyrir sendingum.

Hann er svo frábær fyrirmynd fyrir unga leikmenn í kringum sig sem komast ekkert upp með það að elta ekki hvern einasta bolta eða fórna sér ekki í tæklingar. Pablo leiðir miðsvæði Víkings áfram með góðu fordæmi.

Ábyrgðin á Pablo verður svo enn meiri í ár þegar reynsluboltarnir Kári Árnason og Sölvi Ottesen eru horfnir á braut, Pablo þarf því að vera enn meiri leiðtogi en áður.

Harðhausinn frá El Salvador sem sér til þess að allir leggi sig fram.

Vörn

Ingvar Jónsson mun standa vaktina í marki Víkings, en að auki er liðið með Þórð Ingason. Þórður byrjaði síðasta tímabil með látum en Ingvar tók svo við keflinu. Ingvar af ein af stóru hetjum Víkings á síðustu leiktíð.

Stóra spurningarmerkið er svo í hjarta varnarinnar, en Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen lögðu skóna a hilluna eftir síðustu leiktíð. Þeirra verður saknað.

Arnar Gunnlaugsson hefur í vetur sótt þá Kyle McLagana og Oliver Ekroth, en fyrir er svo Halldór Smári Sigurðsson. Arnar gæti brugðið á það ráð að leika með þrjá miðverði.

Í bakvarðastöðunum hefur Víkingur bætt við sig David Erni Atlasyni sem mættur er heim í Vikina eftir fýluferð í Kópavog. Karl Friðleifur sem var á láni á síðustu leiktíð var svo keyptur frá Breiðabliki. Í vetur hefur svo Logi Tómasson blómstrað og gæti spilað stóra rullu.



Sókn

Nikolaj Hansen var bæði markahæsti og besti leikmaður Bestu deildarinnar á síðustu leiktíð. Framherjinn frá Danmörku fann markaskóna sem enginn vissi að væru til. Nikolaj raðaði inn mörkum í öllum regnbogans litum og þarf að halda uppteknum hætti.

Viktor Örlygur Andrason og Erlingur Agnarson vinna svo í kringum danska framherjann en báðir áttu flotta spretti í fyrra.

Víkingar búa svo yfir mikilli breidd í stöðurnar fremst á vellinum, en í vetur hefur félagið bætt við Birni Snæ Ingasyni, Ara Sigurpálssyni og Arnóri Guðjohnsen. Fyrir eru svo Helgi Guðjónsson og Adam Ægir Pálsson sem geta ógnað með hraða. Breiddin er því gríðarleg.

Til að allt smelli hjá Víkingum þarf Hansen að finna sömu markaskó og á síðustu leiktíð þar sem hann skoraði 16 mörk þegar Víkingur varð Íslandsmeistari.

Miðja

Pablo Punyed og Júlíus Magnússon eru lykilmenn á miðju Víkings. Þeir eru í því hlutverki að verja vörnina en þurfa einnig að vera öflugir í koma boltanum fram völlinn.

Fyrir framan þá er svo listamaðurinn Kristall Máni Ingason sem var magnaður undir lok síðustu leiktíðar. Kristall gæti orðið ein af stjörnum Bestu deildarinnar í sumar. Sér völlinn vel og er fljótur að koma sér fram völlinn, mjög klókur.

Víkingar hafa svo nokkra spilara sem geta komið inn í stöðurnar á miðsvæðinu en breiddin gæti verið meiri.

Gengi síðustu sex tímabil

2009 7. sæti | **2016** 7 sæti | **2017** 8 sæti | **2018** 9 sæti | **2019** 7 sæti | **2020** 10 sæti | **2021** 1 sæti
Íslandsmeistarar 1920, 1924, 1981, 1982, 1991, 2021 **Bikarmeistarar** 1971, 2019, 2021

Fylgstu með

Birnir Snær Ingason fær aftur tækifæri í toppliði en árið 2019 gekk hann í raðir Vals. Dvöl hans á Hlíðarenda var ein sorgarsaga og fór Birnir til HK eftir stutt stopp hjá Val.

Hjá HK átti Birnir flotta spretti og sannaði að hellingur af hæfileikum er í löppum hans, hann skortir hins vegar stöðugleika til að nýtast bestu liðunum.

Arnar Gunnlaugsson fær það verkefni að kreista alla hæfileika Birnis fram, en hann þarf einnig að koma kantmanninum knáa í skilning um að það ekki er pláss fyrir farþega í varnarleik í nútíma fótbolta. Birnir hefur það orð á sér að vera latur að skila sér til baka en hann mun ekki komast upp með það hjá Arnari.

Takist Birni að bæta leik sinn gæti hann orðið algjör X-factor í sterku liði Víkings.

▲Komnir/farnir▼

- ▲ Birnir Snær Ingason
- ▲ Oliver Ekroth
- ▲ Kyle McLagana
- ▲ Arnór Borg Guðjohnsen
- ▲ Davíð Örn Atlason
- ▲ Karl Friðleifur Gunnarsson
- ▲ Ari Sigurpálsson
- ▼ Kári Árnason
- ▼ Sölvi Geir Ottesen
- ▼ Kwame Quee
- ▼ Halldór Jón Sigurður Þórðarson
- ▼ Atli Barkarson

Þjálfari

Maðurinn sem allt knattspyrnuáhugafólk elskar, Arnar Gunnlaugsson, er áfram bílstjóri á Vikings-hraðlestinni. Arnar hefur unnið hug og hjörtu Víkinga með skemmtilegum og árangursríkum fótbolta.

Arnar er heiðarlegur þegar hann ræðir við fjölmiðla og fer aldrei í felur með það sem fer í gegnum haus hans. Sama hvort Víkingum vegni vel eða illa mun Arnar koma til dyranna eins og hann er klæddur.

Hefur sterka skoðun á því hvernig fótboltalið hans á að spila, en hans helsti styrkleiki er að ná vel til leikmanna.

Nærvera Kára og Sölva utan vallar dregur úr högginu

Albert Brynjar Ingason

Albert segir

Í upphafi vetrar fór maður að vanmeta Víkinga, þrátt fyrir að liðið hefði unnið báða titlana síðasta sumar. Svo fór maður að fylgjast náið með leikjum liðsins og þeir fóru strax aftur á blað hjá mér yfir þau lið sem eiga að berjast um titilinn. Það hefur verið hrikalega gott flæði í spilamennsku.

Það hefur auðvitað mikið verið talað um að þeir muni sakna Kára og Sölva sem hættu eftir síðustu leiktíð. Nærvera þeirra er hins vegar enn til staðar, Kára sem yfirmanns knattspyrnumála og svo er Sölvi Geir í þjálfarateyminu. Þeir eru því á staðnum til að halda mönnum á tánum.

Stóra spurningin er hvort Nikolaj Hansen geti töfrað fram öll þessi mörk líkt og á síðustu leiktíð, danski framherjinn hafði ekki verið þekktur fyrir markaskorun þegar hann skoraði svo 16 mörk í fyrra. Ég vil líka fá fleiri mörk frá Kristali Mána. Hann endaði tímabilið rosalega vel í fyrra en ég vil fá fleiri mörk yfir allt tímabilið frá þessum öfluga leikmanni. Erlingur Agnarsson hefur svo heillað mig í vetur, hann gæti orðið algjör lykilmaður í þessu liði.

Stóra spurningin í vörninni er fyrir mér hver verður við hlið Halldórs Smára, Oliver Ekroth og Kyle McLagana munu berjast um það. Samvinna Halldórs og Kyle í vetur hefur verið góð. Karl Friðleifur hefur verið mjög góður vinstra megin og Logi Tómasson hefur komið virkilega á óvart í vinstri bakverðinum. Logi virðist ætla að stíga upp núna í ár og er að taka þetta meira alvarlega. Þeir hafa svo Davíð Atlason sem getur leyst allar stöður í vörninni.

Arnar Gunnlaugsson er með breidd fram á við, Birnir Snær hefur litið vel út í vetur en óvíst er hversu mikið Arnór Borg Guðjohnsen nýtist liðinu. Arnar er með möguleika á að spila með þriggja manna vörn eða fara í 4-4-2.

Arnar er svo auðvitað maðurinn sem þetta snýst allt um, hann er með fólkið í Víkinni með sér. Það er gaman að hlusta á viðtöl við hann og hlutlaust fólk fór í fyrra að styðja Víking út af honum. Leikmönnum líður vel undir hans stjórn og þeir vita að það er ekkert bull í gangi. ■

Arnar Gunnlaugsson er elskaður og dáður í Víkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hlutlaust fólk heldur með Víkingum vegna Arnars.

CINTAMANI

FROST FULLT VERÐ 45.995 KR

OUTLET 27.595 KR - NÚ 22.076 KR

BYLUR FULLT VERÐ 69.995 KR

OUTLET 41.995 KR - NÚ 33.596 KR

HRÍÐ FULLT VERÐ 59.995 KR

OUTLET 35.995 KR - NÚ 28.796 KR

VINDUR FULLT VERÐ 24.995 KR

OUTLET 9.995 KR - NÚ 7.996 KR

OUTLET SPRENGJA

40% - 70% AFSLÁTTUR

+

AUKA 20% AFSLÁTTUR

GILDIR 7.-10. APRÍL

VIRKJAÐU **AFSLÁTTINN** MEÐ KÓÐANUM "**OUTLET**" Í VEFVERSLUN

BLÍÐA FULLT VERÐ 27.995 KR

OUTLET 11.995 KR - NÚ 9.596 KR

MJÖLL FULLT VERÐ 39.995 KR

OUTLET 19.995 KR - NÚ 15.996 KR

ROK FULLT VERÐ 34.995 KR

OUTLET 20.995 KR - NÚ 16.796 KR

MUGGA FULLT VERÐ 34.995 KR

OUTLET 19.995 KR - NÚ 15.996 KR

SNÆFRÍÐUR FULLT VERÐ 14.995 KR

OUTLET 4.995 KR - NÚ 3.996 KR

LJÓN FULLT VERÐ 29.995 KR

OUTLET 19.995 KR - NÚ 15.996 KR

EDDI FULLT VERÐ 12.995 KR

OUTLET 6.995 KR - NÚ 5.596 KR

VÆTA FULLT VERÐ 24.995 KR

OUTLET 9.995 KR - NÚ 7.996 KR

AUSTURHRAUN 3 & cintamani.is | SÍMI 533 3800 | OPIÐ VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-16 & SUNNUDAGA 12-16

Spá Fréttablaðsins

1. sæti Valur
2. sæti Víkingur
3. sæti FH
4. sæti Breiðablik
5. sæti KR
6. sæti Stjarnan
7. sæti ÍA
8. sæti Leiknir R
9. sæti KA
10. sæti ÍBV
11. sæti Keflavík
12. sæti Fram

Valur hafnar í 1. sæti

Krafan er einföld á Hlíðarenda þetta árið, liðið á að vinna deildina. Sú krafa er skiljanleg enda hefur Valur fjármuni sem önnur lið hafa ekki, eftir vonbrigði síðasta árs hefur verið gefið í og styrkingin verið mikil. Lið með Hólmar Örn Eyjólfsson og Aron Jóhannsson sem nýja menn á að vinna deildina.

Lykilmaðurinn

Aron Jóhannsson

Aron Jóhannsson er mættur heim í íslenska fótboltann á besta aldri. Aron er aðeins 31 árs gamall en hann átti frábæran feril í atvinnumennsku, sett hafa verið spurningarmerki við það hvernig heilsan er hjá Aroni. Valsmenn hafa þó litlar áhyggjur af henni en Aron hefur unnið sig jafnt og þétt inn í hlutina og ætti að slá í gegn í sumar.

Aron er hæfileikaríkasti leikmaður deildarinnar og ef allt smellur þá ætti hann að verða besti leikmaður Íslandsmótsins. Búist er við að Aron leiki fyrir aftan Patrick Pedersen, saman eiga þeir að mynda hættulegasta sóknarpar deildarinnar.

Fari svo að Patrick hiksti líkt og á síðustu leiktíð getur Aron leikið sem fremsti maður.

Aron er hæfileikaríkasti leikmaður deildarinnar.

Vörn

Guy Smit stendur vaktina í markinu hjá Val í vetur, ákveðið var að losa Hannes Halldórsson. Smit hefur virkað óöruggur í vetur og gefið mörk í mörgum leikjum. Smit er hollenskur markvörður sem gerði vel fyrir Leikni en það er allt annað að spila fyrir Val sem hefur ríka sögu.

Hólmar Örn Eyjólfsson á að binda vörnina saman en varnarmaðurinn er mættur heim á besta aldri. Hann ætlar að sanna ágæti sitt en óvíst er hver verður við hlið hans í vörninni. Í aðdraganda mótsins hefur Orri Sigurður Ómarsson verið með Hólmari, en til taks eru Sebastian Hedlund og Rasmus Christiansen.

Jesper Juelsgård og Birkir Már Sævarsson manna svo bakvarðastöðunar, Jesper hefur heillað í vetur með frábærum fyrirgjöfum og öflugum varnarleik. Þá er vitað að Birkir Már Sævarsson skilar alltaf sínu.

Miðja

Hvernig verður miðjan? Það er stóra spurningin. Jafnvel Heimir veit það ekki. Allar líkur eru á að hann spili sitt leikkerfi sem er 4-3-3. Valsmenn hafa ótrúlega marga sem geta leyst þetta en stóra spurningin er um Hauk Pál. Mun hann eiga sitt sæti í liðinu? Valsmenn með hann innanborðs hafa virkað undanfarið sem allt annað lið þegar hann spilar.

Nú eru margir um hituna og hann hefur verið meiddur. Verður það Birkir Heimisson eða jafnvel Arnór Smárason sem mun sjá um að sitja á miðjunni meðan liðið sækir? Hafa bætt við hlaupagetu í Orra Hrafni og Ágústi Eðvaldi.

Gengi síðustu sex tímabil

2016 5. sæti | **2017** 1. sæti | **2018** 1. sæti | **2019** 6. sæti | **2020** 1. sæti | **2021** 5. sæti
Íslandsmeistarar 1930, 1933, 1935, 1936, 1937, 1938, 1940, 1942, 1943, 1944, 1945, 1956, 1966, 1967, 1976, 1978, 1980, 1985, 1987, 2007, 2017, 2018, 2020
Bikarmeistarar 1965, 1974, 1976, 1977, 1988, 1990, 1991, 1992, 2005, 2015, 2016

Fylgstu með

Guy Smit kom til Vals fyrir tímabilið og á að fylla skarð Hannesar Halldórssonar sem yfirgaf Hlíðarenda á heldur leiðinlegan hátt. Það er gríðarleg pressa á Smit en umræða fór af stað snemma á árinu um að Valsmenn væru ekki hrifnir af því sem hann hefur upp á að bjóða í rammanum og væru að leita að markverði.

Þeir ætla þó að standa með sínum manni og veðja á Hollendinginn stóra og stæðilega.

Hafði hjá Leikni sannað ágæti sitt þar sem hann stóð vaktina með stakri prýði. Hann þarf að finna það form í upphafi móts til að róa varnarlínuna fyrir framan sig.

Hefur í vetur verið mjög mistækur og kjaftasögurnar um að Valur væri að skoða annan markvörð hafa vafalítið náð til hans. Valur þarf á því að halda að Smit spili vel svo umræðan um Hannes Þór fari ekki á flug.

▲Komnir/farnir▼

- ▲ Aron Jóhannsson
- ▲ Hólmar Örn Eyjólfsson
- ▲ Ágúst Eðvald Hlynsson (lán)
- ▲ Orri Hrafn Kjartansson
- ▲ Heiðar Ægisson
- ▲ Jesper Juelsgård Guy Smit
- ▼ Kristinn Freyr Sigurðsson
- ▼ Hannes Þór Halldórsson
- ▼ Christian Kohler
- ▼ Johannes Vall
- ▼ Kaj Leo í Bartalsstovu
- ▼ Magnus Egilsson

Sókn

Hér er verið að tala um bestu sóknarlínu liðs frá upphafi. Patrick Pedersen og Aron Jóhannsson eru framlína sem hvaða lið sem er, á hvaða tíma sem er, myndi vilja. Með Guðmund Andra og Tryggva á köntunum hefur liðið nóg púður til að skora fleiri mörk en þeir munu fá á sig. Pressan er mikil á að Valsmenn leiki framar og gefi þessum listamönnum pláss til að blómstra. Valsmenn munu ekki sætta sig aftur við þunglamanlegan bolta þar sem sóknarstöðurnar byrjuðu nánast á þeirra eigin vítateig. Það er hreinlega ekki í boði. Hvorki fyrir Valsmenn né aðra stuðningsmenn sem vilja koma og sjá. Sigurður Egill Lárusson og Tryggvi Hrafn Haraldsson eru svo öflug vopn sem geta sært hvaða lið sem er.

Þjálfari

Heimir er sigurvegari af guðs náð, en í sumar kemur í ljós hvort hann hafi bognað eftir hörmungar síðasta sumars. Valur spilaði ekki góðan fótbolta og úrslitin hrundu svo undir lok móts. Heimir hefur sjö sinnum orðið Íslandsmeistari sem þjálfari og krafan er að hann landi áttunda titlinum í haust.

Heimir er harður í horn að taka og ef leikmenn leggja sig ekki 100 prósent fram á hverri einustu æfingu eru þeir fljótir að detta úr plönum hans. Þekktur fyrir að æfa af mikilli ákefð og lið hans eru oftar en ekki í betra formi en andstæðingarnir. Hefur í vetur bætt við hlaupagetu á miðsvæði sitt sem sárvantaði síðasta sumar. Pressan er á Heimi í sumar, sem fékk allt traustið frá stjórn Vals síðasta haust.

Krafan á Hlíðarenda er sú að liðið vinni dolluna

Albert Brynjar Ingason

Albert segir

Miðað við leikmannahópinn og þá sem Valur hefur bætt við í vetur er krafan bara einföld, þessi leikmannahópur og þjálfari eiga að vinna deildina. Út frá spilamennsku í vetur væri hægt að setja liðið neðar en bara út frá leikmannahópi þá verður maður að setja þá kröfu á Val að þeir endi tímabilið í efsta sæti.

Aron Jóhannsson byrjaði sinn fyrsta leik hjá Val í vikunni, hann þarf vafalítið tíma til að byggja upp leikform og það er slæmt að hann hafi ekki spilað meira. Hann er hins vegar í góðu líkamlegu formi og ég hef ekki miklar áhyggjur af honum. Aron er með meiri gæði en flestir í deildinni og ætti að komast upp með það að vera ekki í 100 prósent leikæfingu. Gæðin hans eiga að skila Val bæði stigum og mörkum í sumar.

Heimir Guðjónsson verður undir pressu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á miðsvæðinu finnst manni vanta meiri stöðugleika í vali, það er ekki þetta sama flæði og önnur topplið hafa sýnt í vetur. Heimir Guðjónsson hefur ekki fundið út úr því hver hans besta miðja er. Haukur Páll hefur verið meiddur, það er spurning hvort að hann færi Sebastian Hedlund þarna upp og þá hvort að Birkir Heimisson eða Orri Hrafn Kjartansson verði með honum. Eins og þeir hafa spilað og eins og er talað þá verður Aron Jóhannsson fremstur á miðjunni.

Enginn annar þjálfari fer með álíka pressu á sér inn í mótið.

Önnur spurning er hver verður með Hólmari Erni í hjartanu á vörninni, Heimir virðist ekki sáttur með Hedlund eða Rasmus þar og hefur verið að spila Orra Sigurði á undanförnum vikum. Bakvarðastöðunar eru í toppmálum með þá Jesper Juelsgård sem virkar öflugur og hinn síunga Birki Má Sævarsson.

Öll augu verða svo á þjálfaranum Heimi Guðjónssyni. Það er búið að kaupa marga stóra leikmenn og krafan er bara einföld, það á að vinna deildina. Það er ekkert annað í boði, ef Valur fer illa af stað og dregst eitthvað aftur úr þá fara öll augu á heimi. Það er enginn annar þjálfari sem fer inn í mótið með álíka pressu á sér og Heimir. Heimir þarf á því að halda að byrja mótið vel. Heimir er fæddur sigurvegari og kann því vel við sig undir pressu. ■

SKAÐI?

VIÐ VEITUM FRÍA RÁÐGJÖF

WWW.SKADI.IS

LÁTTU OKKUR KANNA RÉTTARSTÖÐU ÞÍNA

LÖGMENN ÁRBÆ

www.skadi.is / fyrirspurnir@skadi.is / 568 1245

BJORK@FRETTABLADID.IS

Út með klám og inn með kynheilbrigði

Gerður Huld Arinbjarnardóttir er yngsta kona sem hefur verið valin markaðsmanneskja ársins – en þó að hún hafi staðið í fyrirtækjarekstri í ellefu ár er hún aðeins rúmlega þrítug. Viðurkenninguna hlaut hún í upphafi árs fyrir ótrúlegan vöxt fyrirtækis síns, kynlífstækjaverslunarinnar Blush.

Hugmyndina að versluninni fékk Gerður þegar hún sjálf gekk inn í kynlífstækjaverslun 21 árs gömul og nýkomin úr fæðingarorlofi. Þar blasti við henni klámvídeó á stórum skjá og hún treysti sér ekki til að leita ráða hjá karli sem vann þar við afgreiðslu.

Hún fann að það sem hún leitaði eftir var ekki til hér á landi og tók því málin í sínar hendur. Hana langaði að breyta áherslu markaðarins frá klámi í kynheilbrigði, fyrirtækið fór hægt af stað en hefur sannarlega vaxið og ræður nú stórum hluta markaðarins hér á landi. Nálgunin var augljóslega rétt og á hárréttum tíma. Klámiðnaðurinn er á undanhaldi á meðan kynheilbrigði er á allra vörum. Þökk sé því að skömm og tabú hafa fengið að víkja fyrir opinni og heilbrigðri umræðu. ■

> Klámiðnaðurinn er á undanhaldi á meðan kynheilbrigði er á allra vörum.

Við mælum með

Afternoon Tea á Fjallkonunni
Síðdegiste á Fjallkonunni er sérlega gómsæt og girnileg upplifun. Hægt er að velja úr nokkrum bragðtegundum af tei og jafnvel bæta við glasi af freyði- eða kampavíni. Maturinn er borinn fram á fallegum tveggja hæða bakka troðnum af alls kyns kræsingum svo sem bláberjaskonsum, túnfiskssamlokum, bollakökum, sörum og makkarónum. Confit-önd á vestfirskri hveitiköku bar þó af. Síðdegisteið er borið fram alla virka daga frá klukkan 14.30-17.

Smörre á Kastrup
Það verður enginn svikinn af smurbrauðinu á veitingastaðnum Kastrup á Hverfisgötu. Klassískir réttir á við maríneraða síld, egg og rækjur og roastbeef í bland við kartoffelmad og nautalund eru bæði vel útilátnir og fallega framreiddir. Svo má auðvitað toppa máltíðina með eftirréttaostum, pönnukökum eða sætum súkkulaðibitum. Velbekommen! ■

Frítt er inn á alla viðburði hátíðarinnar sem rúmar allar listgreinar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. MYND/AÐSEND

Fjölskyldufjör um alla borg

Á þriðjudag var Barnamenningarhátíð sett í Reykjavík og stendur hún út sunnudaginn með tilheyrandi gleði og fjölbreyttum viðburðum um alla borg – sem allir eru þátttakendum að kostnaðarlausu.

bjork@frettabladid.is

Ævintýrahöllin
Fjölbreytt og spennandi menningardagskrá er fyrir börn og fjölskyldur í Borgarbókasafninu Úlfarsárdal. Fjölskyldujóga, trúðar, dans-safarí, Abba-söngstund í sundi, upplestur úr bókum, æskusirkus, sundballett, krakkakarókí og krakkareif og ótal margt fleira.
Borgarbókasafnið Úlfarsárdal, frá kl. 10-17 báða dagana.

TÍST, TÍST! ... ĆWIR, ĆWIR! ... TWEET, TWEET!
Fjölskylduvænn fjöltyngisviðburður á íslensku, pólsku, ensku og fuglamáli. Dansarinn Magdalena Tworak og leikkonan Nanna Gunnars leiða fjölskyldur í gegnum 30 mínútna gagnvirka sögustund sem er ætluð 5-12 ára börnum. Verkið fjallar um fjölda farfugla sem kemur til Íslands hluta ársins og er skrifaður af Ewu Marcinek.
Gröndalshús, sunnudag, kl. 11, 12 og 13.

Stefnumót á strigaskóm
Hjólatúr verður um Voga- og Heimahverfið þar sem hlusta má á upplestur úr barnabókum á vel völdum stöðum. Heitt súkkulaði á kaffihúsi í lok ferðar. Hjólastjórar eru Árni Davíðsson hjá Landssamtökum hjólreiðamanna og Sigrún Jóna Kristjánsdóttir, barnabókavörður á Borgarbókasafninu Sólheimum.
Laugardag frá kl. 10 til 12.

Skemmtilegir viðburðir fyrir börnverða víðs vegar um borgina.

Hugmyndin er að margbreytileiki og jafnræði sé leiðarljós hátíðarinnar.

> Nánari upplýsingar um viðburði helgarinnar má finna á: barnamenningarhatid.is.

50 hættulegir hlutir
Hefur þú sleikt níu volta batterí? Tekið lokið af pottinum á nákvæmlega sama tíma og poppmaísinn springur? Aldrei? Þá er sýningin 50 dangerous things eitthvað fyrir þig! Sýningin rannsakar allt það sem börnum er yfirleitt sagt að vara sig á eða forðast! Stórhættulegt leikhús sem reynir á þolmörkin, eitthvað sem börn fá yfirleitt ekki að upplifa.
Norræna húsið, laugardag, kl. 15.

Sögur af afa og ömmu
Afi og amma hafa frá ýmsu að segja. Undanfarnar vikur hefur sögum frá eldra fólki sem sækir félagsstarfið í Gerðubergi verið safnað saman. Þau hafa rifjað upp atburði frá því þau voru börn og á þessum viðburði ætla þau að segja börnunum þessar sögur.
Listasmiðja – börnin teikna undir áhrifum frá sögunum.
Gerðuberg, laugardag, kl. 11 til 12.30.

LÁN – listrænt ákall til náttúrunnar
Sýningar á verkum barna tengdum náttúrunni og sýn barna á framtíð jarðarinnar. Börn úr 15 leikskólum og grunnskólum borgarinnar hafa unnið undir leiðsögn vísinda- og listafólks.
Borgarbókasafnið Grófinni og Spönginni, Sjóminjasafnið, Perlan, Safnahúsið, Grasagarðurinn. Kl. 10 til 17 báða dagana. ■

■ Í vikulokin

Mannréttindabrot í boði Framsóknarflokksins

Ólafur Arnarson

Í næstu þingkosningum, sem gætu orðið fyrr en varir miðað við vandræðaganginn á ríkisstjórninni, flyst eitt þingsæti frá Norðvesturkjördæmi til Kragans. Ástæðan er sú að í þingkosningunum í september síðastliðnum höfðu kjósendur í Norðvestur 2,1 atkvæði á móti hverju einu atkvæði kjósenda í Kraganum.

Samkvæmt 31. grein stjórnarskrárinnar verður að flytja þingsæti frá því kjördæmi sem hefur fæsta kjósendur að baki hverjum þingmanni yfir í það kjördæmi sem hefur flesta kjósendur að baki hverjum þingmanni verði munur á vægi atkvæða tvöfaldur eða meiri.

Í næstu þingkosningum verða kjördæmakjörnir þingmenn Norðvestur sex talsins sem er lágmarkið samkvæmt stjórnarskrá. Samt verða kjósendur í Norðvestur með 1,7 atkvæði á móti einu atkvæði hvers kjósanda í Kraganum.

Þetta ósanngjarna og spillta kosningakerfi er í boði Framsóknarflokksins, sem hefur það sem eitt sitt helsta keppikefli að halda vægi atkvæða í þéttbýlinu umhverfis höfuðborgarsvæðið svívirðilega lágu.

Framsóknarflokkurinn reynir að bera óréttlætið á borð sem réttlætismál og heldur því fram að eðlilegt og rétt sé að skerða sjálfsögð mannréttindi íbúa höfuðborgarsvæðisins vegna þess að þeir eigi greiðari aðgang að stjórnsýslu og þjónustu en íbúar landsbyggðarinnar.

Þessi rök eru falsrök. Heilög mannréttindi á borð við jafnan kosningarétt geta ekki og mega ekki vera umsemjanleg pólitísk skiptimynt. Vilji stjórnmálamenn og -flokkar bæta stöðu dreifbýlisins hafa þeir ýmis úrræði til þess.

> Þetta ósanngjarna kosningakerfi er í boði Framsóknar.

Skerðing sjálfsagðra mannréttinda meirihluta þjóðarinnar er hins vegar ekki í boði.

Kjósendur á höfuðborgarsvæðinu mættu hafa hugfast við kjörkassann í sveitarstjórnarkosningum 14. maí að Framsóknarflokkurinn, sem berst gegn sjálfsögðum mannréttindum kjósenda í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum, á ekkert erindi í sveitarstjórnir á svæðinu. ■

LAGERSALA

50 - 90% AFSLÁTTUR

7.apríl | 15:00 - 18:00

8.apríl | 15:00 - 18:00

9.apríl | 10:00 - 16:00

FAXAFEN 9 - KJALLARINN

adidas

adidas

Reebok

*Eingöngu til sölu á staðnum (ekki í netverslun)

Hef gaman af því að dansa á línunni

Gerður Huld Arinbjarnardóttir stofnaði fyrirtæki sitt Blush aðeins 21 árs gömul. Hún var þá nýkomin úr fæðingarorlofi og búin að týna eigin kynveru, eins og hún orðar það. Ellefu árum síðar er Blush komið í 860 fermetra og Gerður var nýverið valin markaðsmanneskja ársins og varð um leið yngsta konan til að hljóta þann titil.

Hugmyndina að Blush fékk Gerður 21 árs gömul, nýkomin úr fæðingarorlofi, í leit að kynlífstæki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Við hittumst á fallegu heimili Gerðar í Salahverfinu í Kópavogi, hverfinu sem hún hefur búið í frá ellefu ára aldri. „Mér líður mjög vel hér en foreldrar mínir byggðu húsið. Eftir að þau skildu bjó pabbi hér og ég keypti neðri hæðina en fyrir fjórum árum skipti ég við pabba og nú bý ég uppi og hann niðri.“

Foreldrar Gerðar kynntust aðeins 14 ára gömul og voru gift í 36 ár. Gerður er örverpi, yngst þriggja systra, og aðspurð hvort uppeldið hafi litast af því að hún sé heilum áratug yngri en næsta systir svarar hún: „Kannski myndu systur mínar segja það en það þarf að taka það inn í myndina að mamma og pabbi urðu foreldrar sextán ára og þá er einfaldlega erfiðara að dekra við börn. Þegar þau eignast mig eru þau 27 ára og búin að koma undir sig fótunum,“ útskýrir hún.

Foreldrahlutverkið krefjandi

Sjálf á Gerður einn son sem er tólf ára. „Ég held ég láti það duga,“ segir hún og viðurkennir að móðurhlutverkið hafi reynt meira á en hún gerði ráð fyrir, en leiðir hennar og barnsföður hennar skildu þegar sonurinn var tveggja og hálfs árs. Drengurinn bjó lengst af í Reykjavík en flutti norður til föður síns fyrir þremur árum. „Sem betur fer valdi ég góðan barnsföður,“ segir hún og útskýrir að þó að barnið búi á einum stað sé uppeldið sameiginlegt.

„Ég var tvítug þegar ég átti hann og hafði engan veginn áttað mig á því hversu krefjandi foreldrahlutverkið getur verið,“ segir Gerður en þetta tímabil reyndi á hana. „Ég var í raun að flýja sambandið og sjálfa mig. Ég hafði alltaf ætlað mér að verða mamma og helst eiga fjögur börn en verandi ein með eins stóran rekstur og Blush er orðinn þá finn ég ekki þörfina fyrir það. Ég vil heldur gefa barninu sem ég á nú þegar allan þann tíma sem ég hef.“

Á svipuðum tíma og Gerður skildi við barnsföður sinn stofnaði hún fyrirtækið Blush og segir það hafa gert sér gott að geta dreift huganum.

„Það er kannski ein ástæða þess að það hefur gengið svona vel, ég er bara búin að sökkva mér í það. Ég var með ákveðna sýn á fjölskyldulífið sem rættist ekki og að einhverju leyti er það örugglega þannig hjá öllum sem ganga í gegnum skilnað. En mér fannst gott að geta skapað sýn með Blush sem svo varð að veruleika. Verkefnin sem hafa fylgt móðurhlutverkinu hafa verið mikið, mikið erfiðari en nokkuð sem hefur komið upp í fyrirtækjarekstrinum og ég held að þess vegna hafi ég getað tekið þeim af yfirvegun og þolinmæði.“

Ég hef gaman af ástinni

Gerður er í sambúð með Jakobi Fannari Hansen og segir hún barneignaumræðuna hafa verið tekna snemma í sambandinu og þar séu þau á sömu blaðsíðu, þær séu ekki á dagskrá eins og staðan er í dag. „En maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér.

Við erum saman í fyrirtækjarekstri, en hann vann áður hjá WOW air og kom inn í rekstur Blush þegar hann missti starf sitt þar. Nú fær hann ekkert að fara, enda orðinn einn verðmætasti starfsmaðurinn,“ segir hún í léttum tón.

En það er ekki bara ástalífið sem Gerður hefur einbeitt sér að, heldur ástin sjálf því stuttu eftir að hún setti Blush á laggirnar stofnaði hún fyrirtækið Sambandsmiðlun.

„Ég fékk þá hugmynd út frá því að foreldrar mínir skildu og ég vissi að mamma væri ekki týpan í að fara að nota stefnumótaöpp eða slíkt. Ég stofnaði því svona gamaldags sambandsmiðlun sem gekk alveg ofboðslega vel. Við vorum með sálfræðing í vinnu sem tók viðtöl við alla sem sóttu um og paraði svo fólk saman. Það eru enn til pör sem við bjuggum til og ég er til dæmis að fylgja einu pari sem gifti sig síðasta sumar og var að eignast sitt annað barn,“ segir Gerður og er greinilega sátt við að hafa komið því til leiðar.

„Ég hef gaman af ástinni og heilbrigðum samskiptum. Mér finnst fátt eins skemmtilegt og að kynnast pörum þar sem maður sér að báðir aðilar eru að gera sitt besta og samskiptin eru heilbrigð. Ég á mjög erfitt með að horfa upp á neikvæð samskipti í parasamböndum og langar oft að koma með ráð sem gætu hjálpað öðrum í samskiptum.“

> Það var karlmaður að afgreiða og ég gat ekki fyrir mitt litla líf rætt við hann um að ég væri að leita mér að tæki til að finna G-blettinn minn.

Margverðlaunað fyrirtæki

Í ljós kemur að Gerður er nú að vinna í gráðu í sambandsmarkþjálfun. „Þetta heitir „Love and sex coach“, en gráðuna tek ég við Loveology University í Bandaríkjunum, sem er alfarið á netinu.“

Þó að sambandsmiðlunin hafi gengið vel hafði Gerður stuttu áður stofnað kynlífstækjaverslunina Blush og ákvað að einbeita sér að rekstri hennar þegar kauptilboð kom í sambandsmiðlunina. Hún sér ekki eftir þeirri ákvörðun í dag enda hefur fyrirtækið vaxið og dafnað, er komið í 860 fermetra húsnæði og hlaut Gerður nýverið viðurkenningu sem markaðsmanneskja ársins 2021. Blush hefur jafnframt frá árinu 2019 hlotið árlegar viðurkenningar Creditinfo sem Framúrskarandi fyrirtæki og bætti við sig titlinum Besta íslenska vörumerkið í febrúar síðastliðnum en ár hvert eru nokkur vörumerki, sem þykja hafa skarað fram úr, valin af Brandr vörumerkjastofu.

Reyndi lengi að vera extróvert

En þrátt fyrir að vera orkumikil og opinská lýsir Gerður sér sem rólyndismanneskju.

„Ég hafði alltaf reynt að vera extróvert því mér fannst það samþykktari leiðin í lífinu. Ég var alltaf að reyna að gera eitthvað og hitta fólk en svo var ég alltaf uppgefin og fannst þetta ekki eins gaman og hinum. Þegar ég fattaði að ég þyrfti ekkert að eiga þrjátíu vini, það væri nóg að eiga eina tvo góða vini, var það mikið frelsi. Það þurfa ekkert allir að vera formaður nemendaráðs.“

Gerður er augljóslega ástfangin en hún og Jakob kynntust á djamminu eins og hún orðar það fyrir um sex árum síðan. „Við vorum upphaflega bara vinir en fyrir þremur og hálfu ári síðan, sumarið 2019, sagði ég honum að ég væri tilbúin í samband. Ég sagði honum jafnframt að ef ég ætlaði að fara í samband þyrfti ég annað hvort að slíta okkar vinasambandi eða við þyrftum hreinlega að fara á stefnumót. Ég fann bara hvernig ég var orðin skotin í honum. Hann svaraði þá bara: „Förum á stefnumót!“

„Þetta small strax og okkur líður mjög vel saman,“ segir Gerður en stuttu eftir að sambandið hófst var Jakob farinn að vinna hjá Blush. „Við pældum alveg í því hvernig það yrði en hjá okkur hófst þetta hægt og rólega og við vinnum mikið hvort á sínum endanum. Ég er ekkert yfirmaður hans en hann er ekki heldur yfirmaður minn.“

Passaði ekki inn í kynlífstækjakúltúrinn

Gerður stofnaði Blush árið 2011, hún var þá 21 árs gömul og nýkomin úr fæðingarorlofi. „Ég var þá búin að vinna úti um allt: Subway, Hópkaupum, Landspítalanum og nokkrum fataverslunum en alltaf mjög stutt á hverjum stað. Þannig að ég hef víðtæka reynslu úr atvinnulífinu,“ segir hún og hlær. „Draumurinn var þó alltaf að eiga mitt eigið fyrirtæki og ég hafði íhugað að opna skóbúð.“

En hugmyndin að Blush kom þegar hún sjálf fann ekki það sem hún leitaði að.

„Ég upplifði mig ekki passa inn í þann kynlífstækjakúltúr sem var á Íslandi. Ég labbaði inn í eina þeirra verslana sem þá voru og ætlaði að kaupa mér tæki, þar tók á móti mér klámvídeó og óþægilegt umhverfi fyrir 21 árs konu. Ég var á viðkvæmu tímabili, nýbúin að eignast barn og svolítið að reyna að enduruppgötva kynveruna innra með mér. Mér fannst ég ekkert sexí og labba svo þarna inn og sé ekkert nema klámmyndir. Það var karlmaður að afgreiða og ég gat ekki fyrir mitt litla líf rætt við hann um að ég væri að leita mér að tæki til að finna G-blettinn minn.“

Frá klámi í kynheilbrigði

Gerður lagðist því í rannsóknarvinnu og þar sem hún hafði verið að leita að hugmynd að eigin fyrirtæki fór hún að hugsa hvers vegna hún stofnaði ekki kynlífstækjaverslun.

„Grunnhugmynd Blush var að færa kynlífstækjamarkaðinn frá klámi yfir í kynheilbrigði. Þegar ég keypti mitt fyrsta kynlífstæki var það til að rækta sjálfa mig. Ég var búin að týna minni eigin kynveru eftir barneignir og vissi ekki hvernig ég ætti að starta mér aftur. Ég hafði vanrækt sjálfa mig kynferðislega árið á undan og ætlaði þarna að taka málin í mínar hendur. Ég hafði alveg átt einhver tæki áður en það var einhvern veginn meira í gríni, þarna var hugsunin dýpri. Ég vildi vera kynvera en var það ekki á þessum tíma – ég var bara föst í mömmugírnum Ég fór því að skoða í kringum mig hvaða merki væru í boði. Á þessum tíma var bæði lítið framboð á Íslandi og lítil eftirspurn. Þetta var bara sérhópur sem var að kaupa þetta og aðrir fóru til útlanda að versla. Ég þurfti því bæði að búa til eftirspurnina og finna merkin.“ »

ARCTIC ICELAND ÚRIN ERU TILVALIN Í FERMINGARPAKKANN

Bjóðum upp á úrval af gæða úrum á góðum verðum sem eru tilvalin fermingargjöf fyrir þá sem vilja gefa fermingarbarninu eitthvað gagnlegt.

ARC-TIC ÚR MEÐ LEÐURÓL
29.900.-

ARC-TIC ÚR MEÐ STÁLÓL
34.900.-

ÍSLENSK HÖNNUN

ARCTIC ICELAND

Vandað og sígilt úr er gagnlegur og nytsamlegur hlutur sem endist jafnvel út ævina.
Úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða kíkja til okkar á Laugaveg 62 og skoða með eigin augum.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com

» Settu andlit sín við vörumerkið
Gerður stofnaði Blush ásamt vinkonu sinni, Rakel Ósk Orradóttur, sem eftir eitt og hálft ár hvarf til annarra starfa.

„Við ákváðum snemma að setja andlit okkar við vörumerkið og búa þannig til kúnnahópinn. Þarna væru tvær ungar stelpur að tala um kynlíf á heilbrigðan hátt."

Aðspurð um viðbrögð sinna nánustu við því svarar Gerður: „Amma og afi voru pínu óörugg með þetta í upphafi og höfðu áhyggjur af því að ég þyrfti að sækja um vinnu og fólk færi að gúggla mig. Ég svaraði bara að þau þyrftu ekki að hafa áhyggjur – ég ætlaði aldrei aftur að þurfa að sækja um vinnu."

Segja má að Gerði hafi tekist upphaflega ætlunarverkið en hún segir velgengnina vera margþætta.

„Alls staðar í heiminum er kynlífstækjamarkaðurinn og viðhorfið gagnvart honum að breytast og fjölmiðlar hafa hjálpað mikið við það."

Framleiðir sín eigin kynlífstæki
Gerður segist alltaf hafa verið með skýra sýn um hvert hún stefni með fyrirtæki sitt. „Blush hefur aldrei verið lítil hugmynd og ég hlakka til að sýna fólki hvað ég geri á næstu 10 til 15 árum," segir Gerður sem fyrir jólin setti á markað eigin kynlífstækjalínu undir vörumerkinu Reset.

„Reset stendur fyrir það að endurstilla kynorkuna með því að stunda sjálfsfróun eða kynlíf. Við erum komin með fjórar vörur á markað og fáum þrjár í viðbót í sumar," segir Gerður sem ætlar að nota Ísland sem prufumarkað en stefnir svo á að selja vörurnar víðar í Evrópu á næstu árum.

Starfsemi Blush einskorðaðist í upphafi við heimakynningar sem þær Gerður og Rakel sáu alfarið um. „Það var mjög lærdómsríkt enda við í nánum samskiptum við viðskiptavinina."

Það varð algjör sprenging
Í framhaldi var vefverslunin opnuð og svo lítil verslun sem stóð þó aðeins opin í þrjá mánuði.

„Ég sat þar allan daginn að bíða eftir að einhver kæmi og það kom enginn. Ég var að opna verslun á röngum forsendum – til að fá fleiri viðskiptavini. Ég átti ekki pening til að markaðssetja mig og þegar ég opnaði fann ég að mig langaði ekkert að vera búðarkona. Ég lokaði því og einbeitti mér að vefverslun-inni sem mér fannst skemmtilegt. Það varð algjör sprenging. Ég bjó hér á neðri hæðinni og stofan var undirlögð af hundruðum pappakassa með vörum. Það var bara allt teppalagt með kynlífstækjum. Ég fór á pósthúsið daglega svo fór fólk að vilja mikið koma að sækja. Ég var með fólk hér á hverjum einasta degi og ákvað því að opna litla verslun og ráða starfsfólk."

Verslunin var 36 fermetrar og að sögn Gerðar sprakk hún á fyrsta degi.

„Vörumerkið var orðið viðurkennt og við náðum til markhópsins. Tveimur árum seinna opnaði ég stærri verslun og nú þremur árum síðar opnaði ég verslunina á Dalveginum í 860 fermetrum."

Sjálf verslunin er um 350 fermetrar en húsnæðið hýsir einnig vöruhús, skrifstofur, sal og aðstöðu fyrir starfsfólk.

„Við eigum 86,2 prósenta markaðshlutdeild hér á landi og höfum aukið við okkur síðustu ár," segir Gerður en aðalhópur viðskiptavina er á bilinu 25 til 55 ára.

„Við erum búin að stækka svakalega mikið og erum því á viðkvæmum stað og þurfum að halda vel utan um allt til að missa ekki tökin."

Boðið að leika í klámmyndum
Gerður segir umhverfið hafa breyst mikið á þeim ellefu árum sem hún hefur verið í rekstri en upphaflega hafi verið hlegið að henni.

„Ég veit að ég var ung og kannski óþroskuð en viðmótið gagnvart konum í rekstri er sem betur fer mjög breytt. Á sölusýningum erlendis var ekki hlustað á mig sem kaupanda og mér ítrekað boðið að taka þátt í klámmyndum. Ég var á viðkvæmum tíma og hafði lítið á milli handanna og voru boðnir 20 þúsund dollarar fyrir að leika í klámmynd. Ég afþakkaði það en þetta var mjög skrítin og óþægileg upplifun og þreytandi að vera ekki tekin alvarlega. Ég efast um að karlmenn í sömu stöðu hafi upplifað þetta viðmót.

Það var alltaf verið að tengja mig sem kynveru inn í fyrirtækið. Það var erfitt að fá auglýsingastofur til að vinna með mér og ef ég mætti fyrir hönd fyrirtækisins til að sækja það sem vantaði, bankalán eða kreditkort, var svarið alltaf nei."

Gerður ákvað snemma að setja andlit sitt við vörumerki Blush og storka þannig hugmyndum um slíka verslun.

> Ég svaraði bara að þau þyrftu ekki að hafa áhyggjur – ég ætlaði aldrei aftur að þurfa að sækja um vinnu.

Gerður segir allt ganga betur ef við sinnum kynhvöt okkar.

> Ég held að fólk átti sig ekki almennilega á því hvað kynlíf er stór partur af lífinu. Það er eins og mýkingarefni í líf okkar.

Mikilvægt að sinna kynverunni
En síðan hefur sannarlega mikið vatn runnið til sjávar og upp er komin kynslóð ungra kvenna sem þykir það ekki tiltökumál að kaupa sér vörur í Blush. Umræðan er allt önnur en hún var fyrir tíu árum og hefur Gerður sjálf gert sitt í því enda komið fram í viðtölum og verið virk í umræðunni á samfélagsmiðlum.

„Þótt ég segi sjálf frá þá held ég að ég hafi hjálpað gríðarlega mörgum einstaklingum og sérstaklega konum að finna sína innri kynveru og upplifa sína fyrstu fullnægingu. Það er enn allt of algengt að konur upplifi að þær eigi að vera settlegar og finna minna fyrir kynhvötinni en karlar. Þar spilar uppeldi og fleira inn í.

Í mínum huga eru það mannréttindi að fá að upplifa sig sem kynveru, enda kynhvötin ein af grunnþörfunum, eins og að borða og sofa. Eins gengur einfaldlega allt betur ef við sinnum kynhvötinni okkar – ekki síst samskiptin við makann. Ég held að fólk átti sig ekki almennilega á því hvað kynlíf er stór partur af lífinu. Það er eins og mýkingarefni í líf okkar."

Þú hlýtur að vera villt í rúminu
Þó að Gerður hafi alltaf verið opinská fannst henni í fyrstu erfitt að tala um kynlíf. „Ég hef alltaf verið frekar opin og átt auðvelt með að tala en að tala um kynlíf og kynlífstæki fannst mér skrítið og erfitt fyrst. En það vandist fljótt og stundum held ég að það hafi vanist of vel," segir hún og hlær. „Þegar ég sit til að mynda á matsölustað að ræða relaxing anal sleipiefni eða álíka, þá finn ég að fólk lítur við. Þó að ég hafi alltaf reynt að hafa þetta settlegt hef ég gaman af því að dansa á línunni og sjokkera aðeins."

Viðmót ókunnugra segir Gerður vissulega oft litast af starfi hennar. „Já, fólk á það til að segja: „Þú hlýtur að vera villt í rúminu!" En ég svara þá bara að ég sé eins og píparinn sem nennir ekki að laga lagnirnar heima hjá sér," segir hún í léttum tón og bætir við: „Þetta er vinnan mín."

Gerður segir sambýlismanninn einnig fá slíkar spurningar um hana. „Fólk gerir sér sjálfkrafa hugmyndir um að maður sé með kynlífsrólur um allt heima fyrst maður rekur kynlífstækjaverslun. Ég hef því miður ekki enn náð að prófa allar vörurnar sem Blush selur en er hægt og rólega að vinna mig í gegnum þær." ■

Industry Selects
tiff
Toronto International Film Festival 2021

TALLINN BLACK NIGHTS FILM FESTIVAL 2021

OFFICIAL SELECTION
Göteborg Film Festival

OFFICIAL SELECTION
32. TROMSØ
INTERNATIONAL
FILM FESTIVAL

OFFICIAL SELECTION
Santa Barbara International Film Festival

ÞAÐ SEM EITT SINN VAR / VERÐUR

SKJÁLFTI

KVIKMYND EFTIR TINNU HRAFNSDÓTTUR

KOMIN Í BÍÓ

★★★★½
Gripping Icelandic psychological drama
- The Reviews Hub

★★★★
A stunning piece of work.
- The Hollywood News

★★★★
A film made with elegance.
- En Primera Fila

★★★★
Vel heppnuð frumraun. Ljóst er að Tinna þekkir kvikmyndaformið vel og nýtir það til fullnustu.
– Jóna Gréta Hilmarsdóttir/Morgunblaðið

★★★★★
Það er ekki hægt að leika betur en Aníta Briem í Skjálfta. Frábær bók orðin að frábærri mynd. Allir í bíó.
- Yrsa Sigurðardóttir

★★★★★
Ekki missa af þessari. Algert meistaraverk.
– Sigga Lund/Bylgjan

Mögnuð mynd sem ég hlakka til að sjá aftur.
- Silja Björk Huldudóttir

Glæsilegt verk! Svo falleg, vel gerð, eftirminnileg og hugvekjandi mynd. Segi ekki meir. Þið verðið bara að sjá hana sjálf. Allir í bíó!
– Guðrún Eva Mínervudóttir

Skjálfti er sterk mynd, flott útfærsla á góðri skáldsögu, myndræn og vel tekin og leikurinn framúrskarandi, ekki síst hjá Anitu Briem sem er frábær..
– Páll Valsson

Frábær frumraun. Aníta Briem á einn albesta performans íslenskrar kvikmyndasögu. Ekki missa af..
- Ragnar Bragason

Mögnuð saga. Mögnuð mynd. Mögnuð frammistaða.
– Björk Eiðsdóttir

Allir þræðir fléttast svo listilega saman, kvikmyndatakan, leikurinn og svo áferð og raddblær sem fangar skáldsöguna góðu og flettir henni svo fimlega upp á tjaldið..
– Kristín Helga Gunnars

Algjörlega hnökralaus kvikmynd.
Mæli með bíóferð!"
- Þóra Tómasdóttir

Skjálfti – skyldumæting fyrir alla.
– Pálmi Guðmundsson/Sjónvarp Símans

Vel unnið og vandað raunsæisdrama.
- Nína Richter/Fréttablaðið

Ég sá þessa yndislegu mynd í vikunni og mæli svo innilega með. Hrikalega vel leikin og svo falleg á margan hátt.
- Silja Hauksdóttir

Hvet ykkur eindregið til að skella ykkur í bíó og fá að upplifa þetta fallega listaverk á eigin skinni.
– Ísold Uggadóttir

Dásamlegur Skjálfti. Húrra!
Koma svo! Drífa sig í bíó.
– Elísabet Ronaldsdóttir

Virkilega falleg og áhrifamikil mynd.
Hvet alla til að skella sér í bíó.
- Guðmundur Arnar Guðmundsson

Þetta var án efa sterkasta frumraun leikstjóra sem ég hef séð. Ótrúlega sterk mynd sem fór beint í hjartað. Allir í bíó.
- Eva Sigurðardóttir

Skjálfti er sannarlega einnar messu virði. Frábær saga, frábær leikur, frábær umgjörð og annað eftir því. Áhrifamikil kvöldstund. Takk fyrir mig – allir í bíó!
– Pétur Már Ólafsson

Myndin tekur mann heljargreipum inn í hugarheim og líf þar sem maður fær að endurspegla sjálfan sig og sínar tilfinningar í gegnum hetjuna. Alvarleg mynd en á sama tíma sprenghlægileg. Ég mæli með að allir skelli sér á þessa mynd.
– Beggi Ólafs

Skjálfti er mögnuð mynd sem snerti mig djúpt. Hreint ótrúlegt að um sé að ræða fyrstu mynd leikstjóra í fullri lengd. Vel gerð að öllu leyti og einstaklega vel leikin. Mæli með henni af öllu hjarta.
– Sigríður Pétursdóttir

URSUS PARVUS · Freyja FILMWORK · alief. · ICELANDIC Film Centre · Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið · sena · RÚV

> Ég vinn töluvert heima og elska heimilið mitt, hér líður mér vel.

Katrín er mikil fjölskyldukona og nýtur þess að vera í faðmi fjölskyldunnar. Hundurinn Edith á sinn sess á heimilinu og fær líka að vera í sófanum að kúra.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Heimili þar sem listin og gleðin eru í fyrirrúmi

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Katrín Halldóra Sigurðardóttir, söng- og leikkona, býr ásamt fjölskyldu sinni í Sundahverfi þar sem þau una hag sínum vel á fallegu heimili þar sem fegurð og þægindi fara vel saman.

Katrín Halldóra Sigurðardóttir, söng- og leikkona, stendur í ströngu þessa dagana en framundan eru stórtónleikar í Eldborg á sunnudaginn þar sem hún mun syngja lög Jóns Múla Árnasonar við texta bróður hans Jónasar Árnasonar af plötu sem hún gaf út í fyrra. Svo er hún líka nýbúin að frumsýna nýtt verk ásamt samstarfsfélögum sínum í Þjóðleikhúsinu, verkið Ást og upplýsingar eftir breska leikskáldið Caryl Churchill sem hlotið hefur mikið lof.

Katrín er mikil fjölskyldukona og elskar að fá fjölskyldu og vini í heimsókn og elda góðan mat. Hún er gift Hallgrími Jóni Hallgrímssyni sem á Óðin og saman eiga þau tæplega tveggja ára gaur, Stíg, og hundinn Edith sem er enskur fjárhundur.

„Ég vinn töluvert mikið heima og elska heimilið mitt, hér líður mér vel. Hér reyni ég líka að æfa mig fyrir verkin sem eru í gangi hjá mér hverju sinni.“

Nú eru það tónleikarnir fram undan sem eiga hug hennar allan. „Páll Óskar er gestasöngvari og ég hlakka mjög mikið til að telja í þessi fallegu lög með þessari stórkostlegu hljómsveit sem verður með mér á sviðinu.“

Fjölskyldan býr í Sundahverfi og unir hag sínum vel. „Við kunnum mjög vel við okkur í þessu hverfi, við höfum verið hér í þó nokkur ár og þar sem við erum með hund hentar mjög vel að hér eru góðar gönguleiðir, stutt að fara í Laugardalinn sem er svo fallegur allan ársins hring. Einnig erum við mjög miðsvæðis og það er stutt í allar áttir.“

> Ég elska að safna einhverju, fjölskyldan er mjög ánægð með það því þá er ekki eins erfitt að gefa mér jóla- og afmælisgjafir.

Mikill safnari

„Ég myndi ekki segja að ég væri með neinn ákveðinn stíl, heldur meira svona safna ég að mér húsgögnum sem eru bæði falleg og þægileg. Það er praktískt að vera með sófa sem auðvelt er að þrífa þegar maður er með ungbarn. Svo elska ég fallega lýsingu og er með algjört ljósa- og lampablæti. Mér finnst það vera hlutirnir sem fólk hefur safnað að sér og þykir vænt um sem gera heimili að heimili. Maður getur oft séð húmor og áhuga fólks í gegnum heimili þess. Það er gaman þegar hver og einn getur leyft sínum persónuleika að njóta sín á heimilinu.“

Katrín er líka mikill safnari. „Ég elska að safna einhverju, fjölskyldan er mjög ánægð með það því þá er ekki eins erfitt að gefa mér jóla- og afmælisgjafir. Ég er núna til að mynda að safna í uppáhalds stellið mitt, Royal Copenhagen. Mér finnst svo gaman að leggja fallega á borð og er mikið fyrir fallegan borð-

búnað. Svo safna ég líka myndlist, í uppáhaldi eru verk með húmor, sem eru skemmtileg og gefa manni tilefni til að brosa, jafnvel hlæja.“

Lifandi og skemmtilegt heimili

Hægt er að sjá að tónlistarfólk er á heimilinu og eiga hjónin plötuspilara sem er mikið notaður. Þessa dagana eru það helst gömlu vínilbarnaplöturnar sem fá að óma en litli drengurinn þeirra heldur mikið upp á Dýrin í Hálsaskógi. „Við erum bæði tónlistarfólk og það er ómissandi að hafa píanó á heimilinu, hér koma píanóleikarar oft að æfa með mér og þetta er lifandi og skemmtilegt heimili.“

Hlutir sem hafa tilfinningalegt gildi prýða líka heimili Katrínar. „Mér þykir vænt um Munkinn sem við geymum undir lampa í stofunni, hann er frá afa Hallgríms, eins eru alls konar munir sem ég á og geymi frá ömmum mínum í sérstöku uppáhaldi. Til dæmis mánaðarbollarnir frá ömmu. Það sem gerir líka heimili að heimili eru hlutirnir sem eru í fjölskyldunni og minna okkur á fólkið okkar, það yljar okkur í hjartanu.“

Snickerskakan hennar Katrínar

Þar sem það styttist í páskana gefur Katrín lesendum uppskrift af vinsælustu kökunni á heimilinu sem gestirnir panta. „Saga Garðars vinkona elskar þessa köku og er alveg tryllt í hana. Pantar hana oft. En þetta er hrákaka sem ég lærði að gera á Gló þegar ég vann þar samhliða leiklistarnáminu og uppskriftin er eftir Sollu Eiríks. Ég hef þó aðeins tvistað hana til. Kakan ber heitið Snickerskakan og hún er meinholl, getum líka kallað hana Bombu.“

Plötuspilarinn hefur mikið notagildi og munkurinn frá afa Hallgríms við hlið hans er í miklu uppáhaldi.

Katrín safnar myndlist og segir verk með húmor sem jafnvel kalli fram bros eða hlátur í sérlegu uppáhaldi.

Rjúpuna eftir Kristján keypti Katrín á Sólheimum í Grímsnesi.

Katrín og eiginmaður hennar, Hallgrímur Jón, eru bæði tónlistarfólk og ber heimilið þess merki.

Snickers-hrákakan frá Gló sem Katrín Halldóra hefur tvistað til.

Snickerskaka Gló

Botninn

100 g möndlur
100 g döðlur
Smá salt
1 tsk. vanilla
1 dl lífrænt hnetusmjör gróft
1 tsk. maca-duft
1 msk. kókosolía fljótandi
Salthnetur

Blandið saman möndlum og döðlum í matvinnsluvél. Restinni af uppskriftinni síðan bætt út í og blandað saman. Þjappið blöndunni saman í form.

Stráið 1½-2 dl af salthnetum ofan á og setjið svo botninn í frysti á meðan þið útbúið karamelluna og súkkulaðið.

Karamellan

1 ½ dl hlynsíróp
1 dl kókosolía
1 dl hnetusmjör
½ tsk. gróft sjávarsalt
1 tsk. kakóduft

Setjið allt í blandara og blandið saman á lágum hraða. Hellið síðan karamellunni yfir botninn og salthneturnar.

Súkkulaðið

½ dl kókosolía fljótandi
½ dl kakóduft
Örlítið salt
5 dropar af stevíu
5 dropar af súkkulaðidropum

Hrærið öllu saman í skál og hellið yfir karamelluna. Setjið aftur inn í frystinn í smástund til að leyfa súkkulaðinu að storkna. ■

Gunnar Hrafnsson tók við formannssæti Félags íslenskra hljómlistarmanna fyrir fjórum árum og segir að hafi hann ætlað að halla sér aftur í formannsstólnum hafi alla vega ekki orðið af því, enda annasamir tímar að baki.

Félag íslenskra hljómlistarmanna fagnaði 90 ára afmæli á dögunum og hélt formaðurinn ræðu við það tilefni.
MYND/AÐSEND

Tónlistarfólkið stendur af sér dýfur

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Félag íslenskra hljómlistarmanna, eða FÍH, fagnaði 90 ára afmæli á dögunum. „Ef FÍH væri mannvera þá ætti hún að vera í óndunarvél en ég held að félagið lifi okkur öll," segir Gunnar í léttu gríni, en samsinnir blaðamanni um að stofnendur félagsins hafi sýnt mikla framsýni árið 1932.

„Þegar FÍH varð 50 ára var fagnað með vikutónleikahaldi og útgáfu bókar þar sem saga félagsins er skráð af Hrafni Pálssyni. Samkvæmt henni er ákveðið áhugaleysi þarna í byrjun, en Bjarni Bö, faðir Ragga Bjarna, og Þórhallur Árnason verða „guðfeður" félagsins og drífa það í gang. Þá var aðalmarkmið FÍH að halda útlendingunum úti. Þessir menn voru að spila á Hótel Borg og Hótel Íslandi, en það hafði færst í aukana að fá útlendinga til að spila. Íslendingar voru ósáttir og vildu hafa þessi verkefni fyrir sig og er félagið í raun stofnað sem útlendingahatarafélag," segir Gunnar.

Hann segir þessa byrjun skondna í baksýnisspeglinum, enda hafi markmiðið snúist upp í andhverfu sína og fleiri góðir músíkantar komið til landsins og áhuginn á að nota þá aukist.

„Þá verða þessir útlendingar lykilfólk í að kenna og ala upp, eins og hefur alltaf verið á Íslandi – því við eigum svo stutta tónlistarhefð," segir Gunnar og bendir á að tónlistarflutningur hafi ekki komið til af einhverju viti hér á landi fyrr en snemma á 20. öldinni og þá hafi útlendingar, eðli málsins samkvæmt, verið áhrifavaldarnir.

„Þeir náðu sem betur fer ekki að halda þeim úti. Ef markmið félagsins hefði náðst hefði það verið slæmt fyrir íslenskt tónlistarlíf og Ísland sem var mjög lokað."

Stutt tónlistarhefð hér á landi

Tónlistarhefðin hér á landi er stutt og það segist Gunnar oft hafa fundið í samskiptum sínum við yfirvöld. „Þessi menning er svo nýbyrjuð hér, í samanburði stendur evrópsk tónlistarsaga á gömlum merg og ekki er deilt um gildi hennar. Það er erfitt að gefa skít í tónlist í Salzburg, þar sem fótspor Mozarts eru úti um allt!"

Gunnar segir viðhorfið vera að breytast en lengi vel hafi það verið þekkt afstaða að ekki ætti að vera að púkka upp á fólk fyrir að gera ekki neitt. „Eins og varðandi listamannalaunin, maður hefur oft heyrt slíkar athugasemdir sem er kannski ekki skrítið enda er þetta svo nýtt."

Gunnar segir félagið alla tíð hafa státað af mjög sterkum félagsmönnum, enda var í upphafi samkeppni um inngöngu. „Þú þurftir að vera af vissum gæðum. Menn eins og Björn R. Einarsson hljómsveitarstjóri og básúnuleikari, sem spilaði í vinsælustu hljómsveitunum, voru jafnframt prófdómarar félagsins og úrskurðuðu um hvort fólk spilaði nægilega vel til að komast inn."

Tónlistarhæfileikar ganga í erfðir

Aðspurður segir Gunnar tónlistarhæfileika oft ganga í erfðir og því séu oft heilu fjölskyldurnar viðriðnar félagið og skólann.

„Bjarni Bö til að mynda var pabbi Ragga Bjarna, sem var einn okkar ástsælustu tónlistarmanna og ofboðslega sterkur FÍH-maður. Núna er langafabarn Ragga hér í skólanum, svo þarna er löng fjölskyldusaga sem snertir íslenskt tónlistarlíf og búist við miklu af drengnum. Annað dæmi er Anna Gréta sem gerir nú garðinn frægan úti í heimi og er dóttir hins öfluga Sigurðar Flosasonar".

Gunnar tók eins og fyrr segir, við sem formaður FÍH fyrir fjórum árum og er ekki hægt að segja að hann hafi verið verkefnalaus frá þeirri stundu. En Gunnar hefur lengi verið viðriðinn félagið.

Spilað í Offiseraklúbbnum

„Ég var tekinn hingað inn þegar ég var í poppinu í gamla daga," segir Gunnar og telur umbeðinn upp böndin Ljósin í bænum og Tívolí.

„Hljómsveitir spiluðu þá reglulega í Offiseraklúbbnum á Keflavíkurflugvelli og það þótti algjört ævintýri að fara í hljómsveitarrútunni upp á völl og fá að spila þar. Það var félagið sem sá um þau verkefni og hafði samband við tónlistarfólk," segir Gunnar og rifjar upp þegar hann spenntur mætti á skrifstofuna til að sækja fyrsta launaumslagið. „Mér var þá rétt umslag með hundrað krónum og einhverjum fimm köllum, með orðunum: „Hérna eru launin þín og kvittunin fyrir félagsgjöldunum," en þá var búið að draga þau af launaunum."

Gunnar fór í tónlistarnám til Bandaríkjanna, nánar tiltekið Berklee College of Music í Boston. „Við Stefán S. Stefáns og Pétur Grétars vorum í fyrstu bylgjunni sem fór utan og menntaði sig í hrynfastri tónlist og færðum fræðin heim, en Vilhjálmur Guðjónsson var áður búinn að vinna gott verk í að starta tónlistarskóla FÍH. Við tíndumst heim, ég árið 1984, og fljótlega erum við allir þrír orðnir kennarar við skólann."

Tónlistarskóli FÍH var þá við Brautarholt en flutti í húsnæði FÍH við Rauðagerði árið 1990 en þar er í dag jafnframt starfræktur Menntaskóli í tónlist.

Verktaka losar um rétt fólks

Baráttumálin eru margvísleg.

„Verktaka hefur aukist og hún losar um rétt fólks. Nú verður mál tekið fyrir dóm fljótlega. Þetta er mál söngkonunnar Þóru Einarsdóttur gegn Íslensku óperunni. Við veitum henni fulltingi, enda um ákveðið prófmál að ræða um hvort verktakasamningur geti upphafið kjarasamning," segir hann.

„Annað mál af skyldum toga er gagnvart Ríkisútvarpinu en ég tel okkur vera með skýran kjarasamning sem kveður á um hvað eigi að borga fyrir tónleika og hvað eigi að borga fyrir upptökur. Svo bar við að tónleikum Jazzhátíðar 2018 var sjónvarpað og niðurstaðan var sú þegar ég fór að skoða þetta, að hver og einn af þeim 20 manns sem spiluðu tónleikana lék í um 50 mínútur. Fyrir þetta fengu þeir 10 þúsund krónur greiddar frá Jazzhátíð Reykjavíkur í verktöku. Ríkisútvarpið sagði það ekki koma sér við, enda hefði það samið við framleiðandann, Jazzhátíðina. Niðurstaðan var því sú að það sem var greitt var þrisvar til fjórum sinnum lægra en ef greitt hefði verið eftir taxta. Þetta gengur ekki upp!"

Hræðileg áhrif Covid

En ætli Gunnar sé harður í horn að taka? „Ég veit ekki hvort ég sé harður en ég vil vera sanngjarn. Mér finnst auðvelt að taka á málum af hörku þegar mér finnst ég vera að fara með rétt mál. Ég get alveg tekið slaginn fyrir það sem ég hef trú á."

Gunnar hafði ekki starfað lengi sem formaður þegar fordæmalaus verkefnaskortur vegna samkomutakmarkana reyndi á félagsmenn.

„Hefði maður ætlað að labba hér inn og halla sér aftur var það ómögulegt þegar það kemur drepsótt," segir hann í léttum tón, sem þyngist hratt. „Hún hafði hræðileg áhrif og braut upp vinnuumhverfið. Prófessjónal músíkantar hafa lent gjörsamlega úti í kanti. Mörg okkar eru kennarar með tónlistarflutningnum, en þau sem höfðu ekki aukastörf stóðu uppi nær atvinnulaus. Stjörnurnar okkar hafa margar farið illa út úr þessu."

Talið berst að tónleikastreyminu sem einhver gripu til og náðu að selja miða. „Streymið er ekki líklegt til að þjóna nema bara þeim allra vinsælustu því nafnið þeirra er þekkt. Það er svolítið erfitt að byrja með streymi en vera kannski lítið þekktur. Því varð þetta ekki lausn nema fyrir fá okkar."

Tónlistarfólk vant dýfum

Þó að undanfarin tvö ár hafi reynt á stéttina segist Gunnar þó ekki hafa tekið á móti mörgum félagsmönnum sem voru við það að gefast upp.

„Ég held að miðað við sumar aðrar stéttir þá höfum við tónlistarmenn meira þol gagnvart svona löguðu, enda vön dýfunum og stöndum þær af okkur. En það besta sem kom út úr Covid var að mér fannst listin í landinu fara að tala meira einni röddu. Það varð til samráðshópur tónlistarinnar og við útbjuggum Covid-19 skýrslu um stöðu tónlistarinnar, þar sem helstu vandamál og mögulegar úrlausnir voru teknar fyrir. Það er í raun listageirinn sem kemur með hugmyndina að tekjufallsstyrk, sem er að danskri fyrirmynd, inn í þáverandi menntamálaráðuneytið til Lilju Daggar Alfreðsdóttur."

Gunnar segir Lilju Dögg hafa staðið þétt við bak tónlistarfólks. „Við tölum svo gjarnan um að stjórnmálafólk lofi alltaf upp í ermina á sér og minna verði um efndir. Lilja talaði fallega um Covid-19 skýrsluna og tekjufallshugmyndina, en það var aðeins liðið inn í slaginn þegar við áttuðum okkur á því að hún væri með okkur af fullum heilindum og ætlaði sér að láta hjálparúrræðin raungerast. Við fengum líka frábæra aðstoð frá BHM sem er móðurfélag okkar og nokkurra annarra listfélaga."

> Streymið er ekki líklegt til að þjóna nema bara þeim allra vinsælustu því nafnið þeirra er þekkt. Það er svolítið erfitt að byrja með streymi en vera kannski lítið þekktur.

Tregir til að nýta sér úrræði

Félagsmenn voru þó tregir til að nýta sér tekjufallsúrræðin í fyrstu. „Eins og þeir héldu að þeir ættu ekki rétt á þessu. Ég hefði ekki trúað þessu að óreyndu. En svo settum við upp hjálp hérna, ég réði reyndan bókara til að aðstoða fólk og það varð til þess að það sótti aðstoð. Síðasta vor leit út fyrir að Covid væri að verða búið og þá hrönnuðust upp tónleikar og undirbúningur en svo kom bylgja og önnur um jólin sem rústaði allri tónleikasókn.

Þá fórum við aftur í samráðshópi og töluðum við Lilju sem spurði hvað við vildum gera. Upp úr því samtali kom þessi stóra inngjöf þegar aukið fjármagn var sett í sjóðina og skipti það gríðarlega miklu máli. Þetta er kannski til marks um að orðið hafi til skilningur í samfélaginu um að það borgi sig að halda þessum anga á lífi og í gangi. Við sjáum flest virðið í því, ég vona það.

Það er rosa erfitt að tala abstrakt um gildi menningar við fólk sem er að reyna að stilla af útgjöld samfélagsins í erfiðu árferði. En eins ólístrænt og það er að tala um hagstærðir þá eru hagrænu áhrifin af listastarfi í milljörðum talin, plús megin, og það margborgar sig að eiga öflugt menningarstarf.

Varðandi kjaramál þá er vandamál listanna að þetta er grjóthörð samkeppnisgrein. Of mörg eru að bjóða vinnu sína miðað við eftirspurn og gagnvart sterkum viðsemjendum er einstaklingurinn í erfiðri stöðu. Þá er svo mikilvægt að listamennirnir finni leiðir til að standa saman sem heild. "

Lifandi tónlist lykilatriði

Lifandi tónlist er í dag algjört lykilatriði fyrir afkomu tónlistarfólks. „Spotify er enn skelfilegt og aldrei verið eins mikilvægt að það séu góðir tónleikastaðir víða og að við náum aftur upp heimsóknarviljanum."

En lífið er að komast í réttar skorður og segir Gunnar undanfarnar vikur hafa verið verulega upplífgandi.

„Ég gat ekki hugsað hálfa hugsun hér í síðustu viku. Það var band að æfa hér beint undir mér svo ég dansaði í stólnum. Svo labbaði maður fram, þá skalf húsið því Páll Óskar var að æfa í salnum niðri fyrir afmælistónleikana sína. Ég held að það séu yfir 20 útskriftartónleikar fram undan, svo að í öllum herbergjum voru nemendur að æfa.

Þetta fólk gefst ekkert upp enda er tónlistin ekki bara vinna – heldur ástríða." ■

Vinir fá sérkjör

Skráning á **icewear.is**

SALEWA MS ALP Trainer 2 MID
Kr. 39.990.-

HVÍTANES Merino peysa
Kr. 13.990.-

VIÐEY Hanskar
Kr. 3.300.-

SALEWA MS Dropline GTX
Kr. 25.990.-

SÓLA Zip-off göngubuxur
Kr. 17.990.-

ASOLO Space GV
Kr. 22.990.-

BRIMNES
Meðalþykkir göngusokkar
Kr. 2.150.-

HVÍTANES Merínó hálsklútur
Kr. 4.990.-

KRÍA Thermore® vesti
Kr. 13.990.-

ASOLO Falcon
Kr. 29.990.-

STEINAR Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-

MÁR Tveggja laga regnjakki
Kr. 22.990.-

KRÍA Thermore® vesti
Kr. 13.990.-

25%
afsláttur af gönguskóm

GRÍMSEY Hanskar
Kr. 2.990.-

HARALDUR
Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-

HELLY HANSEN
Switchback Low
Kr. 23.990.-

GEYSIR Ullarjakki með íslenskri ull
Kr. 28.990.-

SVARTANES Merínó ullarbuxur
Kr. 9.990.-

HELLY HANSEN
Capilano
Kr. 12.990.-

ARCTIC EXPLORER
göngustafir
Kr. 5.990.-

HELLY HANSEN
Switchback Trail HT
Kr. 26.990.-

SKÓDAGAR

ICEWEAR MAGASÍN

KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

LYNG Ullarsokkar
Kr. 1.590.-

SÓLEY
Hlýjar flís leggings
Kr. 9.990.-

ASOLO Falcon
Kr. 29.990.-

KJÖLUR Létt flíspeysa
Kr. 9.990.-

HELLY HANSEN Fremont
Kr. 26.990.-

SALEWA Alpenrose 2 MID
Kr. 30.990.-

HVÍTANES Merino buxur
Kr. 11.990.-

ASOLO Agent
Kr. 25.990.-

Edda Sif Aradóttir Pind, framkvæmdastýra Carbfix, segist finna fyrir örlitlum loftslagskvíða en hefur helgað sig því að gera það sem hún getur til að koma í veg fyrir frekari loftslagshamfarir. Umhverfismálin eru stór partur af uppeldinu en hún á þrjú börn með eiginmanni sínum Erlendi Davíðssyni.

Edda Sif með steina sem voru áður koltvíoxíð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Samhent fjölskylda: Erlendur Davíðsson, Hilmir Freyr, Friðrik Heiðar, Áslaug Sól og Edda Sif. MYND/AÐSEND

Edda Sif á COP26 í Glasgow. MYND/AÐSEND

Fjölskylda Eddu í Djúpuvík á Ströndum þangað sem þau fara reglulega. MYND/AÐSEND

Hefur þróast með verkefninu

Lovísa Arnardóttir
lovisa@frettabladid.is

Edda hefur verið hjá Carbfix frá því að það var aðeins hugmynd á blaði 2007 og séð hvernig það hefur þróast. Hún segir að þótt hún hafi verið lengi í þessu þá sé erfitt að staðna því verkefnin séu svo fjölbreytt hverju sinni.

„Ég er ekki að gera það sama nú og þá. Þetta er enn Carbfix, en fyrst var ég að búa til hermilíkön og svo fór ég í verkefnastjórnun. Þetta hefur þróast og ég með," segir Edda.

Carbfix hófst sem alþjóðlegt samstarfsverkefni og var formlega stofnað 2007. Orkuveita Reykjavíkur leiddi verkefnið með Háskóla Íslands, Columbia-háskóla í New York og CNRS í Frakklandi.

En hvað gerir Carbfix?

„Það er vitað að koltvíoxíð binst í bergi, því það er aðferð náttúrunnar til að varanlega geyma kolefni. Yfir 99 prósent kolefnis á jörðinni er þegar bundið í bergi. Við hugsum bara ekkert rosalega mikið um það," segir Edda og bendir á að, kannski eðlilega, sé meiri áhersla á það koltvíoxíð sem er sýnilegra í andrúmsloftinu, í sjónum og í trjám.

„Þetta hófst sem rannsóknar- og þróunarverkefni sem gagngert miðaði að því að kanna hvort við gætum búið til tækni sem leyfði okkur að fanga koltvíoxíð úr útblæstri og dæla ofan í berglög, þannig að við gætum flýtt fyrir ferlinu," segir Edda og að jarðfræðilegu ferlin muni alltaf á endanum eiga sér stað.

„En við getum ekki beðið eftir því."

Ekki gekk allt í fyrstu

Edda segir að til að byrja með hafi þau stundað rannsóknir á ferlinu sjálfu, hvað gæti þurft til að flýta því eða hægja á því og að háskólarnir hafi að mestu séð um það. Hún sjálf sá um hermireikninga, en þá var hún enn í doktorsnámi.

„Fyrstu árin vorum við að rannsaka, prófa, hanna og smíða frumgerðir og það gekk ekkert allt í fyrstu atrennu, eðlilega," segir Edda Sif og hlær, en að svo árið 2011 hafi þau fyrst byrjað að dæla koltvíoxíði niður í jörðina. Mesta þróunin hefur verið uppi á Hellisheiði því þar fengu þau aðgang að borholum sem var ekki verið að nýta.

„Við byrjuðum að dæla niður og fórum að vakta og svo tekur þetta smá tíma. Ekki jarðfræðilegan tíma, en tekur tíma. Í tvö til þrjú ár vorum við að safna gögnum og reyna að skilja hvernig það sem við sáum í náttúrunni passaði við það sem við sáum í rannsóknarstofunni og í hermilíkönum og fengum þannig betri mynd af því hvað átti sér stað," segir Edda og að þannig hafi þau komist að því að á undir tveimur árum geti þau bundið koltvíoxíð sem þau dæla niður, í stein, og gert það varanlega að hluta af berginu.

„Þetta breytir öllum tímaskalanum og sýnir fram á hversu mikilvæg tæknin er til að sporna við loftslagsvandanum. Það er auðvitað fullt af öðrum lausnum sem þarf að innleiða líka, en þetta er magnað og skemmtilegt. Það sem við erum að gera er að flýta náttúrulegum ferlum."

Miklar breytingar síðustu ár

Edda segir að það sé ótrúlegt að sjá viðhorfsbreytingarnar frá því að þau byrjuðu því þá var enn verið að rífast um það hvort að loftslagsváin væri raunveruleg.

„Það var allt önnur umræða en er í dag. En það var ljóst þá, eða við töldum okkur vita, að innan einhverra ákveðinna ára þá myndi heimurinn vera tilbúinn til að grípa til aðgerða og þá yrði rosalega mikilvægt að lausnirnar yrðu tilbúnar. Að það væri ekki verið að hefja þróun þá á því sem þyrfti þá strax að innleiða."

Carbfix nýtir tækni sína á Íslandi en á þessu ári munu þau hefja tilraunaverkefni í Tyrklandi og Þýskalandi, þar sem er verið að kanna annars konar berglög, auk þess sem þau eru í annars konar rannsóknarverkefnum í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.

„Við höfum séð rosalegan áhuga og á síðustu tveimur til þremur árum eru stór fyrirtæki, sem bera ábyrgð á mestu losuninni, loksins að taka almennilega við sér, sýnist okkur. En við eigum enn eftir að komast á þann stað að skrefið sé tekið, að það sé ekki bara verið að undirbúa eitthvað í smáum skala. En það þarf að lokum að taka þessi stóru skref, sem þýðir stórar fjárfestingar."

Okkur miðar fullhægt

En finnst þér heimurinn núna tilbúinn?

„Við erum komin mjög langt á stuttum tíma, en við höfum bara ekkert svo langan tíma. Hvert ár telur. Við erum á allt öðrum stað núna. Parísarsamkomulagið breytti mjög miklu en okkur miðar fullhægt. Við tölum rosalega mikið og gerum plön, sem þarf auðvitað að gera, en fram að árinu 2030 þurfum við að sjá verulegar breytingar," segir Edda Sif og nefnir minnkaða losun, miklar fjárfestingar í innviðum til að fanga og farga koltvíoxíði, orkuskipti, orkusparnað og bætta orkunýtni og landnýtingu.

Carbfix er viðbragð við aukinni losun, en eins og þú bendir á, er þá ekki stóra málið að minnka losun?

„Jú, við erum ekki að fara að koma með tæknina okkar í starfsemi sem er úr sér gengin og úrelt. Ef við horfum á kolaorkuver í þróuðu ríki heimsins, þá erum við ekki að fara þangað til að dæla niður, ekki í þróaðri ríkjum heimsins, þar á að innleiða nýja orkugjafa. En í vanþróaðri ríkjum heimsins, þar er ekki sama staða og þar er eðlilegt að í nýjum kolaorkuverum sé innleidd einhvers konar tækni eins og okkar. Því það er ekki hægt að gera sömu kröfur á allar þjóðir heimsins, það þarf að taka tillit til aðstæðna."

Finnur fyrir örlitlum kvíða

Spurð um loftslagskvíða, fyrir hennar hönd, eða barna hennar, viðurkennir Edda Sif að hún finni fyrir honum. Ekki miklum, en þó örlitlum kvíða.

„En ég er búin að helga mig því að gera það sem ég get og við sem vinnum hjá Carbfix erum öll þar. Við finnum til rosalega mikillar ábyrgðar að okkar tækni nýtist, ekki bara hér, heldur á heimsvísu og þannig erum við markvisst að gera það sem við getum til að forða okkur frá verstu loftslagshamförunum," segir Edda, en áréttar að mesta ábyrgðin liggi hjá stjórnvöldum og stórum losurum.

> Við erum komin mjög langt á stuttum tíma, en við höfum bara ekkert svo langan tíma. Hvert ár telur.

Hún segir að það hafi alltaf gengið vel að vinna með stjórnvöldum, en að hennar mati ættum við að vera komin lengra. Það sé búið að setja lokamarkmið en að hún sakni þess að sjá nægilegt fjármagn og hvatakerfi fyrir þau fyrirtæki sem eru að losa mikið, til að þeim finnist það ekki þess virði og að það sé ekki eftir neinu að bíða.

„Því að þegar öllu er á botninn hvolft þá snýst þetta um peninga, því miður, og á meðan það er enn ódýrara að losa og gera lítið en að bregðast við af alvöru, þá eru of margir sem velja að bíða."

Snýst ekki um einstaklinga

Umræðan er oft fókuseruð á úrgang og rafbíla og Edda segir að þó svo að það beri allir ábyrgð á sér, þá finnist henni fingrinum of oft bent á einstaklinga og höfðinu enn stungið í sandinn hvað varðar stærstu losendur í heiminum.

„Einstaklingar eru ekki vandamálið. Stærsta vandamálið er stórlosendur. Orkuframleiðslukerfin og hvernig iðnaður var þróaður á sínum tíma. Við erum að losa allt of mikið í stóriðju.

Við erum búin að setja okkur markmið fyrir 2030, 2040 og 2050 og þurfum að setja fókus á stóru bitana og stöðva losun þar, en á sama tíma þá skiptir máli að við séum meðvituð sem einstaklingar og neytendur í þessu máli. Þannig getum við haft meiri áhrif, en það er þá með því að krefjast þess að það fái enginn fríspil." ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MEKÓ
MENNING Í KÓPAVOGI
MEKO.IS

LAUGARDAGUR 9. apríl 2022

Hugmyndin er í anda Krakkaveldis.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Barnabar um helgina

sandragudrun@frettabladid.is

Barnabarinn tekur yfir Norræna húsið helgina 9. og 10. apríl á Unga Barnamenningarhátíð. Barnabarinn er upplifunarverk þar sem börn ráða öllu og stökkva í öll störf, blanda óáfenga kokteila og leggja fullorðnum lífsreglurnar á trúnó. Fullorðnir geta til dæmis fengið klippingu frá barni með skæri, látið blanda fyrir sig hugmyndaríkan drykk og fengið frá barninu ráð um hvernig fullorðið fólk ætti að haga lífi sínu, svo eitthvað sé nefnt.

Verkið er þátttökuverk þar sem fullorðnir mæta og gefa sig á vald yngri kynslóðarinnar í ögrandi en öruggu umhverfi Barnabarsins.

Draumar sem rætast

Hugmyndirnar að þessum þátttöku-gjörningum eru þróaðar í algjörri samvinnu við börnin í anda Krakkaveldis og hafa að markmiði að láta drauma þeirra rætast. Hvað hefur þau alltaf langað að prófa? Hvað vilja þau gera við foreldra sína, hvernig vilja þau „breyta“ þeim?

Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt fyrir fullorðna að taka frá miða á tix.is. Viðburðurinn fer fram klukkan 17.00 í dag og klukkan 15.00 á morgun og stendur yfir í um klukkustund í hvort skipti. Barnabarinn er framhald lýðræðislega sviðslistaverkefnisins Krakkaveldis, þar sem krakkar héldu pólitíska fundi, gerðu gjörninga og skrifuðu ráðamönnum bréf í viðleitni til að breyta heiminum til hins betra. ■

Anton segir að níu af hverjum tíu sem tóku þátt í prófunum á vörunni hafi tekið eftir breytingu á hárinu eftir Nourkrin meðferðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Endurheimtir eðlilegan hárvöxt

„Nourkrin Woman er vinsælasta bætiefnið fyrir hár í Bretlandi og inniheldur hið byltingarkennda innihaldsefni Marilex sem er unnið úr sjávarríkinu,“ segir Anton Gylfi Pálsson, sölustjóri sérvöru hjá ÓJK-ÍSAM sem hefur selt Nourkrin hárbætiefnið hér á landi í fjögur ár. 2

Nourkrin® er selt í nær öllum apótekum í landinu og í Heilsuhúsinu. „Þetta er efni sem virkar við þessu algenga vandamáli sem hárlos er og herjar á konur á öllum aldri. Við fáum sífellt meira af frábærum reynslusögum frá ánægðum notendum. Það sem Nourkrin hefur fram yfir önnur hárbætiefni er að það byggir á yfir 100 vísindalegum rannsóknum sem hafa verið birtar í ritrýndum vísindatímaritum," útskýrir Anton. „Með vísindarannsóknum er hægt að sanna virkni Nourkrin, en varan hefur verið á markaði síðan 1986 og verið valin hárbætiefni ársins í mörgum löndum, en Nourkrin hefur auk þess unnið til fjölda annarra verðlauna sem finna má upplýsingar um á vefsíðu Nourkin, nourkrin.com/awards."

Anton Gylfi Pálsson er sölustjóri sérvöru hjá ÓJK-ÍSAM og hefur selt Nourkrin hárbætiefnið hér á landi í fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hárvaxtarhringurinn

„Eðlileg hringrás hárvaxtar líkamans kallast hárvaxtarhringur. Í eðlilegum hárvaxtarhring eru 85-90% háranna á vaxtarstigi á meðan 10-15% þeirra eru á hvíldarstigi eftir að hafa náð fullum vexti," segir Anton. „Hárlos á sér stað hjá konum þegar hinn hefðbundni hárvaxtarhringur brenglast og hærra hlutfall hársekkja er á hvíldastigi vegna þess að hársekkirnir fá ekki réttu næringarefnin. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því, en algengar ástæður eru meðal annars:

- Stress
- Veikindi
- Sykursýki
- Vanvirkur skjaldkirtill
- Hjáveituaðgerð
- Lyfjaneysla
- Reykingar
- Meðganga fæðing,brjóstagjöf
- Slæm hármeðhöndlun og fleira

Nourkrin® Woman inniheldur réttu næringarefnin fyrir hársekkina og þannig verður hárvaxtarhringurinn eðlilegur á ný."

Algengt vandamál

Það er talið að um 60% kvenna upplifi hárlos á einhverjum tímapunkti. „Það er oft erfitt ástand fyrir konur og mikið feimnismál. En Nourkrin® Woman er öruggt og lyfjalaust bætiefni fyrir konur, sem nærir hárið og viðheldur eðlilegum hárvaxtarhring," segir Anton. „Níu af hverjum tíu sem tóku þátt í prófunum á vörunni tóku eftir breytingu á hárinu eftir meðferðina, sem felst í að taka tvær töflur á dag í 6 mánuði."

Hárlos hjá karlmönnum

„Hárlos og skallamyndun er vandamál sem margir karlmenn þekkja, en Nourkrin® Man er öruggt og lyfjalaust bætiefni fyrir karlmenn sem veldur engum aukaverkunum," segir Anton „Skallamyndun hjá karlmönnum er af öðrum toga en hjá konum, þar sem hársekkirnir deyja. En með reglulegri og fyrirbyggjandi notkun á Nourkrin Man, það er frá fyrstu ummerkjum hárþynningar, getur varan seinkað eða alveg komið í veg fyrir skallamyndun. Ég ítreka að það þarf að byrja um leið og það fer að votta fyrir þynningu eða skallamyndun. Rétt eins og konur eiga karlar að taka tvær töflur á dag í að lágmarki 6 mánuði."

Byltingarkennt bætiefni

„Nourkrin® inniheldur byltingarkennda bætiefnið Marilex®, sem er einkaleyfisvarið og eingöngu að finna í vörum frá Pharma Medico," segir Anton. „Marilex® er unnið úr sjávarríkinu og inniheldur rétt hlutfall af svokölluðum próteóglýkönum, sem næra hársekkina svo þeir geti viðhaldið hinum eðlilega hárvaxtarhring. Marilex® hefur verið prófað um allan heim og er samþykkt af heilsuyfirvöldum í öllum heimsálfum, svo það er algjörlega öruggt, má notast af öllum aldurshópum og líka ófrískum konum og konum með börn á brjósti, en ekki þeim sem eru með ofnæmi fyrir fiski eða skelfiski," segir hann. „Nourkrin® Woman hefur einnig reynst vel fyrir konur sem eru að koma úr krabbameinsmeðferð og hafa misst hárið. Með Nourkrin® vex nýja hárið hraðar og verður sterkara.

Hefðbundin meðferð er tvær töflur daglega í sex mánuði og ástæðan fyrir lengd meðferðarinnar er sú að það tekur hárvaxtarhringinn sex mánuði að ná jafnvægi," segir Anton. „Hársekkirnir geta verið á misjöfnum stað í hringnum þegar meðferð hefst og því tekur þetta þennan tíma."

Klara varð niðurbrotin þegar hún áttaði sig á því að hún væri mögulega að missa hárið og það fór ekki vel með sjálfstraustið. MYNDIR/AÐSENDAR





Níu mánuðum síðar sagði Júlía að með hjálp Nourkrin væri hárið jafnvel betra en það var áður en skjaldkirtilsvandamálið kom upp.

Mikill árangur í prófunum

ÓJK-ÍSAM hefur verið með prófanahópa á Nourkrin Woman þar sem konur með margvísleg hárvandamál hafa prófað vöruna. „Árangurinn var alveg frábær og þær fundu allar mun, mismikinn auðvitað, enda var mjög misjafnt hvað var að orsaka hárlosið," segir Anton. „Ástæður hárloss þeirra sem tóku þátt í prófuninni voru hlutir eins og psoriasis, gigt, alopecia (sjálfsofnæmi, blettaskalli), legslímuflakk, B12-skortur, latur skjaldkirtill og sykursýki, auk streitu og áfalla. Þetta eru allt vandamál sem margar konur glíma við."

Hárlos eftir fæðingu

Klara, 31 árs, tók eftir einkennum hárloss eftir fæðingu fyrsta barns síns. „Um það bil 5 mánuðum eftir fæðingu tók ég eftir því að að ég var farin að sjá há kollvik á höfðinu og ég var með mjög augljósan skallablett á annarri hliðinni. Í hvert skipti sem ég þvoði hárið fann ég og sá mikið hárlos. Þá var mér bent á Nourkrin af vinkonu sem hafði náð góðum árangri með það eftir að hafa sjálf þjáðst af hárlosi.

Ég sá fljótt mikinn mun á hárinu. Í fyrstu fékk ég fíngerð barnahár sem urðu sterkari og meiri þannig að versti skallabletturinn minn er nánast alveg horfinn. Ég get ekki mælt nógu mikið með þessum töflum og hve mikill léttir það var að fá hárið aftur. Ég varð alveg niðurbrotin þegar ég áttaði mig á því að ég væri mögulega að missa hárið og það fer ekki vel með sjálfstraustið. Í mínu tilfelli var greinilegt að hárið eða hársekkirnir væru ekki að fá næga næringu eftir barnsburð og brjóstagjöf, sem þeir svo fengu þegar ég byrjaði að taka inn Nourkrin.

Ég var alltaf með hárið slegið til að geta falið blettinn betur, sem þýddi líka að auðvelt var fyrir son minn að grípa í það svo það losnuðu enn fleiri hár. Þegar maður verður mamma í fyrsta skipti er svo margt að hugsa um og hafa áhyggjur af og að bæta hárinu mínu inn í þá blöndu fannst mér svo ósanngjarnt. Núna eru áhyggjurnar horfnar, ég get haft hárið hvernig sem er án þess að hafa áhyggjur."

Uppgötvaði hárlosið í fjölskylduboði

Júlía, 62 ára, var búin að fá þá greiningu að hún væri með vanvirkan skjaldkirtil og samhliða var hún aðeins farin að taka eftir þynningu á hárinu. „Ég hafði ekki tekið eftir hversu alvarlegt þetta var fyrr en ég sá mynd aftan af mér sem var tekin í fjölskylduboði og brá mikið, því þetta var ekki bara þunnt hár heldur líka eins konar skallamyndun. Þetta er viðkvæmt mál og það var eins og enginn hefði þorað að benda mér á þetta." Júlía fór í apótek og leitaði eftir aðstoð þar sem henni var bent á Nourkrin sem væri hárbætiefni sem virkar. Hún fór að taka það inn og árangurinn lét ekki á sér standa. „Níu mánuðum síðar var hárið jafnvel betra en það var áður en skjaldkirtilsvandamálið kom upp," segir Júlía.

Nourkrin fæst í öllum helstu apótekum. Nánari upplýsingar á isam.is/nourkrin.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Jakki
11.990 kr

Frábært úrval af kjólum
fyrir ferminguna og páskana

Stærðir frá 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18
og laugardaga frá kl.11-16
Opið á skírdag frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING EF PANTAÐ ER YFIR 10.000 KR

Kjóll
7.990 kr

Kjóll
7.990 kr

Kaffe Curve kjóll
12.990 kr

Kjóll
6.990 kr

Túnika
6.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Dýrðlegur páskabröns fyrir alla fjölskylduna

Una Dögg Guðmundsdóttir sælkeri og matarbloggari elskar að baka kökur og setja saman kræsingar fyrir hvers kyns tilefni. Hún hefur líka gaman af því að skapa matarhefðir í tengslum við árstíðir.

sjofn@frettabladid.is

Á páskunum býður hún fjölskyldunni í bröns með öllu tilheyrandi. „Páskabröns er notaleg hefð sem ég hef skapað fyrir fjölskylduna mína. Eftir að fjölskyldan fór að stækka fer fólk gjarnan að fara á mismunandi staði í páskakvöldmat og því finnst mér upplagt að kalla saman fjölskylduna í góðan hádegisverð og eiga notalega stund saman," segir Una og býður hér lesendum upp á uppskriftir að dýrðlegum páskabröns fyrir alla fjölskylduna.

Kjúklingabaka, hægt að nota afganga frá deginum áður. MYNDIR/AÐSENDAR

Kjúklingabaka

- 4 egg
- 2 msk. rjómi
- Salt og pipar eftir smekk
- 1 tsk. paprikukrydd
- 200 g kjúklingur, eldaður og rifinn niður (ég var með heilan kjúkling í matinn kvöldið áður og notaði afganginn af honum)
- ½ camembert ostur
- 100 g spínat
- ½ rauð paprika
- 150 g sveppir
- 10 kirsuberjatómatar
- 1 hvítlauksrif
- Smá smjör til steikingar

Byrjið á að skera niður spínat, sveppi, tómata, papriku og raspa niður hvítlauksrif.

Steikið grænmetið á pönnu upp úr smá smjöri og saltið og piprið að vild.

Setjið kjúklinginn saman við blönduna og hellið öllu í eldfast form klætt bökunarpappír.

Hrærið saman eggin í skál með smá rjóma og hellið yfir kjúklinginn og grænmetið í forminu. Skerið camembert ostinn niður og leggið ofan á blönduna, stráið paprikukryddi yfir og bakið í ofni við 180°C hita í um það bil 30 mínútur. Takið bökuna úr ofninum og leyfið henni aðeins að jafna sig áður en bökunarpappírnum er lyft upp úr forminu, eða berið hana fram á bökunarpappírnum.

Avókadó Toast

- 4 avókadó
- Gróft salt eftir smekk
- 4-6 egg (hrærð í eggjaköku)
- 3-4 tómatar
- Brauð að eigin vali, í sneiðum

Byrjið á að setja eggin í skál kryddið með salti og pipar eftir smekk og pískið vel saman. Steikið eggjablönduna á pönnu og búið til eggjahræru. Skerið niður tómata og avókadó í sneiðar. Ristið brauðsneiðar og leggið eggjahræru á hverja brauðsneið, næst avókadósneiðar og tómatsneiðar. Toppið með smá grófu salti. Einnig er hugulegt að skreyta með fíngerðum sneiðum af radísum.

Ameríska pönnukökur

- 1 bolli hveiti
- 1½ tsk. lyftiduft
- ¼ tsk. salt
- 1 bolli mjólk
- 1 egg
- 1 msk. brætt smjör
- 1 tsk. vanilludropar

Ofan á pönnukökurnar er gott að nota banana, alls konar góð ber, flórsykur, smjör, súkkulaðismjör og síróp, svo eitthvað sé nefnt. Byrjið á því að setja saman hveiti, lyftiduft og salt í skál og hrærið. Bræðið smjörið og leyfið því aðeins að kólna áður en þið bætið því saman við hveitiblönduna ásamt mjólkinni og eggjunum, hrærið vel saman. Veljið ausu sem ykkur finnst passa vel fyrir skammtinn fyrir eina pönnuköku og steikið á pönnu við miðlungshita, gott að setja smá smjör á pönnuna svo að deigið festist ekki við. Bakist þar til báðar hliðar eru gullinbrúnar.

Morgunverðar-burrító

- 1 pk. tortilla-pönnukökur
- 1 dós salsasósa
- ½ dós baunir að eigin vali
- Spínat eftir smekk
- 6-8 egg
- Rjómaostur
- Rifinn cheddar ostur

Byrjið á að því að píska saman eggin í skál og útbúið eggjahræru á pönnu. Gott að setja smá ólífuolíu á pönnuna og krydda með salti og pipar eftir smekk. Sigtið vatnið frá baununum og skolið þær aðeins með köldu vatni, bætið þeim á pönnuna með eggjahrærunni og hitið svolítið. Smyrjið tortilluna með rjómaosti og salsasósu og stráið cheddarosti í miðjuna. Setjið spínat í miðjuna eftir smekk, næst er eggjahrærunni og baununum raðað á tortilluna. Rúllið tortillunni upp, gott er að brjóta hana eins og umslag til þess að innihaldið leki ekki úr. Eða stilla henni fallega upp með lítilli klemmu á. Klemmur er hægt að fá í verslunninni Søstrene Grene.

Djöflaterta með páskalegu ívafi

- 150 g smjörlíki
- 1 bolli sykur
- 4 egg
- 2 bollar hveiti
- 1 tsk. lyftiduft
- ½ tsk. salt
- 1 tsk. matarsódi
- 2 tsk. vanilludropar
- 1 bolli mjólk
- 3 msk. bökunarkakó

Smjörkrem

- 250 g smjörlíki við stofuhita
- 300 g flórsykur
- 2 tsk. vanilludropar
- Maltesers-kanínur til skreytingar eða fersk blóm, en passið að pakka stönglunum inn í blómateip eða plastfilmu, til þess að safinn úr blómunum berist ekki í kökuna.

Byrjið á að hita ofninn í 180°C. Blandið saman öllum þurrefnum í skál og hrærið aðeins saman. Bræðið smjörlíki og leyfið aðeins að kólna. Setjið næst egg, mjólk, vanilludropa og smjörlíki saman við og hrærið vel. Upplagt er að nota tvö hringlaga form fyrir deigið. Smyrjið formin vel að innan og hellið síðan deiginu í formin. Bakið í um það bil 30 mínútur, gott ráð að stinga prjóni í miðjuna til að kanna hvort kakan er tilbúin eða ekki, þegar prjónninn kemur þurr úr kökunni er hún tilbúin. Leyfið botnunum að kólna vel áður en kremið er sett á milli og yfir kökuna.

Smjörkremið er einfalt að gera. Byrjið á því að hræra saman smjörlíki, flórsykri og vanilludropum á góðum hraða í hrærivélinni, því lengur sem kremið er hrært því hvítara verður það. Þegar kremið er orðið þeytt, með fallegri áferð, smyrjið þá kreminu á kökuna og skreytið með páska kanínum úr súkkulaði, lifandi blómum eða því sem ykkur finnst eiga vel við.

Páskagott - döðlugott með páskaívafi

- 500 g döðlur, smátt saxaðar
- 250 g smjör
- 5-6 bollar Rice Crispies
- 400 g hvítt súkkulaði
- 100 g popp
- 80 g Cadbury Mini egg

Byrjið á því að bræða saman döðlur og smjör í potti þangar til döðlurnar eru orðnar mjúkar. Blandið Rice Crispies og poppi saman við og setjið í form í frysti í 10 mínútur.

Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Hellið yfir Rice Crispies blönduna og setjið Cadbury-eggin yfir og frystið í um það bil 30 mínútur. Skerið í bita og njótið. ■

Ameríska pönnukökur með berjum eru í uppáhaldi hjá flestum.

Lárperur á ristuðu brauði sem Una Dögg gerir á einfaldan hátt.

Morgunverðar-burrító með osti og spínatí, borið fram í tortilla.

Una Dögg hefur skapað sína eigin hefð fyrir fjölskylduna og býður upp á páskabröns á páskadag.

Djöflaterta með páskaskrauti.

Döðlugott, flestum finnst nauðsynlegt að hafa eitthvað sætt með.

FRÉTTABLAÐIÐ

Konur í upplýsingatækni

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 9. apríl 2022



Linda B. Stefánsdóttir, formaður Vertonet, og Ásdís Eir Símonardóttir, VP of People & Culture hjá Lucinity, eru virkilega ánægðar með hið nýja samstarf. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Lucinity og Vertonet í samstarf

Lucinity gerði nýverið bakhjarlssamning við Vertonet, samtök kvenna í upplýsingatækni. Samstarfinu var fagnað í húsakynnum Lucinity þar sem boðið var upp á frábær erindi kvenna og léttar veitingar. **2**

Lucinity er þriggja ára nýsköpunarfyrirtæki í örum vexti sem hefur hannað hugbúnað fyrir banka og fjártæknifyrirtæki til að hjálpa þeim í baráttu sinni gegn peningaþvætti. Öflug gervigreind og afburðagott notendaviðmót eru þannig sameinuð í greiningartóli sem valdeflir starfsfólk fjármálafyrirtækja um allan heim og gerir því kleift að takast á við peningaþvætti með skilvirkari hætti en áður hefur verið mögulegt. Um afar mikilvægan málaflokk er að ræða, en peningaþvætti er aðalforsenda þess að skipulögð afbrotastarfsemi þrífist innan samfélags og yfir landamæri, svo sem mansal, vændi, eiturlyfjasala og ólögleg vopnasala.

Mikil eftirspurn eftir starfsfólki

„Við finnum að það er mikil eftirspurn eftir starfsfólki í upplýsingatækni og íslenskt atvinnulíf þarf sárlega á því að halda að fjölga fólki í geiranum. Helmingur vinnuafls á Íslandi er konur en hlutfall þeirra í upplýsingatækni er allt of lágt. Með því að stuðla að auknum sýnileika kvenna í upplýsingatækni vonum við að fleiri sýni þessum spennandi vettvangi áhuga. Verkefnin fram undan eru bæði mikilvæg, krefjandi og skemmtileg," segir Ásdís Eir Símonardóttir, VP of People & Culture hjá Lucinity.

> **Helmingur vinnuafls á Íslandi er konur en hlutfall þeirra í upplýsingatækni er allt of lágt.**
>
> Ásdís Eir Símonardóttir

Samtök kvenna

Vertonet eru samtök kvenna sem starfa, eða hafa áhuga á að starfa, í upplýsingatækni á Íslandi. Samtökin voru stofnuð á vordögum 2018 og eiga sér norska fyrirmynd en hugmyndin tekur mið af Oda-Nettverk sem eru norsk kvennasamtök fyrir konur í upplýsingatækni. Hugmyndafræðin á bak við Vertonet er að konur og fyrirtæki innan upplýsingatæknirnar vinni saman í því að efla þátttöku kvenna í geiranum og skapa þannig aukinn fjölbreytileika. „Í byrjun vorum við ekki nema nokkrir tugir kvenna í félaginu en það hefur heldur betur breyst því í dag erum við hátt í 700 konur og sífellt bætist í hópinn," segir Linda B. Stefánsdóttir, formaður Vertonet.

Starfið snýst um að halda reglubundna viðburði með áhugaverðum erindum frá konum sem starfa innan upplýsingatækni. Markmiðið með þessum viðburðum er að auka sýnileika allra þeirra flottu kvenna sem starfa í geiranum, samhliða því að styrkja tengsl milli kvenna. „Við endum alla okkar viðburði á „teygjum á tengslanetinu"-leiknum þar sem hver kona þarf að kynna sig og spjalla við að að minnsta kosti þrjár konur sem hún hefur ekki áður hitt," segir Linda.

Hvatningardagur Vertonet

„Hátindurinn í viðburðahaldi félagsins er Hvatningardagur Vertonet. Dagskráin byrjar á hádegi og endar með kokteil seinnipartinn. Á þessum degi koma konur saman, hlusta á fræðandi og skemmtileg erindi

Vertonet eru samtök kvenna sem starfa eða hafa áhuga á að starfa í upplýsingatækni á Íslandi og Lucinity er þriggja ára nýsköpunarfyrirtæki í örum vexti. Ásdís og Linda segja að mikil eftirspurn sé eftir fólki í upplýsingatæknigeirann.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Setið og spjallað í glæsilegum húsakynnum Lucinity í Borgartúni.

> **Við teljum mikilvægt að fylgjast með hvernig fyrirtækjum í upplýsingatækni miðar í því að efla þátttöku kvenna í geiranum og höfum í þeim tilgangi framkvæmt tvær kannanir í samstarfi við Intellecta um stöðu kvenna í upplýsingatækni.**
>
> Linda B. Stefánsdóttir

kvenna sem eru að gera áhugaverða hluti eða hafa skarað fram úr á einhvern hátt. Við þetta tækifæri veitum við jafnframt Hvatningarverðlaun Vertonet og heiðrum þannig konur sem hafa lagt sitt af mörkum í að gera upplýsingatæknigeirann eftirsóknarverðan fyrir konur og hvetjum þannig aðrar konur til að gera sig sýnilegri," bætir Linda við.

Hátt menntunarstig

„Við teljum mikilvægt að fylgjast með hvernig fyrirtækjum í upplýsingatækni miðar í því að efla þátttöku kvenna í geiranum og höfum í þeim tilgangi framkvæmt tvær kannanir í samstarfi við Intellecta um stöðu kvenna í upplýsingatækni. Í síðari könnuninni, sem framkvæmd var í fyrra, kemur fram að 58,8% fyrirtækja í upplýsingatækni sögðust vinna markvisst í því að styrkja stöðu kvenna innan geirans.
Einnig töldu flestir þátttakenda að vinnustaður þeirra væri mjög eða frekar karllægur, en það er örugglega stór þáttur í því hversu hægt gengur að fá fleiri konur í geirann og því eitthvað sem fyrirtæki þurfa að skoða sérstaklega. Það lítur því miður út fyrir að hlutfall kvenna í geiranum hafi ekki breyst mikið á milli ára en það mældist 24,9% í þessari könnun sem er svipað hlutfall og í könnun sem gerð var árið 2019.

Könnunin sýndi einnig að það er hátt menntunarstig í geiranum en 84,4% þátttakenda eru með háskólamenntun og þar af eru 36,5% með framhaldsmenntun á háskólastigi. Eitt af því sem könnunin sýnir enn fremur er hvaða þætti konur telja eftirsóknarverða við góða vinnustaði og þar kemur fram að spennandi verkefni eru það sem flestar konur líta til, ásamt jafnvægis milli vinnu og einkalífs og sveigjanleika í vinnu.

Þetta eru áhugaverðar niðurstöður sem koma þarna fram sem geta gert fyrirtækjum sem rýna könnunina kleift að vera með enn markvissari aðgerðir í þá átt að efla þátttöku kvenna í geiranum.

Við stefnum að því að framkvæma viðlíka könnun annað hvert ár og allir okkar bakhjarlar hafa aðgang að niðurstöðunum," segir Linda.

„Við hjá Lucinity erum afar hrifin af gagnadrifinni ákvarðanatöku, og fannst því mikilvægt að gerast bakhjarl Vertonet til að hafa aðgang að könnuninni og geta þannig nýtt niðurstöður hennar til frekari aðgerða," segir Ásdís Eir.

„Við erum ákaflega stolt að fá Lucinity sem bakhjarl Vertonet en samstarf sem þetta gerir okkur kleift að efla starf okkar enn frekar," segir Linda. ■

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656. | Veffang: frettabladid.is

Margt hefur breyst á þeim 27 árum sem Sigríður Helga Hermannsdóttir hefur starfað hjá Wise. Konum hefur fjölgað í faginu en fjölbreytni í kynjahlutfalli, aldri og bakgrunni skiptir miklu máli að hennar mati.

„Mér fannst tölvunarfræðin strax vera skemmtilegt nám. Það var spennandi að uppgötva tæknina á þessum tíma og endalausar nýjungar í faginu,“ segir Sigríður Helga Hermannsdóttir, forstöðumaður BC þróunarsviðs hjá Wise.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tilviljun réði því að tölvunarfræðin varð fyrir valinu

Það voru fáar konur starfandi í upplýsingatækni hér á landi þegar Sigríður Helga Hermannsdóttir, forstöðumaður BC þróunarsviðs hjá Wise, hóf nám í tölvunarfræði við Háskóla Íslands haustið 1985. Vorið áður hafði hún útskrifast frá nýmáladeild Menntaskólans í Reykjavík, eða flugfreyjudeildinni eins og hún var oft kölluð, og stefndi á nám í íslensku eða lögfræði næsta vetur. „Þá heyrði ég fyrir algjöra tilviljun viðtal við mann í útvarpinu sem sagði að tölvunarfræðin væri framtíðin og þar væri störf framtíðarinnar að finna. Mér fannst þetta mjög spennandi. Mér hafði alltaf gengið vel í stærðfræði í skóla þannig að ég hugsaði með mér að þetta gæti bara vel gengið. Lögfræðin byrjaði seinna þetta haustið og því gat ég alltaf skipt um stefnu. En eftir að ég byrjaði í tölvunarfræðinni var ekki aftur snúið.“

Sá mörg spennandi tækifæri

Námið reyndist mjög skemmtilegt og þar kynntist Sigríður mörgu áhugaverðu fólki. „Á þessum tíma var mikill uppgangur í faginu og stór hópur byrjaði í tölvunarfræði á sama tíma og ég, þar af margar frábærar konur sem ég hef fylgst með gera frábæra hluti í greininni á undanförnum áratugum. Mér fannst tölvunarfræðin strax vera skemmtilegt nám. Það var spennandi að uppgötva tæknina á þessum tíma og endalausar nýjungar í faginu. Ég sá strax fyrir mér mörg spennandi tækifæri til framtíðar enda er tölvunarfræðin ótrúlega spennandi vettvangur til að starfa á.“

Fjölbreytt verkefni í upphafi

Eftir útskrift frá Háskóla Íslands hélt Sigríður til Montreal í Kanada þar sem hún hóf meistaranám í tölvunarfræði við McGill University. „Eftir útskrift starfaði ég þar í skamman tíma áður en ég hélt aftur heim til Íslands og hóf störf hjá Wise árið 1995.“

Sigríður hóf fyrst störf sem forritari, sérhæfður í viðskiptahugbúnaði, hjá Wise. „Á þessum tíma var mikill uppgangur í greininni hér á landi. Mörg fyrirtæki voru með lítinn viðskiptahugbúnað innanhúss og margt spennandi að gerast. Ég var að mestu leyti að forrita en þar sem margir viðskiptavina okkar voru lítil fyrirtæki fylgdi óhjákvæmilega starfinu líka ráðgjöf og uppsetning hugbúnaðar. Ég var mikið úti hjá fyrirtækjum og kynntist vel starfsfólkinu og vinnuferlum innan ólíkra fyrirtækja. En í grunninn var ég þó alltaf tæknimanneskja að sinna forritun.“

Var vel tekið

Þegar Sigríður hóf störf hjá Wise voru fáir kvenkyns forritarar starfandi hér á landi og raunar fáar konur starfandi í upplýsingatækni. „Ég var mjög oft eina konan í hópnum. Mér var þó alltaf vel tekið og fann nær alltaf fyrir jákvæðu viðmóti frá öðrum, bæði samstarfsfólki og viðskiptavinum. Þó man ég eftir einu skipti þegar það átti að senda mig til útlanda, en þá var óskað eftir einhverjum sem gengi ekki í pilsi. Ég fór nú samt og verkefnið gekk vel.“

Frá upphafi hefur stefnan hjá Wise verið að fjölga konum og segist Sigríður hafa séð miklar breytingar á undanförnum árum. „Bara á síðustu 5-6 árum hef ég séð breytingar á kynjahlutfalli umsækjenda um störf hjá okkur. Nú sjáum við miklu fleiri umsækjendur en áður sem eru konur. Ég sé líka breytingar hjá tölvunarfræðinemendum sem koma í vísindaferðir til okkar. Á árunum í kringum hrun sá ég varla konu en nú er staðan allt önnur. Þar spila líka inn í ýmis átök sem hafa þau markmið að auka hlut kvenna í tölvunarfræði, og viðburðir á borð við UT-messuna.“

Fjölbreytnin skiptir máli

Það hefur alltaf verið markmið stjórnenda hjá Wise að jafna kynjahlutföll en líka að huga almennt að fjölbreytni meðal starfsmanna þegar kemur að aldri og bakgrunni, að sögn Sigríðar. „Við trúum því að slík fjölbreytni skili sér í betri árangri hjá okkur og betri hugmyndum. Hjá Wise starfar fólk á ólíkum aldri, reynsluboltar og nýútskrifaðir, með fjölbreytta menntun á borð við tölvunarfræði, ensku, viðskiptafræði og verkfræði. Mismunandi viðhorf og reynsla skilar sér nefnilega þegar kemur að því að finna góðar lausnir í ólíkum verkefnum og þjónustu við viðskiptavini í ólíkum atvinnugreinum.

> **Bara á síðustu fimm til sex árum hef ég séð breytingar á kynjahlutfalli umsækjenda um störf hjá okkur. Nú sjáum við miklu fleiri umsækjendur en áður sem eru konur.**
>
> Sigríður Helga Hermannsdóttir

Ýmislegt breyst á starfsferlinum

Þótt margt hafi breyst í upplýsingatækni frá því Sigríður hóf störf hér á landi segir hún starf sitt í grunninn lítið hafa breyst, það snúist fyrst um fremst um að þróa og selja viðskiptahugbúnað til fyrirtækja og stofnana. „Þótt að grunnþarfir viðskiptavina okkar hafi kannski ekki mikið breyst á þessum tíma, þá erum við ávallt að fást við nýjar þarfir og nýjar áskoranir, núna til dæmis er mikill fókus á stafræna vegferð og sjálfvirknivæðingu ferla. Og svo hefur tæknin auðvitað tekið gríðarlegum framförum og nánast verið í veldisvexti sl. ár. Áður fyrr voru nær allir viðskiptavinir okkar með viðskiptakerfin í húsi eða hjá þjónustuaðila. Í dag eru flestir í skýinu. Margir viðskiptavinir okkar kunnu lítið sem ekkert á tölvur í upphafi starfsferils míns en í dag eru miklar kröfur á okkur og miklu meiri þekking innan fyrirtækja þegar kemur að upplýsingatækni almennt.“

Vonast eftir góðu sumri

Þrátt fyrir annasamt starf gefur Sigríður sér líka tíma til að njóta lífsins utan vinnunnar. „Ég hef lengi haft mikinn áhuga á útivist og geng mikið um landið. Okkur hjónunum finnst einnig mjög gaman að ferðast og elskum að ferðast saman, en hann starfar einnig í upplýsingatækni. Eftir tvö mögur ferðaár sökum heimsfaraldurs stefnum við á gott ferðasumar og ætlum m.a. að heimsækja Kanada, en maðurinn minn kemur einmitt þaðan.“ ■

Nóg pláss fyrir stelpur í bransanum

Guðrún Valdís Jónsdóttir starfar sem öryggisráðgjafi hjá Syndis. Hún komst fyrst í kynni við upplýsinga-öryggismál þegar hún var í námi í Bandaríkjunum. Hún segir fjölbreytt störf í boði í upplýsingaöryggisgeiranum sem henta öllum kynjum.

Guðrún Valdís fékk áhuga á netöryggi þegar hún var í námi í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Syndis sérhæfir sig í netöryggi, en innan fyrirtækisins starfa nokkur teymi á ólíkum sviðum. Guðrún Valdís vinnur nú í teymi sem sér um stjórnunarlegt öryggi.

„Það þýðir að við vinnum náið með stjórnendum fyrirtækja, stjórnum og öryggisstjórum. Í stuttu máli þá veitum við alls kyns ráðgjöf tengda öryggisstjórnun og hlítingum, æfingum og gerð ferla, uppbyggingu jákvæðrar öryggismenningar innan fyrirtækja og ýmsu slíku," útskýrir Guðrún Valdís.

Guðrún Valdís lærði tölvunarfræði í Princeton háskóla í Bandaríkjunum og tók þar valáfanga í upplýsingaöryggi.

„Það voru mín fyrstu kynni af netöryggi og ég fékk fljótt mikinn áhuga á því. Í framhaldinu vann ég mjög stórt rannsóknarverkefni í skólanum tengt upplýsingaöryggi, en það spannaði tveggja ára tímabil," segir hún.

Eftir útskrift fékk Guðrún Valdís strax vinnu hjá Aon á Manhattan í New York.

„Ég fór þá í mjög skemmtilegt 40 vikna þjálfunarprógramm, allt tengt upplýsingaöryggi. Þar fékk ég að kynnast nokkrum mismunandi hliðum upplýsinga-öryggis, til dæmis stjórnunarlegu öryggi, öryggisprófunum og að bregðast við öryggisatvikum. Eftir það fékk ég fullt starf við öryggisprófanir. Ég vann við að hakka ýmis kerfi hjá viðskiptavinum, heimasíður, snjallsímaforrit, netkerfi, og fleira," segir Guðrún Valdís og bætir við að starfið hafi verið gríðarlega lærdómsríkt og skemmtilegt.

„Það var í raun ekki fyrr en ég fór út á vinnumarkaðinn að ég virkilega fékk þessa praktísku kunnáttu sem maður er alltaf að nýta sér í starfi við öryggismál."

Smæðin er styrkur

Guðrún Valdís ákvað svo að koma heim í stutt frí þegar Covid byrjaði, sem endaði með því að hún flutti heim.

„Áður en ég tók ákvörðun um að flytja heim hafði ég samband við Syndis. Ég fékk vinnu við öryggisprófanir, sem var nákvæmlega það sama og ég var að gera úti. Öryggisprófanir eru mjög tæknilegt starf, sem snýst um að líkja eftir árásum meinfýsinna hakkara til að finna öryggisveikleika í kerfum, oft samhliða því að rýna kóðann. Það er ótrúlega gaman og spennandi að fá að vinna við eitthvað sem er undir öllum öðrum kringumstæðum ólöglegt," segir hún.

Guðrún Valdís segir það hafa verið erfiða ákvörðun að flytja heim, en hún sér alls ekki eftir henni.

„Eitt af því sem mér finnst spennandi við að vinna í öryggismálum á Íslandi er hvað Ísland er lítið land. En ég held að smæðin sé einn okkar helsti styrkur. Lítil fyrirtæki og einstaklingar geta haft mikil áhrif hér, þar sem allar samskiptaleiðir eru stuttar. Við vinnum náið með fólki sem er í þeirri stöðu að hafa mikið ákvörðunarvald, svo mér finnst ég geta haft meiri áhrif hér heldur en í miklu stærra samfélagi eins og í Bandaríkjunum. Það eru ekki mikil tækifæri til að tala beint við toppana úti," útskýrir hún.

Guðrún Valdís hafði unnið við öryggisprófanir frá útskrift frá Princeton-háskóla, en ákvað breyta til um áramótin, skipti um deild og fór að vinna við stjórnunarlegt öryggi. Hún segir að störfin séu mjög ólík en það er einmitt það sem henni finnst áhugavert við upplýsingaöryggisgeirann. Það eru svo fjölbreytt störf í boði innan hans.

„Mér finnst frábært að hafa haft möguleikann á að skipta um teymi og fara að fást við eitthvað mjög ólíkt því sem ég gerði áður, en vera samt áfram í öryggisstarfi innan Syndis. Svo nýtist tæknilega þekkingin mín úr öryggisprófunum mér mjög vel í núverandi verkefnum. Starfið sem ég er í núna snýst meira um stjórnun, mannleg samskipti, þjálfun starfsfólks og öryggisvitund, á meðan öryggisprófanirnar eru mun tæknilegri," útskýrir hún.

> **Það er mikill kostur að hafa einhvers konar tæknilega þekkingu, en áhugi, greiningarhæfni og vilji til að læra, eru langmikilvægustu eiginleikarnir þegar kemur að því að vinna við öryggismál.**
>
> Guðrún Valdís Jónsdóttir

Það þarf ekki að vera nörd

Guðrún Valdís segir að það sé algengur misskilningur að það þurfi að vera algjör nörd til að vinna við upplýsingaöryggi.

„Við höfum heyrt það bæði frá umsækjendum og fólki sem þorir ekki að sækja um starf hjá okkur, að það heldur að þetta sé ekki starf fyrir það. Fólk heldur að það sé ekki nógu klárt. Það er vissulega mikið af mjög kláru fólki sem vinnur í þessum geira. En langflestir sem vinna við þetta hafa lært mest eftir að þeir komust út á vinnumarkaðinn, eða með sjálfsnámi. Það eru fáir sem öðlast þessa praktísku reynslu í öryggismálum í skóla," segir hún.

„Starfsreynsla beintengd upplýsingaöryggi er alls ekki skilyrði fyrir að byrja að vinna í þessum geira. Það er mikill kostur að hafa einhvers konar tæknilega þekkingu, en áhugi, greiningarhæfni og vilji til að læra, eru langmikilvægustu eiginleikarnir þegar kemur að því að vinna við öryggismál. Það eru mjög mörg mismunandi störf innan net- og tölvuöryggisgeirans, störf sem krefjast ólíkra hæfileika. Sum krefjast þess að hafa sterkan tæknilegan bakgrunn, önnur krefjast þess að vera góður í mannlegum samskiptum og þar fram eftir götunum."

Guðrún Valdís víkur talinu að skorti á konum innan upplýsinga-öryggisgeirans. En hún tók eftir honum, bæði þegar hún vann í Bandaríkjunum og hér á Íslandi.

„Það vantar stelpur í þennan geira. Við höfum verið um það bil í tíu prósentunum síðan ég byrjaði hér heima. Ég var fyrsta stelpan sem var ráðin til Syndis árið 2020, núna erum við rúmlega 30 manna teymi og við erum þrjár stelpur. Þannig að það er klárlega mikill halli. En þetta starf hæfir okkur alveg fullkomlega. Mig langar að fá fleiri stelpur í bransann og fá þær til að sækja um og koma að vinna með mér," segir hún og hlær, en bætir svo við ögn alvarlegri:

„Þeirra hæfileikar nýtast alveg 100% hér. Það er alveg pláss fyrir stelpur í þessum bransa. Ég vona bara að þær fari að sækja um." ■

Erla Harðardóttir, Íris Sigurðardóttir og Berenice Barrios eru mjög ánægðar hjá Advania. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Leggja áherslu á jöfnuð til að styrkja fyrirtækið

Advania leggur mikla áherslu á að skapa fjölskylduvænar aðstæður og gera starfsfólki sínu kleift að vaxa í starfi. Þar er líka starfsemi sem er ætlað að veita kvenkyns starfsmönnum innblástur og auka fjölbreytni í tæknigeiranum, enda skapar jöfnuður alltaf betri og heilbrigðari fyrirtæki.

„Advania á rætur sínar að rekja til ársins 1939 þegar Einar J. Skúlason stofnaði viðgerðarþjónustu á skrifstofubúnaði. Árið 2012 sameinast svo SKÝRR, HugurAx, Kerfi AB í Svíþjóð og Hands AS í Noregi og Advania verður til. Í dag starfa svo rúmlega 600 sérfræðingar hjá Advania við að einfalda dagleg störf viðskiptavina með snjallri nýtingu á upplýsingatækni," segir Íris Sigurðardóttir, kerfisstjóri hjá Advania.

„Ég myndi segja að einstaklega gott starfsumhverfi þar sem er stutt við starfsfólk og því gefið tækifæri að þróast í starfi sé sérstaða Advania, en fyrirtækið leggur sig líka fram við að veita framúrskarandi þjónustu. Þjónustulundin er ríkjandi í vinnuumhverfinu og maður finnur hana vel, sérstaklega í samskiptum við samstarfsfólk, sem er alltaf til í að aðstoða hvert annað."

Tæknigeirinn er fjölskylduvænn

„Það er mikill vilji innan veggja Advania til að fá fleiri konur til sín og bara inn í þennan geira almennt. Hér starfar fólk sem hefur ástríðu fyrir því sem það gerir, hvort sem það snýr að tækni eða jafnréttismálum. Advania hefur líka markvisst verið að hvetja konur til að koma í tæknigeirann síðustu ár," segir Íris.

„Fyrir einu og hálfu ári síðan fór Advania af stað með átak ásamt Íslandsbanka, NTV og Promennt, þar sem konur voru hvattar til að sækja sér nám í kerfisstjórnun en hlutfall kvenna í kerfisstjórnun hefur verið töluvert lægra en í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði. Það átak varð til þess að ég ákvað sjálf að sækja um og Advania styrkti mig að hluta í því námi. Ég kláraði námið um áramótin og nú starfa ég sem kerfisstjóri innan rekstrarlausna.

Ég verð að viðurkenna að ég var smá stressuð þegar ég ákvað fara í nám með fram vinnu og með fjölskyldu, en ég hugsaði að þetta hlyti að reddast!" segir Íris. „Þetta reyndist vissulega krefjandi ár, en það var innilega þess virði. Advania sýndi mér mikinn stuðning meðan á náminu stóð og ég gat nýtt mér sveigjanlegan vinnutíma. Í raun er vinnuumhverfið í tækniheiminum sniðið fyrir konur, því það er svo fjölskylduvænt. Þú getur auðveldlega unnið heima og möguleikinn á sveigjanlegum vinnutíma er margfalt meiri. Svo eru líka næg tækifæri til að þróast í starfi."

Fékk að blómstra í nýsköpun

Erla Harðardóttir er vörustjóri og vörueigandi og sinnir verkefnastýringu hjá Advania.

„Sem vörustjóri fæ ég að móta sýn, stefnu og vegvísi varanna sem ég er í forsvari fyrir. Þetta er gríðarlega skemmtileg og fjölbreytt vinna og enginn dagur er eins," segir hún. „Ég var svo heppin að fá að taka þátt í risastóru nýsköpunarverkefni síðustu ár í formi stafrænnar viðburðalausnar, sem við köllum Velkomin. Hugmyndin vaknaði þegar halda þurfti hina árlegu Haustráðstefnu Advania í stafrænum heimi vegna samkomutakmarkana, en krafan þá var gagnvirk lausn sem myndi fanga athygli þátttakenda og skapa upplifun sem var sem næst því að vera á staðnum.

Þessi nýsköpun gerði það að verkum að einstaklingarnir sem komu að lausninni urðu hratt sérfræðingar í stafrænum viðburðum og við höfum aðstoðað ótal samtök og fyrirtæki við að koma viðburðahaldinu þeirra á netið, að hluta til eða alveg," segir Erla.

> **Það er mikilvægt að hafa kvenfyrirmyndir í tækni vegna þess að tæknigeirinn hefur alltaf verið litaður af karlmönnum – og þá sérstaklega leiðtogahlutverkin.**
>
> Erla Harðardóttir

„Þetta spilar stórt hlutverk í sjálfbærnistefnum flestra fyrirtækja, en með því að taka skrefið og hafa viðburði að hluta til eða alveg stafræna er hægt að minnka kolefnisspor þeirra umtalsvert.

Ég er lærður tölvunarfræðingur og kom inn í fyrirtækið sem slíkur. Advania er hins vegar kjörinn staður til að þróast í starfi og ég hef fengið að prófa og læra ýmislegt sem ég er mjög þakklát fyrir. Mig langaði alltaf að spreyta mig á verkefnastýringu og þegar ég tók við stafrænu viðburðalausninni Velkomin var eins og það starf hefði verið búið til fyrir mig," segir Erla. „Það er mjög dýrmætt að fá að taka þátt í að móta starf frá grunni og bæta við sig eftir því sem maður treystir sér til."

Dýrmætt að fá leiðsögn frá konum

Advania er með svokallað kvenmentor-prógramm innanhúss og Erla hefur notið aðstoðar leiðtoga í gegnum það.

„Það gengur út á að veita konum innan fyrirtækisins innblástur og auka fjölbreytni í tæknigeiranum. Ein leið til þess er að fjölga kvenfyrirmyndum og efla konur í starfi með því að miðla þekkingu og reynslu þeirra á milli," segir Erla. „Það er ótrúlega dýrmætt að setjast niður með reyndum leiðtoga og fá ráð og geta fengið svör við spurningum og vangaveltum. Ég vonast til að koma út úr prógramminu með aukið sjálfstraust, aukna sjálfsþekkingu og betri markmiðasetningu.

Það er mikilvægt að hafa kvenfyrirmyndir í tækni vegna þess að tæknigeirinn hefur alltaf verið litaður af karlmönnum – og þá sérstaklega leiðtogahlutverkin. Þegar ég byrjaði í tölvunarfræði voru aðeins örfá ár frá því að það var hægt að telja fjölda kvenna í náminu á annarri hendi," útskýrir Erla. „Nú eru sífellt fleiri konur að sækja um nám í tæknigeiranum og það er mikilvægt fyrir þær að hafa fyrirmyndir. Það gefur þeim aukinn eldmóð og kraft til að stefna hærra og konur eiga alveg jafn mikið erindi á toppinn í tæknigeiranum og karlar.

Ég myndi vilja hvetja allar konur sem hafa einhvern áhuga á tækni til að kynna sér málið almennilega. Þetta er gríðarstór heimur með óendanlegum starfsþróunarmöguleikum sem er ótrúlega gaman að vera partur af," segir Erla.

Jöfnuður skapar betri fyrirtæki

„Í Microsoft-heiminum er hver dagur ólíkur. Við leggjum alltaf áherslu á viðskiptavini okkar en líka á að bæta kerfi, ferla og söluaðferðir, ásamt því að fylgjast með hinum stöðugu breytingum í heimi Microsoft," segir Berenice Barrios, deildarstjóri Microsoft lausna. „Þegar ég byrjaði hjá Advania í maí 2020, á hápunkti heimsfaraldursins, vissi ég að ég þyrfti að skapa starfshóp sem gæti sinnt nýsköpun, miðaði að stöðugri þróun og stæði ekki á sama í nýjum og breyttum heimi. Það þýddi að ég þurfti að leita að nýju fólki og það vildi svo til að konur uppfylltu þessar kröfur.

Það er eitthvað sérstakt sem gerist þegar kynjahlutföll verða jöfn í starfshópum og deildum. Það breytti menningunni í fyrirtækinu okkar og fyrir vikið varð fjölbreytileiki kynjanna í deildinni okkar mun meiri. Nú er meiri samvinna og nýjar hugmyndir og sjónarhorn komu fram," segir Berenice.

„Til að vera heilbrigðara fyrirtæki með meiri jöfnuð þurfum við að sýna í verki að við styðjum jafnrétti kynjanna og sýnileika minnihlutahópa og fólks með ólíkan bakgrunn," segir Berenice. „Við þurfum fleiri konur í tækni og leiðtogastöðum og við þurfum fleiri bandamenn til að komast þangað."

Valdefling bandamanna skiptir öllu

„Ég hef lært að það áhrifaríkasta sem hægt er að gera fyrir aðra er að valdefla þá. Hurðin opnast ekki bara fyrir konum. Ég hef enst í meira en fimmtán ár í þessum geira og kem frá landi með karllæga menningu, en komst samt í leiðtogahlutverk í einu stærsta tæknifyrirtæki Íslands vegna þess að ég hafði aðgang að tækifærum sem aðrir höfðu ekki," segir Berenice. „Auðvitað vann ég hörðum höndum til að nýta þau til fullnustu, en það voru tengslin sem ég skapaði og aðrir sköpuðu fyrir mína hönd, sem komu mér á framabrautina.

Við þurfum að vera bandamenn fyrir aðra ef við viljum skapa tæknigeira og land þar sem jöfnuður ríkir. Þá stendur fólk aldrei eitt og ef fólki líður ekki eins og það standi eitt verður auðveldara fyrir það að leggja sitt af mörkum og finna sjálfsöryggi til að segja hluti sem fara gegn straumnum eða bjóða upp á nýtt sjónarhorn," segir Berenice. „Að valdefla einhvern þýðir að stíga fram og vera virkur bandamaður þeirra." ■

Halla Árnadóttir, forstöðumaður mannauðs- og launalausna hjá Origo, og Unnur Sól Ingimarsdóttir, listrænn framendaforritari í stafrænum lausnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áhersla lögð á að fjölga konum í upplýsingatækni

Origo er upplýsingatæknifyrirtæki sem sinnir bæði fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði og býður breitt úrval vöru og þjónustu. Origo þróar eigin hugbúnað auk þess sem fyrirtækið býður vörur frá mörgum af fremstu framleiðendum heims og er endursöluaðili á viðskiptahugbúnaði.

Origo hefur lagt gríðarlega mikla áherslu á þróun á eigin hugbúnaði síðastliðin ár og má þar nefna lausnir fyrir ferðaþjónustuna, heilbrigðisgeirann og mannauðs- og launalausnir. Markmið Origo er að auka fjölbreytileika meðal starfsfólks, fjölga konum í upplýsingatækni og fjölga ráðningum ungra og upprennandi einstaklinga. Konur eru um 30% starfsmanna fyrirtækisins en Origo hefur unnið markvisst að því síðustu árin að auka það hlutfall og þannig fjölga konum í upplýsingatækni.

Halla Árnadóttir starfar sem forstöðumaður mannauðs- og launalausna Origo. „Í mannauðs- og launalausnum þróum við og þjónustum leiðandi mannauðs- og launalausnir, til að einfalda störf þeirra sem starfa á sviði mannauðs- og launamála og auka upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsfólks. Með því aukum við virði tíma þeirra og sjálfstæði. Við erum bæði með SAP mannauðs- og launalausnina og Kjarna, sem er heildstæð mannauðs- og launalausn, hönnuð og þróuð af Origo.

Kjarni samanstendur af mismunandi kerfishlutum sem eru samtvinnaðir í eina heild. Kerfishlutarnir í Kjarna eru mannauður, laun, launaáætlun, ráðningar, fræðsla, frammistöðumat, viðvera, mötuneyti og dagpeningar. Lausninni fylgir líka vefviðmót og app þar sem stjórnendur og starfsfólk geta nálgast helstu mannauðs- og launaupplýsingar. Viðskiptavinir geta valið hvaða kerfishluta þeir vilja nýta, auk þess sem Kjarni býður upp á tengingar við ýmsar aðrar lausnir, svo sem Business Central, Moodup, Power BI og Active Directory auk helstu ráðninga- og viðverukerfanna á íslenska markaðnum. Mikill kostur er að hafa þessar upplýsingar allar í einu og sama kerfinu, eða með tengingum við önnur kerfi, til að koma í veg fyrir tvískráningu upplýsinga.“

Starfið hefur þróast

Halla er viðskiptafræðingur og segir að við útskrift frá Háskólanum í Reykjavík árið 2001 hafi hún séð fyrir sér að vinna að mannauðsmálum. „Fyrsta starfið mitt eftir útskrift var í mannauðsdeild Skeljungs og þar hófum við innleiðingu á SAP mannauðs- og launakerfi frá Nýherja, forvera Origo. Mér fannst það vera mjög skemmtilegt og spennandi ferli. Þegar mér bauðst að færa mig yfir til Nýherja árið 2004 til að vinna við ráðgjöf í SAP mannauðs- og launalausninni, ákvað ég að slá til og sé alls ekki eftir því. Starfið mitt hefur þróast mikið á þessum árum sem ég hef starfað hjá Origo. Árið 2013 var ákveðið að fara út í þróun á nýrri mannauðs- og launalausn fyrir íslenskan markað og í kjölfarið varð Kjarni til. Ég hef verið með vörustjórn í Kjarna frá þeim tíma og tók svo að mér forstöðumannshlutverk í teyminu árið 2018. Þetta er lifandi og spennandi umhverfi með frábærum samstarfsfélögum og eftir öll þessi ár hjá Origo finnst mér ég samt alltaf vera að læra eitthvað nýtt og skemmtilegt.

> **Lögð er áhersla á að jafna kynjahlutfallið þegar ráðið er inn í Origo og í fyrra voru ráðnir um 80 starfsmenn og voru 43% þeirra konur, markmiðið er að komast í 50%.**
>
> Halla Árnadóttir

Viðskiptafræðin hefur nýst mér vel, en eftir á að hyggja hefði nýst mér enn betur að taka tölvunarfræði sem aukagrein, þar sem það stóð til boða á sínum tíma í Háskólanum í Reykjavík. Það hvarflaði aftur á móti ekki að mér á sínum tíma, líklega vegna þess að þá var svo lítið um konur í þessum geira, en ég hefði klárlega farið þá leið ef ég stæði frammi fyrir þessari ákvörðun í dag.“

Halla segir að konur séu um 30% starfsmanna Origo en að hlutfallið í teyminu hennar sé reyndar ólíkt þar sem þar eru konur um 70%. „Það er mjög góður andi í teyminu okkar, sem spannar breiðan aldurshóp og ólíka einstaklinga með mismunandi bakgrunn og reynslu. Allir í teyminu eru metnaðarfullir og leggjast á eitt við að þróa gæðavörur, með áherslu á öryggi og gott notendaviðmót.“

Lögð er áhersla á að jafna kynjahlutfallið þegar ráðið er inn í Origo og í fyrra voru ráðnir um 80 starfsmenn og voru 43% þeirra konur, markmiðið er að komast í 50%. Konur voru hins vegar einungis 33% umsækjenda í fyrra svo það eru færri konur sem sækja um þessi störf.

Öryggi, aðgengismál og gæði

Unnur Sól Ingimarsdóttir vinnur sem listrænn framendaforritari í stafrænum lausnum Origo. „Þar erum við að smíða og þróa veflausnir fyrir alls konar fyrirtæki, allt frá fallegum og einföldum ytri vefjum yfir í flókin innri kerfi. Við tökum þátt í stafrænum umbyltingarverkefnum fyrir fyrirtæki þar sem við komum að greiningu, hönnun, útfærslu og viðhaldi verkefnanna. Við leggjum mikla áherslu á öryggi, aðgengismál og gæði í okkar hugbúnaðargerð og erum öll mjög metnaðarfull þegar kemur að þessu. Ég er mjög þakklát fyrir teymið mitt í Stafrænum lausnum. Í hópnum er mikil hvatning, góður mórall og einstakir hæfileikar. Hópurinn er einnig mjög fjölbreyttur og samanstendur af 19 körlum og 12 konum.“

Unnur Sól segist vera með ástríðu fyrir því að búa til sjarmerandi og notendavænar veflausnir. Hún er með BSc í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík og hefur starfað sem vefforritari hjá Origo frá því hún útskrifaðist 2018. „Ég vann sem teiknari samhliða menntaskóla- og háskólanámi og sú reynsla hefur bæði nýst mér vel við þróun á góðu notendaviðmóti og í samskiptum við viðskiptavini. Ég var í sumarstörfum sem forritari þegar ég var í tölvunarfræðináminu og hef einnig tekið þátt í ýmsum sprotaverkefnum, en þau hafa verið innspýting fyrir forritunar- og skipulagshæfni mína.“

Hvers vegna heillaði upplýsingatæknin upphaflega?

„Ég er mikill tölvuleikjaunnandi og raungreinanörd og upphaflega fannst mér mjög heillandi að geta unnið við að þróa tölvuleiki. Þegar leið á námið og ég fékk að kynnast möguleikum tölvunarfræðinnar þá minnkaði spenningurinn fyrir því að vinna við tölvuleikjagerð en ég varð gagntekin af vinnslu og framsetningu gagna á vefnum. Mig langaði að taka þátt í að gera vefheiminn sem nytsamlegastan fyrir notendur og sá svo ótal mörg tækifæri í því. Svo finnst mér bara svo ótrúlega skemmtilegt að geta blandað saman listrænu og raungreinaeiginleikunum mínum sem framendaforritari.“

Margar kvenkyns fyrirmyndir

Hvað varðar konur í upplýsingatækni segir Unnur Sól að alltaf séu að bætast við nýjar kvenkyns fyrirmyndir í þessum geira. „Ég sé fyrir mér að það hafi mjög jákvæð áhrif á fjölda kvenna sem sækir nám og störf í upplýsingatækni. Ég hef fengið að heyra frá konum að þær hefðu verið efins um að námið væri fyrir þær, þar sem staðalímynd tölvunarfræðingsins er fremur karllæg. Eitt af verkefnum Origo næstu árin er að leggja enn meira af mörkum til að hvetja ungar konur til náms í tæknigreinum, en einnig að sækjast eftir tækifærum í tæknigeiranum.

Ég hef unnið með ótrúlega mörgum flottum konum í upplýsingatækni og mér finnst kvenlegir eiginleikar eiga alveg einstaklega vel við verkefnin. Það er svo frábært að vinna verkefni með fjölbreyttum hópi af einstaklingum og afurðirnar verða þeim mun betri.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

IÐAN fræðslusetur

Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsfólks í iðnaði. Það er gert með því að sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem þörf krefur. Áhersla er lögð á að bregðast skjótt við þörfum iðnaðarins fyrir nýja þekkingu en á undanförnum misserum hafa orðið miklar breytingar í starfsumhverfi iðnaðarins. Þær breytingar hafa kallað eftir aukinni þverfaglegri þjónustu IÐUNNAR og breiðara þjónustuframboði. Nýrri stefnu IÐUNNAR er ætlað að svara þessu ákalli.

Hjá IÐUNNI starfa 25 manna samhent liðsheild. Við bjóðum upp á fyrirmyndar starfsaðstöðu, lærdómsríkt og uppbyggjandi starfsumhverfi þar sem áhersla er meðal annars lögð á jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

www.idan.is

Vilt þú vinna við að skapa eitthvað nýtt?

Deildarstjóri Þróun þekkingar og framleiðsla

Við leitum að kraftmiklum stjórnanda sem mun, ásamt öflugum hópi starfsfólks, móta og leiða vinnu við að stórauka þátt þróunar, nýsköpunar og framleiðslu hjá IÐUNNI. Starfið er nýtt og heyrir undir framkvæmdastjóra.

Um þig:

- Þú hefur brennandi áhuga á þróun, nýsköpun og framleiðslu.
- Ert sókndjörf og drífandi manneskja.
- Þú hefur menntun og stjórnunarreynslu sem nýtist í starfinu.
- Átt auðvelt með að fá fólk til liðs við þig og draga fram það besta.
- Hefur reynslu af þróun og framleiðslu.

Ábyrgðarsvið:

- Ber ábyrgð á árangri deildarinnar.
- Móta framboð náms og þjónustu í takt við breytilegar þarfir iðnaðarins.
- Framleiðsla náms, efni og námsleiða, og annarrar þjónustu.
- Þróun stafrænna fræðslulausna.
- Tryggja að búnaður styðji fjölbreytta miðlun efnis til ólíka hópa.
- Þátttaka í erlendu samstarfi.

Leiðtogi Matvæla- og veitingagreina

Við leitum að framsæknum leiðtoga til að leiða fræðslu og þjónustu IÐUNNAR gagnvart matvæla- og veitingagreinum. Í þeim tilgangi þróar leiðtoginn faglega sérhæfingu IÐUNNAR í viðkomandi greinum og skapar sterk tengsl við fagmenn/faggreinarnar.

Um þig:

- Þú hefur brennandi áhuga á fræðslu matvæla- og veitingagreina.
- Tekur auðveldlega frumkvæði og átt gott með að leiða samstarf á farsælan hátt.
- Hefur reynslu af samstarfi í atvinnulífinu.
- Ert árangursdrifinn einstaklingur og með framúrskarandi samskiptafærni.
- Þú hefur menntun sem nýtist í starfi, á sviði matvæla- og veitingagreina.

Ábyrgðarsvið:

- Skipulagning á fræðslustarfi fyrir matvæla- og veitingagreina.
- Þróa leiðir til fyrirtækjafræðslu fyrir matvæla- og veitingagreinar.
- Samstarf við lykilfólk í greinunum og uppbygging tengslanets.
- Fyrirtækjaheimsóknir og eftirfylgni verkefna.
- Þátttaka í umsögnum um fagtengd mál.
- Undirbúningur og eftirfylgni Fagráðsfunda.

Leiðtogi Málm- og véltæknigreina

Við leitum að framsæknum leiðtoga til að leiða fræðslu og þjónustu IÐUNNAR gagnvart málm- og véltæknigreinum. Í þeim tilgangi þróar leiðtoginn sterka faglega sérhæfingu IÐUNNAR í viðkomandi greinum og skapar sterk tengsl við fagmenn/faggreinarnar.

Um þig:

- Þú hefur brennandi áhuga á fræðslu málm- og véltæknigreina.
- Tekur auðveldlega frumkvæði og átt gott með að leiða samstarf á farsælan hátt.
- Hefur reynslu af samstarfi í atvinnulífinu.
- Ert árangursdrifinn einstaklingur og með framúrskarandi samskiptafærni.
- Þú hefur menntun sem nýtist í starfi, á sviði málm- og véltæknigreina auk framhaldsmenntunar.

Ábyrgðarsvið:

- Skipulagning á fræðslustarfi fyrir málm- og véltæknigreinar.
- Þróa leiðir til fyrirtækjafræðslu fyrir málm- og véltæknigreinar.
- Samstarf við lykilfólk í greinunum og uppbygging tengslanets.
- Fyrirtækjaheimsóknir og eftirfylgni verkefna.
- Þátttaka í umsögnum um fagtengd mál.
- Undirbúningur og eftirfylgni Fagráðsfunda.

Nánari upplýsingar um störfin og hæfniskröfur má finna á www.vinnvinn.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl nk.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsjón með störfunum hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



Framkvæmdastjórar hjá Símanum

Síminn leitar að reyndum og árangursdrifnum stjórnendum í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Við leitum að liðsfélögum sem hafa áhuga og drifkraft til að móta nýja tíma í fjarskiptum og afþreyingu. Framkvæmdastjórar bera saman ábyrgð á ánægju viðskiptavina, sjálfbærni í rekstri og að skapa eftirsóknarverðan vinnustað.

Framkvæmdastjóri sölu og þjónustu

Svið sölu og þjónustu er ábyrgt fyrir tekjum fyrirtækisins ásamt því að tryggja framúrskarandi þjónustuupplifun fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Framkvæmdastjóri sviðsins þarf að hafa reynslu af stefnumótun í þjónustu, vera árangurs-drifinn og búa yfir hæfni til að leiða ólík teymi eftir stefnu og framtíðarsýn fyrirtækisins.

Framkvæmdastjóri sjálfbærni og menningar

Sjálfbærni og menning vinnur þvert á fyrirtækið og meginhlutverk eru að skapa framsækið og jákvætt umhverfi og eftirsóknarverðan vinnustað. Sviðið leiðir breytingar hjá Símanum og eflir jákvæð tengsl, bæði inn- og útávið. Framkvæmdastjóri sviðsins þarf að hafa víðtæka reynslu af stjórnun og umbreytingu, starfsmannahaldi auk brennandi áhuga á sjálfbærni.

Þú getur meira með Símanum

Síminn er traust og framsækið fyrirtæki sem veitir heimilum og fyrirtækjum heildstætt framboð af fjarskiptum og afþreyingu. Á bakvið einkennisorð Símans „Þú getur meira með Símanum“ liggur sú sannfæring að viðskiptavinir fái gæði og aukið virði hjá Símanum. Við viljum veita öllum framúrskarandi þjónustu, skapa frábært vinnuumhverfi með traustu og reynslumiklu starfsfólki sem saman þjónusta alla landsmenn.

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl næstkomandi.
Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum **hagvangur.is.**
Upplýsingar veita Gyða Kristjánsdóttir, **gyda@hagvangur.is**
og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**.
Í anda jafnréttisstefnu Símans hvetjum við alla til að sækja um; óháð kyni.

Síminn er jafnlaunavottaður vinnustaður

Skólastjórnendur í nýsameinuðu sveitarfélagi Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar

Sameining Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps var samþykkt í íbúakosningu í febrúar sl. Nýtt sameinað sveitarfélag hefur göngu sína að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí nk. Vegna sameiningar er fyrirhugað að stofna annars vegar nýjan leikskóla og hins vegar nýjan grunnskóla. Við leitum að skólastjórnendum til að leiða uppbyggingu þessara skóla.
Um spennandi tækifæri er að ræða fyrir skólastjórnendur sem hafa áhuga á skólaþróun.

Skólastjóri

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróun skólastarfs
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans, áætlanagerð og mannahaldi
- Ábyrgð á stefnumörkun skólans í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í nýju sameinuðu sveitarfélagi
- Samstarf við ýmsa aðila skólasamfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslumála æskileg
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi í skólaumhverfi æskileg
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun
- Rík samskipta- og skipulagshæfni
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta

Aðstoðarskólastjóri

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Dagleg stjórnun og skipulagning skólastarfs í samstarfi við skólastjóra
- Staðgengill skólastjóra
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í nýju sameinuðu sveitarfélagi
- Samstarf við ýmsa aðila skólasamfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslumála æskileg
- Reynsla af stjórnun og þróunarstarfi í skólaumhverfi æskileg
- Rík samskipta- og skipulagshæfni
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi

Leikskólastjóri

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróun skólastarfs
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri, áætlanagerð og mannahaldi
- Ábyrgð á stefnumörkun leikskólans í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í nýju sameinuðu sveitarfélagi
- Samstarf við ýmsa aðila skólasamfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslumála æskileg
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi í skólaumhverfi æskileg
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun
- Reynsla af vinnu með börnum
- Rík samskipta- og skipulagshæfni
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta

Aðstoðarleikskólastjóri

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Dagleg stjórnun og skipulagning skólastarfsins með leikskólastjóra
- Staðgengill leikskólastjóra
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð leikskólans
- Samskipti og samvinna við foreldra í samráði við leikskólastjóra
- Uppeldi og menntun leikskólabarna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af stjórnun er æskileg, t.d. deildarstjórn á leikskóla
- Fagleg forysta og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni, lipurð, umburðarlyndi og heiðarleiki í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samstarfsvilji
- Skipulagshæfni og sjálfstæði
- Góð tölvukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda leikskóla.
Umsóknarfrestur er til og með 1. maí 2022.

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is** og Gyða Kristjánsdóttir, **gyda@hagvangur.is**

Nánari upplýsingar um sameininguna má finna á **hunvetningur.is**

Sótt er um störfin á hagvangur.is

Netsérfræðingur

Öflugt fyrirtæki leitar að reyndum netsérfræðingi vegna þróunar og reksturs umfangsmikilla netkerfa hérlendis og erlendis.

Hlutverk netsérfræðings verður að vera leiðandi í þróun og rekstri mikilvægra netkerfa sem staðsett eru á Íslandi og í Evrópu. Öryggismál netkerfa eru einnig hluti af starfsskyldum. Um nýtt stöðugildi er að ræða í hjá félaginu og því gefst tækifæri til að móta starfið.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, tölvunar-, tækni- eða verkfræði æskileg
- Þekking á uppbyggingu, samþættingu og rekstri stórra netkerfa
- Kunnátta á samskiptareglum, nethögun og öryggi netkerfa
- Sérmenntun í net- og samskiptatækni t.d. CCNP, CCDP, CCIE eða CCDE
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Frumkvæði og áhugi á nýjungum í netkerfum og upplýsingaöryggi
- Metnaður til að gegna mikilvægu hlutverki í síbreytilegu umhverfi
- Geta til að vinna bæði sjálfstætt og í hóp
- Góðir samskiptahæfileikar og geta til að vinna vel undir álagi
- Hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem – **sverrir@hagvangur.is**

Sótt er um starfið á hagvangur.is

hagvangur.is

HAGVANGUR

ÞEKKING, REYNSLA OG FRAMSÆKNI

SÉRFRÆÐINGUR Í GAGNAGRUNNUM OG VÖRUHÚSI GAGNA

Viltu leika lykilhlutverk í stafrænni uppbyggingu stærsta lífeyrissjóðs landsins? Hefur þú reynslu af uppbyggingu gagnagrunna og hagnýtingu gagnavöruhúsa? Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins leitar nú að framsæknum og öflugum sérfræðingi sem er tilbúinn að taka með okkur næstu skref í stafrænni vegferð sjóðsins.

LSR hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í upplýsingatækni, einkum að bæta þjónustu við sjóðfélaga. Grunnurinn að árangri á þessu sviði er bætt sýn á gögn ásamt aukinni nýtingu þeirra og þar mun sérfræðingur í gagnagrunnum leika lykilhlutverk. Framundan eru fjölbreytt og spennandi verkefni með samhentum og metnaðarfullum hópi sem leiðir stafræn uppbyggingarverkefni LSR.

Meðal verkefna framundan

- Hagnýting gagna við stjórnun, þjónustu og afstemmingu milli kerfa.
- Áframhaldandi uppbygging á vöruhúsi gagna.
- Innleiðing á skilvirkum og öruggum gagnasamskiptum við ytri aðila sjóðsins.

Starfssvið

- Hönnun gagnaumhverfa og gagnaarkitektúr.
- Hönnun, uppbygging og viðhald á vöruhúsi gagna og gagnavinnslu.
- Samþætting lausna.
- Smíði og viðhald á skýrslum og mælaborðum.
- Greiningar.

Menntun og hæfni

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða skyldum greinum.
- Reynsla af sambærilegu starfi.
- Mjög góð SQL kunnátta ásamt þekkingu á högun og uppbyggingu gagnagrunna.
- Góður skilningur á tölfræði og hæfni til að túlka gögn.
- Reynsla af tólum vegna þróunar gagnavöruhúsa er kostur, s.s. TimeXtender, Azure Data Factory, exMon, PowerBI o.s.frv.
- Almenn tækniþekking er kostur, s.s. grunnskilningur á REST og SOAP vefþjónustuskilum.

Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, katrin@hagvangur.is.
Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl 2022.
Umsóknninni þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

ALFA

Sérfræðingur
Sérhæfðar fjárfestingar

Alfa Framtak er óháður rekstraraðili sérhæfðra sjóða með áherslu á framtaksfjárfestingar. Félagið er í örum vexti, en Alfa Framtak rekur nú tvo framtakssjóði með samtals 22 milljarða króna í áskriftarloforð.

Markmið Alfa Framtaks er að vera fyrsta val stjórnenda og athafnafólks sem vilja ná hámarksárangri út úr sínum rekstri. Sem samstarfsaðilar beitum við okkur með virkum hætti og höfum sveigjanleika til þess að fjárfesta í fjölbreyttum fyrirtækjum, styðja við vöxt, leiða umbreytingar og þannig skilja eftir okkur jákvæð fótspor í íslensku viðskiptalífi. Gildi Alfa Framtaks eru árangur, orðspor og samvinna. Það skiptir okkur ekki aðeins máli að ná árangri, heldur einnig hvernig og með hverjum árangri er náð.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með ráðningunni hefur Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).

Vegna aukinna umsvifa leitar Alfa Framtak að metnaðarfullum einstakling sem hefur brennandi áhuga á viðskiptum og fyrirtækjarekstri í starf sérfræðings í sérhæfðum fjárfestingum.

Helstu verkefni:

- Gagnaöflun og greining á fjárfestingakostum
- Verðmat fyrirtækja
- Gerð kynningarefnis
- Skýrslugjöf til hluthafa og eftirlitsaðila
- Verkefni sem tengjast fjárfestingaeignum sjóða
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Reynsla af fjármálamarkaði og greiningarstörfum
- Reynsla af aðkomu á kaupum og sölum fyrirtækja og/eða fjármögnun fyrirtækja æskileg
- Góður skilningur á lestri ársreikninga
- Góð samskiptahæfni, geta til að vinna í breytilegu umhverfi og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Frumkvæði og árangursmiðað hugarfar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl nk.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

We're looking for talented professionals

We're looking for motivated talent to drive innovation within our third party business of Teva, servicing the global pharmaceuticals business with customers all over the world. We're looking for dedicated professionals in the following positions:

- **Product Lifecycle Manager**
- **Commercial Price Manager**
- **Product Manager**
- **Manager Customer Experience**

Please refer to our website **tevapharm.com** for full details.

Medis is part of Teva, one of the biggest pharmaceuticals companies in the world with more than 40,000 employees worldwide. Since its foundation in 1901, Teva has become the world's largest producer of generics and proprietary medicinal products, offering more than 3.500 products to patients in over 60 countries. Each day, Teva's pharmaceutical products help more than 200 million people all over the world.

Medis, a part of Teva, has been a staple of the generics sector since 1985, driving the foundation of knowledge based industry from Iceland. For over 30 years, we have been a partner of choice for the largest companies in the generic pharmaceutical industry, punching far above our weight every single day. We're proud of our history and excited for what the future holds.

MEDIS

Aðstoðarsaksóknari á ákærusviði

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er nútímaleg og framsækin þjónustustofnun sem er til staðar fyrir alla alltaf. Megináhersla er lögð á að starfsfólk búi yfir þekkingu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg verkefni. Áhersla er á traust og gagnsæi í samskiptum, jafnrétti, starfsánægju og heilbrigðan starfsanda. Gildi LRH eru traust, fagmennska og öryggi. Við embættið er laus til umsóknar ein staða aðstoðarsaksóknara á ákærusviði.

Við ráðningar hjá LRH er tekið mið af jafnréttisáætlun embættisins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með rannsókn og saksókn í málum sem honum eru falin og gerð rannsóknaráætlana í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara.
- Samhæfir sín verkefni við stefnu og markmið ákærusviðs og fylgir eftir áætlunum og ákvörðunum yfirstjórnar.
- Sérfræðileg greining viðfangsefna og samskipti við aðila og stofnanir í tengslum við meðferð mála og úrlausn verkefna.
- Almennt fyrirsvar og bein samskipti við ráðuneyti, önnur embætti, stofnanir og fjölmiðla um verkefni ákærusviðs að beiðni eða að höfðu samráði við sviðstjóra.
- Sækir samráðsfundi ákærusviðs, almenna fræðslufundi og námskeið í samráði við sviðsstjóra og sækir fundi með sínum teymisstjóra.
- Önnur verkefni sem honum eru falin af sviðsstjóra eða teymisstjóra og falla að starfinu eða samkomulag er um, s.s. á sviði gæðamála hjá LRH.
- Fylgir reglum og fyrirmælum um skyldur opinberra starfsmanna og starfar og framkvæmir í samræmi við trúnaðaryfirlýsingu sem hann undirritar.

Hæfniskröfur

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Reynsla af málflutningi fyrir héraðsdómstólum og reynsla af meðferð sakamála er nauðsynleg.
- Þekking á auðgunarbrotum og öðrum brotum er varða fjárréttindi, þ.m.t. peningaþvætti, er nauðsynleg.
- Þekking á vátryggingarétti og reikningsskilum er kostur.
- Reynsla af að meta sönnunargildi munnlegs framburðar er kostur.
- Mjög góð samstarfsfærni, sveigjanleiki og jákvætt viðhorf er mikilvægt.
- Sjálfstæði í samskiptum og vinnu, frumkvæði og skipulagshæfni er mikilvæg
- Lausnamiðuð nálgun í starfi og metnaður til að ná árangri er mikilvæg
- Mjög góð hæfni til að miðla upplýsingum er mikilvæg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, talaðri og ritaðri

Óskað er eftir að umsókn fylgi greinargóð ferilskrá yfir menntun og fyrri störf, staðfesting á námi og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknarinnar og rökstyður hæfni sína í starfið.

Vakin er athygli á því að engan má ráða til starfa hjá lögreglu sem hlotið hefur fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu sbr. 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Stéttarfélag lögfræðinga hafa gert.

Sækja skal um stöðuna með rafrænum hætti á vef starfatorgs, www.starfatorg.is. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 19.04.2022

Nánari upplýsingar veitir

Hulda Elsa Björgvinsdóttir - hulda.elsa@lrh.is - 444-1000
Eygló Huld Jónsdóttir - eyglo.huld@lrh.is - 444-1000

VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Yfir 330 manns starfa hjá fyrirtækinu að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Verkís er með útibú í öllum landshlutum og er það metnaður stofunnar að veita staðbundna þjónustu sem víðast á landinu með stuðningi annarra sérfræðinga Verkís.

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við okkur öflugu starfsfólki í útibúin okkar á landsbyggðinni.

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum sem hafa metnað, sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna með öðrum.

Störfin fela í sér að sinna hönnunarverkefnum á breiðu sviði innan mannvirkjagerðar, fjölbreyttri alhliða ráðgjöf ásamt eftirliti með verkframkvæmdum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræðingur / tæknifræðingur / byggingarfræðingur
- Reynsla af hönnun og ráðgjöf
- Kunnátta í teikniforritum t.d. AutoCad, Revit eða Civil 3D

Nánari upplýsingar veita

Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is
Ari Guðmundsson sviðsstjóri Starfsstöðvasviðs, arg@verkis.is
Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022. Sótt er um á www.verkis.is

Akranes – byggingar
Borgarnes – byggingar
Ísafjörður – byggingar
Blönduós – byggingar
Akureyri – byggingar, veitur, vega- og gatnagerð
Húsavík – byggingar
Egilsstaðir – byggingar
Reyðarfjörður – byggingar
Selfoss – byggingar, veitur
Reykjanesbær – byggingar

Deildarstjóri notendaþjónustu

RARIK

RARIK óskar eftir að ráða deildarstjóra notendaþjónustu. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða deildina. Notendaþjónustan heyrir undir tæknisvið RARIK og næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri tæknisviðs.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Umsjón með uppbyggingu og útgáfu verðskráa
- Ábyrgð á álestrum og taxtaráðgjöf
- Verk- og kostnaðaráætlanir ásamt greiningarvinnu
- Vinna að sölumælingum og uppgjörum
- Umsjón með þróun hugbúnaðarkerfa deildarinnar
- Samningagerð við stærri notendur
- Samskipti við starfsfólk, viðskiptavini og aðra ytri aðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Reynsla af rafveitustörfum er æskileg
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Reynsla af rafrænni þjónustu
- Jákvæðni og framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.

Starfsfólk RARIK er um 200 og starfsstöðvar 20.

RARIK hefur á undanförnum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og eru nú um 70% þess jarðstrengir.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.rarik.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **25. apríl 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir aðilar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Sérfræðingur á sviði sjálfbærni

Klappir

Við leitum að öflugum sérfræðingi á sviði sjálfbærnimála til að slást í teymið okkar. Um er að ræða einstakt tækifæri til að láta gott af sér leiða og hafa áhrif í baráttunni við hnattræna hlýnun.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina á sviði sjálfbærni
- Innleiðing nýrra viðskiptavina
- Þátttaka í þróun sérfræðiþjónustu og sjálfbærnilausna
- Öflun og miðlun nýrrar þekkingar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi á sjálfbærnimálum
- Framúrskarandi samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Gott vald á íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli
- Gagnalæsi og góð tölvukunnátta
- Drifkraftur, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Við bjóðum upp á:

- Lifandi og skemmtilegt starfsumhverfi
- Fjölskylduvænan vinnustað með sveigjanlegum vinnutíma
- Vinnustað sem er umhugað um jafnrétti, sjálfbærni og umhverfismál
- Kauprétti fyrir alla starfsmenn óháð stöðugildum
- Grænan samgöngustyrk
- Öflugt starfsmannafélag sem leiðir okkur í leik
- Niðurgreiddan hádegismat að hluta og fría ávexti

Klappir er hugbúnaðarfyrirtæki með skrifstofur í Reykjavík og Kaupmannahöfn sem er leiðandi á heimsvísu í gagnadrifnum sjálfbærnilausnum.

Hugmyndafræði Klappa grundvallast á því að skapa stafræn vistkerfi þar sem aðilar deila á milli sín sjálfbærniupplýsingum í rauntíma og þannig auðvelda fyrirtækjum að fá gott yfirlit yfir þróun sjálfbærnimála í rekstri sínum.

Viðskiptavinir Klappa eru fyrirtæki í fjölda atvinnugreina, sveitarfélög og stofnanir.

Nánari upplýsingar um Klappir má finna á: www.klappir.com.

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022. Umsókn óskast fyllt út á ww.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



VIÐSKIPTASTJÓRI HJÁ PFIZER
(FIELD BRAND MANAGER)

Pfizer

ICEPHARMA LEITAR AÐ SÖLUDRIFNUM OG METNAÐARFULLUM LIÐSMANNI TIL AÐ SINNA FJÖLBREYTTU OG KREFJANDI STARFI HJÁ PFIZER

Pfizer er eitt af stærstu lyfjafyrirtækjum heims og býður upp á fjölbreytt vöruúrval.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Markaðssetning og sala lyfja til heilbrigðisstarfsfólks með kynningum, fræðslu og eftirfylgni
- Myndun og viðhald viðskiptatengsla og heimsóknir til heilbrigðisstarfsfólks
- Þátttaka í og skipulagning funda og ráðstefna hérlendis, erlendis og rafrænt
- Samskipti við Pfizer í Danmörku
- Markaðsgreiningar og áætlanagerð
- Verkefnastýring og þátttaka í útboðum í samstarfi við Pfizer
- Gerð umsókna um verð og greiðsluþátttöku lyfja
- Gerð lyfjaauglýsinga og markaðsefnis

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi, viðskiptastjórn og sölu lyfja eða heilbrigðisvara
- Mikill drifkraftur og frumkvæði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í tengslamyndun og mannlegum/rafrænum samskiptum
- Hæfileikar til og ánægja af að vinna faglega, sjálfstætt og skipulega að skýrum markmiðum
- Hæfileikar til að setja sig inn í flókið fræðilegt efni og miðla því áfram
- Gott vald á íslensku og ensku, þekking á Norðurlandamáli kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Inga Lilý Gunnarsdóttir, deildarstjóri Pfizer á Íslandi, ingal@icepharma.is. **Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl 2022.**
Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

icepharma

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna

Íslandssjóðir
Síðan 1994

Áhættustjóri Íslandssjóða

Við leitum nú að öflugum einstaklingi í hlutverk áhættustjóra Íslandssjóða

Íslandssjóðir hf. er leiðandi eignastýringarfélag í eigu Íslandsbanka sem sinnir rekstri 22 verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Auk þess stýrir félagið fjölda eignasafna fyrir bæði einstaklinga og lögaðila.

Hjá félaginu starfar samhentur og kraftmikill hópur reynslumikilla sérfræðinga, 10 konur og 11 karlar með að meðaltali 17 ára starfsreynslu af eignastýringu og fjárfestingum og gildin okkar eru eldmóður, samvinna og fagmennska.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með skipulagningu og framkvæmd áhættustýringar og innra eftirliti félagsins
- Mótun á áhættustefnu og áhættumati félagsins
- Annast greiningu, mælingar og viðhald á eftirlitskerfi á áhættuþáttum í starfsemi félagsins
- Heildaryfirsýn yfir verkferla, áhættumöt, skýrslur eftirlitsaðila o.fl.
- Samskipti, skýrslugerð og miðlun upplýsinga til eftirlitsaðila, stjórnar og stjórnenda

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi, s.s. tölvunarfræði, stærðfræði eða verkfræði
- Starfsreynsla tengd áhættustýringu og fjárfestingum
- Framúrskarandi greiningarhæfni og hæfni til að setja fram efni og niðurstöður í tölum og texta
- Sjálfstæði, skipulagshæfni, nákvæm og ögguð vinnubrögð
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Próf í verðbréfamiðlun æskilegt
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg

Nánari upplýsingar

Umsóknir, ásamt ítarlegri ferilskrá, má senda í gegnum ráðningarvef okkar á www.islandsbanki.is .

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri Íslandssjóða, kjartan@islandssjodir.is og Guðlaugur Örn Hauksson, ráðningarstjóri, gudlaugur.orn.hauksson@islandsbanki.is.

Viltu vinna í frábæru teymi með leiðandi sérfræðingum?

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi sérfræðingum til starfa í Reykjavík.

Sérfræðingur í endurskoðun

- Umsjón með skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar og reikningsskila fjölbreyttra fyrirtækja
- Ráðgjöf til viðskiptavina vegna reikningsskila, endurskoðunar og tengdra mála
- Verkefnastjórnun

Hæfniskröfur

- Meistaragráða í reikningsskilum og endurskoðun
- Löggilding í endurskoðun er kostur
- Að minnsta kosti 3 ára viðeigandi starfsreynsla

Ertu upprennandi endurskoðandi?

- Þátttaka í framkvæmd reikningsskila og endurskoðunar fjölbreyttra fyrirtækja
- Ráðgjöf til viðskiptavina vegna reikningsskila, endurskoðunar og tengdra mála

Hæfniskröfur

- B.S. gráða í viðskiptafræði, hagfræði eða tengdum fögum
- Ástundun meistaranáms í endurskoðun og reikningsskilum, eða gráða í fræðunum
- Starfsreynsla í bókhaldi er kostur

Sérfræðingur í tölvuendurskoðun

- Endurskoðun og/eða úttekt á upplýsingatæknikerfum
- Meta tölvukerfi viðskiptavina og áreiðanleika þeirra við endurskoðun
- Þarfagreiningu fyrir upptöku eða uppfærslu upplýsingatæknikerfa

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði kerfisfræði, verkfræði, tölvunarfræði eða annað sem nýtist í starfi
- Kostur að vera með réttindi á sviði tölvuendurskoðunar (CISA réttindi)
- Áhugi á fyrirtækjarekstri og reynsla af tölvuendurskoðun æskileg

Skjölun og skráning í gæðakerfi

- Örugg skjölun gagna í gæðakerfi
- Uppsetning á tilboðum og skýrslum í samræmi við kröfur PwC
- Aðkoma að innleiðingu nýrra tæknilausna og bera kennsl á úrbætur

Hæfniskröfur

- B.S. / B.A. gráða sem gagnast í starfi
- Góð kunnátta á Excel og Powerpoint
- Hefur áður sýnt fram á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Hæfni til að greina umhverfið, bregðast við aðstæðum og koma með hugmyndir að úrlausnum

---

Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk.

Tekið er á móti umsóknum á vef okkar www.pwc.is/storf
Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um.

Frekari upplýsingar um störfin veitir Katrín Ingibergsdóttir, mannauðsstjóri
(katrin.ingibergsdottir@pwc.com)

PwC á Íslandi er þekkingarfyrirtæki, hluti af einu stærsta alþjóðlega ráðgjafa- og endurskoðunarfyrirtæki heims og veitir trausta þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fyrirtækjaráðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Skipulagsfulltrúi Múlaþings

Múlaþing auglýsir eftir skipulagsfulltrúa á umhverfis-og framkvæmdasvið. Umsækjandi skal uppfylla menntunar- og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013

Einstaklingar af öllum kynjum eru hvött til að sækja um stöðuna.
Sótt er um starfið á heimasíðu Múlaþings www.mulathing.is undir „störf í boði“ eða á starfasíðu Múlaþings www.mulathing.alfred.is.
Umsóknarfrestur er til 19. apríl 2022



SÉRKENNSLUFULLTRÚI GARÐABÆJAR

Garðabær óskar eftir að ráða sérkennslufulltrúa við fræðslu- og menningarsvið. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Helstu verkefni:

- Veita faglega forystu, ráðgjöf og stuðning varðandi börn með sérþarfir í skólum
- Sitja í og stýra teymum og verkefnum sem snúa að sérkennslu leikskólabarna
- Skipuleggja og fylgja eftir úthlutun til sérkennslu og stuðnings til leikskóla
- Veita kennurum, stjórnendum og foreldrum leikskólabarna og barna á yngsta stigi grunnskóla eftir því sem við á ráðgjöf á sviði sérkennslu og stuðnings varðandi börn með sérþarfir
- Vera ráðgefandi starfsfólki leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla eftir því sem við á um kennslufræðilegar útfærslur og einstaklingsnámskrár vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning
- Að tryggja samfellu í þjónustu nemenda með sérþarfir á milli skólastiga
- Að taka þátt í að þróa starfið í samráði við þverfaglegt teymi fræðslusviðs um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og PMTO

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsnám í sérkennslufræðum
- Starfsreynsla í leikskóla, þ.m.t. reynsla af vinnu með börnum með sérþarfir
- Þekking á yngstu stigum grunnskóla
- Reynsla af vinnu í þverfaglegu teymi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti
- Samstarfs- og samskiptafærni
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfileikar
- Lausnamiðað viðhorf, heiðarleiki og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022. Nánari upplýsingar veitir Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, netfang eirikurbjorn@gardabaer.is eða í síma 5258500. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda í leikskólum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um með því að smella á Skrá inn og sækja um starf hér fyrir neðan.

Umsókn um starfið þarf að fylgja greinargóð starfsferilsskrá þar sem gert er grein fyrir kennslureynslu og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, menntun og hæfni til að sinna starfinu ásamt afritum af prófskírteinum.

GARÐABÆR
gardabaer.is

Þarftu
að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðgjöf og ráðningum.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa

Fjármálastjóri

Fagefni ehf. óskar eftir að ráða drífandi fjármálastjóra til starfa. Um er að ræða starf fyrir einstakling sem hefur áhuga á að taka þátt í þeim fjölbreyttu verkefnum sem snerta rekstur fyrirtækisins, hvort sem þau snúa að fjármálum, innkaupum eða símsvörun. Leitað er að einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri í ört stækkandi fyrirtæki þar sem tækifærin eru endalaus og starfsandinn góður.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Ábyrgð á daglegri fjármálastjórn, uppgjöri, reikningshaldi og launaútreikningi.
- Ábyrgð á gerð greininga ásamt gerð fjárhags- og rekstraráætlana og ráðgjafar við yfirstjórn.
- Innkaup og samningagerð.
- Þar sem að yfirstjórn er lítil þarf aðili að koma að margvíslegum málum í rekstri fyrirtækisins t.d. önnur tilfallandi verkefni sem getur verið símsvörun og móttaka viðskiptavina.

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af bókhaldi, áætlanagerð og uppgjörum skilyrði.
- Góð greiningarhæfni, framsetning og miðlun fjárhagsupplýsinga.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Drifkraftur, hugmyndaauðgi og lausnamiðuð hugsun.
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á dk bókhaldskerfi.
- Færni í íslensku og ensku í ræðu og riti.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á alda@fagefni.is fyrir 20/04/2022

Fagefni ehf er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem flytur inn, þjónustar og selur hágæða múrefni, þéttiefni og vinylgólfefni frá heims þekktum framleiðendum.

Okkar markmið er alltaf að veita framúrskarandi þjónustu og og safna ánægðum viðskiptavinum.

Fagefni

Tónlistarskóli Eyjafjarðar auglýsir eftir tónlistarkennurum í eftirfarandi stöður:

Tónlistar-/tónmenntakennari í 75-100% starfshlutfall.
Tónlistarskóli Eyjafjarðar leitar að tónlistar-/tónmenntakennara til að kenna og móta fjölbreytta tónlistarkennslu við skólann. Sinna þarf fjölþættri kennslu, m.a. forskóla-/tónmenntakennslu í samvinnu við leik- og grunnskóla á starfssvæðinu sem er Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.
Fyrir hæfan og metnaðarfullan aðila eru möguleikar á að þróa og móta starfið en unnið hefur verið með ýmsa þætti eins og marimbukennslu, kórstarf, samsöng, rythmískt samspil o.fl. Hljóðfærakennsla getur verið hluti af starfinu ef umsækjandi óskar.

Tónlistarkennari/Gítarkennari í 50-100% starfshlutfall.
Leitað er eftir kennara með breiðan bakgrunn sem gæti kennt fjölbreytta hljóðfærakennslu byrjenda með áherslu á klassíska gítarkennslu.

Yfirmenn eru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri tónlistarskólans en í nánum samskiptum við aðra stjórnendur leik- og grunnskóla.

Umsækjandi hafi menntun og reynslu sem nýtist í starfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum tónlistarkennara við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða, akstur greiddur samkvæmt samningi. Góð samskiptahæfni er lykilatriði.

Höfuðstöðvar skólans eru á Hrafnagili innan við 10 mínútna akstur frá Akureyri.
Umsóknarfrestur er til 8.maí 2022.

Upplýsingar um starfið veitir Guðlaugur Viktorsson, skólastjóri s.8980525. Fyrirspurnir og umsóknir berist á netfangið te@krummi.is
Skólastjóri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

LAKI POWER

The Future of Grid Intelligence

Laki Power is a growing tech company that provides power grid operators with monitoring solutions to ensure the effective and efficient transmission of electricity. With increased focus on electrification, the replacement of fossil-based power supplies with renewable energy, a resilient power grid has become more important than ever. Laki Power's portfolio of partnerships includes major energy companies across the globe. As the company grows we are focused on building a team that is diverse in age, gender and fields of expertise. Come join us in building the future of grid intelligence. Visit www.lakipower.com for more info.

EMBEDDED SOFTWARE DEVELOPER

Develop robust firmware for hardware devices installed in extreme environments

Responsibilities

- Develop firmware used in monitoring stations installed on high-voltage power lines
- Develop software for testing hardware and provisioning
- Participate in the process of hardware design improvements and system architecture

Qualification

- Experience in embedded development with C/C++ & RTOS
- Experience in working with embedded Linux systems
- Ability to read schematics and datasheets for components to write drivers
- Electronics design capabilities are a plus
- BSc Degree in Electrical Engineering or Computer Science

DEVOPS ENGINEER

Ensure the operational health of our software platform

Responsibilities

- Build and setup new development tools and infrastructure
- Monitor the overall health of development, test and production environments
- Identify and deploy cyber security measures by continuously performing vulnerability assessment and risk management
- Configure and continuously improve CI/CD pipeline
- Setup, configure and monitor Kubernetes cluster for production environment

Qualification

- Bachelor's degree in Computer Science, or equivalent
- Experience working as DevOps engineer or developer
- Experience in managing cloud environment
- Experience in managing CI/CD pipeline
- Experience in Kubernetes and Containers
- Experience with infrastructure and code automation tools such as Terraform is a plus
- Any DevOps relevant certification is a plus

For further information, contact Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is or Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is. Applications are to be filled out and submitted at hagvangur.is, along with a CV and a letter of introduction. Application deadline: April 30th 2022.

_ TERN SYSTEMS



_ CUSTOMER SUCCESS MANAGER

The Customer Success Manager will be responsible for the customer experience and will work as an intermediary between product development and our customers.

They will assist in forming the Customer Success Division's strategy and aligning that strategy with Tern Systems broader vision.

_ PRODUCT MANAGER

With increasing international interest in our solutions, we are looking for an ambitious and experienced Product Manager who will work to connect product and customer strategies.

The role requires excellent communication with customers, experience of software feature prioritisation and has a sales and marketing element.

_ DEVELOPMENT TEAM LEAD

We are looking for a motivated Development Team Lead in our Product Development division. You will work towards building high-performing teams delivering product releases.

In the role, you will help teams to follow best practices and working methods with the aim of delivering value to our products.

_ TECHNICAL PRODUCT LEAD

The Technical Product Lead will oversee the technical direction and architecture of our products in close collaboration with teams of specialists at Tern Systems.

They will lead a group of experienced Software Architects to implement a technical product strategy which is aligned with technical needs, business objectives and product roadmaps.

Tern Systems are a trusted provider of Air Traffic Control solutions. Headquartered in Reykjavík and with a satellite office in Budapest, together we serve customers across Europe, Asia and Africa. Our software suites include ATC systems, ATC training simulators and products for airport tower operations. These products are attracting new customers and expanding our international presence.

_ APPLY www.tern.systems

jobs@tern.is _ ENQUIRIES

STARF

Nú fer hitastigið hækkandi!

Við leitum að verkefnastjóra sem getur tekið að sér undirbúning jarðvarmaverkefna okkar á Norðausturlandi. Starfið felur m.a. í sér stjórnun á hönnun, undirbúningsrannsóknum og umhverfis- og skipulagsmálum, auk áætlanagerðar.

Verkefnastjórinn heyrir undir svið vinds og jarðvarma sem er ábyrgt fyrir undirbúningi nýrra vind- og jarðvarmaverkefna, rekstri vindorku- og jarðvarmaaflstöðva, nýsköpun í orkuvinnslu, umhverfisrannsóknum og ýmsum samskiptum við hagsmunaaðila.

Hæfniskröfur:
- Framhaldsnám á háskólastigi í verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla í verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af faglegri vinnu í orkumálum er kostur
- Mikil samskiptahæfni og metnaður til að vera hluti af sterku teymi
- Mjög góð kunnátta í ensku
- Æskilegt að hafa reynslu af verkefnastjórnun jarðhitaverkefna

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl

Sótt er um starfið hjá Hagvangi
hagvangur.is

Landsvirkjun

Erum við
að leita
að þér?

Lögfræðingur hjá ASÍ

Alþýðusamband Íslands, svið kjarasamninga og þjónustu, leitar að lögfræðingi í fullt starf.

Hlutverk lögfræðinga ASÍ er að vinna að markmiðum ASÍ eins og þau eru skilgreind í lögum sambandsins og ákvarðanir stjórnar og forystu sambandsins gefa tilefni til hverju sinni. Þeir veita miðstjórn, forsetum og aðildarsamtökum sambandsins, lögfræðilega ráðgjöf og þjónustu á sviði kjarasamninga, vinnuréttar og skipulagsmála, taka þátt í þverfaglegu samstarfi annarra sviða, sinna fræðslu á sviði vinnuréttar og þeim félagslegu og lögfræðilegu verkefnum sem forysta sambandsins felur þeim hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri þekkingu á íslenskum vinnurétti og íslenskum vinnumarkaði auk þess sem þekking á Evrópurétti er kostur. Einnig þurfa þeir að hafa vald á einu norðurlandamáli (dönsku, norsku eða sænsku) og ensku.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september 2022.

Umsókn ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á Magnús M. Norðdahl á netfangið magnus@asi.is, merkt „lögfræðingur" fyrir 30. apríl 2022. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús M. Norðdahl á magnus@asi.is.

Hlutabréfamiðlari og skuldabréfamiðlari

Vegna aukinna umsvifa leitum við að öflugum aðilum í störf hlutabréfamiðlara og skuldabréfamiðlara hjá markaðsviðskiptum Arion banka.

Markaðsviðskipti sinna miðlun verðbréfa fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini bankans. Sérfræðingar markaðsviðskipta veita aðstoð og hafa milligöngu um viðskipti með skráð verðbréf á öllum helstu verðbréfamörkuðum heims.

Arion banki er með stærstu hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfamarkaði síðastliðin sex ár og stærstu hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði það sem af er ári 2022.

Um er að ræða tvö störf, hlutabréfamiðlara og skuldabréfamiðlara, í teymi reynslumikilla og metnaðarfullra aðila með víðtækt tengslanet meðal innlendra og erlendra fjárfesta, góðum upplýsingatæknikerfum og traustum uppgjörsferlum. Vinnuumhverfið er líflegt og skemmtilegt í spennandi fyrirtæki.

Helstu verkefni

- Miðlun hlutabréfa eða skuldabréfa á verðbréfamörkuðum
- Ábyrgð á viðskiptasamböndum
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Greining á mörkuðum
- Greining á rekstri fyrirtækja
- Gerð tilboða og útboðsgagna á skuldabréfamarkaði

Hæfniskröfur

- Metnaður, drifkraftur og frumkvæði við öflun nýrra viðskiptavina
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Brennandi áhugi á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veita:
Svana Huld Linnet forstöðumaður markaðsviðskipta, svana.linnet@arionbanki.is
Hanna María Pálmadóttir mannauðsstjóri, hanna.maria.palmadottir@arionbanki.is

Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl 2022.
Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

Viltu taka þátt í að byggja sterkari framtíð?

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir sterkum starfsmönnum í liðið okkar.
Við hvetjum alla til að sækja um óháð kyni eða uppruna.

Borgarnes

Byggingatæknifræðingur
Verkfræðingur
Tækniteiknari
Bifvélavirki / Vélvirki

Höfuðborgarsvæðið

Verkstjóri í reisingum
Steypubílstjóri
Vélamenn í malarnámur

Nánari upplýsingar finnur þú á steypustodin.is/jobs

Skannaðu kóðann fyrir nánari upplýsingar um störfin

Steypustöðin hóf starfsemi árið 1947 og var frumkvöðull í Evrópu í því að framleiða steypu í steypubifreiðum og varðaði þannig brautina í mannvirkjagerð á Íslandi. Um 300 manns starfa hjá félaginu. Þjónustugeta félagsins spannar stórt landsvæði. Lausnir Steypustöðvarinnar ná til víðtækra sviða í byggingaframkvæmdum, allt frá framleiðslu og dreifingu á blautsteypu, forsteyptum einingum og hellum til múrvara og fylliefna til framkvæmda. Við leggjum áherslu á nýsköpun og vöruþróun og kappkostum að vera ávallt í farabroddi á sviði umhverfismála.

Framúrskarandi fyrirtæki

bsi ÍST 85:2012 Jafnlaunavottun CERTIFIED

STARF

Þykir þér vænt um vélar?

Óskum eftir að ráða einstakling í öflugt teymi rekstrar og viðhalds á Mývatnssvæðinu. Í starfinu felst **viðhald, eftirlit og rekstur** aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á vélbúnaði.

Hæfniskröfur:
- Rafvirkjamenntun, vélfræðimenntun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna með öðrum
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er kostur
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl

Fyrirspurnir um starfið má senda á
starf@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Landsvirkjun



Skólastjóri

leik- og grunnskóla í Mývatnssveit - Afleysing óskast

Skútustaðahreppur auglýsir starf leik- og grunnskólastjóra við Reykjahlíðarskóla og Leikskólann Yl laust til umsóknar til eins árs.
Um er að ræða eitt stöðugildi sem fer með sameiginlega stjórn skólanna. Sameining sveitarfélaganna Skútustaðarhrepps og Þingeyjarsveitar stendur yfir og í mótun er skipulag og þróun á samvinnu og samstarfi allra skólastofnana sveitarfélagsins.
Í skólunum er samfélag um 80 barna og starfsmanna á leik- og grunnskólastigi, sem setja velferð og hagsmuni barna í forgang með áherslu á lýðheilsu, jafnrétti, fjölmenningu, lýðræðislegt samstarf og virðingu fyrir manngildi og sjálfbærni. Öflug tengsl við umhverfi og grenndarsamfélag og sérstaða nánasta umhverfis eru nýtt til kennslu.
Unnið er samkvæmt stefnu um heilsueflandi grunnskóla, skóla á grænni grein og uppeldisstefnunni jákvæðum aga (Positive Discipline). Í skólunum er unnið ötullega að þróun skólastarfs sem tekur mið af samþættingu námsgreina og hæfnimiðuðu námi.
Leitað er eftir metnaðarfullum, framsæknum einstaklingi sem hefur góða þekkingu á skólastarfi og er tilbúinn að leiða skapandi skólastarf og virkja þátttöku skólans í samfélagslegum nýsköpunarverkefnum í anda sjálfbærrar þróunar.

Meginverkefni og ábyrgð

- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs í samræmi við skólastefnu Skútustaðahrepps, aðalnámskrá leik- og grunnskóla og lög um leik- og grunnskóla
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólanna og samfellu og samstarfi á milli skólastiganna.
- Fylgi eftir þeirri stefnu sem hefur verið mótuð í skólanum og viðhalda þróunarstarfi sem þegar hefur verið hrint úr vör.
- Þátttaka, samvinna og samstarf við mótun skólastefnu og skólastarfs á leik- og grunnskólastigi í sameinuðu sveitarfélagi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.
- Leiða samstarf innan skólanna og í nærsamfélaginu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.
- Færni í samskiptum.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða menntunarfræða er kostur.
- Leyfisbréf kennara og kennslureynsla.
- Hæfni og reynsla á sviði stjórnunar, stefnumótunar, áætlanagerðar og þróunar skólastarfs æskileg.
- Áhugi á skólaþróun og framsæknu skólastarfi er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Skútustaðahrepps.
Sveitarfélagið Skútustaðahreppur aðstoðar við búslóðaflutning og við að útvega húsnæði í sveitarfélaginu.
Umsóknum skal skila á netfangið umsokn@skutustadahreppur.is, merkt „Skólastjóri Reykjahlíðarskóla - afleysing.“ Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá, nöfn tveggja umsagnaraðila og stutt kynning á umsækjanda. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023.
Nánari upplýsingar veitir Helgi Héðinsson, sveitarstjóri í síma 464-6660, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á helgi@skutustadahreppur.is.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Réttur er áskilinn til að hætta við ráðningu og/eða auglýsa stöðuna að nýju.

LEIKSKÓLASTJÓRI Í KRAKKABORG

Viltu starfa hjá heilsueflandi samfélagi og leggja línurnar hjá Grænfánaskóla?

Flóahreppur auglýsir eftir leikskólastjóra við leikskólann Krakkaborg. Um er að ræða 100% starf. Leikskólinn Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli sem þjónar um 45 börnum frá 12 mánaða aldri til 6 ára aldurs. Starfsemi leikskólans fer fram í nýlegu, mjög rúmgóðu húsnæði í Þingborg við Suðurlandsveg. Laun og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Leitað er að starfsmanni með kennaramenntun eða aðra uppeldismenntun og reynslu af stjórnun og starfi innan leikskóla. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2022.

Gerð er krafa um:

- Kennaramenntun eða aðra uppeldismenntun
- Menntun og/eða reynslu af stjórnun og rekstri sem nýtist í starfi
- Mikla skipulagshæfileika
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikla hæfni í samskiptum

Lögð er áhersla á:

- Að börnin þroskist og dafni í leik og starfi
- Gott samstarf og samvinnu við forráðamenn og íbúa sveitarfélagsins
- Gott samstarf við grunnskóla sveitarfélagsins, Flóaskóla

Starfssvið:

- Stefnumótun, stjórn og ábyrgð á skipulagi daglegs starfs
- Ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á fjárhagsáætlunum og rekstri
- Fagleg forysta
- Ráðningar og starfsmannastjórnun
- Samstarf við fræðslunefnd og foreldrasamfélagið
- Vinna með starfsmönnum að sameiginlegum markmiðum leikskólans

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Flóahreppur velliðan fyrir alla

Frekari upplýsingar veita sveitarstjóri Flóahrepps Eydís Þ. Indriðadóttir í síma 480 4370, floahreppur@floahreppur.is og leikskólastjóri Sara Guðjónsdóttir í síma 866 2732, sara@floahreppur.is

FAST Ráðningar

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á vefsíðunni www.fastradningar.is og láta fylgja með ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl nk.

KRÓNAN

Erum við að passa saman?

Sérfræðingur í vörustýringu

Í boði er krefjandi, fjölbreytt og spennandi starf fyrir öflugan einstakling til að sinna starfi sérfræðings í vörustýringu hjá Krónunni.

Vörustýring Krónunnar hefur umsjón með pöntunum inn í vöruhús frá innlendum og erlendum birgjum, sér um dreifingu vara til viðskiptavina, ofl.

Helstu verkefni eru:

- Pantanir frá innlendum og erlendum birgjum
- Birgðastýring og dreifingar til viðskiptavina
- Samskipti við flutningsaðila, vöruhús og viðskiptavini
- Umbótaverkefni
- Ýmis önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð almenn tölvuþekking
- Góð greiningarhæfni og þjónustulund
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Þekking á AGR og Navision kostur

Fylltu út umsókn á **kronan.is/atvinna** Umsóknarfrestur er til og með **17. apríl.**
Nánari upplýsingar veitir: Jón Ingi Einarsson **joningi@kronan.is** eða í síma: **824 8596**

www.kronan.is

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Kennarar

Verzlunarskóli Íslands auglýsir lausar stöður kennara fyrir skólaárið 2022-2023.

Kennari í íslensku
Auglýst er eftir kennara í 100% starf í íslensku.

Kennari í viðskiptagreinum
Auglýst er eftir kennara í 100% starf í viðskiptagreinum.

Hæfnikröfur:
- Háskólapróf í viðkomandi greinum.
- Kennsluréttindi.
- Reynsla af kennslu í framhaldsskóla er kostur.

Við bjóðum:
- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen, skólastjóri.
Umsóknarfrestur er til 25. apríl og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1000 nemendur. Skólinn er bekkjaskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.

ÁS STYRKTARFÉLAG

Yfirþroskaþjálfi/ deildarstjóri

Kastalagerði

Ás styrktarfélag óskar eftir yfirþroskaþjálfa eða deildarstjóra til starfa á heimili í Kastalagerði, Kópavogi.
Starfshlutfallið er 80 %, dagvinna og ein helgi í mánuði.

Staðan er laus frá 01.06.2022.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Ber ábyrgð á faglegu starfi í samvinnu við forstöðumann
- Ber ábyrgð á að þjónustuáætlanir séu uppfærðar og byggðar á óskum íbúa og fagleg mati
- Tryggir að sjálfsákvörðunarréttur íbúa sé virtur og að veitt sé einstaklingsmiðuð þjónusta
- Veitir íbúum stuðning og ráðgjöf í daglegu lífi
- Setur sig inn í tjáningarform eða sérstakar aðstæður íbúa
- Eftirlit með líkamlegu og andlegu heilsufari íbúa
- Kemur að starfsmannamálum í samvinnu við forstöðumann
- Veitir starfsmönnum faglega fræðslu og ráðgjöf
- Vinnur að gæðaviðmiðum og lýsingum
- Staðgengill forstöðumanns í lengri fjarveru.

Hæfniskröfur:
- B.A.próf í í þroskaþjálfafræðum og starfsréttindi eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekkingar á sviði þjónustu við fatlað fólk og ríkjandi hugmyndfræði
- Góð samskipta- og samstarfsfærni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta ásamt góðrar íslensku- og enskukunnáttu
- Að minnsta kosti 3 eða 5 ára starfsreynsla í sambærilegu starfi

Við hvetjum áhugasama, óháð kyni og uppruna að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 21.04.2022.

Nánari upplýsingar veitir Lára Rannveig Sigurðardóttir í síma 568-0206 á virkum dögum. Atvinnuumsókn ásamt ferilskrá sendist á lara@styrktarfelag.is

Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags.

Ás styrktarfélag hefur fengið vottun á jafnlaunakerfi sitt samkvæmt ÍST 85:2012. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.



ÍSLANDSHÓTEL ÓSKA EFTIR AÐ RÁÐA Í STÖRF Á FJÁRMÁLASVIÐI

ENDURSKOÐANDI

Helstu verkefni endurskoðanda eru uppgjör og gerð ársreikninga Íslandshótela og dótturfélaga.

VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Uppgjör samstæðunnar, móður- og dótturfélaga
- Framsetning ársreikninga félaganna
- Gerð skattframtala
- Önnur verkefni á sviði endurskoðunar og reikningsskila

MENNTUN OG HÆFNISKÖRFUR:

- Löggilding í endurskoðun kostur
- Meistaranám í reikningshaldi eða fjármálum kostur
- Reynsla af endurskoðun og uppgjörum
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Góð tölvukunnátta
- Góð tök á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

LÖGFRÆÐINGUR

Helstu verkefni lögfræðings eru samingagerð og umsjón með lögfræðileg málefnum félagsins.

VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Samninga- og skjalagerð
- Samskipti við eftirlitsaðila, fyrirtæki og stofnanir
- Umsjón með regluvörslu og persónuverndarmálum
- Lögfræðileg ráðgjöf
- Skjalaumsjón

MENNTUN OG HÆFNISKÖRFUR:

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af vinnu við lögfræðileg málefni
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Góð tök á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

Umsækjendur senda inn umsókn ásamt ferilsskrá og kynningarbréfi á ráðningarvef Íslandshótela, islandshotel.is/storf
merkt: Endurskoðandi - Íslandshótel // merkt: Lögfræðingur - Íslandshótel

Óskir um nánari upplýsingar sendist á Kolbrúnu Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Fjármálasviðs, **kolbrun.jonsdottir@islandshotel.is**

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.
Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022

ÍSLANDSHÓTEL

HÓTEL REYKJAVÍK
CENTRUM | GRAND | SAGA

FOSSHOTEL
AROUND ICELAND

Íslandshótel er leiðandi í ferðaþjónustu og rekur 18 hótel hringinn í kringum Ísland undir vörumerkjunum Fosshótel og Reykjavíkurhótel. Félagið opnaði sitt fyrsta hótel árið 1992. Meginstarfsemi Íslandshótela er hótelgisting auk þess er veitingareksturs á hótelunum og ráðstefnuhald á stærri hótelum félagsins. Dótturfélög Íslandshótela Höfuðborgareignir, Vestureignir, Aðalstræti 100, Norðureignir og Suðureignir eru fasteignafélög sem eiga og reka 15 af þeim fasteignum þar sem hótel félagsins eru starfrækt.

Leikskólastjóri í leikskólann Furugrund

Leikskólinn Furugrund er fjögurra deilda leikskóli í Fossvogsdalnum í Kópavogi. Í leikskólanum er mikill mannauður, starfsmannaveltan er mjög lág og þar starfar hátt hlutfall leikskólakennara.

Helstu áherslur leikskólans eru: Að rækta með börnunum sjálfstæði og jákvæða sjálfsmynd. Markmiðið er að börnin upplifi öryggi, virðingu, traust og hlýju í daglegu starfi. Frjáls leikur er í öndvegi ásamt skipulögðu námi og starfi, s.s. leikfimi, jóga og útikennslu.

Leikskólinn hefur ítrekað verið þátttakandi í Erasmus+ Evrópuverkefnum. Í ár er leikskólinn þátttakandi í verkefni þar sem áhersla er á lýðheilsu og heilbrigði.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi í sínum skóla, veita faglega forystu og búa yfir hæfni og frumkvæði til að skipuleggja skapandi leikskólastarf í samvinnu við starfsmenn, forráðamenn og menntasvið.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða Diplóma að lágmarki) á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Reynsla af rekstri leikskóla og gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana er æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig bæði í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022. Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar **https://kopavogur.alfred.is/**

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Samband Stjórnendafélaga STF óskar eftir

Mennta- og kynningafulltrúa

Starfið felst í:

- Kynningu á STF á landsvísu og á starfssvæðum tíu aðildafélaga sem eru innan sambandsins um allt land.
- Umsjón með endurmenntun fyrir félagsmenn og stjórnendanámi sem unnið er í samvinnu við Háskólann á Akureyri.
- Mánaðaruppgjöri, umsjón og skráningum í orlofskerfinu Frímann fyrir hönd STF.
- Samskiptum við aðildarfélög og stjórnir þeirra.
- Samskiptum við félagsmenn.
- Hönnun kynningarefnis og almenn skrifstofustörf.

Umsóknafrestur er til og með 25. apríl næstkomandi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júlí eða fyrr.

Hæfniskröfur umsækenda eru:

- Þekking/reynsla af upplýsingatækni.
- Þekking/reynsla af kynningar- og menntamálum.
- Mjög gott vald á íslensku í máli og ritun, ásamt kunnáttu í ensku í máli og ritun.
- Góð tölvukunnátta; Word, Excel, Powerpoint og Outlook, ásamt dk bókhaldskerfi er kostur.
- Góð þjónustulund ásamt þekkingu á starfssemi stéttarfélaga er kostur.

Starfstöð er á skrifstofu STF í Hlíðasmára 8, Kópavogi. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað. Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á netfangið johannb@stf.is

Nánari upplýsingar um starfið er í síma 8989929 hjá Jóhanni Baldurssyni, forseta og framkvæmdastjóra STF.

Samband stjórnendafélaga

Hlíðasmári 8 · 201 Kópavogur · Sími 553 5040 · www.stf.is

SVIÐSSTJÓRI FORVARNASVIÐS

Starf sviðsstjóra forvarnasviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins er laust til umsóknar. Sviðið hefur eftirlit með því að ákvæðum laga og reglna á sviði brunavarna sé fylgt með virku eldvarnareftirliti ásamt því að sinna forvörnum á sviði brunavarna á þjónustusvæði slökkviliðsins.

Á sviðinu starfa í dag 11 einstaklingar við skoðanir og hönnunareftirlit. Sviðsstjóri forvarnasviðs er hluti af framkvæmdastjórn slökkviliðsins.

Starfið er umfangsmikið og krefjandi og hentar einstaklingi sem hefur góða samskiptafærni, lausnamiðaða hugsun og brennandi áhuga á að vinna að úrbótum og forvörnum á sviði brunavarna.

Hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins starfar öflugur hópur fólks að fjölbreyttum verkefnum á sviði brunavarna og sjúkraflutninga, ásamt ýmsum öðrum verkefnum á sviði björgunar, forvarna og almannavarna.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins | www.shs.is

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tæknifræði, arkitektúr eða byggingafræði
- Árangursrík reynsla af stjórnun umfangsmeiri verkefna
- Reynsla af mannaforráðum er kostur
- Áhugi á brunavörnum
- Reynsla af vinnu þar sem reynir á stjórnsýslu kostur
- Góð tölvufærni
- Mjög góð íslenskukunnátta og góð enskukunnátta, þekking á einu Norðurlandamál er kostur
- Ákveðni, drifkraftur og framsækni
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum

Um er að ræða 100% starf. Við hvetjum öll, óháð kyni, til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir, mannauðsstjóri á gudnye@shs.is eða í síma 528-3000.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og færni til að gegna starfinu. Umsókn berist á netfangið **starf@shs.is**.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 18. apríl

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar stöðu forstöðumanns íþróttamannvirkja

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á starfsemi íþróttamannvirkja
- Rekstur og dagleg stjórnun
- Starfsmannamál
- Stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlana
- Náið samstarf við Íþróttabandalag, skólasamfélag og aðra sem sinna tómstundarmálum

Sótt er um rafrænt í gegnum alfred.is

Umsóknafrestur er til og með 21. apríl
Nánari upplýsingar veitir Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs í síma 433-1000 eða á netfanginu valgerdur.janusdottir@akranes.is

Akranes.is

Akraneskaupstaður

ESA | EFTA Surveillance Authority

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 450 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs staff members of 20 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

Legal Officer Internal Market Affairs

ESA is recruiting a legal officer to join its Internal Market Affairs Directorate (IMA). In monitoring the effective implementation of Internal Market rules into domestic law in the EEA EFTA States, ESA performs broadly the same role as that of the European Commission in the EU Member States and the two bodies work closely together.

IMA is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. The successful candidate will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of general Internal Market law. Day to day tasks include the examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports.

A high proportion of cases handled by IMA involve Norway and Liechtenstein, where the majority of the documentation is in Norwegian and German respectively. As such, we are looking for a lawyer who can bring experience and expertise of dealing with EEA law on the four freedoms and with knowledge of German and/or Norwegian.

Experience in other areas of EEA law is also desirable. Depending on workload and other requirements, the responsibilities may also cover other general or specific issues relating to EEA law.

Job Reference 12/2022 - Deadline for applications: Sunday 8 May 2022 at midnight CET **- Start date: 1 September 2022** (or earlier)

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

REYKJALUNDUR endurhæfing

Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra hjúkrunar á Reykjalundi endurhæfingu ehf. Um er að ræða 100% starf. Allt að 50% hluti starfsins er þátttaka í klínískum verkefnum.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar situr í framkvæmdastjórn Reykjalundar og heyrir undir forstjóra. Hann ber ábyrgð á hjúkrunarþjónustu starfseminnar á báðum meðferðarsviðum Reykjalundar. Jafnframt er hann sviðsstjóri á meðferðarsviði 2. Hann skipuleggur og samhæfir faglegt meðferðarstarf í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra. Hann tryggir mönnun hjúkrunarfræðinga í teymum og vinnur að framgangi markmiða, stefnu og sýn Reykjalundar.

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi skv. lögum 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn.
- Klínísk framhaldsmenntun og/eða starfsreynsla á sviði endurhæfingar og/eða stjórnunar.
- Þekking á rekstri heilbrigðisstofnana.
- Þekking og reynsla af þverfaglegri teymisvinnu.
- Leiðtogahæfileikar og stjórnunarreynsla.
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum.
- Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður í starfi.

Umsóknarfrestur er til 2. maí 2022.

Umsækjendum er bent á að ráðið er í þetta starf, sem og öll störf í framkvæmdastjórn Reykjalundar, til 5 ára í senn með möguleika á framlengingu til 5 ára í hvert sinn.

Upplýsingar um starfið veita
Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri
gudbjorg@reykjalundur.is – sími 585 2143
Pétur Magnússon forstjóri
petur@reykjalundur.is – sími 585-2140.

Umsókn skal skilað til Guðbjargar Gunnarsdóttur mannauðsstjóra Reykjalundar - gudbjorg@reykjalundur.is

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á www.reykjalundur.is

Reykjalundur endurhæfing ehf. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Langanesbyggð leitar eftir skrifstofustjóra

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Sveitarfélögin Langanesbyggð og Svalbarðshreppur eru nú í sameiningarferli og ný sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags tekur við að loknum kosningum 14. maí. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Skólinn var endurnýjaður árið 2016 og er öll aðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar. Nýr leikskóli var tekinn í notkun haustið 2019. Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Á staðnum er gott íþróttahús og innisundlaug og stendur Ungmennafélag Langaness fyrir öflugu íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

Skrifstofustjóri

Skrifstofustjóri er yfirmaður skrifstofu Langanesbyggðar og heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill hans. Hann hefur faglega forystu og verkstjórn á daglegum verkefnum skrifstofunnar. Hann hefur umsjón með stjórnsýslu, fjármálum og starfsmannahaldi sveitarfélagsins og stofnana þess í umboði sveitarstjóra.

Helstu verkefni eru:

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum skrifstofunnar.
- Umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins í umboði sveitarstjóra.
- Undirbúningur og frágangur funda sveitarstjórnar, nefnda og ráða
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem gilda hverju sinni og heyra undir sveitarfélagið.
- Tekur þátt í faglegri framkvæmd verkefna á grunni sérfræðiþekkingar sinnar.
- Umsjón með heimasíðu sveitarfélagsins og birtingu fundargerða
- Yfirumsjón og ábyrgð með leyfisveitingum, uppfærslum á samþykktum, reglum og gjaldskrám.

Menntun:

- Á sviði viðskipta, stjórnsýslu eða lögfræði.

Reynsla:

- Úr stjórnsýslu og rekstri.
- Af stefnumótun og verkefnastjórnun æskileg.
- Á skjalastjórnunar- og bókhaldskerfum æskileg.
- Á sviði kjaramála, stjórnunar, og samningagerðar æskileg.

Hæfni:

- Í samskiptum.
- Frumkvæði og lausnamiðuð vinnubrögð.
- Greiningarhæfni ásamt hæfni í úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Gott vald á íslensku og enskukunnátta.

Nánari upplýsingar veitir:

Jónas Egilsson, sveitarstjóri - jonas@langanesbyggd.is

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2022 en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið.

Skólameistari
Menntaskólans á Akureyri

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skólameistara Menntaskólans á Akureyri.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu, stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Þá ber skólameistari ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt auk þess að hafa frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Að auki gegnir skólameistari mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og er mikilvægt að umsækjendur hafi skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

Hæfni- og menntunarkröfur

- Starfsheitið kennari ásamt viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
- Umfangsmikil stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Þekking á fjármálum, rekstri og áætlanagerð.
- Reynsla af verkefnastjórn og stefnumótunarvinnu.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skýr framtíðarsýn og hæfileiki til nýsköpunar.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.

Mennta- og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá **1. ágúst 2022**.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 39. gr. a í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2022.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Starfatorgs: starfatorg.is.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Erum við að leita að þér?

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Brennur þú fyrir borgarmálum?
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavíkurborg leitar að kraftmiklum og fróðleiksfúsum verkefnastjóra í teymi atvinnu- og borgarþróunar

Við erum að leita að forvitinni, ástríðufullri og kröftugri manneskju sem getur bæði sjálf og í samstarfi við hagaðila haldið utan um áhugaverð verkefni á sviði atvinnu- og borgarþróunar í Reykjavíkurborg. Stærsta verkefni viðkomandi er SPARCS - Sustainable energy Positive & zero cARbon CommunitieS sem er evrópskt rannsóknarverkefni um orkuskipti og kolefnishlutleysi borga.

Um er að ræða tímabundna ráðningu til september 2024. Starfshlutfall er 100%. Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2022.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Óli Örn Eiríksson teymisstjóri atvinnu- og borgarþróunarteymis í gegnum tölvupóstfangið **oli.orn.eiriksson@reykjavik.is.**

Sótt er um starfið á **http://reykjavik.is/storf**

Reykjavík

Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkefnastjórnun og útfærsla á verkefninu SPARCS í Reykjavík
- Þátttaka í fjölda verkefna á sviði atvinnu- og borgarþróunar
- Þátttaka í samtali og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagaðila
- Vera hluti af metnaðarfullu, ástríðufullu og skapandi teymi sem brennur fyrir borgarmálum
- Skipuleggja og halda viðburði, fundi og ráðstefnur, þá helst í tengslum við SPARCS

Hæfniskröfur

- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð og skapandi hugsun
- Geta til þess að læra hratt, vinna undir álagi og takast á við óvissu
- Framsýni, metnaði, frumkvæði og skipulagshæfileikum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna í teymi
- Hæfni til að tjá þig í ræðu og riti á íslensku (C2) og ensku (C1) skv. evrópska tungumálarammanum

ESA | EFTA Surveillance Authority

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 450 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs staff members of 20 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

Legal Officer

Internal Market Affairs, Food and Veterinary Unit

ESA is recruiting a Legal Officer to join its Internal Market Affairs Directorate (IMA), in the Food and Veterinary Unit (FVU). The successful candidate will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to Food Safety and Veterinary areas. The successful candidate will also provide legal support to ESA's veterinary inspectors in their audits on food and feed safety, animal health and welfare of the food chain. Tasks include monitoring the timely implementation of EEA legislation in the EFTA EEA States, examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports.

IMA is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law.

For this particular vacancy, we are looking for candidates with experience of dealing with food and feed safety and/or animal health and welfare. We are looking for a well-qualified candidate with at least 3 years' relevant experience from the public and/or private sector.

Job Reference 11/2022 - Deadline for applications: Sunday 1 May 2022 at midnight CET - Start date: Autumn 2022

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

Forsætisráðuneytið auglýsir eftir **leiðtoga um sjálfbæra þróun**



Forsætisráðuneytið leitar eftir leiðtoga til að leiða samhæfingu verkefna á sviði sjálfbærrar þróunar og réttlátra umskipta. Um er að ræða nýtt starf og hefur viðkomandi tækifæri til að koma að mótun verkefnisins. Meðal áhersluatriða er mótun stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun, samvinna við sveitarfélög og við aðila vinnumarkaðarins um réttlát umskipti og samhæfing ólíkra ráðuneyta við eftirfylgni aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

Helstu verkefni

- Hafa yfirumsjón með verkefninu og leiða þróun þess.
- Móta markmið, áherslur og forgangsröðun verkefna.
- Tryggja framkvæmd og framgang verkefna.
- Veita upplýsingar um stefnu og verkefni sjálfbærs Íslands.
- Undirbúa fundi stýrihóps og samráðsvettvangs verkefnisins, sem og að annast önnur samskipti eins og við á.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af störfum sem tengjast hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
- Þekking á loftslagsmálum, réttlátum umskiptum og velsældaráherslum.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og drifkraftur.
- Framúrskarandi samskipta- og samvinnuhæfileikar.
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli.
- Reynsla af stjórnun og stefnumótun æskileg.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni.

Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá birtingu auglýsingar, sbr. reglur um auglýsingar lausra starfa nr. 1000/2019.

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2022. Sótt er um starfið á Starfatorgi.

Nánari upplýsingar veitir

Bryndís Hlöðversdóttir, ráðuneytisstjóri
í forsætisráðuneytinu; bryndis.hlodversdottir@for.is

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Toyota Kauptúni

VERKSTJÓRI Á STANDSETNINGU

Toyota Kauptúni leitar að metnaðarfullum einstaklingi í framtíðarstarf verkstjóra á Standsetningu. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

STARFSSVIÐ:
- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Verkstjórn
- Verkskipulag og samskipti við aðrar deildir
- Þrif og standsetning bíla
- Mannaforráð
- Skráning nýrra bíla

HÆFNISKRÖFUR:
- Leiðtogahæfni
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, vinnugleði og rík þjónustulund

Vinnutími: Mánudaga – föstudaga 08:00 – 17:00

Í húsnæði Toyota að Kauptúni 6 í Garðabæ er glæsileg starfsmannaaðstaða, fullkomið mötuneyti, þægilegt vinnuumhverfi og frábærir vinnufélagar. Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 25. apríl n.k..

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast í gegnum ráðningarvef félagsins á, **www.toyotakauptuni.is**
Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu **fanny@toyota.is**

Toyota á Íslandi | Kauptúni 6 | 570-5070

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Aðstoðarleikskólastjóri við leikskólinn Heiðarborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu aðstoðarleikskólastjóra í Heiðarborg.

Heiðarborg er fjögurra deilda leikskóli við Selásbraut í Árbæ í næsta nágrenni við falleg útivistarsvæði í Elliðaárdal, Víðidal og við Rauðavatn.
Einkunnarorð skólans eru vinátta - gleði - virðing. Í uppeldisstarfinu er einkum horft til kenninga John Dewey og fjölgreindakenningar Howard Gardner og áhersla lögð á að horfa á styrkleika barnanna og nýta þá í náminu. Heiðarborg er Grænfánaleikskóli, útikennsla er á öllum deildum og markvisst er unnið að því að efla þekkingu og virðingu barnanna fyrir náttúrunni, m.a. með ræktun matjurtagarðs. Leikskólinn tekur einnig þátt í vináttuverkefni Barnaheilla og er Heilsueflandi leikskóli.
Unnið er að innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar með áherslu á sköpun og börnin fá fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þróunarverkefnið Stígur á milli stiga er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Seláshverfi og miðar að því að auka samstarf og samvinnu milli skólastiga, elstu börnin í leikskólanum fara reglulega í heimsókn í grenndarsvæðið Heimahaga til að vinna sameiginleg verkefni með yngstu nemendum grunnskólans. Gott samstarf er einnig við foreldra og grenndarsamfélagið, s.s. hestamannafélagið Fák, íþróttafélagið Fylki og félagsmiðstöð eldri borgara í hverfinu.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Heiðarborg.

Meginhlutverk aðstoðarleikskólastjóra er að:
- Vinna með leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu kennslu- og uppeldisstarfsins.
- Vera staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans.
- Taka þátt í stefnumótun og áætlanagerð leikskólans.
- Sjá um samskipti og samvinnu við foreldra í samráði við leikskólastjóra.
- Vera faglegur leiðtogi.
- Sinna öðrum verkefnum sem leikskólastjóri felur honum.

Menntunar og hæfniskröfur
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf sem leikskólakennari.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Áhugi og/eða reynsla af að leiða þróunarstarf.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð íslenskukunnátta.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf til að nota starsheitið leikskólakennari.
Ráðið verður í stöðuna frá 1.júní 2022 eða samkvæmt samkomulagi. **Umsóknarfrestur er til og með 21.apríl 2022.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Benný Hannesdóttir leikskólastjóri í síma 4116570 og 6907493
Netfang: johanna.benny.hannesdottir@rvkskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Skapandi aðjúnkt óskast

HÍ

Laust er til umsóknar starf aðjúnkts á sviði hönnunar- og smíðakennslu til tveggja ára við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Meðal viðfangsefna aðjúnktsins verða kennsla og rannsóknir á sviði hönnunar- og smíðakennslu. Starfið tilheyrir Deild faggreinakennslu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Kennsla námskeiða í hönnun og smíði fyrir verðandi leikskólakennara, grunnskólakennara og tómstundafræðinga.
- Leiðsögn með lokaverkefnum nemenda.
- Rannsóknir á sviði hönnunar- og smíðakennslu.
- Þátttaka í þróun kennsluhátta og rannsókna í hönnunar- og smíðakennslu innan Menntavísindasviðs.

Hæfniskröfur

- Umsækjendur skulu hafa lokið meistaraprófi á sviði hönnunar- og smíðakennslu.
- Þekking og reynsla af hönnunar- og smíðakennslu á vettvangi, ekki síst í leik- og grunnskóla.
- Reynsla af kennslu á háskólastigi er æskileg, sem og reynsla af vinnu við rannsóknir.
- Þá er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Gísli Þorsteinsson, prófessor, **cdt@hi.is**, **S: 525 5359**.

Sótt er um starfið á Starfatorgi eða www.hi.is/lausstorf
Umsóknarfrestur er til og með 02.05.2022

Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík, +354 525 4000, **www.hi.is**

Sölustjórar á fagsölusviði
- spennandi tækifæri!

HÚSASMIÐJAN

Við leitum að metnaðarfullum og árangursdrifnum leiðtogum í tvö spennandi störf, sölustjóra málningarvöru og lagnavöru.
Sölustjórar bera ábyrgð á því að skipuleggja og stjórna sölu og starfsemi sinnar deildar. Þeir leiða teymi sölufulltrúa í að fylgja eftir söluáætlunum, verkferlum og stefnu fyrirtækisins ásamt því að miðla þekkingu til verslana okkar um land allt. Sölustjórar tilheyra öflugum hópi fagsölusviðs sem staðsett er í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar í Kjalarvogi og vinna náið með framkvæmdastjóra fagsölusviðs, vörusviði og sölufulltrúum um land allt.

Sölustjóri málningarvöru

Helstu verkefni:
- Sala og þjónusta til viðskiptavina
- Öflun og viðhald viðskiptatengsla, yfirumsjón með lykilviðskiptavinum
- Gerð söluáætlana, tilboðsgerð og eftirfylgni tilboða
- Skipulag söluferða, vörukynninga og greining sölutækifæra
- Samstarf varðandi markaðssetningu, vöruþróun og innkaup

Hæfniskröfur:
- Menntun í málaraiðn og/eða djúp þekking á greininni
- Reynsla af sölustörfum og tilboðs- og áætlanagerð
- Leiðtogafærni og mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Öguð vinnubrögð, frumkvæði og drifkraftur
- Góð tölvukunnátta og góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti

Sölustjóri lagnavöru

Helstu verkefni:
- Tilboðsgerð, sala og þjónusta til viðskiptavina
- Öflun og viðhald viðskiptatengsla, yfirumsjón með lykilviðskiptavinum
- Gerð söluáætlana, skipulag söluferða, vörukynninga og heimsókna til viðskiptavina
- Greining sölutækifæra og markaðsaðstæðna
- Samstarf varðandi markaðssetningu, innkaup og dreifingar vöru

Hæfniskröfur:
- Menntun í pípulögnum og/eða djúp þekking á greininni
- Reynsla af sölustörfum og tilboðs- og áætlanagerð
- Leiðtogafærni og mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Öguð vinnubrögð, frumkvæði og drifkraftur
- Góð tölvukunnátta og góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti

Við bjóðum:
- Styrki til heilsueflingar
- Aðgang að orlofshúsum
- Afsláttarkjör í verslunum Húsasmiðjunnar, Ískrafts og Blómavals
- Líflegan vinnustað, góðan starfsanda og sterka liðsheild

Nánar:
- Kenneth Breiðfjörð framkvæmdastjóri fagsölusviðs á **kb@husa.is.**
- Við hvetjum alla áhugasama til þess að sækja um, óháð kyni.
- Umsóknarfrestur er til **19. apríl 2022**
- Sótt er um starfið á **www.husa.is/laus-storf/**

Framúrskarandi fyrirtæki 2017 2021

VILTU VINNA VIÐ SKEMMTILEG OG KREFJANDI SKIPULAGSVERKEFNI?

Landmótun auglýsir eftir sérfræðingi í landupplýsingakerfum og með reynslu af skipulagsmálum. Leitað er að fjölhæfum og lausnamiðuðum aðila til að sjá um gerð og greiningar á landfræðilegum gögnum ásamt framsetningu á skipulagsgögnum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða í landfræðilegum upplýsingakerfum, skipulagsfræði, landslagsarkitektúr, landfræði eða sambærileg menntun.
- Þekking á hönnunarforritum og landupplýsingakerfum.
- Reynsla af skipulagsvinnu æskileg.
- Gott vald á íslenskri tungu og framsetningu á texta og kynningarefni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Landmótun er teiknistofa sem hefur veitt alhliða ráðgjöf um skipulag og hönnun í 28 ár. Verkefnin spanna allt frá stórum skipulagssvæðum í óbyggðri náttúru, skipulagi fyrir sveitarfélög og stefnumótun og hönnun í byggðu umhverfi. Lögð er áhersla á að móta öruggt og innihaldsríkt umhverfi sem tekur mið af aðstæðum á hverjum stað, vinna með samspil mannlífs og náttúru, stuðla að sjálfbærni og auka lífsgæði.

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2022 og skulu umsóknir berast á netfangið *margret@landmotun.is*.

Nánari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðu Landmótunar www.landmotun.is. Áhugasömum er einnig bent á að hafa samband við Margréti í síma 575 5305.

LANDMÓTUN

Sviðsstjóri
rannsókna- og nýsköpunarsviðs

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Rannís leitar að metnaðarfullum og öflugum sviðsstjóra rannsókna- og nýsköpunarsviðs til að leiða 22 manna teymi sérfræðinga í fjölbreyttum verkefnum. Sviðið er annað tveggja meginsviða stofnunarinnar og fer með umsýslu rúmlega tíu innlendra samkeppnissjóða þar sem þeir stærstu eru Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður, markáætlanir og Innviðasjóður. Þá sér sviðið um þrjá réttindasjóði og er skattfrádráttur rannsókna- og þróunarverkefna þeirra stærstur. Loks sér sviðið um þátttöku Íslands í sex alþjóðlegum áætlunum þar sem Horizon Europe, rannsókna- og nýsköpunaráætlun ESB er umfangsmest. Sviðsstjóri er hluti af stjórnendateymi stofnunarinnar og tekur virkan þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á meistarastigi áskilin
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni
- Mjög góð þekking og reynsla af íslensku rannsókna- og nýsköpunarumhverfi
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi
- Samskiptafærni og færni til að miðla og skapa góða liðsheild
- Rekstrarreynsla ásamt færni í helstu Office forritum
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði tal- og ritmáli
- Mjög góð hæfni í greiningu og lausn verkefna
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Hjörtur Ingþórsson forstöðumaður í síma 515 5830 eða netfanginu agust.h.ingthorsson@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2022.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Rannís, á www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/. Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.

Umsækjendum er bent á að kynna sér starfsemi Rannís og sérstaklega starfsemi rannsókna- og nýsköpunarsviðs og þeirra sjóða og alþjóðlegu áætlana sem sviðið hefur umsjón með.

Rannís er líflegur vinnustaður með um 60 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Fjármálastjóri

Fagefni ehf. óskar eftir að ráða drífandi fjármálastjóra til starfa. Um er að ræða starf fyrir einstakling sem hefur áhuga á að taka þátt í þeim fjölbreyttu verkefnum sem snerta rekstur fyrirtækisins, hvort sem þau snúa að fjármálum, innkaupum eða símsvörun. Leitað er að einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri í ört stækkandi fyrirtæki þar sem tækifærin eru endalaus og starfsandinn góður.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Ábyrgð á daglegri fjármálastjórn, uppgjöri, reikningshaldi og launaútreikningi.
- Ábyrgð á gerð greininga ásamt gerð fjárhags- og rekstraráætlana og ráðgjafar við yfirstjórn.
- Innkaup og samningagerð.
- Þar sem að yfirstjórn er lítil þarf aðili að koma að margvíslegum málum í rekstri fyrirtækisins t.d. önnur tilfallandi verkefni sem getur verið símsvörun og móttaka viðskiptavina.

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af bókhaldi, áætlanagerð og uppgjörum skilyrði.
- Góð greiningarhæfni, framsetning og miðlun fjárhagsupplýsinga.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Drifkraftur, hugmyndaauðgi og lausnamiðuð hugsun.
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á dk bókhaldskerfi.
- Færni í íslensku og ensku í ræðu og riti.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á alda@fagefni.is fyrir 20/04/2022

Fagefni ehf er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem flytur inn, þjónustar og selur hágæða múrefni, þéttiefni og vínylgólfefni frá heims þekktum framleiðendum.

Okkar markmið er alltaf að veita framúrskarandi þjónustu og og safna ánægðum viðskiptavinum.

Fagefni

TÓNLISTARSKÓLI EYJAFJARÐAR

Tónlistarskóli Eyjafjarðar auglýsir eftir tónlistarkennurum í eftirfarandi stöður:

Tónlistar-/tónmenntakennari í 75-100% starfshlutfall.
Tónlistarskóli Eyjafjarðar leitar að tónlistar-/tónmenntakennara til að kenna og móta fjölbreytta tónlistarkennslu við skólann. Sinna þarf fjölþættri kennslu, m.a. forskóla-/tónmenntakennslu í samvinnu við leik- og grunnskóla á starfssvæðinu sem er Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.
Fyrir hæfan og metnaðarfullan aðila eru möguleikar á að þróa og móta starfið en unnið hefur verið með ýmsa þætti eins og marimbukennslu, kórstarf, samsöng, rythmískt samspil o.fl. Hljóðfærakennsla getur verið hluti af starfinu ef umsækjandi óskar.

Tónlistarkennari/Gítarkennari í 50-100% starfshlutfall.
Leitað er eftir kennara með breiðan bakgrunn sem gæti kennt fjölbreytta hljóðfærakennslu byrjenda með áherslu á klassíska gítarkennslu.

Yfirmenn eru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri tónlistarskólans en í nánum samskiptum við aðra stjórnendur leik- og grunnskóla.

Umsækjandi hafi menntun og reynslu sem nýtist í starfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum tónlistarkennara við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða, akstur greiddur samkvæmt samningi. Góð samskiptahæfni er lykilatriði.

Höfuðstöðvar skólans eru á Hrafnagili innan við 10 mínútna akstur frá Akureyri.
Umsóknarfrestur er til 8.maí 2022.

Upplýsingar um starfið veitir Guðlaugur Viktorsson, skólastjóri s.8980525. Fyrirspurnir og umsóknir berist á netfangið te@krummi.is
Skólastjóri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

SPENNANDI TÆKIFÆRI !
- VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ SKAPA BLÓMLEGT BÆJARFÉLAG?

Umhverfis- og mannvirkjasvið hefur umsjón með öllum fasteignum í eigu bæjarins. Helstu verkefni þess eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald eigna og útleiga þeirra. Einnig dagleg stjórnun framkvæmda bæjarins. Undir það fellur hönnun og mælingar, gerð og viðhald gatna og gangstétta, gatnalýsing, sorphirða, garðar og opin svæði. Þá heyra strætó og ferliþjónusta undir sviðið ásamt slökkviliði Akureyrar og rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.

FORSTÖÐUMAÐUR NÝFRAMKVÆMDA OG VIÐHALDS

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og samræming verkefna á sviði nýframkvæmda, endurbóta, viðhalds og reksturs gatna og stíga.
- Stjórnun og samræming á verkefnum umferðar- og gatnalýsingar ásamt umferðaröryggismálum og umferðamerkingum.
- Stjórnun á framkvæmdum og rekstri bifreiðastæðasjóðs.
- Stýring á skipulagi innkaupa, birgðahaldi og starfsmannahaldi.
- Vinna að gerð fjárhags- og starfsáætlana fyrir sína deild.
- Stefnumótun og þróunarvinna á deildinni.
- Samstarf og samskipti við hagsmunaaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð er krafa um háskólapróf (Ba., Bs.) í byggingartæknifræði, byggingarverkfræði eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi. Menntun á framhaldsstigi er krafist, sérsvið í gatna- og umferðarmálum kostur.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum á viðkomandi starfssviði.
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlunargerð.
- Reynsla af stjórnun starfsmanna á sambærilegu verksviði.
- Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg, góð þekking á teikniforritum s.s. Mainmanager-umsýslukerfi UMSA, OneCRM, Excel, MicroStation, Notes og SAP bókhaldsforritinu.
- Hæfni til stjórnunar, skipulagningar, nýsköpunar og innleiðingu nýrra hugmynda og vinnubragða.
- Starfinu fylgja mikil samskipti við deildir bæjarins, hönnuði, verktaka og notendur. Það krefst lipurðar í samskiptum, frumkvæðis og skipulagðra og sjálfstæðra vinnubragða.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

VERKEFNASTJÓRI NÝFRAMKVÆMDIR OG VIÐHALD GATNA OG STÍGA

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hönnunarverkefni á sviði umferðar- og gatnamála.
- Umferðaröryggismál í samvinnu við Skipulagssvið.
- Gerð og viðhald mæliblaða.
- Umsjón og viðhald teiknigrunna og korta.
- Utanumhald um loftmyndir og teikniforrit.
- Eftirlit með framkvæmdum/verkefnastjórn og mælingar.
- Vinna við gagnagrunna og úrvinnslu gagna, s.s. umferðar- og hávaðamál.
- Aðkoma að skipulagsvinnu og kostnaðarmati í samráði við skipulagssvið.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð er krafa um háskólapróf (B.S.) í byggingartæknifræði, umhverfis- og byggingarverkfræði, byggingafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg, góð þekking og reynsla af teikniforritum s.s. Microstation, Excel, mælingarforrit, þekking á One system.
- Þekking og reynsla á mælingartækjum eins og GPS og alstöð og þeim hugbúnaði er þeim fylgir.
- Starfið krefst lipurðar í mannlegum samskiptum, frumkvæðis og skipulagðra og sjálfstæðra vinnubragða.
- Hæfni til stjórnunar, skipulagningar, nýsköpunar og innleiðingar nýrra hugmynda og vinnubragða.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góð framkoma, hæfni í samningaumleitunum og góð þjónustulund er nauðsynleg.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

VERKEFNASTJÓRI NÝFRAMKVÆMDIR OG ENDURBÆTUR FASTEIGNA OG MANNVIRKJA

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með nýframkvæmdum endurbótum fasteigna og annarra mannvirkja.
- Gerð nýframkvæmdaáætlana.
- Umsjón með útboðsferli hönnunar og framkvæmdaverkefna.
- Stýring og eftirlit með framkvæmdum.
- Þátttaka í þróun á stöðluðum/bestu lausnum á sviði byggingaframkvæmda
- Tilfallandi verkefni á umhverfis- og mannvirkjasviði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð er krafa um háskólapróf í verk-, tækni- eða byggingarfræði, eða sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi. Meistaragráða er kostur.
- Farsæl reynsla af verkefnastjórnun á hönnunar og/- eða framkvæmdastigi.
- Reynsla af gerð tíma- og kostnaðaráætlana á hönnunar og/- eða framkvæmdastigi.
- Fagleg þekking á aðferðafræði verkefnastjórnunar. Vottun sem verkefnastjóri er kostur.
- Þekking á hönnunarferli og reynsla af hönnunarrýni.
- Reynsla af rekstri verksamninga er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Ríkir samskiptahæfileikar, jákvætt og lausnamiðað viðhorf.
- Frumkvæði, fagmennska og sjálfstæð vinnubrögð.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Akureyrarbær
Umhverfis- og mannvirkjasvið

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu Mögnum www.mognum.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl.

MÖGNUM

Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.i

Fjölbreytt sumarstörf hjá Skattinum

Skatturinn leitar að áhugasömu, jákvæðu og drífandi fólki til sumarstarfa á starfsstöðvum sínum á höfuðborgarsvæðinu, Keflavík, Akureyri og á Austurlandi. Um fjölbreytt störf er að ræða á hinum margþættu sviðum Skattsins, hvort sem um er að ræða skrifstofustörf, tollvarðarstörf eða önnur störf.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Fáguð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður.
- Ögguð og skipulögð vinnubrögð.

Umsækjendur um sumarstörf tollvarða þurfa auk ofangreinds að hafa náð 20 ára aldri, hafa almenn ökuréttindi sem og að geta framvísað hreinu sakavottorði.

Starfshlutfallið er 100% og hvetur Skatturinn fólk af öllum kynjum til að sækja um störfin.

Umsóknir skulu fylltar út á vef Starfatorgs, ***starfatorg.is***. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags Sameykis.

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl 2022 og er óskað eftir því að umsækjendur tilgreini í umsókn sinni hvort verið sé að sækja um störf tollvarða eða önnur störf og á hvaða landssvæði óskað er eftir að starfa á. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Kristín Gunnarsdóttir í síma 442-1000 eða með tölvupósti á netfangið kristin.gunn@skatturinn.is

---

Skatturinn annast álagningu skatta, tolla og annarra gjalda auk þess að viðhafa eftirlit með réttmæti skattskila. Þá sinnir stofnunin innheimtu opinberra gjalda fyrir ríki og sveitarfélög í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur. Auk þess að tryggja þannig ríkissjóði tekjur þá gegnir Skatturinn margþættu tollgæsluhlutverki á landamærum og veitir samfélaginu vernd gegn ólögmætum inn- og útflutningi vöru. Loks viðheldur stofnunin fjölda skráa sem skipta sköpum fyrir gagnsæi og samkeppnissjónarmið í viðskiptalífinu, s.s. fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá.

Hjá Skattinum starfa tæplega 470 starfsmenn á 15 starfsstöðvum víðsvegar um landið og byggist meginstefna Skattsins í mannauðsmálum á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli allra innan stofnunarinnar.

Skatturinn
skatturinn.is

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

Samband Stjórnendafélaga STF óskar eftir

Mennta- og kynningafulltrúa

Starfið felst í:

- Kynningu á STF á landsvísu og á starfssvæðum tíu aðildafélaga sem eru innan sambandsins um allt land.
- Umsjón með endurmenntun fyrir félagsmenn og stjórnendanámi sem unnið er í samvinnu við Háskólann á Akureyri.
- Mánaðaruppgjöri, umsjón og skráningum í orlofskerfinu Frímann fyrir hönd STF.
- Samskiptum við aðildarfélög og stjórnir þeirra.
- Samskiptum við félagsmenn.
- Hönnun kynningarefnis og almenn skrifstofustörf.

Umsóknafrestur er til og með 25. apríl næstkomandi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júlí eða fyrr.

Hæfniskröfur umsækenda eru:

- Þekking/reynsla af upplýsingatækni.
- Þekking/reynsla af kynningar- og menntamálum.
- Mjög gott vald á íslensku í máli og ritun, ásamt kunnáttu í ensku
  í máli og ritun.
- Góð tölvukunnátta; Word, Excel, Powerpoint og Outlook, ásamt dk bókhaldskerfi er kostur.
- Góð þjónustulund ásamt þekkingu á starfssemi stéttarfélaga er kostur.

Starfstöð er á skrifstofu STF í Hlíðasmára 8, Kópavogi. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað. Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á netfangið johannb@stf.is

Nánari upplýsingar um starfið er í síma 8989929 hjá Jóhanni Baldurssyni, forseta og framkvæmdastjóra STF.

Samband stjórnendafélaga

Hlíðasmári 8 · 201 Kópavogur · Sími 553 5040 · www.stf.is

Þarftu að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Gætir þú leitt sölu- og viðskiptaþróun Orku náttúrunnar?

Við leitum að manneskju sem hefur sterka leiðtogahæfileika, leggur áherslu á liðsheild og býr yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum. Rétta manneskjan getur stutt samstarfsfólk til ábyrgðar og skapað vinnuumhverfi þar sem frumkvæði og umbótahugmyndum er fagnað. Færni í að skapa og innleiða framtíðarsýn sem og geta og vilji til að vinna markvisst að jafnréttis- og öryggismálum er lykilþáttur í starfinu.

Helstu verkefni

- Leiða hóp framúrskarandi samstarfsfólks til árangurs
- Ábyrgð á sölu- og viðskiptaþróunarstarfi
- Ábyrgð á vöruþróun
- Ábyrgð á uppbyggingu Jarðhitagarðs
- Ábyrgð á orkukaupum

Þekking og reynsla

- Reynsla af sölu-, viðskiptaþróun og samningagerð
- Reynsla af ákvarðanatöku á grunni gagnagreiningar
- Áhugi á nýsköpun, orku- og umhverfismálum
- Reynsla af stjórnun og/eða rekstri

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2022
Nánari upplýsingar veitir Ólafur Kári Júlíusson - **starf@on.is**
Öll kyn eru hvött til að sækja um starfið

Tilgangur Orku náttúrunnar er að auka lífsgæði og skapa verðmæti með sjálfbærni að leiðarljósi. Orka náttúrunnar er leiðandi afl í nýsköpun og þróun endurnýjanlegrar orku.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
JAFNRÉTTISRÁÐ
JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Starf sérfræðings á þróunarsviði Byggðastofnunar

Byggðastofnun leitar að öflugum liðsfélaga sem býr yfir frumkvæði, skipulögðum vinnubrögðum og getu til að sinna rannsóknum. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Helstu verkefni

- Framkvæmd megindlegra og eigindlegra rannsókna og úrvinnsla gagna
- Skýrsluskrif og þekkingarmiðlun
- Þátttaka í mótun rannsóknarstefnu og rannsóknaráætlunar á sviði byggðamála
- Faglegur stuðningur við ýmis verkefni á sviði tölfræðigreininga

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla og þekking af rannsóknum
- Færni í textagerð og miðlun rannsóknaniðurstaðna
- Góð færni í samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Kostur er að hafa vald á dönsku, norsku eða sænsku

Aðalskrifstofa stofnunarinnar er í nýju húsnæði á Sauðárkróki en í samræmi við byggðastefnu stjórnvalda er möguleiki á að ráða í starfið óstaðbundið, en skal það þó unnið utan vinnusóknar höfuðborgarsvæðisins. Byggðastofnun hefur tekið saman og birt upplýsingar um mögulegar starfsstöðvar fyrir óstaðbundin störf sem má finna á vefsíðu stofnunarinnar. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina ósk um starfsstöð í umsókn sinni. Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknin getur gilt í allt að sex mánuði frá birtingu. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Senda skal umsókn til Byggðastofnunar, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki eða á netfangið postur@byggdastofnun.is

Umsóknarfrestur er til og með 9. maí 2022

Frekari upplýsingar veitir Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs, sigridur@byggdastofnun.is eða í síma 455 5455

BYGGÐASTOFNUN

REYKJALUNDUR endurhæfing

Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra hjúkrunar á Reykjalundi endurhæfingu ehf. Um er að ræða 100% starf. Allt að 50% hluti starfsins er þátttaka í klínískum verkefnum.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar situr í framkvæmdastjórn Reykjalundar og heyrir undir forstjóra. Hann ber ábyrgð á hjúkrunarþjónustu starfseminnar á báðum meðferðarsviðum Reykjalundar. Jafnframt er hann sviðsstjóri á meðferðarsviði 2. Hann skipuleggur og samhæfir faglegt meðferðarstarf í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra. Hann tryggir mönnun hjúkrunarfræðinga í teymum og vinnur að framgangi markmiða, stefnu og sýn Reykjalundar.

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi skv. lögum 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn.
- Klínísk framhaldsmenntun og/eða starfsreynsla á sviði endurhæfingar og/eða stjórnunar.
- Þekking á rekstri heilbrigðisstofnana.
- Þekking og reynsla af þverfaglegri teymisvinnu.
- Leiðtogahæfileikar og stjórnunarreynsla.
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum.
- Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður í starfi.

Umsóknarfrestur er til 2. maí 2022.

Umsækjendum er bent á að ráðið er í þetta starf, sem og öll störf í framkvæmdastjórn Reykjalundar, til 5 ára í senn með möguleika á framlengingu til 5 ára í hvert sinn.

Upplýsingar um starfið veita
Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri
gudbjorg@reykjalundur.is – sími 585 2143
Pétur Magnússon forstjóri
petur@reykjalundur.is – sími 585-2140.

Umsókn skal skilað til Guðbjargar Gunnarsdóttur mannauðsstjóra Reykjalundar - gudbjorg@reykjalundur.is

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á www.reykjalundur.is

Reykjalundur endurhæfing ehf. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Spennandi störf í boði hjá RARIK

Sérfræðingur í stjórnstöð

RARIK auglýsir eftir öflugu fólki í stjórnstöð fyrirtækisins. Stjórnstöð er ný deild innan rekstrarsviðs og munu sérfræðingar deildarinnar taka þátt í mótun hennar ásamt innleiðingu nýrra kerfa sem notuð verða við úrlausn þeirra spennandi verkefna sem fram undan eru. Þegar deildin tekur til starfa þá mun hún hafa umsjón með vöktun og stýringu veitukerfa RARIK ásamt öðrum verkefnum tengdum rauntímastjórnun og skipulagningu rofs og vinnu. Starfið er unnið að hluta til á dag-, kvöld- og bakvöktum. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni
- Stýring og vöktun veitukerfa RARIK
- Aðgerðastjórnun
- Skipulagning rofs og vinnu
- Kerfisgreiningar og úrbótatillögur
- Samskipti við viðskiptavini
- Upplýsingagjöf til innri og ytri aðila

Hæfniskröfur
- Menntun á sviði tækni- eða verkfræði
- Reynsla af háspennukerfum er kostur
- Góð greiningarhæfni og færni til að setja fram upplýsingar á skýran hátt
- Samskiptahæfni og útsjónarsemi
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt undir álagi

Nánari upplýsingar veita Gísli Þór Ólafsson, deildarstjóri stjórnstöðvar eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. **Umsóknafrestur er til 25. apríl** og skal skila umsókn með ferilskrá og kynningarbréfi á www.rarik.is/atvinna.

Hönnun og áætlanagerð í Stykkishólmi

RARIK ohf. óskar eftir að ráða öflugan einstakling á starfsstöð fyrirtækisins í Stykkishólmi. Í starfinu felst hönnun, gerð verkáætlana o.fl. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við dreifikerfi fyrirtækisins. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni:
- Áætlanagerð
- Hönnun dreifikerfa
- Verkbeiðnaútgáfa
- Verkundirbúningur.
- Samskipti við viðskiptavini
- Þátttaka í svæðisvakt

Hæfniskröfur:
- Rafmagnstæknifræði, rafmagnsiðnfræði
- Þekking og reynsla af háspennukerfum er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking á AutoCad, Netbas og DMM er kostur
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt

Nánari upplýsingar veita Björn Sverrisson, deildarstjóri rekstrarsviðs á Vesturlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. **Umsóknarfrestur er til 25. apríl** og skal skila umsóknum með ferilskrá á www.rarik.is/atvinna.

Mælaumsjón – mælauppsetning á Vesturlandi

RARIK óskar eftir að ráða sjálfstæðan og samviskusaman einstakling í mælaumsjón og mælauppsetningu á Vesturlandi með aðsetur í Stykkishólmi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Umsjón með orkumælum
- Tenging nýrra viðskiptavina
- Samskipti við verktaka og viðskiptavini
- Gagnaskráningar
- Verkundirbúningur

Menntunar- og hæfniskröfur
- Sveinspróf í rafvirkjun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptahæfni
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veita Björn Sverrisson, deildarstjóri rekstrarsviðs á Vesturlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. **Umsóknarfrestur er til 25. apríl** og skal skila umsóknum með ferilskrá á www.rarik.is/atvinna.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200 á um 20 starfsstöðvum sem eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Frelsi
Virðing
Jákvæðni
Metnaður
Vinátta

Laus kennslustörf við Grunnskóla Hornafjarðar veturinn 2022-2023

- **Aðstoðarskólastjóri á eldra stigi, afleysing í eitt ár.**
- **Umsjónarkennsla**
- **Heimilisfræðikennsla**
- **Náttúrufræðikennsla á unglingstigi 50%**
- **Sérkennsla**

Umsækjendur skulu hafa tilskylda menntun og reynslu til starfsins og góð tök á íslensku bæði munnlega og skriflega. Áhersla er á að umsækjandi sýni hæfni í samskiptum, frumkvæði, sé lausnamiðaður og hafi skipulagshæfileika.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi LS og KÍ eða annarra félaga. Umsóknum um starf skal skilað skriflega til skólastjóra fyrir 24. apríl n.k. með upplýsingum um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmælendur. Nánari upplýsingar veitir Eygló Illugadóttir skólastjóri í síma 470-8400 / 846-2227 - eyglo@hornafjordur.is

Í Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 nemendur í tveimur aðskildum húsum. Í öðru húsinu er í 1. – 6. bekkur en 7. – 10. bekkur í hinu. Unnið er eftir hugmyndarfræði uppeldis til ábyrgðar og skólinn er bæði grænfánaskóli og heilsueflandi skóli. Lögð er áhersla á teymisvinnu og innleiðingu fjölbreyttra kennsluhátta m.a. með því að auka ipadvæðingu. Í Grunnskóla Hornafjarðar er góður starfsandi og skólinn er vel búinn. Sveitarfélagið er vel statt og þar er blómlegt mannlíf.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Skólameistari
Kvennaskólans í Reykjavík

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skólameistara Kvennaskólans í Reykjavík.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu, stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Þá ber skólameistari ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt auk þess að hafa frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Að auki gegnir skólameistari mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og er mikilvægt að umsækjendur hafi skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

Hæfni- og menntunarkröfur

- Starfsheitið kennari ásamt viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
- Umfangsmikil stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Þekking á fjármálum, rekstri og áætlanagerð.
- Reynsla af verkefnastjórn og stefnumótunarvinnu.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skýr framtíðarsýn og hæfileiki til nýsköpunar.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.

Mennta- og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá **1. ágúst 2022**.

Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2022.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Starfatorgs: starfatorg.is.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Kennarar

Verzlunarskóli Íslands auglýsir lausar stöður kennara fyrir skólaárið 2022-2023.

Kennari í íslensku
Auglýst er eftir kennara í 100% starf í íslensku.

Kennari í viðskiptagreinum
Auglýst er eftir kennara í 100% starf í viðskiptagreinum.

Hæfnikröfur:
- Háskólapróf í viðkomandi greinum.
- Kennsluréttindi.
- Reynsla af kennslu í framhaldsskóla er kostur.

Við bjóðum:
- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen, skólastjóri.
Umsóknarfrestur er til 25. apríl og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1000 nemendur. Skólinn er bekkjaskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.

ÁS STYRKTARFÉLAG

Yfirþroskaþjálfi/ deildarstjóri

Kastalagerði

Ás styrktarfélag óskar eftir yfirþroskaþjálfa eða deildarstjóra til starfa á heimili í Kastalagerði, Kópavogi.
Starfshlutfallið er 80 %, dagvinna og ein helgi í mánuði.

Staðan er laus frá 01.06.2022.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Ber ábyrgð á faglegu starfi í samvinnu við forstöðumann
- Ber ábyrgð á að þjónustuáætlanir séu uppfærðar og byggðar á óskum íbúa og fagleg mati
- Tryggir að sjálfsákvörðunarréttur íbúa sé virtur og að veitt sé einstaklingsmiðuð þjónusta
- Veitir íbúum stuðning og ráðgjöf í daglegu lífi
- Setur sig inn í tjáningarform eða sérstakar aðstæður íbúa
- Eftirlit með líkamlegu og andlegu heilsufari íbúa
- Kemur að starfsmannamálum í samvinnu við forstöðumann
- Veitir starfsmönnum faglega fræðslu og ráðgjöf
- Vinnur að gæðaviðmiðum og lýsingum
- Staðgengill forstöðumanns í lengri fjarveru.

Hæfniskröfur:
- B.A.próf í í þroskaþjálfafræðum og starfsréttindi eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekkingar á sviði þjónustu við fatlað fólk og ríkjandi hugmyndfræði
- Góð samskipta- og samstarfsfærni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta ásamt góðrar íslensku- og enskukunnáttu
- Að minnsta kosti 3 eða 5 ára starfsreynsla í sambærilegu starfi

Við hvetjum áhugasama, óháð kyni og uppruna að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 21.04.2022.

Nánari upplýsingar veitir Lára Rannveig Sigurðardóttir í síma 568-0206 á virkum dögum. Atvinnuumsókn ásamt ferilskrá sendist á lara@styrktarfelag.is

Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags.

Ás styrktarfélag hefur fengið vottun á jafnlaunakerfi sitt samkvæmt ÍST 85:2012. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar stöðu forstöðumanns íþróttamannvirkja

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á starfsemi íþróttamannvirkja
- Rekstur og dagleg stjórnun
- Starfsmannamál
- Stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlana
- Náið samstarf við Íþróttabandalag, skólasamfélag og aðra sem sinna tómstundarmálum

Sótt er um rafrænt í gegnum alfred.is

Umsóknafrestur er til og með 21. apríl
Nánari upplýsingar veitir Valgerður Janusdóttir sviðsstjói skóla- og frístundasviðs í síma 433-1000 eða á netfanginu valgerdur.janusdottir@akranes.is

Akranes.is

Akraneskaupstaður

Tollverðir

Spennandi störf í lifandi umhverfi

Nokkrar stöður tollvarða í Reykjavík og í Keflavík eru lausar til umsóknar hjá Skattinum - Tollgæslu Íslands. Störf tollvarða eru fjölbreytt og lifandi og þau henta fólki af öllum kynjum.

Í tengslum við ráðningu tollvarðar þarf að þreyta inntökupróf/þrekpróf, en nánari upplýsingar um það er að finna á vefslóðinni *https://www.skatturinn.is/um-rsk/tollskoli-rikisins/inntokuprof/inntokuprof*

Starf tollvarðar felur m.a. í sér:

- Greiningu á áhættu í vöru- og farþegaflæði og úrvinnslu gagna.
- Sérhæfðar leitir, svo sem í bílum, með hundum, gegnumlýsingarbúnaði o.s.frv.
- Almennt tolleftirlit á vettvangi, svo sem í skipum, flugvélum, bílum, gámum, póstsendingum og með farþegum.

Menntunar– og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða menntun sem má meta til jafns við það.
- Greiningarhæfileikar.
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi.
- Samviskusemi, nákvæmni og traust vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Almenn ökuréttindi.

Umsækjendur um störf tollvarða þurfa auk ofangreinds að hafa náð 20 ára aldri sem og að geta framvísað hreinu sakavottorði.

Reynsla og þekking úr öðrum störfum nýtist vel í starfi tollvarða. Háskólamenntun er einnig eftirsóknarverð þar sem í mörgum verkefnum er áhersla á greiningarhæfni, talnalæsi, tölfræði, skýrslugerð og tölvufærni.

Umsóknir skulu fylltar út á vef Starfatorgs, ***starfatorg.is***. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl 2022 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.

Nánari upplýsingar um störfin í Reykjavík veitir Baldur Búi Höskuldsson í síma 442-1000 eða með tölvupósti á baldur.b.hoskuldsson@skatturinn.is, en upplýsingar um störfin í Keflavík veitir Guðrún Sólveig Ríkharðsdóttir í síma 442-1000 eða með tölvupósti á gudrun.s.rikardsdottir@skatturinn.is

Skatturinn
skatturinn.is

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

Sveitarfélagið ÁRBORG

Stekkjaskóli - laus störf

Vilt þú taka þátt í því að byggja upp sterka liðsheild í nýjum grunnskóla á Selfossi?

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa haustið 2021. Í dag fer starfið fram í færanlegum kennslustofum og í lok árs verður tekin í notkun 1. áfangi nýbyggingar skólans. Á komandi hausti verða um 160 nemendur í 1.-5. bekk. Fullbyggður verður skólinn fyrir um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skólabrag. Stefnumörkun skólans tekur meðal annars mið af menntastefnu Árborgar sem byggir á hugmyndinni um skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

- Verkefnastjóri og kennari í upplýsingatækni
- Umsjónarkennarar í 1.-5. bekk, fjórar stöður
- Matreiðslumaður
- Húsvörður
- Stuðningsfulltrúar, tvær 70% stöður

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2022.

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfin veita
Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480-1600 / 863-0922 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is, sími 480-1600. Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is .

Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins http://starf.arborg.is/.

Þarftu að ráða starfsmann?

ráðum
ráðningarstofa

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Erum við
að leita **að þér?**

ALÞINGI

Umsóknir um dvöl í íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn 2022-2023

Íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn, skv. reglum um hús Jóns Sigurðssonar, er laus til afnota tímabilið 23. ágúst 2022 til 22. ágúst 2023.

Allar nánari upplýsingar og sérstök eyðublöð er að finna á heimasíðu Jónshúss: **jonshus.dk** (Fræðimannsíbúð).

Umsóknir um íbúðina skulu hafa borist skrifstofu Alþingis eigi síðar en þriðjudaginn 12. apríl nk.

Skútustaðahreppur

Hjólastígur um Mývatn 2022

Skútustaðahreppur óskar eftir tilboðum í jarðvegsskipti í stíg (án jöfnunarlags og malbiks) með fláum og skeringum, lagningu ræsa, að fjarlægja og endurnýja girðingar ásamt fleiru. Kaflinn sem um ræðir er milli Dimmuborga og Skútustaða og er heildarlengd stígs um 10,1 km.

Helstu magntölur:

Uppúrtekt nýtt í fyllingar og fláa	um 7.000 m³
Efni úr námu verkkaupa	um 16.000 m³
Efni úr námu verktaka	um 17.000 m³
Ræsi	um 40 stk.
Girðingar	um 2.500 m

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. október 2022.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá 12. apríl 2022. Til að fá útboðsgögn þarf að senda upplýsingar um nafn fyrirtækis, forráðamann, netfang og síma á netfangið **kristinn.magnusson@efla.is**

Tilboðum skal skila á Skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn eigi síðar en **þriðjudaginn 26. apríl kl. 11:00** og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, eða fulltrúum þeirra, sem þess óska.

ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

RARIK 22003
Nýbygging yfir spenna
Aðveitustöð Vopnafirði

Helstu magntölur:

Burðarfylling	750	m³
Steinsteypa:	240	m³
Mót:	1.350	m²
Bendistál:	20.500	kg
Byggingastál:	3.250	kg
Þakefni	180	m²

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. október 2022.

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á útboðsvef RARIK (utbod.rarik.is) frá og með miðvikudeginum 1. október 2022.

Skila þarf tilboðum útboðsvef fyrirtækisins fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 3. maí 2022.

RARIK

RARIK ohf. • http://utbod.rarik.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í :

„BES Eyrarbakki – Færanlegar kennslustofur"

Verkið felur í sér smíði og framkvæmd á 2. stk fullbúnum kennslustofueiningum, 1. stk einingu fyrir aðstöðu kennara og stjórnenda, 1. stk matsal og tengigangi, flutningi eininga, uppsetningu og frágangi. Kennslustofueiningarnar skulu þannig gerðar að hægt sé að fjarlægja einingarnar, með krana og setja niður annars staðar, þegar þörf á viðbótar kennsluhúsnæði breytist.

Verkinu skal að fullu lokið 31. júlí 2022.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér: https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/715b76d5-2e8a-4d30-a3a9-2780e2641a72
Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 14.00 þriðjudaginn 19. apríl 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Útboð

Ný útboð í auglýsingu

Hvaleyrarvatn, bílastæði og stígar
Yfirborðsfrágangur á bílastæði og veg við Hvaleyrarvatn ásamt endurbótum og lagningu á nýjum útivistarstíg meðfram Hvaleyrarvatni.
Tilboð verða opnuð 26.04.22 kl. 10

Yfirlagnir á malbiki
Yfirlagnir á malbiki í Hafnarfirði 2022
Áætlað magn er 34.000 m²
Tilboð verða opnuð 19.04.22 kl. 10

Viðgerðir á steyptum gangstéttum
Viðgerðir á steyptum gangstéttum í Hafnarfirði 2022
Áætlað magn er 2.833 m²
Tilboð verða opnuð 19.04.22 kl. 10:30

Útskipting götulampa á Völlum, Áslandi og Hellnahrauni
Í heildina eru þetta rúmlega 1.700 lampar sem þarf að skipta um.
Tilboð verða opnuð 05.05.22 kl. 11

Sorphirða 2023-2031
Reglubundin losun sorps- og flokkunaríláta við heimili í Hafnarfirði ásamt keyrslu á innihaldinu á móttökustaði.
Tilboð verða opnuð 12.05.22 kl. 11

Nánar á:
hfj.is/utbod

Hafnarfjörður

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Vörðuskóli – Endurnýjun þak og gluggar 2022,** útboð nr. 15491.
- **Hverfið mitt 2021-22 - Leiktæki og yfirborðs efni,** útboð nr. 15493.
- **Laugarlækjar – Færanlegar kennslueiningar,** útboð nr. 15494
- **Hlíðaskóli - Færanlegar kennslueiningar,** útboð nr. 15495.
- **Norðlingaskóli, Rauðhóll - Stækkun eldhúss og salar - Frágangur innanhúss, lagnir og rafkerfi,** útboð nr. 15497
- **Brekknaás – Gatnagerð og lagnir,** útboð nr. 15498

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

GATNAGERÐ Smárahvammsvegur – Endurgerð götu

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í gatnagerð við Smárahvammsveg milli Fífuhvammsvegar og Arnarnesvegar. Í verkinu fellst að breyta Smárahvammsvegi úr fjórum akreinum í tvær, gerð hjólareinar við hlið núverandi göngustígs vestan megin við Smárahvammsveg og gerð hjólareinar við hlið akbrautar austan megin við Smárahvammsveg. Gerð upphækkaðra gönguþveranna á allar hliðargötur Smárahvammsvegar sem og á Smárahvammsveg við Arnarnesveg. Uppsetning nýrra lýsingar og ljósastaura á Smárahvammsvegi og stígum. Gerð gróðursvæðis við Smárahvammsveg og nærliggjandi svæði. Uppsetning ljósastýrðra gatnamóta á gatnamótum Fífuhvammsvegar og Smárahvammsvegar sem og við gatnamót Silfursmára/Gullsmára og Smárahvammsvegar. Gerð biðstöðva strætó á Smárahvammsvegi sem og lengingu strætóvasa við Fífuhvammsveg að gatnamótum Fífuhvammsvegar og Smárahvammsvegar Framkvæmdirnar fela í sér allt upprif á núverandi yfirborði þar sem breytingar verða, færsla á niðurföllum, alla jarðvinnu og allan yfirborðsfrágang.

Umfang verks:

- Upprif malbiks og steypu.	4.300 m2
- Uppúrtekt úr götum og stéttum	2.200 m3
- Ljósastólpar	72 stk
- Malbik	11.300 m²
- Kantstein	2.400 m
- Hellu – og steinlagnir	900 m2
- Þökulögn	10.000 m2
- Lagnir	150 m
- Skurðir rafveitulagna	1.895 m3

Verkinu skal að fullu lokið 30. september 2022

Útboðsgögnin eru afhent rafrænt í gegnum útboðsvefinn Tendsign frá og með **12. apríl 2022**, sjá einnig utbodsvefur.is.
Tilboðum skal skila í gegnum útboðsvefinn Tendsign fyrir **kl. 14:00 3. maí 2022.**
Eiginlegur opnunarfundur verðu ekki haldinn, en opnunarskýrsla verður send þeim sem skila inn tilboðum.

Kópavogsbær
kopavogur.is

SELFOSSVEITUR

ÚTBOÐ

Selfossveitur bs óskar eftir tilboðum í verkið:

"Dælustöð við Víkurheiði - 2109345"

Verkið felur í sér byggingu á dælustöð fyrir hitaveitu Eyrarveitu við gatnamót Víkurheiðar og Stekkjarheiðar á Selfossi. Í dælustöðinni setur verktaki upp DN250-DN300 lagnir úr stáli og einangrar og álklæðir. Setja þarf upp og tengja tvær 50 l/s dælur ásamt lokum, einstreymislokum, skynjurum og öðrum búnaði. Verkið felur einnig í sér lagningu á DN300 hitaveitulögnum í jörðu, tengingu við eldri stofnlögn ásamt jarðvinnu. Einnig skal tengja dælustöðina við rafveitu, ljósleiðara, leggja raflagnir fyrir búnað og stýrikerfi þeirra, smíða og setja upp aðaltöflu og stjórnskáp, setja upp hraðabreyta og tengja dælumótora. Jafnframt felur verkið í sér lagningu á bráðbirgða vegslóða að lóð, yfirborðsfrágang og frágang á lóð.

Helstu magntölur:

Gröftur vegna byggingar	250 m^3
Fylling vegna byggingar	450 m^3
Neðra burðarlag	600 m^3
Fráveitulagnir	100 m
Einangraðar hitaveitulagnir	120 m
Bygging dælustöðvar	110 m^2

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2023.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér: https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/3544c51d-495c-42b7-8225-9a904d1c1911
Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11.00 föstudaginn 22. apríl 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

AUGLÝSING

Ríkiskaup fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðs, óskar eftir rekstraraðila til að taka að sér leigu á húsnæði, aðstöðu og búnaði til reksturs og umsjónar veitingasölu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð í Skaftafelli samkvæmt útboðsgögnum sem finna má á Tendsign.is.

Árið 2002 var opnuð gestastofa í Skaftafelli hér. Í grunninn var húsið bara eitt rými með sýningu. Frá árinu 2011 hefur verslunar- og síðan veitingarekstur aukist jafnt og þétt, ný og stækkuð aðstaða fyrir veitingasöluna var tekin í notkun 2015.

Ákveðið hefur verið útvista veitingarekstrinum, bjóða hann út til einkaaðila, sem skal annast veitingarekstur í Skaftafelli á eigin kennitölu og bera á honum ábyrgð.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 21658 skulu sendar rafrænt í gegnum TendSign og verða svör birt þar. Þess er óskað að tilboðum sé skilað í gegnum vefinn Tendsign.is eigi síðar en **föstudaginn, 22. apríl 2022 kl. 11:00.**
Allar nánari upplýsingar um ferlið og kröfur sem bjóðandi verður að uppfylla er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign, á vefslóðinni https://tendsign.is/.

Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.
Sjá nánar á www.utbodsvefur.is

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Auglýsing á deiliskipulagi í botni Friðarhafnar

Vestmannaeyjabær auglýsir tillögu að breyttu deiliskipulagi Hafnasvæðis við Eiði vesturhluti (H-2) á lóð í botni Friðarhafnar (skv. 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010).

Helstu breytingar eru að lóðar- og byggingarreitur við Standveg 104 er stækkar og hámarshæð lækkar úr 18 m í 10-15 m. Bílastæði við bygginguna fækkar úr 53 í 25 stæði. Einnig er gert ráð fyrir svæði fyrir varaaflsstöð.

Skipulagsgögn verða til sýnis hjá Umhverfis -og framkvæmdasviði Skildingavegi 5, frá og með 31. mars til 12. maí 2022 og má einnig finna í skipulagsgátt sveitafélagsins (https://www.vestmannaeyjar.is/thjonusta/skipulag/).



Ábendingum og athugasemdum við tillöguna þarf að skila skriflega eigi síðar en 12. maí 2022 í afgreiðslu Skildingavegi 5, eða á netfangið: umhverfissvid@vestmannaeyjar.is

Utankjörfundar atkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vegna kosninga til sveitarstjórna sem fram fara 14. maí 2022 **hefst þann 15. apríl nk.** og fer eingöngu fram í **Holtagörðum á 2. hæð.**

Opnunartími:

15. - 16. apríl	**kl. 11:00 - 14:00**
19. apríl - 1. maí	**kl. 10:00 - 20:00**
2. maí - 13. maí	**kl. 10:00 - 22:00**

Á kjördag laugardaginn 14. maí verður opið frá kl. 10:00 - 17:00 fyrir kjósendur sem eru á kjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna íbúakosningar í Sveitarfélaginu Hornafirði sem fram fer samhliða kosningum til sveitastjórna fer einnig fram á fyrrgreindum stað og tímasetningum.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
9. apríl 2022
Sigríður Kristinsdóttir

Reykjavík

Byggingarréttur
fyrir atvinnuhúsnæði

Reykjavíkurborg óskar eftir kauptilboðum í byggingarrétt á Álfabakka 4 undir atvinnuhúsnæði.

Lóðin Álfabakki 4 er 6.976 fermetrar og á svæðinu er heimilt að gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi.

Á lóðinni Álfabakki 4 er heimilt að byggja húsnæði undir atvinnustarfsemi allt að 3.000 fermetra ofangjarðar á 1-2 hæðum auk kjallara fyrir tæknirými skv. deiliskipulagsskilmálum sem samþykktir voru í B-deild Stjórnartíðinda 14. mars 2022.

Skilafrestur tilboða er fyrir **kl. 12.00, 29. apríl 2022** á útboðsvef Reykjavíkurborgar http://utbod.reykjavik.is

Tilboð verða opnuð og birt á vef Reykjavíkurborgar http://reykjavik.is/lodir

Nánari upplýsingar er að finna á https://reykjavik.is/lodir-og-lodarleigusamningar

Framlög úr **Framkvæmdasjóði aldraða árið 2022**

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2022. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 468/2014. Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr honum. Vísað er til reglugerðarinnar varðandi upplýsingar um þau verkefni sem heimilt er að veita framlög til, afgreiðslu umsókna og reglur varðandi framlög.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt og er umsóknarformið, ásamt nánari upplýsingum, aðgengilegt á vef heilbrigðisráðuneytisins https://hrn.is og umsóknareyðublöðin á https://minarsidur.stjr.is.

Mikilvægt er að vanda til umsókna og skila nauðsynlegum upplýsingum og fylgiskjölum innan tilskilins frests. Ekki verður tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur er liðinn nema stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra óski sérstaklega eftir því. Umsóknum ber að skila í síðasta lagi fyrir **kl. 16:00 mánudaginn 9. maí 2022.**

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Byggingarréttur fyrir atvinnuhúsnæði

Reykjavíkurborg óskar eftir kauptilboðum í byggingarrétt á Álfabakka 4 undir verslunar- og þjónustustarfsemi

Lóðin Álfabakki 4 er 6.976 m² og á svæðinu er heimilt að gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi

Á lóðinni Álfabakki 4 er heimilt að byggja húsnæði undir atvinnustarfsemi allt að **3.000 m²** ofanjarðar á 1-2 hæðum auk kjallara fyrir tæknirými skv. deiliskipulagsskilmálum sem samþykktir voru í B-deild Stjórnartíðinda 14. mars 2022.

Nánari upplýsingar á **http://reykjavik.is/lodir**

Skilafrestur tilboða er
fyrir kl. 12.00, 29. apríl 2022
á útboðsvef Reykjavíkurborgar
http://utbod.reykjavik.is

Tilboð verða opnuð og birt
á vef Reykjavíkurborgar
http://reykjavik.is/lodir

Reykjavík

Kristján
s: 867-3040

Guðbjörg G.
s: 899-5949

Garðar B.
s: 898-0255

Sólveig
s: 869-4879

Hallgrímur
s: 896-6020

Elísabet
s: 781-2100

Viktoría Larsen
s: 618-5741

Einar Örn
s: 823-4969

Kristín María
s: 837-1177

Ragnheiður
s: 788-3069

Halldór
s: 660-5312

Bára
s: 693-1837

Aðalsteinn Jón
s: 767-0777

Thelma
s: 860-4700

Inga Reynis
s: 820-1903

Ragnar
s: 699-8282

Kristján Björn
s: 844-1450

TRAUSTI
fasteignasala
Vegmúla 4 | 108 Reykjavík | s.546-5050
trausti.is | trausti@trausti.is

VIÐ ERUM TRAUSTI

OPIÐ HÚS

HALLGERÐARGATA 9
105 REYKJAVÍK

Aðalsteinn
S: 767-0777

Hallgrímur
s: 896-6020

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 11. APRÍL KL. 17:30-18:00
Björt og glæsileg 2ja herbergja 70,7 fm. penthouse íbúð með vestursvölum á 5. hæð í Stuðlaborg, Hallgerðargötu 9. Aukin lofthæð.
Nánari uppl. veita Aðalsteinn s. 767-0777 og Hallgrímur s. 896-6020.
Verð: 74,9 millj.

OPIÐ HÚS

STRIKIÐ 4
210 GARÐABÆR

Guðbjörg G.
S: 899-5949

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 11. APRÍL KL. 17:30-18:00
Einstaklega björt og glæsileg 3ja herbergja íbúð á 3.hæð í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri í Sjálandinu. Lokaðar svalir og sérmerkt stæði í bílageymslu. Í húsinu er mikil þjónusta og þægindi, meðal annars Jónshús þar sem félagsstarf er mikið.
Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. s. 899-5949.
Verð: 74,9 millj.

OPIÐ HÚS

DALAÞING 25
203 KÓPAVOGUR

Guðbjörg G.
S: 899-5949

SÖLUSÝNING ÞRIÐJUDAGINN 12. APRÍL. BÓKIÐ SKOÐUN
Glæsilegt og vel skipulagt einbýli á einni hæð á jaðarlóð með útsýni yfir Elliðavatn við Dalaþing í Kópavogi. Eignin er skráð 253 fm. að stærð, þar af bílskúr 43 fm. með tvöfaldri bílskúrshurð. Steyptur skjólveggur, pallur og heitur pottur.
Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949.
Verð: 189,9 millj.

BÓKIÐ SKOÐUN

DJÚPAHRAUN 19
805 SELFOSS

Einar Örn
S: 823-4969

BÓKIÐ SKOÐUN
Vandað og álklætt nýtt 4ra herbergja 113,3 fm. sumarhús í Grímsnesi. Rúmgott með mjög björtu alrými með hárri lofthæð. Tvö baðherbergi. Stór 100 fm. verönd með heitum potti. Stutt í golf, gönguferðir og aðra útivist. Afhentur fullkláraður nema um annað sé samið.
Nánari uppl. veitir Einar Örn lgf. s. 823-4969.
Verð: 67,5 millj.

BÓKIÐ SKOÐUN

DJÚPAHRAUN 21
805 SELFOSS

Einar Örn
S: 823-4969

BÓKIÐ SKOÐUN
Vandað og álklætt nýtt 4ra herbergja 113,3 fm. sumarhús í Grímsnesi. Rúmgott með mjög björtu alrými með hárri lofthæð. Tvö baðherbergi. Stór 100 fm. verönd með heitum potti. Stutt í golf, gönguferðir og aðra útivist. Afhentur fullkláraður nema um annað sé samið.
Nánari uppl. veitir Einar Örn lgf. s. 823-4969.
Verð: 67,5 millj.

BÓKIÐ SKOÐUN

BITRA LAND
803 SELFOSS

Einar Örn
S: 823-4969

BÓKIÐ SKOÐUN
Fallegur sumarbústaður með stórri timburverönd á 8,35 ha. eignarlóð sem býður upp á mikla möguleika. Húsið er skráð 60,3 fm. en eftir óskráða stækkun þá er heildarfermetrafjöldi ca. 90 fm.
Nánari uppl. veitir Einar Örn lgf. s. 823-4969.
Verð: 58,9 millj.

heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Skipti á einbýli á Flötum og 3-4ra herbergja íbúð með sjávarútsýni

- Leita að fallegri **3-4ra herbergja** íbúð **í lyftuhúsi** við Sjáland með sjávarútsýni, **fæst í skiptum** fyrir **einbýlishús** á Flötunum

Bókið skoðun og fáið frítt verðmat

HAFIÐ SAMBAND við Jórunni í síma 845 8958

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

EIGNAMIÐLUN

Í göngufæri við Salalaug

Ég er að leita, fyrir trausta kaupendur, að rúmgóðri og bjartri íbúð í nágrenni við Salalaug í Kópavogi.

Möguleg skipti á einbýli.

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrarhagfræðingur
og löggiltur fasteignasalii
olafur@eignamidlun.is
663 2508

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

BÚUM VEL

Sérhæfð lögfræðiþjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

FOLD FASTEIGNASALA
Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur

Rakel Viðarsdóttir
lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Hlynur Ragnarsson
löggildingarnemi
hlynur@fold.is / 624-8080

Rögnvaldur Örn Jónsson
löggildingarnemi
rognvaldur@fold.is / 660-3452

Sunnusmári 26, 201 Kóp, 3ja herbergja
OPIÐ HÚS 10/4 KL 13:00-14:00.

Vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð á vinsælum stað í Smáranum. Íbúðin skiptist í hol, eldhús og stofu í opnu rými, 2 svefnherbergi og baðherb.. Sérgeymsla í sameign og stæði í bílageymslu. Frábær staðsetning og stutt í verslun og þjónustu. **Verð 71,9 millj.** Opið hús 10/4 kl 13:00-14:00.
Ath íbúðin er ekki sýnd fyrir opið hús.
Nánari upplýsingar: hlynur@fold.is / 624-8080.

Þingvað 43, 110, Rvk.
ENDARAÐHÚS.

203,7 fm endaraðhús á frábærum stað í Norðlingaholti. Húsið skiptist í neðri hæð þar sem er eldhús, baðherbergi, stofa, borðstofa, bílskúr sem búið er að breyta í tvö herbergi og geymsla. Á efri hæð eru 4 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og útgengt út á 31,3 fm svalir. **Verð 127,9 millj.**

Akralind 3, 201 Kóp.
GLÆSILEGT ATVINNU- OG LAGERHÚSNÆÐI.

Glæsilegt og vandað fullfrágengið ca. 640 fm atvinnu- og lagerhúsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og skiptist í lagerhúsnæði með góðu aðgengi, tvær rúmgóðar skrifstofur, opið skrifstofurými, tæknirými, fundarherbergi, eldhús og tvær snyrtingar. Opið skrifstofurými á efri hæð með kaffikrók og útgengi á svalir. 23 bílastæði. **Verð tilboð.**
Nánari upplýsingar, hlynur@fold.is / 624-8080.

Skipholt 50c, 105 Rvk.
SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI MEÐ MIKLA MÖGULEIKA.

Glæsilegt og vandað 264.5 fm skrifstofuhúsnæði að Skipholti 50c í Reykjavík til sölu. Eignin er á efstu hæð hússins og er með mikið útsýni yfir borgina til norðurs. Fullbúin eign með skrifstofum, eldhúsi, ræstiherbergi, skjalageymslu og tveim salernum og þar af annað með aðgengi fyrir fatlaða. Lyfta er í húsinu og einnig eru tröppur upp á hæðina. Næg gjaldfrí bílastæði. **Verð 130 millj.**
Nánari upplýsingar, rognvaldur@fold.is / 6603452.

Dynjandisvegur 21
SUMARHÚS Í BLÁSKÓGABYGGÐ.

Mjög gott og vel byggt, rúmlega 70 fm sumarhús, byggt af Borgarhúsum 2008. Til viðbótar er geymsluhús á lóðinni. Parket og flísar á gólfum. Hitaveita. Gólfhiti. Heitur pottur. Stór verönd. Símahlið. Tvö svefnherbergi ásamt stofu og eldhúsi í sama rými. Glæsileg lóð með miklum gróðri. Leigulóð 4200 fm.
Verð 37,5 millj.

Óskum eftir

Vantar íbúðir, hæðir og sérbýli til leigu fyrir sendiráð.

Um er að ræða ca. 100 fm góða íbúð í 101, 102, 103, 105 og 107. Rúmlega 200 fm. sérbýli miðsvæðis í Reykjavík.

Langtímaleiga-Traustar greiðslur.

Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

OPIÐ HÚS
11. apríl 17:00-17:45

Lundur 22

200 Kópavogur

Fjölbýli | 114.2 fm | 3 herb.

Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
unnar@eignamidlun.is
867 0968

99.900.000

OPIÐ HÚS
9. apríl 13:15-13:45

Strandvegur 15

210 Garðabæ

Fjölbýli | 125 fm | 2-4 herb.

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
bjarni@eignamidlun.is
895 9120

99.200.000

Laugavegur 65

101 Reykajvík

Heil húseign - íbúð og verslun | 218,1 fm

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is

Tilboð

Kænuvogur 51

104 Reykjavík

Íbúð - Sér inngangur | 109,5 fm | 3ja herb.

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari, löggiltur fasteignasalii
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

69.800.000

OPIÐ HÚS
12. apríl 17.30-18.00

Austurbyggð 13

600 Akureyri

Fjölbýli | 66 fm | 2ja herb.

33.900.000

Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

Vatnsstígur 22

101 Reykjavík

Fjölbýli - bílageymsla | 132,6 fm | 3 herb.

104.900.000

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508

OPIÐ HÚS
10. apríl 13:00-13:30

Skipholt 30

105 Reykjavík

Fjölbýli | 111,9 fm | 5 herb.

64.900.000

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ómar Hvanndal
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

Þóroddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Árni Davíð Bergs
aðst. fasteignasala
Sími: 625 2500

Friðrik Þ. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

Páll Pórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Péturs
hdl. og löggiltur fasteignasali

2015 2021
Framúrskarandi fyrirtæki

Goðatún 20
210 Garðabær

Vel skipulagt 217 fm einbýlishús á einni hæð

- Innst í botnlanga
- Aukaíbúð
- 6 svefnherbergi
- 3 baðherbergi
- Heitur pottur
- Skjólgóðar verandir

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **131 millj.**

Úlfarsbraut 62
113 Reykjavík

Reisulegt og fallegt 210 fm parhús á 4 pöllum með stórri lóð í Úlfarsárdal

- Möguleiki á sér íbúð
- Rúmgóður bílskúr
- Möguleiki á 5. svefnherbergi
- Glæsilegt opið eldhús og stofa
- Suður svalir
- Frábær staðsetning, skólar, íþróttavélir, sundlaug í göngufæri

Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **129,9 millj.**

Vatnsstígur 16-18
101 Reykjavík

Glæsileg 100 fm 2ja herb. íbúð á þriðju hæð í Skuggahverfinu

- Eldhús, borðstofa og setustofa í opnu alrými
- Gott svefnherbergi.
- Svalir til vesturs
- Sérgeymsla í efri kjallara
- Laus strax við kaupsamning.

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

Hallakur 4b
210 Garðabær

Falleg 117,2 fm útsýnisíbúð 3ja herb. íbúð á efstu hæð.

- Tvö svefnherbergi,
- Baðherbergi með sturtu og baðkari
- Sér þvottahús
- Stofa og eldhús sem gengur í gegnum íbúðina
- Svalur til suðurs með útsýni.

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **79 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

569 7000

Með þér alla leið

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | í dag laugardag 9. aoræuk kl. 14.00 - 15.00

Brattahlíð 7

270 Mosfellsbær

Vel skipulagt 130,6 fm raðhús á einni hæð

- Talsverðar endurbætur s.l. ár
- Þrjú svefnherbergi.
- Góð lofthæð.
- Innangengt er í bílskúr
- Stórt upphitað bílaplan, rafhleðslustöð fylgir.
- Snyrtilegur bakgarður með stórri timburverönd

Verð: **99,5 millj.**

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 6911931
ohb@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | mánudaginn 11. apríl kl. 17.30 - 18.00

Hörðaland 12

108 Reykjavík - íb. 202

Mjög björt og fallega endurnýjuð 4ra herb. 81 fm íbúð á 2. hæð

- Eldhús, bað og gólfefni endurnýjað árið 2020
- Þakjárn endurnýjað 2021
- Þrjú svefnherbergi og opið eldhús, þvottaaðstaða á baði, geymsla og góðar suður svalir

Verð: **66,9 millj.**

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Reykjavegur 80

270 Mosfellsbær

Gott 169,5 fm einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr

- Mikið endurnýjuð eign á stórri eignarlóð
- Stór stofa og borðstofa, útgengt á verönd
- Tvö stór svefnherbergi og hægt að bæta einu við
- Gestasnyrting og stórt baðherbergi endurnýjað
- 12 fm áhaldageymsla m rafmagni

Verð: **97,5 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | sunnudaginn 10. apríl kl. 15.00 - 15.30

Klapparstígur30

101 Reykjavík - íb. 404

Björt og heillandi 41 fm studió íbúð með stæði í bílageymslu.

- Frábært skipulag og einstök staðsetning í hjarta miðborgarinnar.
- Opið alrými með eldhúsi, stofu og svefnaðstöðu,
- Gott baðherbergi með sturtu.
- Geymsla í kjallara

Verð: **56,9 millj.**

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

Rauðalækur 28

105 Reykjavík

Falleg 81.2 fm 2-3 herb. íbúð í kjallara

- 2 svefnherbergi
- Stofan er rúmgóð og björt
- Sér inngangur
- Bílastæði við inngang
- Stutt í alla þjónustu, sundlaug í göngufæri, einnig skólar og verslun

Verð: **57,9 millj.**

Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og lögg. fasteignasali
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

Boðaþing 2

203 Kópavogur

144 fm fjögurra herb. enda íbúð á annari hæð

- Þrjú svefnherbergi
- Baðkar og sturta í baðherbergi
- Þvottahús innan íbúðar
- Stórar suð-austur svalir
- Bílastæði í bílageymslu

Verð: **84,9 millj.**

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is
Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali

Glæsilegt 149 fm húsnæði, búið að skipta í tvær íbúðir eða skrifstofur

Verð: **93,9 millj.**

- Sérinngangur, gólfsíðir gluggar
- Nýbúið að endurnýja alveg, eldhús, baðherbergi, stofur, gólfefni, loftræstikerfi sem og raflagnir
- Einstök staðsetning við miðborg Reykjavíkur - Laust strax

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

Stórglæsilegt 152 fm heilsárshús við Brúará Biskupstungum

Verð: **69,5 millj.**

- Þrjú svefnherbergi pg stórt alrými
- Frábært útsýni frá stofu, stórir gluggar
- Gestahús með baðherbergi. Aukahús til viðbótar ca 10 fm
- Heitt vatn og rafmagn

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

Glæsilegt 114 fm bjálkahús þ.e. aðal- og gestahús

Verð: **62,5 millj.**

- Stórfenglegt útsýni til fjalla og miðhálendis
- Sérlega vandað hús að innan sem utan
- Tvö svefnherbergi í aðahúsi
- Opið eldhús og stofurými
- Gestahús með baðherbergi. Heitt og kalt vatn. Heitur pottur

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

Falleg 91,6 fm íbúð á jarðhæð

Verð: **55,7 millj.**

- 2 svefnherbergi
- Nýlega endurnýjað eldhúsið
- Sérútgengi út í garð. Geymsla í kjallara.
- Laus við kaupsamning

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Snyrtilegt 62,7 fm hesthús í Víðidal

Verð: **21 millj.**

- 7-8 hesta hús. Sérgerði.
- Rúmgóð hnakkageymsla og hlaða
- Kaffistofa og snyrting. Hitaveita.
- Þriðja hurð frá suðurhorni.

Nánari upplýsingar:
s. 770 0500 **Íris Arna Geirsdóttir** aðst. fasteignasala
s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Falleg 3ja herbergja 117,3 fm íbúð á 3. hæð

Verð: **77,9 millj.**

- Tvö svefnherbergi.
- Borðstofa, stofa og eldhús eru í opnu rými
- Geymsla
- Sér bílastæði í upphitaðri bílageymslu.

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Grandavegur 47





Kjöreign kynnir bjarta 2ja herbergja íbúð í góðu lyftuhúsi að Grandavegi 47 ásamt stæði í bílahúsi.

- Mikið útsýni er frá íbúðinni
- Góðar yfirbyggðar svalir og fallegt útsýni til vesturs.
- Góð sameign sem hefur upp á að bjóða veislusal, sauna, heitan pott og sturtur.
- Húsvörður er í húsinu.

Verð 45,9 millj.

Upplýsingar gefur:
Ásta María Benónýsdóttir
lögg. fasteignasali
asta@kjoreign.is
sími 897-8061

Kjöreign ehf
TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

Til leigu útsýnis og veitingastaðurinn

Hafið Bláa við Ósa Ölfusár

HELGAFELL
FASTEIGNASALA
s: 566-0000 • helgafellfasteignasala.is

Hólmar Björn Sigþórsson
Löggiltur fasteignasali
holmar@helgafellfasteignasala.is
s. 893 3276

Glæsilegur og notalegur veitingastaður sem staðsettur er á fallegum stað við suðurströndina steinsnar frá Reykjavík.

Veitingastaðurinn leigist út með öllum tækjum og búnaði sem þarf til veitingareksturs og húsnæði sem er 276m².

Miklir möguleikar eru í rekstrinum s.s. veitinga og veislu þjónusta fyrir stóra sem smá hópa, tenging við náttúruna með norðuljósaskoðun, göngu um fjöruna og nágrenni með fjölskrúðugu fuglalífi og skemmtilega gönguleiðir.

Hér er um að ræða frábært tækifæri til að leigja glæsilegan veitingastað í einstaklega fallegu umhverfi.

Nánari upplýsingar veitir:
Hólmar Björn Sigþórsson, lögg. fast.
holmar@helgafellfasteignasala.is.

---

ráðum ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna. Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

Þú finnur draumaeignina á Costa Blanca á Sumareignir.is

Sumareignir - Nýtt tilboð!

Allir sem kaupa nýja íbúð hjá okkur í apríl fá 52 fría golfhringi á þremur af bestu golfvöllunum á Costa Blanca svæðinu. Villamartin Golf, Las Ramblas og La Finca.
Þeir sem ekki eru í golfi fá húsgagnapakka fyrir sömu upphæð.

Glæsilegar íbúðir
- Flottur sundlaugagarður
- Úti og innisundlaug
- Líkamsrækt.

Raðhús, parhús og einbýli við strönd eða golfvelli.

Tvær síður og 1.200 fasteignir til sölu á
www.Sumareignir.is og www.Spainhomes.net

Sumareignir

Sigurður Oddur Sigurðsson | Löggiltur fasteignasali
Ágústa Guðrún Ásbjörnsdóttir | Sölustjóri fasteigna á Spáni
616 8880

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

María Guðmundsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Parity, og Sigga Heimis, sérfræðingur hjá Rannís og umsjónarmanneskja Tækniþróunarsjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tækniþróunarsjóður – mikilvægur bakhjarl nýsköpunar

Konur hasla sér völl í hefðbundnum karlagreinum í síauknum mæli. Upplýsingatæknin er ein þeirra greina sem karlar hafa verið ráðandi í en það breytist smám saman.

Mikil gróska hefur verið í upplýsingatækni hér á landi undanfarin ár. Mörg nýsköpunar- og sprotafyrirtæki hafa sprottið upp og fjölmargar umsóknir um styrki til nýsköpunar koma inn til Tækniþróunarsjóðs, sem rekinn er undir hatti Rannís, á ári hverju.

Sigga Heimis er sérfræðingur hjá Tækniþróunarsjóði, sem rekinn er undir hatti Rannís. Við byrjum á að spyrja hana hvert hlutverk Tækniþróunarsjóðs sé.

„Tækniþróunarsjóður er til að styðja við rannsóknir og þróunarstarf sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðurinn er opinn fyrir nýsköpunarverkefnum úr öllum atvinnuvegum og er dreifing styrkja mjög breið."

Sigga segir verkefni á mismunandi stigum vera styrkt og hægt sé að leita styrkja allt frá fyrstu hugmynd til lokastiga. „Þegar umsóknir eru metnar þá fer þverfaglegt fagráð yfir þær. Í fagráði sitja sérvaldir aðilar úr rannsókna- og þróunargeiranum, bæði frá atvinnulífi og fræðaumhverfinu.

Þegar fagráð hefur farið yfir umsóknirnar er það svo stjórn sjóðsins sem ákveður hvaða verkefni hljóta styrk."

Konur enn þá færri

Tækniþróunarsjóður sér til þess að kynjahlutföll í fagráðum séu jöfn og sama regla gildir um stjórn sjóðsins.

Það hefur verið nefnt að ekki séu jöfn hlutföll kynjanna þegar kemur að úthlutun styrkja.

„Það er rétt að það hafa verið fleiri karlmenn að fá styrki en kvenmenn, en ástæðan er einfaldlega sú að fleiri karlar sækja um en konur. Í raun eru hlutföllin jöfn ef fjöldi umsókna kynjanna er borinn saman við úthlutunarhlutfallið.

Á umsóknum sem sendar voru inn árið 2021 voru umsóknaraðilar 511 karlar (66 prósent) og 268 konur (34 prósent). Eftir matsferli þá voru verkefni styrkt þar sem 96 karlar eru verkefnisstjórar (66 prósent) og 50 konur (34 prósent). Árangurshlutfall karla og kvenna er því jafnt þegar horft er til styrkja sem sjóðurinn veitti á árinu, eða 19 prósent."

Sigga segir sjóðinn vilja fá mun fleiri umsóknir frá konum.

„Við teljum þessi hlutföll ekki endurspegla þá flóru sem starfar við nýsköpun. Við viljum hvetja konur sérstaklega til þátttöku og að sækja um því að það er augljóslega allra hagur að jafna hlutföll verkefnastjóra í nýsköpunarverkefnum.

Augljóslega ættu að vera jafn margar umsóknir þar sem konur eru verkefnastjórar líkt og karlar enda hlutföllin ekki svona ójöfn þegar kemur að menntun og reynslu almennt.

> **Það er rétt að það hafa verið fleiri karlmenn að fá styrki en kvenmenn, en ástæðan er einfaldlega sú að fleiri karlar sækja um en konur.**
> Sigga Heimis

Dæmi um fyrirtæki sem hafa hlotið styrk frá Tækniþróunarsjóði:

- Controlant
- Nox Medical
- ORF
- Valka
- Kerecis
- Solid Clouds
- Myrkur

Dæmi um fyrirtæki þar sem konur eru í forsvari sem hafa hlotið styrki frá Tækniþróunarsjóði:

- Kara Connect
- AVO
- GeoSilica
- Florealis
- IceMedico / HAp
- Mentor
- DineOut

Við hvetjum alla til að sækja um og viljum sérstaklega hvetja konur til að vera meira í framkantinum þegar sótt er um, vegna þess að við sjáum þessi hlutföll og viljum rétta þau við."

Sigga segir allt starfsfólk Rannís og hjá Tækniþróunarsjóði boðið og búið að hjálpa til og aðstoða.

„Það er alltaf hægt að setja sig í samband við okkur, enda gengur okkar starf út á að hjálpa fólki í gegnum umsóknarferlið, sem vissulega getur stundum þótt frekar flókið, ekki síst við fyrstu sýn.

Okkar reynsla er sú að ef fólk nýtir sér okkar aðstoð verður ferlið mun viðráðanlegra."

Tímakaupið getur verið hátt

María Guðmundsdóttir starfaði um árabil að þróun tölvuleikja hjá CCP. Árið 2017 tók hún stökkið og stofnaði tölvuleikjafyrirtækið Parity. María er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sem í dag er með 17 starfsmenn og hlaut góðan stuðning frá Tækniþróunarsjóði þegar fyrstu skrefin voru tekin.

Í dag situr María í fagráði Tækniþróunarsjóðs.

Hún segir að umsækjendur sem sækja í fyrsta sinn um hjá Tækniþróunarsjóði, ættu óspart að nýta sér þann mikla fjölda fólks sem þegar hefur sótt um, ráðgjafarfyrirtæki og einstaklinga sem geta aðstoðað, en einnig leita til Rannís til að skilja betur ferlið og hvað þarf til. „Fólk á endilega að vera óhrætt að spyrja og leita sér aðstoðar og leggja tíma í þetta. Umsóknarferlið er vissulega tímafrekt, en tímakaupið er mjög hátt ef vel tekst til."

María segir magnað að hafa mikla áströðu fyrir sinni nýsköpunarhugmynd. „Hugmyndir kvikna einmitt oft út frá vöntun á einhverri vöru eða hugbúnaði og þess vegna er mjög mikilvægt að skilgreina vel hvers vegna þín hugmynd stenst samkeppni og hvers vegna hún eigi erindi á markað."

Líkur á að fá styrk eru vel undir 50 prósent vegna mikils fjölda umsókna en María segir neitun alls ekki neikvæðan stimpil á umsókn. Í sumum tilfellum þurfi að skerpa á sjálfri umsókninni og góður undirbúningur og ráð frá þeim sem þekkja ferlið geti verið mjög gagnleg.

„Þó að þín hugmynd bjargi kannski ekki hálfri heimsálfu frá hungursneyð þá gæti hún samt verið lausn sem tekur á vöntun og vanda í samfélaginu. Umsókn til Tækniþróunarsjóðs er gott lærdómsferli með háu tímakaupi ef vel tekst til, ég hvet því alla með nýsköpunarhugmynd í maganum til að sækja um og konur sérstaklega. Heimurinn þarf hugbúnað sem hannaður er af fjölbreyttari flóru fólks." ■

> **Umsókn til Tækniþróunarsjóðs er gott lærdómsferli með háu tímakaupi ef vel tekst til.**
> María Guð-

Sylvía Rut Vilhjálmsdóttir, Björg Ýr Jóhannsdóttir og Eva M. Kristjánsdóttir, hafa metnað fyrir störfum sínum hjá KPMG. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Upplýsingar eru verðmæti

KPMG er leiðandi þekkingarfyrirtæki sem veitir þjónustu á sviðum endurskoðunar, uppgjörs og bókhalds, skatta og lögfræði og ráðgjafar. Þar starfa sérfræðingar á sviði upplýsingatækni með metnað til að vinna af heilindum.

Björg Ýr Jóhannsdóttir starfar sem sérfræðingur hjá fyrirtækinu. Í hennar starfi felst að gera úttektir á upplýsingaumhverfi fyrirtækja og veita ráðgjöf í upplýsingaöryggi.

Björg er með B.Sc. í tölvunarfræði og starfaði sem forritari í sjö ár. Hún bætti seinna við sig mastersgráðu í reikningsskilum og endurskoðun. Hún segir að námið nýtist sér vel í starfinu.

„Þessi blanda, tölvunarfræði og viðskiptafræði, er mjög gagnleg. Notendur upplýsingakerfa og þeir sem skrifa kerfin skilja ekki endilega alltaf hvert annað. En ég samtvinna þetta og tala bæði tungumálin," segir hún.

Meðal verkefna sem koma á borðið hjá henni er að skoða og greina stöðu netöryggismála, en netöryggi (e. cybersecurity) er ein af mikilvægustu áskorunum stjórnenda í dag. Ýmsar upplýsingatækniúttektir í tengslum við fjárhagsendurskoðun eru líka algengar.

> **Verkefnin eru fjölbreytt og fáum við tækifæri til að ræða við fólk úr ýmsum geirum atvinnulífsins.**
>
> Björg Ýr Jóhannsdóttir

„Verkefnin eru fjölbreytt og fáum við tækifæri til að ræða við fólk úr ýmsum geirum atvinnulífsins. Í úttektum erum við að skoða margs konar kerfi, til dæmis fjárhagskerfi, gagnagrunna og fleira. Við bendum fyrirtækjum á þá veikleika sem við komum auga á og leiðbeinum oft með úrbætur," segir hún.

„Ég hef líka fengið tækifæri til að vinna með KPMG Bretlandi í upplýsingatækniúttektum sem eru af allt annarri stærðargráðu en verkefnin hér heima. KPMG hefur líka mjög gott tengslanet um allan heim sem hægt er að leita í eftir ráðgjöf og upplýsingum."

Starfa með fjölbreyttum hópi

Eva M. Kristjánsdóttir er verkefnastjóri hjá KPMG. Eva er með M.Sc. gráðu í alþjóðaviðskiptum og hefur starfað hjá KPMG við ráðgjöf í upplýsingatækni frá 2015. Hún hefur sótt ýmsa þjálfun og námskeið í tengslum við starfið, þar á meðal faggildingu í vottun skv. staðlinum ISO27001 um stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

„Upplýsingar eru verðmæti og þær liggja víða. Það er mikilvægt að tryggja rétta meðferð þeirra, að aðgengi að upplýsingum sé stýrt og þær séu tiltækilegar þegar á þarf að halda. Ég aðstoða fyrirtæki og stofnanir varðandi upplýsingaöryggismál, persónuvernd og netöryggi. Ég sinni einnig úttektum á fylgni við staðla, lög og reglur varðandi persónuvernd, net- og upplýsingaöryggi," útskýrir hún.

„Við störfum með mjög fjölbreyttum hópi viðskiptavina með mismunandi þarfir, allt frá stórum alþjóðlegum fyrirtækjum, félögum sem skráð eru í kauphöll, til lítilla aðila með aðeins nokkra starfsmenn, sveitarfélögum og ríkisstofnunum.

Verkefnin eru mismunandi og eins kröfurnar sem gerðar eru til þessara aðila, þannig að það er mikil fjölbreytni í starfinu og það krefst þess að maður sé sífellt að sækja sér nýja þekkingu, ásamt því að skapa tæki og tól til að vinna á sem skilvirkastan hátt og skila sem bestu virði til viðskiptavinanna."

Hún segir starfið krefjandi og í mörg horn að líta. En það sé skemmtilegt þegar vel tekst til og það næst að koma á umbótum sem skila sér í breytingum til batnaðar.

„Eitt af því skemmtilegasta í starfinu er að ég er í samskiptum við ólíkt fólk með mismunandi bakgrunn, stjórnendur og stjórnir, millistjórnendur og almenna starfsmenn," segir hún.

Blanda af fræðum og list

Sylvía Rut Vilhjálmsdóttir starfar sem sérfræðingur á ráðgjafasviði KPMG. Hún segir starfið aðallega felast í því að greina og setja fram gögn þannig að auðvelt sé fyrir stjórnendur að taka stefnumiðaða ákvörðun.

„Framsetning gagna getur verið í alls konar formi en það er mikil eftirspurn eftir sjálfvirkum framsetningum á skýrslum, rekstrarmælaborðum og almennum gagnagreiningum.

Viðskiptagreind snýst um það að umbreyta gögnum í verðmætar upplýsingar sem styðja notandann

> **Það sem mér finnst skemmtilegast er þegar við náum að aðstoða viðskiptavini við að sjá aukið vægi í gögnunum sínum.**
>
> Sylvía Rut Vilhjálmsdóttir

við að taka rétta og tímanlega ákvörðun.

Gögn eru oft og tíðum umfangsmikil og vannýtt auðlind í rekstri fyrirtækja en með viðskiptagreind – t.d. PowerBI – er auðveldlega hægt að umbreyta gögnum í verðmætar upplýsingar," útskýrir Sylvía og bætir við að viðskiptagreind sé mikilvæg til þess að sjá heildarmyndina, hvort sem það er til þess að greina eldri upplýsingar, rauntíma eða spá fyrir um hvað muni gerast á næstunni.

Sylvía segir að starfið sé ákveðin blanda af fræðum og list.

„Fræðin við að greina gögnin og listin við að setja gögnin fram þannig að það sé gaman og auðvelt að lesa úr þeim. Það sem mér finnst skemmtilegast er þegar við náum að aðstoða viðskiptavini við að sjá aukið vægi í gögnunum sínum og mögulega gera daglega ákvörðunartöku þeirra auðveldari," segir hún.

Sylvía er verkfræðingur en hún segir að verkfræðin hafi undirbúið hana vel fyrir alls konar greiningavinnu og vinnslu á gögnum.

„Ég lagði mikla áherslu á aðgerðagreiningu í verkfræðinni, sem gerir mér kleift að túlka og útbúa líkön út frá þörfum viðskiptavina. Í vinnunni styðst ég mikið við aðferðafræði eins og breytingastjórnun við framsetningu á gögnum," segir hún.

„Starfið er fjölbreytt enda eru verkefnin og þarfir viðskiptavina mismunandi. Fjölbreyttur hópur af bæði viðskiptavinum og starfsfólki gerir það að verkum að ég á í samskiptum við mjög ólíkt fólk." ■

Hjá Spektra starfar stór hópur kvenna sem hefur mikla þekkingu á sínu sviði og leggur sig fram við að veita góða þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vandaðar lausnir í stöðugri þróun

Spektra býður upp á fjölbreyttar lausnir fyrir Microsoft umhverfi, sem gagnast öllum fyrirtækjum og stofnunum sem vilja stjórna upplýsingum með ákveðnum og öruggum hætti. Lausnirnar þróast stöðugt í takti við tækniþróun og ríkt samráð við viðskiptavini.

Spektra var stofnað árið 2013 af fimm starfsfélögum sem höfðu unnið saman sem SharePoint sérfræðingar og vildu gera meira úr sinni sérþekkingu og hugsjónum í þessum málum. „Starfsfólkið okkar hefur breiða þekkingu á Microsoft lausnum og við aðstoðum okkar viðskiptavini við að hanna og betrumbæta lausnir í M365 umhverfinu og þá sérstaklega SharePoint, sem er grunnurinn í okkar þekkingu," segir Ýrr Geirsdóttir, forstöðumaður verkefnastýringar og einn eigenda Spektra. Þjónusta Spektra er fyrir öll fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem meðhöndla upplýsingar, en þær eru verðmæti sem þarf að stjórna með ákveðnum og öruggum hætti.

Starfsfólk Spektra hefur mikla þekkingu á sínu sviði. „Við veitum góða þjónustu og viljum að okkar viðskiptavinir geti leitað til okkar og fengið úrlausn sinna mála hratt og vel," segir Ýrr. Starfsfólk Spektra leggur einnig mikið upp úr kennslu og þjálfun í innleiðingu þeirra lausna, þar sem þau fylgjast með og eru til staðar eftir að kerfi eru innleidd. „Við erum stöðugt að vinna með viðskiptavinum í að betrumbæta og þróa kerfið í takt við nýjar hugmyndir og þarfir," segir hún og bætir því við að mestu verðmæti hvers fyrirtækis sé fólkið og því sé mikilvægt að virkja þau verðmæti með góðri fræðslu og þekkingu.

Þróast með þörfum viðskiptavina

Microsoft og umhverfið í upplýsingatækni hefur breyst gífurlega frá því að þau stofnuðu fyrirtækið, en í dag eru flestir viðskiptavinir þeirra með sínar lausnir í skýinu, sem var ekki raunin árið 2013. Síðan þá hefur Microsoft breytt sínum lausnum mikið, gert þær notendavænni og komið þeim í skýjaumhverfið og Spektra hefur fylgt þeirri þróun vel eftir. Að sögn Ýrar þá eru þeirra stærstu lausnir í dag WorkPoint, sem er verkefna- og upplýsingastjórnunarkerfi sem heldur meðal annars utan um mál, skjöl, samskipti og verkferla, og gæðahandbók með fjölbreyttri virkni, sem hefur verið að seljast mikið undanfarin misseri. Hún segir að þau hafi líka orðið vör við miklar breytingar á þörfum sinna viðskiptavina og sem dæmi er aftur orðið vinsælt að hafa innri vef í SharePoint í skýjaumhverfinu, þar sem sú lausn er að miklu leyti til staðar í SharePoint.

Bjóða upp á fjölbreyttar lausnir

Viðskiptavinum Spektra fer ört fjölgandi, þar sem þeirra lausnir eru vinsælar. Þau hafa innleitt WorkPoint hjá stórum og smáum fyrirtækjum og stofnunum, bæði hérlendis og erlendis. „WorkPoint er mjög fjölbreytt og skalanlegt kerfi og þar erum við að útfæra ýmsar lausnir, bæði tilbúnar lausnir, málakerfi og fundagáttir fyrir stjórnir og nefndir, gæðakerfi, verkefnakerfi, umsóknarkerfi, ábendingakerfi og sérhannaðar lausnir sem miða að sértækri þjónustu eða innri ferlum okkar viðskiptavina," útskýrir Ýrr.

„Gæðahandbókin okkar er líka öflug lausn sem er í stöðugri þróun og viðskiptavinir hafa verið mjög ánægðir með," segir hún og bætir því við að bókin byggi á gæðakröfum sem eru til staðar og er sérhönnuð út frá hverjum viðskiptavini. Einnig er tenging milli gæðahandbókarinnar og WorkPoint, þannig að gæðaskjölin eru alltaf við hendina fyrir notandann.

„Viðskiptavinir okkar eru fjölbreyttir og með fjölbreyttar þarfir, og þar sem við komum að borðinu sem ráðgjafar greinum við umhverfi viðskiptavinarins vel og innleiðum þeirra ferla inn í okkar kerfi. Góð þarfagreining skilar sér þannig í betri lausnum og meiri sjálfvirknivæðingu sem skilar sér aftur í betri rekstrartölum," segir Ýrr.

> **Við erum stöðugt að vinna með viðskiptavinum í að betrumbæta og þróa kerfið í takt við nýjar hugmyndir og þarfir.**
>
> Ýrr Geirsdóttir

Faghópur sinnir stöðugum umbótum

Sérstaða Spektra er ekki bara hugbúnaðurinn og tækifærin í stýringu á upplýsingum, heldur einnig sú þjónusta sem Spektra veitir og breið þekking þeirra starfsfólks. Starfsfólk Spektra er með ólíka menntun og starfsreynslu, ekki aðeins í upplýsingatækni og verkefnastjórnun, heldur einnig í upplýsingafræði. Að hennar mati sé það ekki nóg að setja upp hugbúnað, heldur þurfi líka skipulag og stýringu út frá þeim kröfum sem beinast að fyrirtækjum eða stofnunum hvað varðar lagalegt umhverfi, staðla og reglugerðir og aðrar ytri kröfur og svo bætast við innri viðskiptakröfur hvers og eins fyrirtækis eða stofnunar.

Á sama tíma þarf hugbúnaðurinn sem geymir vinnugögn að nýtast í daglegum störfum fólks þannig að það hafi greiðan aðgang að þeim gögnum sem það þarf í sinni vinnu, segir Ýrr og bætir við: „Við höfum fundið fyrir því að okkar viðskiptavinir eru opnir fyrir nýjungum og breyttum hugsunarhætti í stjórnun upplýsinga. Fólk vill ekki alltaf vera að finna upp hjólið, heldur vita hvernig aðrir hafa verið að gera hlutina eða leysa úr vandamálum og koma með nýjar hugmyndir.

Spektra fann fyrir þessari þörf og svaraði kallinu með því að koma á fót faghópi upplýsinga- og skjalastjóra og heilbrigðisgagnafræðinga sem eru viðskiptavinir Spektra og eiga það sameiginlegt að búa yfir þekkingu í upplýsingafræði og stýra WorkPoint á sínum vinnustað," útskýrir Ýrr. Haldið er utan um faghópinn af starfsmanni Spektra sem einnig er upplýsingafræðingur. Hann sér um að reglulega berist upplýsingar um virkni í WorkPoint, sem og að svara spurningum sem upp koma, halda vinnustofur og taka spjallið.

Faghópurinn er þá kjörinn vettvangur til að fá faglega umræðu um ákveðin viðfangsefni, deila lausnum, spyrja spurninga og bera upp hugmyndir, sem eru tækifæri fyrir Spektra til að gera enn betur í þjónustu og þróun WorkPoint-umhverfisins. Ýrr telur að með því að flétta saman þekkingu á upplýsingatækni og upplýsingafræði þá sé verið að styðja við stjórnkerfi upplýsinga hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Fjölbreytni skilar mestum árangri

Konur skipa stórt hlutverk í daglegum rekstri hjá Spektra. „Við erum með jafnt kynjahlutfall starfsfólks og konurnar eru jafn mikilvægur hlekkur í öllu framþróunar- og gæðastarfi sem unnið hefur verið undanfarin misseri," segir Ýrr og bætir við: „Við vinnum mjög vel saman sem teymi og styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín óháð kyni."

Störf í upplýsingatækni eru fjölbreytt og henta öllum kynjum. Verkefnin hjá Spektra eru fjölbreytt, skapandi og unnin í samvinnu við notendur, viðskiptavini og samstarfsfólk. Þá er kostur að hafa fjölbreytni í starfsmannahópnum þar sem gott er að fá sýn ólíkra aðila. „Það er í raun besta leiðin til að fá fram sem flestar hliðar mála til að vinna úr," útskýrir Ýrr. „Með samvinnu þar sem ólík sjónarmið, styrkleikar og skoðanir fá að koma fram, verða bestu lausnirnar til."

Í fyrsta sinn í sögu Spektra varð kynjahlutfall í fyrirtækinu jafnt á síðasta ári eftir að þau réðu til sín fleiri konur með þá menntun og eiginleika sem þau voru að leita eftir. Samhliða því juku þau þjónustu Spektra, það er faghópinn, og komu á fót upplýsinga- og fræðslusvæði fyrir sína viðskiptavini. „Okkur þykir mikilvægt að í öllum starfsstéttum sé jafnvægi á hlutfalli kynjanna því við erum og verðum alltaf ólík að einhverju leyti," segir Ýrr og leggur áherslu á að fjölbreytnin hafi nýst Spektra vel og sé eitthvað sem upplýsingatæknin þurfi að nýta sér.

Alltaf að þróa eitthvað nýtt

„Spektra er lifandi vinnustaður þar sem starfsfólk hlustar á þarfir viðskiptavina sinna og nýtir sköpunargleði við að leita nýrra leiða til að koma til móts við þær og veita þeim góða og skilvirka þjónustu," segir Ýrr. Hún telur M365 líka vera lifandi vinnuumhverfi sem taki stöðugum breytingum og þróist í takti við tæknina, og nefnir bæði faghópinn og upplýsinga- og fræðslusvæði Spektra sem dæmi. „Þetta hefur reynst vel og viðskiptavinir eru mjög ánægðir. Í stuttu máli erum við alltaf að þróa eitthvað nýtt og spennandi í samstarfi við okkar viðskiptavini.

Við viljum bjóða öllum fyrirtækjum og stofnunum að hafa samband við okkur ef þau vantar ráðgjöf og þjónustu. Svo erum við líka alltaf að leita að góðu fólki til að bætast í starfsmannahópinn hjá okkur og taka þátt í uppbyggingu Spektra og okkar lausna," segir Ýrr að lokum. ■

Elva, Arna og Ósk eru sammála um að menningin hjá Annata sé einstök og til þess fallin að hvetja starfsfólk til dáða.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Skiljum staðalímyndirnar eftir í fortíðinni

Annata er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Starfsstöðvar eru víðs vegar um heiminn og þær stærstu eru í Malasíu og Bretlandi. Um 30 prósent starfsfólks og þrír af sex framkvæmdastjórum eru konur.

„Annata er með skrifstofur í fimmtán löndum og hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 200 manns," segir Elva Guðrún Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs Annata. „Frá stofnun Annata höfum við lagt áherslu á þróun á lausnum byggðum á Microsoft Dynamics 365, Power BI, Azure og umlykjandi tækni, sem síðan hefur fest sig í sessi á alþjóðamarkaði innan bíla- og tækjaiðnaðarins."

Alþjóðleg staða Annata er einsdæmi hér á landi. „Við vinnum mjög náið með Microsoft á sviði viðskiptalausna fyrir bíla- og tækjaiðnað og erum eitt örfárra fyrirtækja í heiminum sem Microsoft flokkar sem alþjóðlegan hugbúnaðarframleiðanda Microsoft sérlausna. Undanfarin ár höfum við hjá Annata unnið markvisst að uppbyggingu á erlendum mörkuðum, en 95% af viðskiptavinum Annata eru erlendis," segir Elva.

Fjölbreytileikinn gerir menninguna betri

„Fyrirtækjamenning Annata er til þess fallin að hvetja starfsfólk til þróunar í starfi," segir Ósk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri innleiðingar og þjónustu hjá Annata. „Ég er tölvunarfræðingur frá HR og með meistaragráðu í hugbúnaðarverkfræði frá DTU í Danmörku. Fyrir Annata hafði ég unnið í um sex ár við hugbúnaðarþróun og verkefnastjórnun hjá UT-fyrirtækjum. Á þeim tíu árum sem ég hef verið hjá Annata hef ég verið með fingurna í nánast allri starfsemi, sem forritari, ráðgjafi, verkefnastjóri, viðskiptastjóri og fleira og er nú framkvæmdastjóri í alþjóðlegu hlutverki. Ég hef fengið mörg tækifæri til að vaxa og þróast í starfi innan fyrirtækisins," segir Ósk.

Arna Eir Einarsdóttir fjármálastjóri er viðskiptafræðingur frá HR. „Ég vann í sjö ár hjá Actavis sem sérfræðingur á fjármálasviði og var að ljúka MBA-námi í Kúala Lúmpúr þegar mér bauðst staða rekstrarstjóra á skrifstofunni í Malasíu. Á tveimur árum fjölgaði starfsmönnum skrifstofunnar úr tuttugu í sextíu, sem var ótrúlegt ævintýri. Það eru forréttindi að hafa fengið að kynnast ólíkum menningarheimum, en starfsmenn skrifstofunnar þar eru með mjög ólíkan bakgrunn. Á þessum tíma vorum við með starfsfólk frá yfir tíu löndum. Ég flutti aftur til Íslands 2019 og var í hlutverki verkefnastjóra í nokkra mánuði áður en ég tók við sem fjármálastjóri. Ég hef verið hjá Annata í rúm fimm ár en er núna í fæðingarorlofi," segir Arna.

Áður en Elva hóf störf hjá Annata hafði hún unnið í fjarskiptageiranum í um tíu ár. „Í sömu viku og ég byrja hjá Annata, í algjörlega nýjum geira, hóf ég MBA nám við Háskólann í Reykjavík, en fyrir var ég með viðskiptafræðigráðu frá HR. Næstu tvö ár voru ákveðin áskorun, en þessi reynsla hefur komið sér vel í núverandi starfi. Ég er auðvitað ekki með þessa dæmigerðu tæknimenntun og það er staðfesting á að hægt sé að ná langt innan þessa geira verandi kona með annan bakgrunn og sýn. Fjölbreytileikinn hjá Annata er mikill sem gerir menningu Annata enn betri. Í dag, eftir sex ára starf, er ég framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá Annata og starfa þvert á allar skrifstofur."

Tækifærin og traustið til staðar

Elva segir að stærsti hluti hennar teymis sé í Malasíu. „Að stýra dreifðu og fjölbreyttu teymi getur auðvitað verið krefjandi, en á sama tíma er þetta mjög skemmtilegt og lærdómsríkt," segir Elva.

„Tækifærin hjá Annata geta líka verið fjölbreytt. Sjálf tók ég ákvörðun um að flytja heim frá Malasíu og hafði þá möguleika á að takast á við nýjar áskoranir hjá Annata á Íslandi. Ég hef verið óhrædd við að grípa þau tækifæri sem bjóðast og verkefni mín hafa verið þvert á starfsemi fyrirtækisins," segir Arna.

„Einn af stærri kostum Annata er einmitt að fólki er tekið á sínum forsendum en ekki flokkað í kassa. Strax á mínum fyrstu vikum kom ég auga á eitthvað sem betur mátti fara, sem snerti ekki á mínu verksviði. Stjórnendur veittu mér umboðið og ábyrgðina til þess að laga málið. Ég hef fengið traust, stuðning og tækifæri til þess að takast á við krefjandi áskoranir og verkefni og fengið að stýra með ýmsum hætti, svo lengi sem sýnt er fram á árangur," segir Ósk. Arna bætir þá við: „Ef fólk veit hvert það vill stefna þá er það mín reynsla að stjórnendur geri sitt besta til að styðja starfsfólk í að komast þangað."

Lengi má gott bæta

Konum hefur farið fjölgandi í upplýsingatæknigeiranum, en betur má ef duga skal. „Þegar ég byrjaði í tölvunarfræði fann ég aðeins fyrir því að ég passaði ekki inn í staðalímyndina. Í mínum geira hef ég samt alltaf fundið fyrir virðingu og síðustu ár hef ég áttað mig á því að sú staðreynd að ég passa ekki í þetta hefðbundna form, er einn af mínum helstu styrkleikum. Fjölbreytileiki er nátengdur nýsköpun og á vinnustað býr hann til frjórra umhverfi sem hvetur til sköpunar," segir Ósk.

> **Fjölbreytileiki er nátengdur nýsköpun og á vinnustað býr hann til frjórra umhverfi sem hvetur til sköpunar.**
> Ósk Ólafsdóttir

„Í okkar vinnuumhverfi eru konur í minnihluta. Við þetta bætist að fyrirtækin sem við erum að herja á eru aðallega innan bíla- og vinnuvélaiðnaðarins og er sá geiri karllægari en tæknigeirinn, ef eitthvað er. Þó örfáar undantekningar séu á því, hefur mér verið tekið á jafningjagrundvelli."

Elva bætir við að þó kynjahlutföllin í tæknigeiranum þokist í rétta átt, sé vinnunni alls ekki lokið. „Þróunin hefur staðnað í faraldrinum. Í Covid komu upp aðstæður sem þurfti að bregðast hratt við. Lokanir á leikskólum og stofnunum urðu til þess að margir þurftu í auknum mæli að huga að börnum og öðrum fjölskyldumeðlimum. Þessar aðstæður höfðu frekar áhrif á konur og störf þeirra, þar sem þær eru líklegri til að standa þessa svokölluðu þriðju vakt. Við þurfum að gera enn betur í jafnréttis kynjanna að þessu leyti."

„Tæknifyrirtækin eru að átta sig á því að þau þurfa að búa til starfsumhverfi sem hlúir að alls konar fólki. Vonandi erum við að færast nær því að geta skilið staðalímyndirnar eftir í fortíðinni," segir Ósk.

„Ólíkur bakgrunnur er af hinu góða. Þetta snýst líka um sýnileika og það hjálpar til að kvenkyns fyrirmyndum hefur fjölgað. Ég hef lært mjög mikið af öflugum konum, en líka körlum innan Annata og er afskaplega þakklát fyrir það," segir Arna.

„Síðustu árin hefur kynjahlutfallið verið að réttast af hjá okkur og í dag eru þrír af sex framkvæmdastjórum konur. Það er dýrmætt að eiga skemmtilegar, hæfileikaríkar og reynslumiklar samstarfskonur eins og Örnu og Elvu," segir Ósk. Elva tekur undir ummæli beggja og bætir við að virðing sé stór hluti af menningu Annata. „Í heildina eru 30% starfsfólks Annata konur og við erum að gera sérstaklega vel í Malasíu og á Íslandi," segir Elva.

Jákvæð áhrif fjarvinnu

Með faraldrinum komu áskoranir, en líka tækifæri. „Í samkomutakmörkunum færðist starfsemi fyrirtækja í auknum mæli upp í skýið. Sveigjanleiki hefur aukist, sem er mikilvægt fyrir jafnréttið. Rannsóknir sýna að það jafnar leikinn fyrir konur ef starfsfólki er gefið tækifæri til að vinna sveigjanlegan vinnutíma og heiman frá þegar þörf er á," segir Ósk.

„Staðsetning skiptir minna máli en áður og fjarfundir eru eðlilegur hluti af vinnudeginum þar sem Annata vinnur þvert á tímabeltin. Sú framþróun á staf-rænum lausnum sem átti sér stað í faraldrinum gaf Annata aukna getu til þjónusta viðskiptavini sem nauðsynlega þurftu að bregðast við breyttum kröfum markaðarins," bætir Elva við. „Sömuleiðis opnuðust dyr að fjölbreyttari tækifærum innan Annata fyrir starfsfólk sem hefur ekki tök á að ferðast vegna vinnunnar," bætir Arna við. „Það kom einmitt í ljós að við getum gert miklu meira án þess að vera í sama landi og viðskiptavinir og samstarfsfólk," segir Ósk. ■

Hrefna Lind Ásgeirsdóttir, tækni- og þróunarstjóri Stafræns Íslands, var fyrsta konan sem útskrifaðist úr hugbúnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjölbreytni lykill að betri lausnum

Hrefna Lind Ásgeirsdóttir, tækni - og þróunarstjóri Stafræns Íslands, var fyrsta konan sem útskrifaðist úr hugbúnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands fyrir 20 árum, en á þeim tíma var þetta nýtt nám.

Í störfum sínum í tæknigeiranum síðan þá hafa konur löngum verið í minnihluta á hennar vinnustöðum og stundum hefur hún verið eina konan í hópi karla. Stafrænt Ísland er fyrsti vinnustaðurinn sem hún vinnur á þar sem algert jafnræði er milli kynja.

„Sem betur fer hafa margar stelpur útskrifast á eftir mér. Ég hef unnið í hugbúnaðargeiranum alveg frá útskrift, fyrir utan þau tvö ár sem ég stundaði mastersnám í stafrænni hönnun við háskólann í Edinborg.

Ég hef prófað mig áfram í geiranum og ætli ég hafi ekki sinnt öllum störfum sem koma að því að þróa hugbúnað. Ég hef meðal annars verið forritari, prófari, vörustjóri og framkvæmdastjóri. Í seinni tíð hef ég aðallega komið að því að stýra hugbúnaðarteymum og verkefnum og hef bætt við mig MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík til að styrkja mig í þeim hlutverkum.“

Hrefna starfar hjá Stafrænu Íslandi, en hlutverk þess er að búa til lausnir er snúa að því að bæta opinbera þjónustu í samstarfi við stofnanir, með það að markmiði að létta og einfalda líf landsmanna.

„Það eru forréttindi að fá að vinna að verkefnum sem hafa áhrif á þitt eigið líf og í raun allra í kringum þig. Ég þurfti til dæmis að sækja um vegabréf fyrir son minn um daginn sem krafðist útprentunar, undirskrifta og bílferða. Þá var svo gaman að hugsa til þess að Stafrænt Ísland er einmitt að vinna að því með sýslumönnum og Þjóðskrá að gera þetta ferli stafrænt til að stytta sporin og spara tíma. Það er rosalega gefandi að vinna að slíkum verkefnum.

Við erum líka í mjög tæknilega krefjandi verkefnum eins og nýrri innskráningarþjónustu, en þar fær nördinn í manni að blómstra. Verkefnin hjá Stafrænu Íslandi finnast mér spennandi því að hér höfum við tækifæri til að endurhugsa hluti eins og tæknilega innviði og nýta okkur nýjustu tækni eins og skýjaþjónustur og sjálfvirkni við útgáfur hugbúnaðar.“

Notandinn í fyrsta sæti

Hjá Stafrænu Íslandi starfa 12 manns en verkefnastofan er hluti af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu. „Við vinnum öll okkar verkefni með helstu hugbúnaðarfyrirtækjum landsins í gegnum þverfaglegt útboð. Ekki líður sá dagur að maður læri ekki eitthvað nýtt, en samstarfsaðilar okkar eru með ótrúlega frjótt og útsjónarsamt starfsfólk sem hefur notandann alltaf í fyrirrúmi. Verkefnin eru unnin í samstarfi við stofnanir sem hafa tekið vel í stafræna umbreytingu því að þær vilja veita viðskiptavinum sínum betri þjónustu. Ég held að ég geti fullyrt að við séum öll stolt af því að vinna að þessum verkefnum í sameiningu.“

Fjölbreytni tryggir betri þjónustu

Hrefna segir að ef búa eigi til hugbúnað sem nær til fjölbreytts notendahóps, verði hugbúnaðarteymin sem þróa hann að vera fjölbreytt sömuleiðis. „Maður er gjarn á að hugsa veruleikann bara út frá sjálfum sér og þess vegna er mikilvægt fyrir vinnuveitendur að hafa fjölbreyttan hóp sem kemur að þróun hugbúnaðar. Þegar ég segi fjölbreytni á ég ekki bara við blöndun kynja heldur líka fjölbreytni í aldri, uppruna og reynslu.

Við erum lánsöm að hafa afar fjölbreyttan hóp innan Stafræns Íslands. Kynjahlutfallið er jafnt, sem ég er afar stolt af, enda hef ég nánast aldrei unnið í slíku umhverfi. Frá því að ég var eina konan í tímum í háskólanum og í gegnum allan minn hugbúnaðarferil hef ég alltaf verið í minnihluta sem kona. Ég er líka svo glöð að hugbúnaðarteymin sem við vinnum með eru mjög fjölbreytt, það er gefandi að vinna í slíku umhverfi.“

Jafnt kynjahlutfall og fjölbreytt reynsla

Hrefna segir mikilvægt að konur grípi tækifærin þegar þau gefast. „Þegar ég var beðin um að taka að mér að vera tækni- og þróunarstjóri Stafræns Íslands, efaðist ég fyrst um sjálfa mig og fannst ég ekki vera fær um að sinna slíku hlutverki, enda hafði ég ekki forritað í mörg ár. Við konur og stelpur erum gjarnar að hugsa svona og efast um okkur sjálfar. Ég áttaði mig hins vegar fljótt á því að ég kem með aðra reynslu að borðinu þegar kemur að hugbúnaðargerð og er góð í alls konar öðru en akkúrat forritun. Það er líka ástæðan fyrir því að maður umkringir sig góðu samstarfsfólki, því að maður getur ekki verið bestur í öllu sjálfur.“

Hún segir mikilvægt fyrir konur að þora að stökkva því að þær séu fyrirmyndir næstu kynslóða. „Ég er svo stolt af því að dætur bróður míns, sem eru þær fyrstu af þeim ættlið í fjölskyldunni til að velja sér háskólanám, hafa báðar valið sér hugbúnaðarverkfræði. Þó að ég eigni mér ekki heiðurinn af því, enda eru báðir foreldrar þeirra í tæknibransanum, þá hef ég að minnsta kosti lagt mitt af mörkum til að vera sterk kvenfyrirmynd í tæknigeiranum fyrir þær og aðrar stelpur.“

> **Við erum lánsöm að hafa afar fjölbreyttan hóp innan Stafræns Íslands. Kynjahlutfallið er jafnt, sem ég er afar stolt af, enda hef ég nánast aldrei unnið í slíku umhverfi. Frá því að ég var eina konan í tímum í háskólanum og í gegnum allan minn hugbúnaðarferil hef ég alltaf verið í minnihluta sem kona. Ég er líka svo glöð að hugbúnaðarteymin sem við vinnum með eru mjög fjölbreytt, það er gefandi að vinna í slíku umhverfi.**
>
> Hrefna Lind Ásgeirsdóttir

Að sögn Hrefnu eru störf innan hugbúnaðargeirans ótrúlega fjölbreytt og menntun í verkfræði og tækni mun alltaf koma sér vel. „Ég byrjaði ferilinn sem forritari og það hefur hjálpað mér gríðarlega að hafa þennan grunnskilning við að stýra stórum og flóknum hugbúnaðarverkefnum. Þess vegna mæli ég eindregið með því fyrir stelpur að prófa það starf. Ég nefni það sérstaklega því að mér hefur fundist kynjahallinn mestur þar innan geirans.“

Hugbúnaðargerð helsta áhugamálið

Hrefna og maður hennar, Tryggvi Jónsson, búa í Kópavogi ásamt fjórum börnum sínum og að sögn Hrefnu eru þau samsett nútíma fjölskylda. Tryggvi er líka verkfræðingur og vinnur hjá Marel við hugbúnaðargerð og því má segja að þau hjónin lifi og hrærist í tæknimálum. „Hugbúnaðargerð er bæði vinnan okkar og áhugamál en við settum okkur einhvern tímann reglu í gríni að tala ekki um vinnutengd mál fyrr en við erum komin með kaffibolla í hönd. Líf okkar utan vinnu snýst mikið í kring um krakkana okkar en þau eru á þeim aldri að íþróttamót, tónleikar og fleira í þeim dúr er fyrirferðarmikið. Annars elskum við að ferðast saman og vera úti í náttúrunni og kynna krakkana fyrir nýjum stöðum og upplifunum,“ segir Hrefna Lind Ásgeirsdóttir að lokum. ■

Frá vinstri eru þær Sigríður Sigmarsdóttir, sölu- og markaðsstjóri, Þórdís Aikman Andradóttir framendaforritari og Hugrún Björnsdóttir verkefnastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjölbreytileikinn skiptir miklu máli

Tæplega þriðjungur starfsmanna Netheims er konur og stefnt er að því jafnt og þétt að auka það hlutfall. Með ólíkum sjónarmiðum og styrkleikum koma fram betri lausnir sem nýtast fleirum.

Tæknigeirinn snertir flesta fleti samfélagsins og því er mjög æskilegt að hlutfall stjórnenda og starfsmanna innan hans endurspegli það, til dæmis þegar kemur að kynjahlutfalli. Með ólíkum sjónarmiðum og mismunandi styrkleikum koma nefnilega fram betri lausnir sem nýtast fleirum, segir Sigríður Sigmarsdóttir, eigandi og sölu- og markaðsstjóri Netheims, sem er upplýsingatæknifyrirtæki sem hefur sérhæft sig á sviði reksturs tölvukerfa, hýsingar og hugbúnaðarsmíði til 24 ára. „Frá stofnun Netheims hefur ein kona starfað hér frá upphafi. Fjöldi starfsmanna hefur haldist í um 10-12 starfsmönnum og hefur Helga bókari alltaf verið þessi eina kona, enda tölvubransinn lengi verið karlægur.“

Netheimur var stofnaður 1998 og fram til ársins 2018 voru 95% starfsmanna karlmenn að sögn Þórdísar Aikman Andradóttur, framendaforritara. „Árið 2018 var Hugrún Björnsdóttir verkefnastjóri ráðin inn til okkar. Fyrir utan það hversu klár hún er þá var hún einnig ráðin inn til að auka hlut kvenna hjá fyrirtækinu. Í kjölfarið hóf Sigríður störf hjá okkur sem einn eigenda og ég bættist í hópinn. Kynjahlutfall okkar í dag með þeim sem eru í fæðingarorlofi er um 30% konur.“

Nýtum styrkleika hvers annars

Hún bætir við að það hafi verið gaman að sjá að þegar fyrirtækið auglýsti eftir nýrri Hugrúnu, þegar hún fór í fæðingarorlof fyrir þremur árum, hafi þau fengið metfjölda umsókna frá konum. „Þá fengum við að heyra að auglýsingin hefði kallað á konur og þær metið okkur sem jákvæð í garð kvenkynsstarfsmanna.“

Hugrún segir Netheim leggja mikla áherslu á að ekkert starf og verkefni sé of lítið og allt starfsfólk sinnir fjölbreyttum störfum. „Helmingur forritarateymis okkar er konur og tveir þriðju í yfirstjórn eru konur. Við erum ekki stórt fyrirtæki og því eru þessar tölur háar í prósentum en við gætum gert mun betur. Okkur dreymir til dæmis um að fá konu í tæknideildina, þannig að ef einhver hæf kona les þetta má hún endilega hafa samband. Allir starfsmenn eru sammála um nauðsyn fjölbreytileika og strákarnir hafa haft á orði að það sé af hinu góða að leggja áherslu á að fjölga konum í hópnum. Öllum líður vel og við erum óhrædd við að nýta styrkleika hvers annars.“

Nýliðun skiptir máli

Þær eru sammála því að nauðsynlegt sé að auka nýliðun í faginu og þá sérstaklega hjá konum. „Það er m.a. hægt að gera með því að brjóta niður staðalímyndir um fagið og fólkið sem starfar í tæknigeiranum,“ segir Sigríður. „Í stafrænum umskiptum munu verða til alls konar störf og þá þarf að fá sem flesta að borðinu. Störf í tæknigeiranum snúast ekki lengur bara um unga forritunarsnillinga sem geta varið öllum sínum frítíma í fagið. Þó að þú starfir í upplýsingatækni þá er ekki þar með sagt að þú getir ekki átt líf utan hennar. Tæknigeirinn treystir á að laða til sín alls konar fólk, unga sem aldna, konur og karla, mæður og feður, svo að Ísland verði ekki eftirbátur annarra landa í stafrænni framtíð.“

Forritunarkennsla nauðsynleg

Þórdís segir að nú, þegar við höfum nokkurn veginn gengið úr skugga um að Internetið sé ekki „bara bóla“ og tæknivæðing virðist aukast ár frá ári á alheimsvísu, þá sé svolítið umhugsunarvert hversu seint tölvu- og/eða forritunarkennsla byrjar, ef hún gerir það yfir höfuð. „Það væri svo auðvelt að gera forritun skemmtilega og vekja þannig áhuga barna strax í grunnskóla á faginu. Ekki endilega með það fyrir augum að þau fari öll í tölvunarfræði, heldur vegna þess að forritun eykur svo skilning á upplýsingatækni yfir höfuð og opnar þannig dyr að nánast hverju sem er.“

> **Allir starfsmenn eru sammála um nauðsyn fjölbreytileika og strákarnir hafa haft á orði að það sé af hinu góða að leggja áherslu á að fjölga konum í hópnum. Öllum líður vel og við erum óhrædd að nýta styrkleika hvers annars.**
>
> Hugrún Björnsdóttir

Gott samband skiptir öllu máli

Sigríður segir öflug upplýsingatæknifyrirtæki skipta mjög miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf. „Þau skipta mjög miklu máli í ljósi þeirrar stafrænu umbyltingar, eða umskipta, sem eru að eiga sér stað. Það þarf að byggja upp tæknilega innviði til að mæta þeim breytingum sem stafræn umskipti hafa í för með sér.“

Þær eru sammála um að sérstaða Netheims felist í persónulegri og góðri þjónustu á sanngjörnu verði. „Netheimur leggur ofuráherslu á gott samband við viðskiptavini sína og það er gaman að segja frá því að flestir okkar viðskiptavinir eignast sinn eigin tengilið innan Netheims, segir Hugrún. „Við erum með fjölbreytta reynslu á sviði tækni og getum leyst flest öll tæknivandræði sem fyrirtæki lenda í. Má þar nefna val á búnaði, uppsetningar, tengingar, samþættingar, heimasíður og vefverslanir. Við leggjum áherslu á að vera þetta eina símtal sem þitt fyrirtæki þarfnast.“

Árið fram undan er fullt af skemmtilegum verkefnum og áskorunum, bætir Sigríður við í lokin. „Áherslur okkar árið 2022 eru á enn frekari samþættingar milli kerfa, einföldun í rekstri upplýsingatækni hjá fyrirtækjum okkar og enn frekari þróun á stafrænum lausnum.“

Nánari upplýsingar á netheimur.is.

NETHEIMUR

Ómissandi til að geta hreyft sig og notið lífsins

Einar Ásgeirsson tekur inn blöndurnar Kollagen og Liði frá Protis. Hann er alsæll með árangurinn og segir vörurnar gera sér kleift að stunda hreyfingu án verkja.

Áður en Einar hóf inntöku á Kollageni og Liðum var hann farinn að finna fyrir verkjum sem voru farnir að hafa neikvæð áhrif á getu hans til að hreyfa sig og þar af leiðandi á lífsgæði hans.

„Ég var með liðaverki í öxlum og hnjám, svona eins og gengur og gerist en svo var ég líka sárþjáður af vefja- og vöðvaverkjum. Ég var farinn að ímynda mér að ég væri kominn með vefjagigt eða eitthvað í þeim dúr.“ Einar segir kynni sín af vörunum hafa verið hálfgerða tilviljun. „Ég var búinn að prófa ýmislegt og prófaði þetta af rælni. Þetta reyndist síðan virka svona rosalega vel. Ég er orðinn mjög góður í dag.“

Áþreifanlegur munur

Einar er búinn að nota vörurnar í tæp tvö ár og hafa komið upp tímabil þar sem hann hefur ekki tekið þær inn. „Ég er búinn að prófa að sleppa þessu og þá fer ekkert á milli mála hvað þetta virkar vel. Ég hef svo fundið áþreifanlegan mun þegar ég byrja aftur.“

Þá hefur hann enn fremur reynslu af því að taka inn bara aðra hvora vöruna og þær saman. „Ég hef líka bara átt Liði eða bara átt Kollagen en ég finn að þetta virkar ennþá betur saman. Þetta er frábær blanda. Ég þarf að taka þetta með mat til að styðja við upptökuna þannig að ég tek þetta með sjúss af ólífuolíu,“ segir Einar og hlær.

Einar Ásgeirsson segist mun fljótari að ná sér eftir hreyfingu þegar hann tekur inn bæði Kollagen og Liði frá Protis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einar hefur einnig prófað aðrar sambærilegar vörur, bæði erlendar og innlendar, og segir hann Protis hafa reynst sér best. „Þetta erlenda virkaði ekki neitt og þetta innlenda virkaði ágætlega en var bara alltof dýrt.“

Eins og þegar maður var yngri

Einar stundar ýmsa hreyfingu sér til ánægju og segir blöndurnar nú orðnar ómissandi. „Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört lykilatriði að taka þetta inn. Þetta styður alla hreyfingu, hvort sem það er skokk, hlaup eða ganga á fell og fjöll.“

Einar segir ávinninginn ekki síst felast í því hversu jákvæð áhrif þetta hafi á endurheimt vöðva þegar búið er að taka á því. „Þetta verður svolítið eins og þegar maður var yngri og fékk ekki harðsperrur eða annað vesen. Líðanin batnar og þá er auðveldara að virkja sig betur í hreyfingu. Þannig kemur þetta allt.“

Einar mælir heilshugar með vörunum. „Ég hugsaði með mér hvort maður ætti nokkuð að vera að tjá sig en síðan er ég alltaf að lesa um fólk sem þjáist til dæmis af vefjagigt og ef það getur lagað það með þessu í staðinn fyrir að þjást, þá væri algjör synd að koma því ekki á framfæri. Mér er því ljúft og skylt að deila þessu með fólki ef þetta skyldi vera eitthvað sem gæti hjálpað því,“ segir Einar.

„Ég hélt að ég væri kominn með

> **Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört möst að taka þetta inn.**

vefjagigt en það lagaðist eftir að ég fór að taka þetta inn. Það eru svo mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi.“

Verndar liði, bein og brjósk

Protis Liðir er unnið úr kollagenríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofnu þorskprótíni fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Blandan inniheldur einnig mangan og nauðsynleg vítamín fyrir heilbrigð bein, brjósk og liðvökva.

Fyrir húð, hár og neglur

Kollagen frá Protis er einstök blanda úr hágæða innihaldsefnum sem styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagenið er framleitt úr íslensku fiskroði og inniheldur einstakt innihaldsefni – SeaCol, sem er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika. Einnig er sérvalin blanda af vítamínum og steinefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. ■

Vörur Protis fást í öllum helstu matvöruverslunum og apótekum.

Listmunauppboð nr. 597

Helgi Þorgils Friðjónsson

Ragnheiður Jónsdóttir Ream

Louisa Matthíasdóttir

Bragi Ásgeirsson

Karólína Lárusdóttir

Kristján Davíðsson

VEFUPPBOÐ ÚR EINKASAFNI
ANTHONY J. HARDY
stendur yfir • lýkur 11. apríl
Glæsilegt safn íslenskra verka

Forsýning á verkunum hjá Fold uppboðshúsi og á vefnum uppbod.is

NÝ MÁLVERK
ÞORRI HRINGSSON
Sýning í Gallerí Fold
9. - 30. apríl

FOLD UPPBOÐSHÚS
Rauðarárstígur 12–14, sími 551 0400 · www.uppbod.is

Lyftir máltíðinni á hærra plan

Súrkál ásamt sykurlausu súkkulaði verður á boðstólum á páskamarkaði sem fer fram í Hafnarfirði um helgina. Skipuleggjendur segja súrkálið vera punktinn yfir i-ið í góðri máltíð.

starri@frettabladid.is

Gómsætt súrkál af ýmsum gerðum og sykurlaust súkkulaði, verða í aðalhlutverki á páskamarkaði í Súrkálshöllinni í Hafnarfirði um helgina. Það er smáframleiðandinn Súrkál, í eigu hjónanna Dagnýjar Hermannsdóttur og Ólafs Loftssonar, sem býður til veislunnar, sem stendur yfir bæði laugardag og sunnudag.

„Við ætlum að bjóða upp á smakk af öllu því sem við framleiðum og allt á kostakjörum eins og það á að vera á góðum markaði. Þar má nefna fjölda tegunda af súrkáli, drykkjum og sósum úr súrkáli og einnig súkkulaði án viðbætts sykurs. Meðal súrkálstegunda má nefna karrýkál, kimchi, sítrónukál, pylsukál auk hins hefðbundna súrkáls. Við framleiðum síðan tvær afar bragðgóðar sósur, kimchimæjó og karrý-mæjó. Súkkulaðið frá okkur hefur líka fengið góðar undirtektir enda án sykurs og kemur í sex bragðtegundum, bæði dökkt og hvítt. Auk þess verður heitt á könnunni og eitthvað að sötra fyrir krakkana.“

Landsmenn tekið vel í súrkálið

Hjónin hafa framleitt og selt súrkál í um fjögur og hálft ár. Dagný segir áhuga Íslendinga á súrkáli hafa aukist ótrúlega mikið á þessum tíma.

„Á þessum tíma hefur orðið gríðarleg breyting. Þegar við vorum að byrja með þetta fundum við að margir gerðu ráð fyrir að þetta væri ekki bragðgott og flestir höfðu aldrei smakkað alvöru súrkál. Nú er viðhorfið mjög mikið breytt. Við sjáum það skýrt þegar við erum með kynningar, margir þekkja þetta orðið og flestir sem koma eru spenntir fyrir að smakka súrkálið.“

Súrkálið sem þau framleiða er stútfullt af góðgerlum að sögn Dagnýjar, en mjólkursýrugerlar eru mjög mikilvægir fyrir meltinguna. „Það er alltaf að koma betur í ljós hvað heilbrigð þarmaflóra er mikilvæg fyrir líkamsstarfsemi okkar. Það eru gerlarnir sem sýra kálið en við bætum engu ediki í það. Innihaldið er bara grænmeti, krydd og hreint salt. Í gerjunarferlinu myndast líka ensím sem hjálpa til við meltinguna.“

Féllu fyrir bragðinu

Dagný lærði súrkálsgerð árið 1984 þegar hún var í námi í Noregi. „Við fórum svo að fikta við að gera þetta fyrir nokkrum árum, fyrst og fremst vegna hollustunnar en féllum alveg fyrir bragðinu og því hvað þetta getur verið óendanlega bragðgott og fjölbreytt. Nú finnst okkur nauðsynlegt að hafa einhvers konar súrkál með flestum mat. Þetta gerir svo mikið fyrir máltíðina.“

Að hennar mati er súrkálið punkturinn yfir i-ið í góðri máltíð. „Smá súrkál á diskinn lyftir máltíðinni hreinlega á hærra plan. Það má segja að súrkál passi með öllum mat sem grænmeti passar með, sem sagt með flestu, nema kannski í hafragrautinn eða skyrið.“

Karrýkálið er dásamlegt með pylsunni, t.d. cheddar & chipotle-pylsum.

Hjónin Dagný Hermannsdóttir og Ólafur Loftsson hafa framleitt og selt súrklál í tæplega fimm ár.

MYNDIR/AÐSENDAR

Hjónin leggja mikið upp úr því að draga úr sóun. „Við tökum á móti öllum okkar glerkrukkum til baka og endurnýtum. Verslanirnar Frú Lauga, Vegan búðin og Matarbúðin Nándin taka allt árið um kring á móti krukkunum frá okkur. Auk þess ætlum við að gefa súrkál um helgina sem er komið fram yfir „Best fyrir“-dagsetningu en er í fullkomnu lagi. Alvöru lifandi súrkál geymist nefnilega ótrúlega vel og þetta er mjög örugg geymsluaðferð.“

Páskamarkaðurinn verður haldinn í Súrkálshöllinni, í bakhúsi að Bæjarhrauni 24 í Hafnarfirði. Markaðurinn er opinn laugardag og sunnudag milli kl. 11 og 16.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðunni Súrkál. Einnig má fylgja þeim eftir á Instagram (@surkal.is).■

APRÍLTILBOÐ
15% afsláttur
af Cinderellameðferðinni

Cinderella er afar notaleg meðferð þar sem notað er nær-innrautt ljós sem örvar kollagenframleiðslu. Húðin verður þéttari og fær sig meiri ljóma. Tilvalin meðferð fyrir páskana.

Tryggðu þér tilboðið með því að bóka tíma á www.hudin.is eða síma 519-3223

Verið velkomin!

HÚÐIN skin clinic

Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is

MEMBRASIN®
VINNUR GEGN ÞURRKI

Fyrir heilsu kvenna

Membrasin Woman Vitality

Krem sem virkar gegn þurrki í leggöngum og á ytri kynfærum.
Bætiefni sem nærir og vinnur gegn þurrki í allri slímhúð og húð.

FÆST Í APÓTEKUM, FJARÐARKAUP, HAGKAUP OG HEILSUHÚSINU

Nánari upplýsingar um vörurnar og sölustaði á *www.numereitt.is/membrasin*

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Hjólhýsi

POWRTOUCH MOVERS - HJÓLHÝSAMOVER

Topp gæði
Verð frá 198.000 kr.

Allar nánari upplýsingar og pantanir í síma 863 4449
hjolhysi.com, kriben@simnet.is, www.facebook.com/hjolhys

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Steinhella 17
lager – geymsluhúsnæði

500 fm lager- og geymsluhúsnæði til langtímaleigu.
Mikil lofthæð, laust nú þegar.

Uppl. í s. 893 9777

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

ÞESSI VIFTA SKYNJAR SKÍTALYKT

TILBOÐ
31.634
VAR 38.086

SKYNJAR LYKT - SKYNJAR RAKA - MJÖG HLJÓÐLÁT - APP EÐA TAKKAR

VIFTUR.IS

ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Heilsa

Heilsuvörur

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Only 1-4 students per course ! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Víetnama og Kínverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personel. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 18/4, 2/5, 16/5, 30/5, 13/6, 27/6, 4/7, 18/7, 8/8, 15/8, 12/9. * 4 weeks/vikur x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat/Sun/ lau/sun. AM & PM/f.h & e.h. Price/ verð: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélög endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is . ff@icetrans. is - facebook.com/icetrans. IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíóíbúð, eða ca. 25 fm herbergi með aðgangi að WC til leigu á höfuðborgarsv. Verðhugm. 100-150þús per mán. Öruggar greiðslur. Uppl. í s. 866 9087

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

GÓÐA AMMA

Okkur vantar ömmu til að hjálpa okkur með nokkra daga í mánuði í sumar. Ég heiti Baltasar Lár alveg að verða 8 mánaða og voða blíður gaur, það segir mamma mín allavega. Skilaboð í S.6933444

Til sölu

VEIÐIPORTID
Grandagarður 3 ▪ S: 552-9940

Stærðir:
270cm-500cm
Verð frá:
149.000.kr

SAILSKI®

Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Sinnum viðhaldinu saman og
notum öruggar lausnir við framkvæmdir

Vinnupallar • Smiðsbúð 10 • s. 7879933 • vpallar.is • vpallar@vpallar.is

KJARNAFÆÐI

STOLT ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

ÍSLENSKT HEIÐALAMB

MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM



VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI

www.kjarnafaedi.is



Melissa Lucio á fjórtán börn. Árið 2007 var hún handtekin og síðar dæmd til dauða fyrir morð á tveggja ára dóttur sinni, Mariuh. Enginn hefur þó borið vitni um ofbeldishegðun af hennar hálfu. Myndin er úr einkasafni og birt með leyfi Innocence Project.

Þetta er ekki bara eins og maður vinni einhverja skýrslu og geti svo bara farið heim og slappað af. Þetta er endalaus barátta.

Nýtir lærdóm af Geirfinnsmáli til að stöðva dauðarefsingu

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Fátæk fjórtán barna móðir verður tekin af lífi í Texas síðar í þessum mánuði, nema orðið verði við beiðni um að stöðva aftökuna. Íslenskur réttarsálfræðingur, sem vinnur með verjendateymi hennar, hefur miklar efasemdir um játningu hennar og telur hana saklausa.

Gísli Guðjónsson, prófessor í réttarsálfræði, veitir sérfræðiálit í máli Melissu Lucio, bandarískrar konu af spænskum uppruna, sem var dæmd til dauða fyrir tólf árum og taka á af lífi í Texas í lok þessa mánaðar.

Gísli er er sérfræðingur í klínískri sálfræði og réttarsálfræði. Hann er prófessor emeritus við King's College í London og prófessor við Háskólann í Reykjavík. Gísli var ráðinn sem sérstakur sérfræðingur starfshóps innanríkisráðherra, til að meta áreiðanleika framburðar og játninga sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálum og eiga niðurstöður hans í málinu stærstan þátt í því að málin voru endurupptekin.

Gísli er einn fremsti sérfræðingur heims á sviði áreiðanleika játninga og hefur 40 ára reynslu af sálfræðilegu mati á framburði vitna, þolenda og sakborninga í yfir 1.000 málum víða um heim. Hann hefur gefið vitnisburði í fjölda mikilvægra sakamála þar sem sakfellingardómum yfir saklausu fólki hefur verið hnekkt. Aðspurður segir Gísli að hætt hafi verið við dauðarefsingar í þremur bandarískum málum eftir hans aðkomu.

Í máli Melissu byggir Gísli á módeli sem hann hefur þróað um áhættuþætti sem haft geta áhrif á áreiðanleika játninga. Módelið er meðal annars byggt á aðferð sem Gísli notaði til að meta játningar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, en fimm hinna dómfelldu voru sýknaðir árið 2018, einkum á grundvelli sérfræðiálita Gísla.

Mætir örlögum sínum eftir átján daga

Melissa Lucio með dóttur sína Mariah sem lést árið 2007. Myndin er úr einkasafni og birt með leyfi innocence project.

Melissa Lucio verður tekin af lífi 27. apríl næstkomandi, nema Greg Abbott, ríkisstjóri í Texas, stöðvi aftökuna.

Mariah, tveggja ára dóttir hennar, lést í febrúar 2007, en hún vaknaði ekki eftir síðdegislúr. Við krufningu kom í ljós mar víða um líkama hennar. Talið var að höfuðhögg hefði verið dánarorsökin.

Melissa hafði aldrei orðið uppvís að ofbeldi og ítarlegar skýrslur af börnunum hennar leiddu ekki í ljós nein dæmi um ofbeldi í garð barnanna.

Nokkur barna hennar höfðu tveimur dögum áður en Mariah lést, séð hana detta niður brattar tröppur fyrir utan heimili þeirra og byggir vörnin á því að mögulega hafi fallið verið orsök þess að hún lést tveimur dögum síðar. Ekkert barnanna gaf hins vegar skýrslu fyrir dómi.

Í margra klukkustunda langri yfirheyrslu, seint sama kvöld og dóttir hennar lést, neitaði Melissa ítrekað að hafa valdið dauða dóttur sinnar eða beitt hana ofbeldi. Í lokin sagði hún þó: „Ætli ég hafi ekki gert þetta þá, ég ber ábyrgð á þessu." Þessi orð hennar voru túlkuð sem játning. Melissa hafði hvorki lögmann né aðra aðstoð sér til halds og trausts meðan á yfirheyrslunni stóð.

Árið 2008 sakfelldi kviðdómur Melissu fyrir morð og dæmdi hana til dauða. Í áfrýjunum til æðri dómstóla var lögð áhersla á að meint játning hennar væri óáreiðanleg, enda hefðu yfirheyrslur yfir henni ekki farið eðlilega fram. Þá hefði rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómstólum verið verulega ábótavant.

Þegar héraðssaksóknarinn Armando Villalobos ákærði Melissu fyrir morð, var hann að sækjast eftir endurkjöri sem héraðssaksóknari Cameron-sýslu í Texas. Hann situr nú af sér 13 ára fangelsisdóm fyrir kúgunar- og mútubrot.

Meðal þeirra sem mótmælt hafa dauðarefsingunni og þrýst á ríkisstjórann að skerast í leikinn eru þingmenn ríkisþingsins í Texas, fólk sem sat í kviðdómi í málinu og þekktir áhrifavaldar á borð við Kim Kardashian. Þá hefur áhugi fjölmiðla á málinu aukist mjög, en málið fékk ekki mikla athygli þegar það fór fyrst fyrir dóm.

Átján dagar í aftöku

Mál Melissu er meðal alvarlegustu mála sem Gísli hefur séð á ferli sínum og hann fullyrðir að Texas sé að fara að drepa saklausa konu.

Melissa er 53 ára móðir fjórtán barna. Þegar hún var handtekin voru börnin tólf en hún bar þá tvíbura undir belti. Melissa varð fyrir ofbeldi af hálfu stjúpföður síns í barnæsku og flúði að heiman og giftist aðeins sextán ára gömul. Hún eignaðist fimm börn með manninum sínum en hann yfirgaf hana þegar hún var 24 ára gömul. Þegar hún var handtekin árið 2007 bjó hún ásamt sambýlismanni og sjö börnum þeirra auk tveggja barna frá fyrra hjónabandi, í sárri fátækt í Texas.

Í febrúar 2007 lést tveggja ára dóttir Melissu. Hún vaknaði ekki eftir síðdegislúrinn sinn. Böndin bárust strax að móður hennar. Melissa var handtekin tveimur tímum eftir að dóttir hennar lést og fimm lögreglumenn hófu strax yfirheyrslu sem tók fimm klukkustundir. Til eru upptökur í hljóð og mynd af yfirheyrslunum og þar sést Melissa ítrekað neita því að hún hafi lagt hendur á barnið og valdið dauða þess. Lögreglumennirnir beittu miklum þrýstingi en hún hafði ekki lögmann sér til halds og trausts. Að lokum gafst hún upp og sagði: „Ætli ég hafi ekki gert þetta þá, ég ber ábyrgð á þessu." Þessi orð hennar voru túlkuð sem játning. »

Það er augljóst hver vandi þessarar konu var og hve illa var staðið að þessu.

Heimsferðir 30 ára 1992-2022

30 ára afmælisafsláttur!

Costa del Sol



Flug & hótel frá

72.725

Verð frá kr.

97.850

Lækkaðu ferðina um 30.000 kr. á mann með kóðanum "30ARA"

Sjá dæmi um verð með afslætti hér að neðan.

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN — Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

Athugið: Afsláttur gildir í allar brottfarir til Costa del Sol sumarið 2022 sem bókaðar eru fyrir 1. maí. TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ!

Fuengirola ★★★

Hotel & Apartments Myramar

9. maí í 12 nætur

Frá kr. 72.725 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **97.850** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Torremolinos ★★★★

Bajondillo Apartments



9. júní í 11 nætur

Frá kr. 97.600 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **102.700** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Torremolinos ★★★

La Barracuda

11. júlí í 10 nætur

Frá kr. 134.500 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **171.650** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, **Morgunverður**

Benalmadena ★★★★

Hotel Best Benalmadena

21. júlí í 11 nætur

Frá kr. 154.825 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **190.550** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, **Morgunverður**

Fuengirola ★★★

Globales Gardenia Park

ALLT INNIFALIÐ

11. ágúst í 11 nætur

Frá kr. 138.550 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **174.050** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, **Allt innifalið**

Torremolinos ★★★

Hotel Sol Timor

22. ágúst í 10 nætur

Frá kr. 114.100 á mann
m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **178.350** m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • Bókaðu þína ferð á heimsferdir.is

Heimsferðir – fáðu meira út úr fríinu

» Í áfrýjunum lögmanna hennar til æðri dómstóla var lögð áhersla á að meint játning hennar væri óáreiðanleg, enda hefðu yfirheyrslur yfir henni ekki farið eðlilega fram. Þá hefði rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómstólum verið verulega ábótavant.

Í einni áfrýjun náði málflutningur lögmanna Melissu í gegn. Alríkisdómstóll í New York féllst á að hún hefði ekki notið stjórnarskrárvarinna réttinda sinna til fullnægjandi málsvarnar. Yfirlýsingar hennar í yfirheyrslum væru helstu sönnunargögnin í málinu, en engin gögn í málinu sýndu fram á að barnið hefði verið drepið eða að Melissa hefði nokkru sinni lagt hendur á hana eða önnur börn sín.

Ári síðar breytti þessi sami dómstóll niðurstöðu sinni á þeim forsendum að hann hefði ekki lögsögu í málinu. Þá var aðeins síðasta dómstigið eftir, en í október á síðasta ári synjaði Hæstiréttur Bandaríkjanna beiðni um að taka mál Melissu fyrir.

Í febrúar síðastliðnum var Melissu tilkynnt um aftökudag, 27. apríl 2022. Í kjölfarið hófst lokaatlagan við að bjarga lífi hennar með undirbúningi beiðni til ríkisstjóra Texas um að stöðva aftökuna.

Skoðar alla áhættuþætti

„Þetta var með mjög stuttum fyrirvara. Það var í febrúar að ég var beðinn að koma inn í málið," segir Gísli, en í sérstakri beiðni til ríkisstjóra Texas er farið fram á að aftökunni verði frestað eða hún stöðvuð. Meðal lykilgagna í beiðninni er sérfræðiálit Gísla um að svör Melissu í yfirheyrslunni beri öll einkenni falskrar játningar.

„Í máli Melissu notaði ég það sem ég hef þróað í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Ég er með módel í þróun sem ég nota í þessa vinnslu," segir Gísli og skýrir módelið þannig að með því séu dregnir upp þeir áhættuþættir sem gefi til kynna hvort og hversu áreiðanleg játning er.

„Það er í fyrsta lagi að líta á bakgrunn viðkomandi, hans eða hennar forsögu. Það er einn þátturinn og annar þáttur er í hvaða samhengi er verið að taka viðkomandi til yfirheyrslu. Í þriðja lagi þarf að rannsaka yfirheyrslurnar sjálfar," segir Gísli, en í máli Melissu hafði hann myndband af allri yfirheyrslunni. „Ég gat rannsakað það og notað vissa aðferðafræði til að meta álagið sem kom fram, hvernig lögreglumennirnir fimm höguðu sér, hvernig viðbrögð hún sýndi og annað sem fram kemur á upptökunni.

Svo er fjórði þátturinn og það eru persónulegir þættir sem varða einstaklinginn sjálfan. Það getur verið forsaga, ofbeldi til dæmis. Forsagan skiptir miklu máli til að sjá hversu viðkvæmir einstaklingar geta verið," segir Gísli, en í forsögu Melissu er ofbeldi sem hún varð fyrir bæði í æsku og í hjónabandi sem hún gekk í aðeins sextán ára gömul.

„Þegar ég skoða þessa persónulegu þætti þá lít ég á hvað var að gerast við yfirheyrsluna sjálfa, hvernig voru viðbrögð konunnar eða einstaklingsins, hvað er hægt að lesa úr því. Eins skoða ég það sem ég kalla verndarþætti, hvort viðkomandi fékk einhverja aðstoð við yfirheyrsluna eða hvort hann eða hún er algerlega ein á báti."

Gísli segir að fram til þessa hafi málsvarnarteymið lagt fram ýmis gögn sálfræðinga en hver og einn þeirra hafi aðeins skoðað afmarkaða þætti í málinu. Hann segir vandamálið oft í málum af þessum toga að samhengið vanti. Heildarmyndina. „Í þessu máli var enginn sem hafði getu eða þekkingu til að geta litið á allt málið í heild. Þetta eru svo margir þættir sem spila þarna inn í. Mitt hlutverk var að líta yfir málið í heild, sem aldrei hafði verið gert."

Auk þess að meta heildstætt gögn málsins lét Gísli leggja tvö próf fyrir Melissu. „Hún var prófuð að minni beiðni. Ég stakk upp á því að það yrðu vissir þættir sem höfðu aldrei verið rannsakaðir sem þurfti að rannsaka og það voru fengnir sálfræðingar til að gera það. Þeir gerðu sefnæmisprófið mitt og undanlátsprófið, sem hjálpaði mér að fá betri heildarmynd," segir Gísli, en þessi próf sem Gísli hefur þróað voru einnig lögð fyrir sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálum.

„Það er augljóst hver vandi þessarar konu var og hve illa var staðið að þessu," segir Gísli. Niðurstaða hans er að áhættuþættir sem hann rannsakaði og eru til staðar í máli Melissu valdi mikilli hættu á að yfirlýsingar hennar séu óáreiðanlegar. Í grein í breska miðlinum The Independent, lýsir Gísli sannfæringu sinni um sakleysi Melissu.

Aðspurður segir Gísli að ríkisstjórinn sé tilneyddur að taka afstöðu í máli Melissu vegna framkominnar beiðni. Það gerist hins vegar oft ekki fyrr en alveg á síðustu stundu. „Það er einhver hefð fyrir því að bíða nánast alveg fram á síðasta dag eða svo gott sem. En ríkisstjórinn verður að taka afstöðu. Annað hvort hafnar hann beiðninni eða stoppar aftökuna."

Melissa Lucio var tæplega fertug þegar hún var handtekin vegna andláts dóttur sinnar árið 2007. Myndin er úr einkasafni og birt með leyfi Innocence Project.

Réttarsálfræðingurinn Gísli Guðjónsson hefur þróað módel, meðal annars byggt á Guðmundar- og Geirfinnsmálum, sem notað er til að prófa áreiðanleika játninga í sakamálum víða um heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Það er bara þegar þetta er komið í einhverja klemmu og enginn ræður við það að þá er leitað til mín til að leysa málið.

Fallist ríkisstjórinn á beiðnina er líklegast að dauðadómnum verði breytt í lífstíðarfangelsi, að sögn Gísla. Hann segir þó einnig mögulegt að verjendateymi hennar verði gefinn einhver frestur til að sýna fram á að játning hennar hafi verið fölsk. Fari svo er möguleiki að hún fái mál sitt endurupptekið í því skyni að fá sakfellingardómnum sjálfum hnekkt.

„Þetta er töluvert mikið af nýjum upplýsingum í málinu og það er búið að sanna líka margt um hve illa var staðið að rannsókninni. Þetta er ekki bara einhver ein rannsókn eða ein skýrsla frá mér. Ég er bara hluti af þessu teymi," segir Gísli og bætir við: „Það er ekki bara einhver einn sem kemur og bjargar málunum heldur mjög margir sem koma að þessu. Það þarf svo mikið teymi og mikla vinnu til að hnekkja svona málum."

Það má aldrei gefast upp

Eins og fyrr segir á Gísli glæsilegan feril á sínu sviði. Þótt hann sé kominn á eftirlaun tekur hann enn að sér mál, ekki síst í því skyni að læra meira. „Vísindin hafa þróast mjög mikið undanfarin 40 ár," segir Gísli, en aðferðin sem hann notar í máli Melissu er meðal annars byggð á Guðmundar- og Geirfinnsmálum.

„Ég hef haft svo mikið að gera frá því í júní að ég hef varla getað tekið mér dagsfrí. Hvert málið á fætur öðru kemur til mín og allt mjög flókin mál," segir Gísli. Hann tekur aðeins að sér flóknustu málin og segist ekki taka þau mál sem aðrir geti unnið. „Það er bara þegar þetta er komið í einhverja klemmu og enginn ræður við það að þá er leitað til mín til að leysa málið," segir hann. Geysilega mikil vinna liggi bak við hvert og eitt mál því fara þurfi ítarlega yfir öll gögn og fara yfir alla áhættuþætti sem geti haft áhrif, hversu alvarlegir þeir eru og hvað þeir segja varðandi áreiðanleika játninga sem voru gefnar við slíkar aðstæður.

„Ég er ekki að gera þetta nema af því að ég veit að ég get aðstoðað og það er ekki hægt að finna einhvern annan sem ræður við svona flókin mál. Ég geri það bara til þess að hjálpa til að fá réttlæti. Það sem keyrir mig áfram er bara sanngirni og réttlæti og lærdómur. Við lærum svo ofsalega mikið af hverju máli. Þá getur maður notað þá þekkingu til að byggja upp vísindin."

Gísli segir að hvert svona mál sé mikil barátta og það þurfi að hafa mikla þolinmæði. Hann tekur Guðmundar- og Geirfinnsmál sem dæmi. „Ég sá það strax þegar ég fór að vinna við málið að skýrsla innanríkisráðherra 2013 var bara byrjunin," segir hann, en í þeirri skýrslu var meðal annars mat um áreiðanleika játninga.

„Það var bara byrjunin. Þetta er ekki bara eins og maður vinni einhverja skýrslu og geti svo bara farið heim og slappað af. Þetta er endalaus barátta. Í svona flóknum málum þarf bara alltaf að halda áfram og áfram og safna meiri gögnum og gefast aldrei upp. Þetta er alltaf barátta en það má aldrei gefast upp. Það sem skiptir máli er réttlæti gagnvart einstaklingunum." ■

Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó
Ókeypis heimsending af www.eylif.is

Árni Pétur Aðalsteinsson

Er sannfærður um að Active JOINTS gerir mikið gagn fyrir mig

Ég hafði verið lengi með verki í líkamanum, sérstaklega slæmur í hnjánum og prófað ýmis fæðubótarefni og verkjalyf í gegnum tíðina. Læknirinn var búinn að gefa það út að lítið væri í þessu að gera annað en að fara í liðskiptaaðgerð á hnjám, en þá var mér bent á að prófa **Active JOINTS** frá Eylíf.

Þegar ég hafði tekið það inn í þrjár vikur fór ég að finna verulegan mun á mér, ég átti miklu auðveldar með að stíga fram úr rúminu og ganga upp tröppur, sem áður hafði valdið mér miklum verkjum. Ég fór erlendis í 2 vikur og gleymdi að taka **Active JOINTS** með mér og fann verulegan mun á mér, en þegar ég hóf inntökuna aftur þá var það uþb. 2 vikur sem ég var orðinn betri aftur.

Það er ótrúlegt að finna hvað þessi **Active JOINTS** hefur gert mikið fyrir mig. Nánast öll óþægindi eru farin í hnénu og ég er með vellíðunar tilfinningu innra með mér sem ég hef ekki fundið fyrir lengi. Ég er sannfærður um að **Active JOINTS** er að gera mikið gagn fyrir mig.

Ég mæli svo sannarlega með **Active JOINTS** frá Eylíf.

Árni Pétur Aðalsteinsson

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæða-hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.
„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra" segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.
„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**" segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Ragnar Þór Alfreðsson

Líður betur og er ánægður með Stronger LIVER frá Eylíf

Mér var bent á að prófa **Stronger LIVER** frá Eylíf og ákvað ég að slá til. Ég hef verið í eftirliti hjá lækninum mínum vegna heilsufarsins og fer reglulega í tékk og blóðprufur.

Eftir að hafa notað **Stronger LIVER** í nokkra mánuði þá kom í ljós að blóðprufan kom óvenjulega vel út, öll gildin fyrir lifrina voru mun betri en áður. Þetta kom mér skemmtilega á óvart og hef ég verið mjög ánægður með vöruna því að mér líður vel af því að nota hana.

Því get ég sagt með sanni að ég mæli með **Stronger LIVER** frá Eylíf og ætla að halda áfram að nota vöruna.

Ragnar Þór Alfreðsson,
trésmiður

Nýjasta varan frá Eylíf er Stronger LIVER sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- *Kítósan* er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- *Kalkþörungar* sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- Íslenski kísillinn frá *GeoSilica* sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *Íslensk hvönn* sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif á meltinguna í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af kólín, mjólkurþistli og C vítamíni.

Kólín stuðlar að viðhaldi eðlilegarar starfsemi lifrar og að eðlilegum fituefnaskiptum.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.

Þórdís S. Hannesdóttir
Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera".

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður. Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.

EYLÍF

Komdu úta

Allt fyrir heimilið, pallinn og garðinn

15%

OUTBACK

Gasgrill
Omega 200
Grillflötur: 50x36 cm, tvískiptur brennari, emeleruð grillgrind, hliðarborð, neista-kveikja, þrýstijafnari 6,2 Kw.

29.740kr
~~34.990 kr~~

15%

OUTBACK

Gasgrill
Graphite 3b
Grillflötur: 560x380 mm, með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhellu, afköst 12,4 kW, hliðarhella 3,1 kW. **3000390**

42.490kr
~~49.990 kr~~

Weber

Gasgrill
Spirit II
Grillflötur: 60x44,5 cm, efri grind: 55,5x11,5 cm, 3 ryðfríir brennarar: 8,79 kW, pottjárns grillgrindur. **3000257**

89.990kr

Sýpris
80-100 cm.

1.990kr
~~2.490 kr~~

15%

Trampolín,
12 ft Durasport
3,66 metrar, 6 fætur 72 gormar, öryggisnet fylgir, hámarksþyngd á trampolíni er 150 kg. **3900557**

39.990kr
~~47.990 kr~~

Trampólín tilboð

í garðinn fyrir sumarið

Trampolín, 14 ft Durasport
4,26 metrar, 6 fætur, öryggisnet fylgir. **3900586**

45.990kr
~~54.990 kr~~

AUTHOR

Barnareiðhjól Energy
Stærð: 20" dekk, 10" grind með Silfurgrind og rauðum gaffli. Grind: 9", grind úr álblöndu 6061. Bremsur: Handbremsur Tektro V bremsur. Skipting: 6 gíra (Shimano). Dekk: 20" x 1,50", þyngd: 10,6 kg. **3901788**

39.890kr

Hjólin eru komin
Ótrúlegt úrval

20" reiðhjól
Hentar 115-135 cm á hæð

AUTHOR

Barnareiðhjól A-Matrix
Stærð: 26" dekk, 13,5" grind. með svartri grind og gulum gaffli. Grind: 13,5", grind úr álblöndu 6061. Bremsur: Tektro V, skipting: 18 gíra. Dekk: 26" x2,00", þyngd: 12,6 kg. **3901795**

53.890kr

26" reiðhjól
Hentar 135-160 cm á hæð

20%

BLACK+DECKER

Rafmagnshekkklippur
500W, blað 50 cm, klippigeta 22 mm. **5083646**

14.395kr
~~17.995 kr~~

Rafmagnsnuddpottar
Nokkrar gerðir, 4-6 manna

25%

Verð frá:
89.990kr
~~119.990 kr~~

22%

BLACK+DECKER

Borvél, 18V
2 stk., 2.0Ah rafhlöður, hraði 0-1400 sn./mín., hersla 40Nm, Led ljós, taska. **5245582**

17.995kr
~~22.995 kr~~

blómaval

Páskar í Blómavali

Páskablómin eru komin

Páskaliljur
Teta a tete, keramik pottar fylgja ekki. **10323020**

990kr

28%

Begonía
10,5 cm pottur.
12608634

1.790kr
~~2.490 kr~~

Páskagreinar
Forsynthia.
10005895

1.490kr

Perluliljur
Í potti.
10327505

990kr

Páskaliljur
Afskornar, 10 stk., í búnti. **10000089**

1.990kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

ð leika

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Skoðaðu öll tilboðin

Pottar og pizzuofn á frábæru verði

BEKA

Pottur
Með loki, 20 cm.2008020

25%

4.890kr
~~6.535 kr~~

BEKA

Pottur
Með loki, 18 cm, 2,4 ltr. 2006491

30%

6.739kr
~~8.990 kr~~

15%

cozze

Pizzaofn 13"
Búðu til þína eigin pizzu á 2 mínútum. Með breiðu opi og bökunarsteini, tekur Ø34 cm pizzur. 3002400

39.940kr
~~46.990 kr~~

Allir fá íspinna
í Skútuvogi kl. 12-16
Meðan birgðir endast

†

Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingólfur Sigurðsson

Vallarási 2, Reykjavík,

lést á Sólvangi þann 7. mars sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna.

Bjarni Ingólfsson
Guðmundur Ingólfsson
Gunnhildur Ingólfsdóttir
Anna María Ingólfsdóttir
Guðrún Hanna Gunnsteinsdóttir
Adolf Ársæll Gunnsteinsson
Steinar Már Gunnsteinsson
Ingvar Jóel Ingvarsson
Berglind Nína Ingvarsdóttir
Þórunn Kristjónsdóttir
Auður Marinósdóttir
Bjarni Stefánsson
Richard Gallop
Sigrún Sæmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Valgerður Brynjólfsdóttir, Torgrim Titlestad aðalritstjóri, Guðni Th. Jóhannesson forseti, Bård Titlestad og Anders Hansen.
MYND/FORSETAEMBÆTTIÐ

Heimsreisa Flateyjarbókar

Forseti Íslands fékk afhenta norska þýðingu á Flateyjarbók sem selst hefur í yfir þrjátíu þúsund eintökum í Noregi. Nú stendur til að þýða verkið á ensku.

arnartomas@frettabladid.is

Fulltrúar norska forlagsins Saga Bok heimsóttu Guðna Th. Jóhannesson forseta Íslands í vikunni og afhentu honum norska þýðingu af Flateyjarbók. Yfir þrjátíu þúsund eintök hafa selst af þýðingunni í Noregi og er nú stefnt að því að þýða verkið yfir á ensku.

„Þetta hófst þegar faðir minn vann að verkefni í kringum sagnaritarann Þormóð Torfason," segir Bård Titlestad, forleggjari hjá Saga Bok. „Þormóður skrifaði stórvirki um sögu Noregs og faðir minn hafði umsjón með þýðingu á því af latínu á norsku sem tók alls þrettán ár."

Við þýðinguna kom í ljós að ein helsta heimild Þormóðar um sögu Noregs hefði verið Flateyjarbók sem hann rannsakaði í þaula.

„Hann áttaði sig á að heimurinn var að verða af miklum bókmenntafjársjóði í Flateyjarbók," segir Bård. „Þýðingin yfir á norsku tók átta ár og nú setjum við stefnuna á enska þýðingu."

Þormóður Torfason geymdi handrit Flateyjarbókar í kjallara á eyjunni Körmt.

Sameiginlegur arfur

Bård segir talsverðan áhuga á íslenskum fornritum í Noregi.

„Svo gott sem allir sem hafa náð vissum aldri í Noregi þekkja til Snorra Sturlusonar og Heimskringlu, en sárafáir til Flateyjarbókar, þótt þýðingin hafi augljóslega hjálpað þar til," segir hann. „Almennt séð eru Norðmenn samt ekki jafnáhugasamir um fornsögur Norðurlanda og Íslendingar svo það er smá menningarmunur þar á."

Bård segir að fundurinn við forseta hafi gengið vel.

„Við útskýrðum hver áform okkar væru og forsetinn lýsti yfir stuðningi við verkefnið auk þess sem hann mun skrifa formála að alþjóðlegu útgáfunni," segir Bård. „Við töluðum einnig um sameiginlegan menningararf þjóðanna tveggja og þá skuld sem við stöndum í við fólk frá öldum áður sem lagði sig fram við að varðveita hann."

Í kjölfar fundarins við forseta heimsótti teymið Árnastofnun og kynnti sér starfsemina þar. Bård segir að varðveisla Íslendinga á handritinu sé aðdáunarverð.

„Í Noregi höfum við varið miklum tíma í að greina og miðla efninu sem kemur fram í Flateyjarbók sem hefur kannski ekki verið aðalfókusinn hérlendis," segir hann. „Ég held að þetta þurfi að haldast í hendur. Ef einungis er lagt upp úr varðveislu handritins eiga tilfinningarnar og hugsanirnar sem lágu þar að baki það til að gleymast. Þess vegna þarf bæði að varðveita arfinn veraldlega og heimspekilega." ■

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Runólfur Sigtryggsson

Krummahólum 4,

lést þann 31. mars sl.
Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 13. apríl kl. 15.

Halldóra Bachmann Sigurðardóttir
Sigtryggur Runólfsson
Árný Birna Runólfsdóttir **Arnar Geir Bjarkason**
Ragnheiður Sölvadóttir
Sigurður Ívar Sölvason
Halldór Andri Sölvason
Leon og Helena

†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls okkar ástkæru

Guðnýjar Aðalbjargar Hafsteinsdóttur

fyrrverandi stöðvarstjóra Pósts og síma á Skagaströnd.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Sigurbergi, hjúkrunarheimilinu Hrafnistu Sléttuvegi, fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Hörður Ragnars
Vilhelm Björn Harðarson **Kristín Kristmundsdóttir**
Pálína Freyja Harðardóttir **Kristmundur Halldórsson**
og fjölskyldur.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Kristín Gunnarsdóttir

Lyngási 1d, Garðabæ,

lést á Landspítala, laugardaginn 2. apríl.
Útförin fer fram frá Garðakirkju, miðvikudaginn 13. apríl kl. 15.00.

Wim van der Aa
Jónína Guðrún Arnardóttir **Jakob Ohayon**
Benedikt Ármann Arnarson
Daníel Moshe Ohayon
Keren Lilja Ohayon
Theodór Fannar Benediktsson
Viktor Máni Benediktsson

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórey Eiríksdóttir

frá Egilsseli,
Eiríksgötu 9, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þriðjudaginn 29. mars sl.
Útförin fer fram frá **Bústaðakirkju** mánudaginn 11. apríl og hefst athöfnin kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Droplaugarstaða fyrir einstaka umönnun og aðhlynningu.

Guðmundur Snorrason **Sigríður Elsa Oddsdóttir**
Eiríkur Snorrason
Ragnheiður Snorradóttir **Theodór Guðfinnsson**
Sigríður Snorradóttir **Kjartan Sigurðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Páskaferðaleikur

Austurland

Icelandair gefur flug fyrir 2 til Egilsstaða.

Samsung gefur ferðalöngum Galaxy A53. Galaxy A53 er geggjaður sími fyrir alla. Hann er vatnsheldur og er því geggjaður fyrir íslenskar aðstæður. Stór og bjartur skjár, frábær myndavél og geggjuð rafhlaða sem endist lengur en þú.

ZO•ON er borgar-útivistarmerki. Við hönnum föt sem hvetur fólk til að drífa sig út og ferðast óhindrað milli borgar og náttúru – hvernig sem viðrar. Við ætlum að gefa hvíta Klöpp Dúnkápu fyrir konur að andvirði 94.990 kr. og bláa Dranga Dúnúlpu Unisex að andvirði 89.990 kr

Bílaleiga Akureyrar sér fyrir Bílaleigubíl í 2 daga. Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér úrvals þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra, sparneytina og vel útbúinna bíla.

Askur Pizzeria gefur gjafabréf í pizzu fyrir tvo ásamt tveimur drykkjum á mann. Askur Pizzeria býður upp á ljúffengar eldbakaðar pizzur með súrdeigsbotni. Verið velkomin í heimsókn og njótið máltíðarinnar í afslöppuðu andrúmslofti.

Upplifun hjá vök baths fyrir 2. Hjá Vök Baths getur öll fjölskyldan notið sín saman í slökun og gleði enda býður aðstaðan upp á fjölbreytta möguleika.

Heppinn aðili fær gistingu fyrir 2 í tveggja manna herbergi í tvær nætur með morgunverði. Gistihúsið – Lake Hotel Egilsstaðir er rómað, fjölskyldurekið hótel sem hvílir á gömlum merg íslenskrar bændamenningar.

frettabladid.is

Skannaðu til að taka þátt

Skráning fer fram á frettabladid.is/lifid/paskaferdaleikur

Ástkær móðir okkar,
amma og langamma,

Þuríður Júlíusdóttir

andaðist 24. mars sl. á Hrafnistu Sléttuvegi 25. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

Ólöf Betty Grétarsdóttir
Hinrik Grétarsson
Sigurður Grétarsson

Ástkær systir okkar og frænka,

Lilja Sigurðardóttir

frá Kirkjubóli, Mosdal, Arnarfirði, áður Laugarnesvegi 76,

lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 2. apríl.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. apríl kl. 13.00.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Droplaugarstaða fyrir hlýja og góða umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigurjón M. Sigurðsson
Kristinn Sigurðsson
Jóna Kristjana Kristinsdóttir
Sigurður Kristinsson
Óskar Kristinsson

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Jón Sigfússon

Hraunsvegi 15, Ytri-Njarðvík,

lést á Hrafnistu Nesvöllum, mánudaginn 4. apríl.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, þriðjudaginn 12. apríl klukkan 13.
Fjölskyldan vill koma á framfæri þökkum til starfsfólks Nesvalla fyrir kærleiksríka umönnun.

Erna Sigríður Einarsdóttir
Tryggvi Daníel Jónsson
Ingibjörg Jónsdóttir **Ásgeir Eyþórsson**
Anna María Jónsdóttir **Emil Hafsteinsson**
barnabörn, barnabarnabarn
og aðrir ástvinir.

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Sigurrós Petra Tafjord

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja laugardaginn 2. apríl.
Útförin fer fram frá Sandgerðiskirkju (safnaðarheimili) mánudaginn 11. apríl kl. 13.00.
Sérstakar þakkir fá starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka nærgætni, umhyggju og hlýhug. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Ármann Þór Baldursson
Sigurður Ármannsson **Björg Árnadóttir**
Ásdís Ármannsdóttir **Ólafur Einar Hrólfsson**
Elí Ágúst Ármannsson **Gabriela Ármannsson**
Helgi Ármannsson **Ólöf Guðbjörg Jónasdóttir**
og barnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Fanney Ingibjörg Sæbjörnsdóttir

Eyja í Tungu,

Suðurgötu 17-21, Sandgerði,

lést, á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 1. apríl.
Útförin fer fram frá Sandgerðiskirkju, miðvikudaginn 13. apríl klukkan 13.

Edda Jóhannsdóttir **Dagur Ingimundarson**
Sigurður Þorkell Jóhannsson **Árný Viggósdóttir**
Ásta Sæbjörg Jóhannsdóttir **Guðmundur Sveinsson**
Ingibjörn Jóhannsson **Ragnhildur Vilhjálmsdóttir**
Sesselja Jóhannsdóttir **Örn Högnason**
Hulda Ósk Jóhannsdóttir
Sólrún Henriksdóttir
Óskar F. Jóhannsson **Bjarney Finnbogadóttir**
Svanhvít S. Jóhannsdóttir **Jón Kristjánsson**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Heimilisfólkið á Hrepphólum í Hrunamannahreppi í kálgarðinum vorið 1946. MYND/HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Garðyrkjan og þéttbýlið

arnartomas@frettabladid.is

Með mold á hnjánum er yfirheiti páskasýningarinnar í Húsinu á Eyrarbakka þar sem stiklað er á stóru yfir sögu og þróun garðyrkju í Árnessýslu. Sýningin er samstarfsverkefni Héraðsskjalasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga og veitir innsýn í áhrif garðyrkju á uppbyggingu þéttbýlis og byggðaþróun í sýslunni.

„Við ákváðum að taka fyrir garðyrkju í Árnessýslu og stikla á stóru frekar en að einblína á eitthvað eitt," segir Guðmunda Ólafsdóttir hjá Héraðsskjalasafninu. „Sýningin spannar allt frá fimmtándu öld og til sirka 1970."

Aðspurð svarar Guðmunda að erfiðleikar í samgöngum hafi vakið sérstaka athygli hennar við gerð sýningarinnar.

„Mér fannst áhugavert að sjá hvað samgöngur gátu verið erfiðar þegar fólk var að koma afurðum á markað fyrr á tímum," segir hún. „Að þjóta með túlípanabúnt yfir Hellisheiðina í búð í Reykjavík að miðjum vetri var ekkert grín."

Þá segir hún að athyglisvert hafi verið að sjá hversu mikil áhrif garðyrkjan hafði á þéttbýlismyndun á svæðinu.

„Hveragerði, Laugarás, Reykholt, þetta byggist allt að miklu leyti upp í kringum garðyrkjuna," segir hún. „Garðyrkjan er ennþá mjög öflug á svæðinu og er orðin stór hluti af ferðaþjónustunni."

Sýningin verður opnuð klukkan eitt í dag. ■

Paul Michelsen garðyrkjumaður í Hveragerði í Rósahúsunum. MYND/HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigríður Fanney Liljudóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum miðvikudaginn 6. apríl.
Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Unnur Kristinsdóttir **Magnús Bogi Pétursson**
Margrét Kristinsdóttir **Sigurður Kr. Björnsson**
Helga Björk Edvardsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurbjörns Pálssonar

Brekkustíg 29A, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Agnar Sigurbjörnsson **Jórunn Dóra Hlíðberg**
Páll Sigurbjörnsson **Sigrún Berglind Grétarsdóttir**
Helgi Þór Sigurbjörnsson **Árdís Hrönn Jónsdóttir**
Máni Sigurbjörnsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Elskulegur faðir minn,
tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Gissurarson

rafvirkjameistari,
Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 1. apríl.
Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 11. apríl klukkan 13.

Jóhanna V. Magnúsdóttir **Hallur Steinar Jónsson**
Ásta Hallsdóttir **Jón Valentínusson**
Sigurveig Hallsdóttir **Ingvar Karlsson**
Hanna Valdís Hallsdóttir **Eysteinn Finnsson**
og barnabarnabörn.

Hjartans þakkir fyrir hlýhug
og samúð við andlát okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,

Hermanns Bridde

bakarameistara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Vitatorgs Hrafnistu í Reykjavík fyrir einstaka umönnun og virðingu.

Friðrik Bridde
Einar Bridde **Guðný Steinunn Guðjónsdóttir**
Karl Hermann Bridde **Sigrún Ævarsdóttir**
María Karlsdóttir

Dagur Þorleifsson

blaðamaður og kennari,

lést þann 26. mars.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Bryndís Dagsdóttir **Atli Ágústsson**
Úlfhildur Dagsdóttir
Anna Westin **Nea Hedefalk**
Hugleikur Dagsson
Þormóður Dagsson **Sigurbjörg Birgisdóttir**
Úlfur Ágúst Atlason, Marta Björk Atladóttir
Dagur Þormóðsson, Birgir Þormóðsson

Elskulegur sonur okkar, faðir,
afi, langafi og tengdafaðir,

Ásgeir Gunnarsson

lést í faðmi fjölskyldu sinnar þann 6. apríl.

Gerður Petra Clements **A.J. Clements**
Hrannar M. Ásgeirs Sigrúnars. **Þórey Hannesdóttir**
Gerður Petra Ásgeirsdóttir **Gunnar Jóhann Ásgeirsson**
Einar Valur Ásgeirsson **Camilla Lang**
barnabörn og barnabarnabörn.

GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100



Krossgáta



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist tækni sem æ færri virðast vilja í bíla sína (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „9. apríl “.

Sudoku

		6		5		1	4	8
8	3							6
	2	4	6	7		3		
	4	9		3		5	1	
					7	4		
		1			9	8		3
9		3					5	
		2		6				
	6		2		3			

		3				6	1	4
		9						
			7	4				
			6			7		
			9		7	1	3	
6	8		1					9
	9		8				4	
7				1				5
2					5	9	7	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Lausnarorð síðustu viku var

HRINGLEIJAHÚS

B	O	T	N	V	Ö	R	P	U	N	G	U	R	■	Ó	■	E	■	H	■
R	■	Í	■	I	■	Í	■	L	■	E	■	Ú	T	S	O	F	N	U	M
Ú	T	G	Á	F	U	M	Á	L	■	Đ	■	S	■	I	■	T	■	N	■
S	■	U	■	T	■	L	■	A	F	R	I	T	I	Đ	■	I	■	D	■
K	E	L	D	U	L	E	I	R	■	Æ	■	R	■	S	E	R	Í	U	R
A	■	E	■	R	■	I	■	V	I	N	D	A	N	A	■	Þ	■	R	■
N	E	I	M	E	R	K	J	A	■	U	■	U	■	M	Ö	R	K	I	N
N	■	K	■	I	■	U	■	R	Ó	M	A	Đ	U	R	■	Á	■	N	■
A	F	A	R	M	E	R	K	A	R	■	R	■	■	A	R	Đ	I	N	N
■	Á	■	E	■	F	■	A	■	Á	S	Ó	K	N	■	Ú	■	Đ	■	A
S	K	R	I	F	L	I	N	■	Đ	■	M	■	A	L	M	E	N	N	S
■	U	■	S	■	A	■	T	U	S	K	A	Đ	U	■	M	■	V	■	A
S	N	Ó	T	A	N	N	A	■	Í	■	T	■	T	■	Ó	R	A	S	T
■	N	■	U	■	Đ	■	T	A	U	G	A	R	N	A	R	■	R	■	A
R	A	U	Đ	H	I	T	A	R	■	A	■	■	U	■	K	R	A	K	K
U	■	M	■	Á	■	Á	■	M	Á	L	R	Ó	M	S	■	E	■	R	■
G	U	L	L	M	E	R	K	I	■	L	■	P	■	K	A	N	N	A	Đ
L	■	U	■	E	■	A	■	N	Ý	S	M	Í	Đ	A	■	N	■	M	■
A	U	K	A	R	Á	S	■	U	■	Ú	■	U	■	R	A	U	S	I	Đ
Đ	■	T	■	I	■	T	Ó	M	A	R	Ú	M	I	Đ	■	R	■	Đ	■

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Þykir svona tilbreytingarlaust stöff alltaf jafn súrt (9)
11 Hleðslu þarf til að fá kraft í hvern sopa (8)
12 Hef alltaf elskað stórar og drífandi dömur (9)
13 Ég hef lepp og fæ hálfan að auki? (4)
14 Sveitin mín trúir helst á Trotski (9)
15 Afsakið orðbragðið, en þessi garmaspraka leitar að júða (9)
16 Svipta Adam frægðinni en ekki heiðrinum (10)
17 Skrá fyrirmæli um útgáfu lagasafna (9)
18 Reika um með snaps og strípaða garðplöntu (8)
23 Rek hann enn í gegn með saum að vopni (10)
29 Fá Skota til að skekkja fáránlega hress lið (7)
30 Södd og sæl framkvæmir hún allt og klárar (10)
32 Últrakjaftar kunna ekki á svona bull (5)
33 Grenja út grjón og grænmeti (7)
34 Muna formið eða áformið? (10)
36 Þessi stuna sannar að þú græddir á þessu rugli (5)
37 Kanna húsnæði ákveðinna gauka (7)
40 Drep illgresið í kantinum (9)
41 Tókum liðið og létum það kenna á því! (6)
44 Drykkur blautra kvenna sem ég kann að meta (7)
45 Þjóta um þrær agnir tvær og leita kroppsins lagnanets (9)
46 Drógu þreytu úr subbulegu liði (6)
47 Tel að grá langi helst í grályndi (7)
48 Hver er lausnin ef mæðin er meinið? (8)
49 Óeining mun reyna á taugarnar (6)
50 Tel víst að þér takist að afrugla naustið (7)

LÓÐRÉTT

1 Er hægt að klára létta en ótakmarkaða gátu? (9)
2 Eilíft suð um sekt og rof (9)
3 Mátti þola mikinn harm enda mikil ferð (9)
4 Andstyggileg eru þau og öllum viljugri til vondra verka (9)
5 Finna vil ég stó úr mó en slóðinn hindrar för (9)
6 Dæmdi stofnanir út frá framboðinu í mötuneyti þeirra (8)
7 Hér hvíla kífsamar meyjar (8)
8 Reis þér ögn ef fræ þú finnur til matar (8)
9 Ekki beint slanga, en leiðir til skárri lausna en áður (8)
10 Íbúar í Ránargötu eru mikið í þessu sporti (8)
19 Leita samstafa í línum stríðsljóða (7)
20 Spyr um syfju í þeirri sem fallin er (8)
21 Minn herra sló þá heiðið fólið (8)
22 Tökum í trýni og hrærum í upptökum þeirra (8)
24 Klárum geitungadrápið fyrir fiskiríið (12)
25 Lausnin felst í leðri og öðrum bjórabýsnum (12)
26 Hvað áttu fyrir utan það sem þú átt hjá öðrum? (7)
27 Saur við sæ og snúnar fjaðrir (6)
28 Mosinn sest á fagran reyni (6)
31 Leggjum þetta krakkagrey á hvíta gæru (10)
35 Komast upp á bjargbrúnina með sviðinginn Skrögg (8)
38 Gjörsamlega frosið og ónýtt, þetta sífulla fólk (7)
39 Hún skilur að hér er bú við bú (7)
41 Núnú, er það kúnst að dollan dragist? (6)
42 Blóm án blaða er efni í annað blóm (6)
43 Æða burt af ótta við fiskana (6)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN



Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Stuldur eftir Ann-Helén Laestadius** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Sigríður M. Kristjánsdóttir, Akureyri.**

Ennþá meira úrval af listavörum

AMSTERDAM dream × create

van Gogh The Quality Brand

REMBRANDT The Professional Choice

Liquitex

Conté à Paris DEPUIS 1795

LEFRANC BOURGEOIS PARIS

Listverslun.is

Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

2017 2021 Framúrskarandi fyrirtæki

Laugardagur

Hringbraut

18.30 Vísindin og við (e) er ný þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknastarf innan Háskóla Íslands.
19.00 Undir yfirborðið (e) Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
19.30 Veiðin með Gunnari Bender Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
20.00 Bíóbærinn (e) Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
20.30 Vísindin og við (e)
21.00 Undir yfirborðið (e)

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
10.05 Hvað getum við gert? Auðlindir á villigötum.
10.10 Gettu betur - Á bláþræði
11.15 Vikan með Gísla Marteini
12.05 Kastljós
12.25 Kiljan
13.05 Sue Perkins í Japan - Seinni hluti
13.55 Hringfarinn - einn á hjóli í Afríku
14.50 Poppgyðjan Grace Jones
16.45 Davíð Stefánsson frá Fagraskógi
17.45 Mamma mín
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Sebastian og villtustu dýr Afríku
18.35 Lúkas í mörgum myndum
18.43 Erlen og Lúkas Á læknabíó-stofunni.
18.45 Landakort Reynisstaðabræður.
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi.
19.35 Veður
19.45 Alla leið Ómissandi upphitun fyrir Eurovision. Í þáttunum verður eins og áður farið yfir öll lögin sem keppa í Eurovision í ár, þau vegin og metin og reynt að spá fyrir um gengi þeirra í keppninni.
20.55 Bandaríska söngvakeppnin. American Song Contest
22.30 Fences. Múrar
00.45 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

08.00 My Little Pony. The Movie - ísl. tal
09.35 Hrúturinn Hreinn - ísl. tal
11.30 Dr. Phil
12.15 The Block
13.30 Arsenal - Brighton Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Book Club
19.20 Ferris Bueller's Day Off
21.05 Things We Lost in the Fire Kvikmynd frá 2007 með Halle Berry, Benicio Del Toro og David Duchovny í helstu hlutverkum.
23.00 The General's Daughter
00.55 The Silence of the Lambs Stórmynd frá 1991 með Jodie Foster og Anthony Hopkins í aðalhlutverkum. Clarice Starling er nýliði í bandarísku alríkislögreglunni sem fær það verkefni að finna týnda konu og bjarga henni frá geðsjúkum raðmorðingja, Buffalo Bill, sem flær fórnarlömb sín. Til að fá betri innsýn í hugarheim morðingjans, talar Clarice við annan klikkaðan morðingja, Hannibal Lecter, sem áður en hann gerðist morðingi var virtur geðlæknir.
02.50 Becky Spennumynd frá 2020 með Kevin James og Lulu Wilson í aðalhlutverki.
04.20 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefni
11.40 Impractical Jokers
12.00 Ultimate Veg Jamie
12.45 Bold and the Beautiful
14.10 Bold and the Beautiful
14.35 Bob's Burgers
14.55 The Goldbergs
15.20 Kviss
16.10 10 Years Younger in 10 Days
17.00 Fyrsta blikið
17.40 Hvar er best að búa?
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Top 20 Funniest
19.40 Gnomeo and Juliet
21.05 10 Things I Hate About You
22.40 Ashes in the Snow
00.20 Elizabeth Harvest
02.05 Impractical Jokers
02.25 Ultimate Veg Jamie
03.10 Bob's Burgers
03.30 The Goldbergs
03.55 10 Years Younger in 10 Days

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
19.30 Útkall (e) er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
20.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Mannamál (e)
21.00 Stjórnandinn með Jóni G. Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar.

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
10.15 Ferðastiklur Hálendið - austan Kreppu.
11.00 Silfrið
12.10 Okkar á milli Snorri Ásmundsson.
12.40 Matur með Kiru
13.10 Húsið okkar á Sikiley
13.40 Jan Johansson - lítil mynd um mikinn listamann
14.10 Jethro Tull. Thick as a Brick
16.05 Undarleg ósköp að vera kona
17.05 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni Hanna Rún Óladóttir.
17.30 Íþróttagreinin mín - Sitjandi skíði
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Frímó
18.25 Menningarvikan
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.15 Hringfarinn - einn á hjóli í Afríku
21.10 Eldflaugasumar. Summer of Rockets
22.05 Gómorra. Gomorrah
22.55 Yuli - Sagan af Carlos Acosta Yuli. The Carlos Acosta Story Sannsöguleg kvikmynd frá 2018 um ævi og feril kúbverska dansarans Carlos Acosta, sem var fyrsti svarti dansarinn til að dansa í mörgum af mikilvægustu hlutverkum ballettheimsins.
00.40 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

08.00 Geimhundar - ísl. tal
09.25 Gamba - ísl. tal
11.30 Dr. Phil
13.45 Dr. Phil
14.30 PEN15
15.00 The Block
16.35 Spin City
17.00 The King of Queens
17.20 Everybody Loves Raymond
17.45 Sveppi í Afríku Skemmtileg mynd um nokkrar íslenskar fjölskyldur sem skipulögðu ferð til Úganda í Afríku í páskafríinu sínu.
18.40 Young Rock
19.10 Heil og sæl?
19.40 MakeUp
20.10 This Is Us
21.00 Law and Order. Special Victims Unit
21.50 Billions
22.50 The Hobbit. An Unexpected Journey
01.10 FBI. International
02.00 Blue Bloods
02.45 Mayans M.C.
03.45 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefni
11.45 Top 20 Funniest
12.25 Nágrannar
13.55 Nágrannar
14.15 Simpson-fjölskyldan
14.40 Family Law
15.20 Inside the Ritz Hotel London
16.10 Suður-ameríski draumurinn
16.45 Suður-ameríski draumurinn
17.25 Okkar eigið Ísland Garpur og Rakel, fara saman og skoða Ísland og sýna frá ævintýrum sínum.
17.40 60 Minutes
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Hvar er best að búa?
19.50 The Heart Guy
20.35 Shetland Breskir sakamálaþættir. Jimmy Perez og félagar fá á borð til sín afar snúin sakamál í samheldna samfélaginu á Hjaltlandseyjum.
21.35 Grantchester Breskur spennuþáttur sem fjallar um lífið í bænum Grantchester á sjötta áratug síðustu aldar.
22.25 Leonardo
23.20 The Drowning
00.05 Shameless
01.00 Tell Me Your Secrets
01.50 The Blacklist
02.30 Top 20 Funniest
03.15 Simpson-fjölskyldan
03.35 Family Law
04.20 Inside the Ritz Hotel London

Mánudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Draugasögur Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu að handan.
19.30 Undir yfirborðið
20.00 Vísindin og við er ný þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknastarf innan Háskóla Íslands.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Draugasögur (e)

Felix Bergsson rýnir í inntak og ágæti laganna sem keppa.

Alveg alla leið

Það er eitthvað ævintýralega krúttlegt við það að horfa á meistara Felix Bergsson rýna í inntak og ágæti laganna sem keppa til sigurs í evrópsku söngvakeppninni, í slagtogi við ofboðslega áhugasama gesti í myndveri.

Eurovision fer fram í ár í Tórínó á Ítalíu.

Það er alltaf gaman að horfa á sjónvarpsefni þar sem umsjónarmaður og gestir hans eru annað tveggja að bilast af áhuga á efninu og eru hins vegar svo vel að sér í öllum smáatriðum og þaðan af mikilvægari málum keppninnar, að áhorfandinn getur ekki gert neitt annað en hrist höfuðið af undrun.

Evrópska söngvakeppnin er náttúrlega ferlegt fyrirbæri sem sést sennilega best á því að þeir sem hata hana horfa sennilega meira á hana en þeir sem elska hana.

Felix telur niður. Alla leið. Það er alveg alla leið. ■

Við tækið

Látið Pamelu í friði

Oddur Ævar Gunnarsson
odduraevar
@frettabladid.is

Aðdáendur tíunda áratugarins og íkoníska sjónvarpsþáttaserían þess tíma líkt og Baywatch, mega alls ekki láta dramaþættina Pam and Tommy sem sýndir eru á Disney+ fram hjá sér fara. Þættirnir geirnegla tíðaranda tíunda áratugarins og þau Lily James og Sebastian Stan ná töktum og útliti þeirra Pamelu Anderson og Tommy Lee upp á millímeter.

Það kemur í ljós að það var ekkert sérlega gott hlutskipti að vera kona í kastljósinu á tíunda áratugnum en þættirnir fjalla um það þegar kynlífsmyndband þeirra hjóna er birt og dreift ólöglega með tilheyrandi drusluskömmun fyrir Pamelu. Lily James ber höfuð og herðar yfir meðleikara sína þá Stan og Seth Rogen, að þeim algjörlega ólöstuðum.

Pamela var og er svo miklu meira heldur en tíðarandi tíunda áratugarins bjóst við af henni. Þættirnir draga fram mannlegan breyskleika en eru líka hryllilega fyndnir inn á milli. Svona á sjónvarp að vera. ■



Þættirnir eru byggðir á grein um kynlífsmyndband Pamelu og Tommy sem birtist í Rolling Stone árið 2014.

EXTRA

ÓDÝR PÁSKAEGG

Þú færð ódýrara páskegg hjá okkur, annars endurgreiðum við mismuninn* Gildir til 18.apríl.

***Sýna þarf kvittun samdægurs.**
Gildir aðeins fyrir páskaegg frá Nóa, Freyju og Góu.
Gildir ekki um páskegg nr. 1.

OPIÐ ALLA PÁSKANA

Barónsstígur	8-24
Akureyri	24/7
Reykjanesbær	24/7



* Á 8 vikum minnkuðu litablettir um allt að 50%. Einstakar niðurstöður geta verið mismunandi.
** 12 vikna rannsókn með reglulegri notkun. Sjálfsmat, 34 konur, 2018.

NÝTT
NIVEA
CELLULAR
LUMINOUS 630°
ANTI DARK-SPOT
SERUM
ADVANCED TREATMENT
FESTA

Lexus-bíllinn RZ450e er hannaður til þess að setja ný viðmið hvað varðar gæði og aksturs-upplifun.

Lexus kynnir Formúlustýri í RZ 450e

njall@frettabladid.is

Lexus hefur tilkynnt að nýr rafmagnsbíll, RZ 450e, verði heimsfrumsýndur 20. apríl næstkomandi. Bíllinn var hannaður samkvæmt „Lexus Driving Signature“-hugmyndafræðinni. RZ er fyrsti rafmagnsbíllinn frá Lexus sem er hannaður frá grunni sem rafmagnsbíll og verður aðeins boðinn þannig.

Bíllinn er hannaður til þess að setja ný viðmið hvað varðar gæði og akstursupplifun með því að bjóða ökumanni upp á úthugsað rými sem tengir hann við bílinn og eykur sjálfstraust, stjórn og þægindi við akstur, segir í fréttatilkynningu frá Lexus. Meðal þess sem verður í bílnum er tölvustýrður stýrisbúnaður sem er þá án hefðbundinnar stýrisstangar. Stýrið verður þá ekki heill hringur heldur meira í ætt við það sem við sjáum í Formúlubílum nútímans.

RZ er fyrsti rafmagnsbíllinn frá Lexus sem er hannaður frá grunni sem rafmagnsbíll.

Að sögn Páls Þorsteinssonar, kynningarfulltrúa Lexus, mun forsala á bílnum hefjast fljótlega. ■

Afturendinn á bílnum er svo sannarlega mikið augnakonfekt.

Forsala hefst von bráðar á Lexus RZ 450e.

Nýjasta rafbílaafurð Honda er e:Ny1 sem er stærri bíll en samstarf Honda og GM byrjar á. Bílaframleiðendurnir munu hanna sameiginlegan undirvagn.

Honda og General Motors í rafbílasamstarf

njall@frettabladid.is

Honda-bílaframleiðandinn og GM-bílarisinn ætla að eiga með sér samstarf um þróun á milljónum rafbíla á næstu árum. Er ætlunin að koma fram með línu smærri blendingsbíla og koma fyrstu slíkir á markað árið 2027.

Þróaður verður nýr sameiginlegur undirvagn með Ultuim-rafhlöðu GM. Hluti af þessu samstarfi merkjanna er að staðla íhluti og framleiðslu til að lækka kostnað við þróun og framleiðslu bílanna. Einnig hafa merkin hugsað sér að eiga samstarf um framtíðarþróun rafhlaða. Bæði merkin hafa tilkynnt nýlega um metnaðarfullar áætlanir í framleiðslu rafbíla og segist GM ætla að hafa alla bíla sína rafdrifna árið 2035.

Eins og áður sagði er áherslan á minni blendingsbíla til að byrja með en um 13 milljónir slíkra eru seldir árlega og hækkar sú tala ár frá ári. GM segir að um minni bíla en Chevrolet Equinox rafbílinn verði að ræða en sá bíll kostar um 30.000 dollara í Bandaríkjunum. ■

Smart modular á Íslandi kynnir:

Einstakt tækifæri!

72 m² lykilklárt hús - heilsárshús - samsett úr tveim einingum.

Vandað tilbúið hús sem er híft á undirstöður, tengt og er svo klárt til notkunar, í flestum tilfellum samdægurs.

Þessa dagana erum við að vinna að því að flytja húsin okkar frá verksmiðju ytra til Íslands.

Eftir er eitt hús, 72 fm. sem er eins og er óselt.

Eins og markaðurinn er nú þá fara verð á vörum úr timbri hækkandi. Þess vegna verða svona tækifæri ekki í boði, á næstunni að minnsta kosti, enda hefur hingað til stór hluti timburs komið frá Rússlandi í hús sem framleidd eru í Austur-Evrópu.

- Gólfhiti og hægt að tengja við hitaveitu
- Allar lagnir eru til staðar
- Allar raflagnir eru til staðar
- Vatnsgólfhiti er í öllum rýmum
- Öll ljós tenglar og rofar eru til staðar
- Allir gluggar hurðir og innihurðir eru til staðar
- Eldhús afhendist fullbúið með vandaðri innréttingu með eyju
- Einangruð gólf eru í húsunum og engin þörf á að steypa botnplötu
- Húsin eru einangruð með steinull
  150mm í útveggjum - 200mm í loftum og gólfum

Smart modular á Íslandi

Klettatröð 2 | 235 Reykjanesbær | S. 7839211 | info@icesmartmodular.net

Nýi smart rafbíllinn á lítið sameiginlegt með forvera sínum.

smart#1 rafbíll með 440 kílómetra drægi

Mercedes og Geely í Kína hafa tekið saman höndum um að endurvekja smart sem rafbílamerki.

Það er óhætt að segja að nýr smart#1 eigi fátt sameiginlegt með smart Forfour-bílum fortíðarinnar nema kannski nafnið. Hinn 268 hestafla smart#1 verður fyrsti bíllinn í rafbílalínu merkisins. Er bíllinn fyrsti smart-bíllinn síðan 2014 en merkið er nú í 50% eigu Geely bílarisans í Kína. Bíllinn er að utanverðu nánast eins og tilraunabíllinn sem sýndur var á bílasýningunni í München í fyrra.

Bílnum er ætlað að keppa við nýjan Renault Megane E-Tech, Kia Niro EV og VW ID.3 en að sögn hönnuða smart var aðaláherslan lögð á innanrými sem á að vera sambærilegt við E-línu Mercedes.

Bíllinn er sá fyrsti í Evrópu sem kemur á nýjum undirvagni Geely sem kallast SEA, en hann mun einnig sjást í Volvo-bílum framtíðarinnar. Rafhlaðan er 66 kWst og mun hafa hámarksdrægi að 440 km, en hámarkshleðslugeta bílsins er 150 kW. Að innan verður bíllinn með 12,8 tommu margmiðlunarskjá.

Forsala á bílnum mun hefjast fyrir lok sumars en bíllinn er væntanlegur hingað á næsta ári. Verður honum úthlutað sérstöku sýningarsvæði á Krókhálsi 11. ■

Bíllinn mun væntanlegur hingað til lands á næsta ári.

MAGNAÐIR

Ítalskir skótbómulyftarar

- Aðeins hjá PON

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Pétur O Nikulásson ehf | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími 5520110 | pon@pon.is | www.pon.is

Tækifærin gengu þeim úr greipum

TÓNLIST

Voces Thules flutti tónlist eftir Svein Lúðvík Björnsson, Arngerði Maríu Árnadóttur, Eggert Pálsson og fleiri
Salurinn í Kópavogi
Þriðjudaginn 5. apríl

Jónas Sen

Voces Thules fagnar þrjátíu ára afmæli um þessar mundir. MYND/AÐSEND

Þjóðminjasafnið fékk andlitslyftingu árið 2004. Skömmu síðar fjallaði Guðni Elísson um þessa breytingu í grein í Ritinu, og bar stemninguna þá saman við safnið áður. Hann sagði að á æskuárum sínum hafi hann alltaf skammast sín þegar hann fór með útlendinga í safnið. Myrkur og drungi hafi einkennt andrúmsloftið, sem ekki hafi verið aðlaðandi. Greinilegt hafi verið að „tækifærin gengu Íslendingum sífellt úr greipum …“

Myrkur og drungi

Mér varð hugsað til þessara orða á tónleikum sönghópsins Voces Thules sem fagnar þrjátíu ára afmæli um þessar mundir. Tónleikarnir voru haldnir í Salnum í Kópavogi á þriðjudagskvöldið og voru nokkuð misjafnir. Megnið af tónlistinni var ættað aftan úr öldum og var stemningin myrk og drungaleg. Það getur auðvitað haft sinn sjarma, en þá hefði flutningurinn þurft að vera almennilegur.

Salurinn í Kópavogi er frábært hús, en endurómunin þar fremur lítil sem hentar órafmögnuðum söng ekkert sérstaklega vel. Voces Thules samanstóð að þessu sinni af þeim Einari Jóhannessyni, Eiríki Hreini Helgasyni, Eggerti Pálssyni, Eyjólfi Eyjólfssyni, Pétri Húna Björnssyni og Sigurði Halldórssyni. Þeir eru misgóðir söngvarar, svo vægt sé til orða tekið. Sumir eru vanir og skólaðir sviðsmenn, aðrir ekki. Það hefði kannski verið í lagi ef þeir óskóluðu hefðu haft vit á að syngja bara í samsöng, en svo var ekki.

Neyðarlegur söngur

Eggert Pálsson er frábær slagverksleikari í Sinfóníunni, en söngvari er hann ekki. Því miður var hann mest áberandi söngvarinn á tónleikunum, og var útkoman ámátleg. Hann hafði enga rödd og í þurrum hljómburðinum var útkoman allt að því neyðarleg.

Ástæðan fyrir því að Eggert var svo oft forsöngvari var að töluvert af tónlistinni var eftir hann sjálfan. Laglínurnar voru vissulega áheyrilegar, en þær drukknuðu í slæmum söngnum. Gaman væri að heyra þær sungnar af atvinnumanni.

Mistækur hljóðfæraleikur

Hljóðfæraleikurinn var líka hálf aumingjalegur. Einar Jóhannesson er magnaður klarínettuleikari, en hér spilaði hann ósköp varfærnislega á hörpu. Eyjólfur lék fremur viðvaningslega á flautu og sama gerði Eggert með vafasömum árangri.

Tvö verk voru frumflutt á tónleikunum. Agnus dei eftir Svein Lúðvík Björnsson missti marks, það var of flókið fyrir mistæka söngvarana og hljómburðurinn fór því ekki vel. Gekk ég í gljúfrið dökkva eftir Arngerði Maríu Árnadóttur var meira spennandi, enda einfaldara og hópurinn réð betur við það.

Af einhverjum ástæðum var tónleikaskráin ekki prentuð, heldur bara QR-kóði sem maður átti að skanna í anddyrinu. Þetta var bagalegt. Það var pirrandi að þurfa alltaf að rýna í símann til að vita hvað verið var að syngja. Á einum tímapunkti vissu söngvararnir sjálfir ekki hvað var næst og þurftu að spyrja áheyrendur! Segja má að þessi vandræðagangur hafi einkennt megnið af þessari undarlegu dagskrá í heild, og olli hún miklum vonbrigðum. ■

NIÐURSTAÐA: Tónleikarnir voru ekki góðir.

Ilmur gerir leikmynd og búninga og Valur Freyr er höfundur og leikstýrir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Heimsendaupplifun fólks

Borgarleikhúsið frumsýnir í kvöld, laugardaginn 9. apríl, leikritið Fyrrverandi eftir Val Frey Einarsson sem jafnframt leikstýrir. Ilmur Stefánsdóttir gerir leikmynd og búninga.

kolbrunb@frettabladid.is

Valur Freyr segir nokkurn aðdraganda vera að verkinu, þau Ilmur, sem eru hjón, eigi stóran vina- og kunningjahóp. „Fyrir nokkrum árum kom hrina af skilnuðum innan þessa hóps, sumir höfðu jafnvel verið saman í áratugi. Þessir skilnaðir komu manni mjög á óvart og svo skildu foreldrar Ilmar eftir 48 ára hjónaband. Eitt kvöldið vorum við í matarboði þar sem voru þrjú pör með nýjum mökum og þau töluðu bara um fyrrverandi, um erfið samskipti og gríðarlega flókið fjölskyldumynstur. Þá fór ég að hugsa: Er yfirhöfuð hægt að skilja ef maður er með börn? Er hægt að losna við fyrrverandi úr taugakerfinu? Ef maður hefur verið illa svikinn er þá hægt að finna traustið aftur? Er hægt að elska aftur án þess að vera með neyðarútgang?

Ég fór að skoða alls konar fyrirlestra og tók viðtöl við um tuttugu manns sem hafa skilið og eru með nýjar fjölskyldur. Þetta fólk var á mismunandi aldri og á mismunandi stigum sambanda. Svo skall Covid á og ég sagði Brynhildi Guðjónsdóttur leikhússtjóra frá þessu verkefni og hún sagðist vilja taka það til sýningar.“

> Hann minnir á innra lífið í verkinu og ég hef abstrakt hlutverk, minni á að við erum í leikhúsi þar sem má nota marga miðla.
>
> Ilmur

Grátbroslegt verk

Fyrrverandi er þriðja leikverk Vals Freys og fyrsta verkið í átta ár en hann hefur áður skrifað Tengdó og Dagbók djasssöngvarans. „Þetta er grátbroslegt verk eins og lífið er. Þar er undirliggjandi heimsendaupplifun fólks enda er það búið að missa það sem það átti, en þetta er líka fyndið verk,“ segir Ilmur.

Leikarar eru Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Jörundur Ragnarsson, Vala Kristín Eiríksdóttir, Þorsteinn Bachmann, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Halldór Gylfason og Árni Þór Lárusson.

Verkið var í þróun á æfingaferlinu. „Að skrifa er ekki ólíkt því að leikstýra. Maður er að skapa og móta en svo kemur leikhópurinn með ýmislegt að borðinu og í sameiningu fundum við tungumál sýningarinnar,“ segir Valur Freyr. „Þetta hefur verið mikil þerapía hjá okkur, ekki hafa allir gengið í gegnum skilnað í þessum hópi en margir samt.“

Fólk af holdi og blóði

Valur Freyr og Ilmur reka fyrirtækið CommonNonsense ásamt Davíð Þór Jónssyni tónlistarmanni en hann skapar tónlist Fyrrverandi ásamt Sölku Valsdóttur sem einnig skapar hljóðheim. „Við höfum unnið sýningar saman frá árinu 2002,“ segir Ilmur. „Við höfum verið með spunavinnu sem hefur þróast í ýmsar áttir, en alltaf hefur vinnan verið leit að tungumáli þar sem hljóð, mynd og fólk talar saman. Í þessu verki hefur það hjálpað okkur mikið að fá til liðs Önnu Kolfinnu Kuran sem sér um sviðshreyfingar, en hún er með ballettbakgrunn auk þess að vera menntuð í performance-listum í New York. Hún aðstoðaði okkur mikið við að finna rétta tungumálið.“

Um samvinnu þeirra Vals Freys í sýningunni segir Ilmur: „Ég er myndlistarkona og Valur er leikari, leikskáld og leikstjóri. Hann minnir á innra lífið í verkinu og ég hef abstrakt hlutverk, minni á að við erum í leikhúsi þar sem má nota marga miðla. Við minnum svo hvort annað á að þarna er fólk af holdi og blóði með raunverulegar tilfinningar og líf en þar sem þetta er leikhús þarf að skrúfa aðeins upp í veruleikanum.“ ■

Frumsýning í kvöld!



100. sýning á næsta leiti

Síðustu sýningar.
Missið ekki af stórkostlegum leikkonum!

Sýningar í nóvember komnar í sölu

Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is

Jóhann Kristinsson baritónsöngvari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Syngjandi í Salnum

kolbrunb@frettabladid.is

Sunnudaginn 10. apríl klukkan 19.30 flytja Jóhann Kristinsson baritónsöngvari og Ammiel Bushakevitz píanóleikari ljóðatónleika í tónleikaröðinni Syngjandi í Salnum.

Jóhann Kristinsson baritón er að festa sig í sessi sem einn af áhugaverðustu söngvurum ungu kynslóðarinnar og þá sérstaklega sem ákaflega vandaður ljóðasöngvari. Hann á ekki langt að sækja sína miklu sönghæfileika, enda er hann er sonur stórsöngvarans Kristins Sigmundssonar.

Jóhann Kristinsson baritón er að festa sig í sessi sem einn af áhugaverðustu söngvurum ungu kynslóðarinnar.

Jóhann fær einn eftirsóttasta meðleikara sinnar kynslóðar, Ammiel Bushakevitz, til liðs við sig við flutning á sönglögum sem þeim eru mjög hjartkær. Þar á meðal er ljóðaflokkurinn Tólf ljóð eftir Justinus Kerner, Op. 35 eftir Robert Schumann, ljóðaflokkurinn Six Songs from A Shropsire Lad eftir George Butterworth við ljóð A. E. Housman og íslensk sönglög eftir Þórarin Guðmundsson, Atla Heimi Sveinsson og Árna Thorsteinsson.

Tvíeykið hefur áður haldið tvenna tónleika í Salnum og hlotið einróma lof fyrir. Þeir koma sérstaklega til Íslands að utan til að flytja Íslendingum þessa fallegu efnisskrá. ■

Joseph Haydn. MYND/WIKIPEDIA

Sjö orð Krists í Breiðholtskirkju

kolbrunb@frettabladid.is

Strengjakvartettar op. 51 eftir Joseph Haydn; Sjö orð Krists á krossinum, verða leiknir á vegum 15:15 tónleikasyrpunnar í Breiðholtskirkju í dag 9. apríl.

Flutningurinn er í höndum Skálholtskvartettsins, en hann skipa nú fiðluleikararnir Rut Ingólfsdóttir og Hildigunnur Halldórsdóttir, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. ■

Hugarheimur og væntingar

Sýningin Stöðufundur stendur yfir í Gerðarsafni í Kópavogi. Þar mætast fimm rithöfundar og fimm myndlistarmenn. Sýningarstjórar eru Þorvaldur Sigurbjörn Helgason og Kristína Aðalsteinsdóttir.

kolbrunb@frettabladid.is

„Sýningin veitir innsýn í hugarheim og væntingar tíu listamanna sem eru í fararbroddi sinnar kynslóðar og hafa fjallað um samtímann og stöðu ungs fólks. Hér eru listamennirnir að miðla eigin fortíð og nútíð og hvernig þeir sjá framtíðina fyrir sér," segir Kristína. „Á sýningunni má bæði líta textaverk og myndlistarverk. Rithöfundarnir gerðu ýmist ljóð eða texta sem eru sett upp á vegg og tala þannig við myndlistarverkin í rýminu og skapa þannig áhugaverðan skurðpunkt sem verkefnið hverfist um. Þess má einnig geta að Kristín Eiríksdótir gerir bæði myndverk og textaverk, en hún er með bakgrunn í báðum listgreinum, auk þess sem Bergur Ebbi hefur stillt textaverki sínu fram á myndlistarlegan máta. Flæðið á milli greina er því bersýnilegt og lifandi."

Gestir munu líta upplýsingaský, yfirvofandi loftslagsvá, útfærslur á tímanum sjálfum og því hvernig við táknum hann.

Sammannleg umfjöllunarefni

Spurð um umfjöllunarefni listamannanna segir Kristína: „Umfjöllunarefnin eru sammannleg, þrá eftir tengingu við aðra, þrá til að skilja okkar eigin líkama gagnvart hinu efnislega og það hvernig við tökumst á við tækni og upplýsingaveitur. Slíkt varpar ljósi á valdabaráttu, bæði innra með okkur sjálfum en einnig innan samfélags okkar, og varpar fram áleitnum spurningum um það hverjir fara með valdið í stóra samhenginu. Gestir munu líta upplýsingaský, yfirvofandi loftslagsvá, útfærslur á tímanum sjálfum og því hvernig við táknum hann."

Kristína Aðalsteinsdóttir er annar af sýningarstjórum sýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í skýjum eftir Auði Ómarsdóttur. MYND/AÐSEND

Sjálfstætt verk

Um titil sýningarinnar Stöðufundur segir Kristína: „Titillinn spratt út frá ástandinu sem er búið að vera undanfarin misseri. Stöðufundir eiga sér oft stað þegar eitthvað hefur gerst sem þarf að bregðast samstundis við."

Í tengslum við sýninguna kemur út bók, sem Kristína segir vera sjálfstætt verk.

„Þar eru myndverk, textar og hugleiðingar þátttakenda, ásamt greinum eftir sýningarstjórana. Í hverri bók hefur myndlistarmaðurinn Guðlaug Mía síðan komið fyrir sjálfstæðu verki, sem gerir hverja bók einstaka, en hana má nálgast í safninu."

Sýningin stendur til 29. maí og á sýningartímanum verða ýmsir viðburðir þar sem rithöfundunum og myndlistarmönnunum er stefnt saman. ■

Þátttakendur

Myndlistarmenn: Auður Ómarsdóttir, Björk Viggósdóttir, Fritz Hendrik IV, Guðlaug Mía Eyþórsdóttir, Páll Haukur.
Rithöfundar: Bergur Ebbi, Fríða Ísberg, Halldór Armand, Jakub Stachowiak, Kristín Eiríksdóttir.

Áleitin spurning

kolbrunb@frettabladid.is

Myndlistarsýningin Ertu héðan? verður opnuð í dag, laugardaginn 9. apríl klukkan 15.00, í samkomuhúsi KFUM & K, við Vestmannabraut 5 í Vestmannaeyjum. Kveikjan að sýningunni er ævi og störf Júlíönu Sveinsdóttur myndlistarkonu sem fædd var í Vestmannaeyjum. Sýningin veltir því upp hvernig umhverfið mótar okkur í tíma og rúmi, og miðar að því að fanga persónulegar upplifanir í fjölbreytileika samfélagsins. Júlíana bjó lengst af í Kaupmannahöfn en kom oft til Eyja og málaði. Ertu héðan? er í senn sakleysisleg en áleitin spurning, sem getur ýmist aukið á fjarlægð á milli manna eða búið til tengingar, bæði áður sem og í samtímanum.

Listamenn sýningarinnar eru: Áslaug Íris Katrínar Friðjónsdóttir (f. 1981), Birgir Andrésson (1955-2007), Jasa Baka (f. 1982), Júlíana Sveinsdóttir (1889-1966) og Melanie Ubaldo (f. 1992). Sýningarstjóri er Vala Pálsdóttir, meistaranemi í sýningagerð við Listaháskóla Íslands, og er sýningin hluti af útskriftarverkefni hennar frá skólanum. Í ritgerðinni veltir Vala upp þeirri hugmynd að Vestmannaeyjabær taki að sér að halda utan um störf og ævi Júlíönu Sveinsdóttur. ■

Kveikjan að sýningunni er ævi og störf Júlíönu Sveinsdóttur myndlistarkonu sem fædd var í Vestmannaeyjum.

Myndlistarsýningin Ertu héðan? opnuð í Vestmannaeyjum. MYND/AÐSEND

Allt fyrir páskana!

í næstu Nettó verslun

Páska-maturinn á frábæru verði!

Tilboð gilda 7.-18. apríl.

Fjölbreytt úrval af páska-eggjum!

Páskablað Nettó er komið út! Kíktu á netto.is

Skannaðu QR kóðann og fáðu blaðið í símann

Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÞESSA HELGI

ALLT Á AÐ

ENNÞÁ MEIRI VERÐLÆKK

VERÐ SEM HEFUR ÖRUGGLE

Opið í dag laugardag kl 10-22 o

Cromwell Rugs® ehf.

Víkurhvarf 2 • Sími 835 7070

D SELJAST
UN Á ÖLLUM LAGERNUM
EGA ALDREI SÉST Á ÍSLANDI
og á morgun sunnudag kl 12-22
Cromwell Rugs® ehf.
Víkurhvarf 2 • Sími 835 7070

Chris Rock og Will Smith elduðu grátt silfur á sviðinu í mars.

Will Smith bannaður í tíu ár

thorvaldur@frettabladid.is

Óskarsakademían hefur sett Will Smith í tíu ára bann frá Óskarsverðlaunum eftir að hann sló grínistann Chris Rock utan undir á verðlaunahátíðinni.

Bannið var tilkynnt í gær, viku eftir að Smith sagði sig úr akademíunni en hann hefur einnig beðið Rock afsökunar á hegðun sinni.

Í opnu bréfi sem birt var í kjölfar þess að 54 stjórnendur akademíunnar funduðu lýsti forseti akademíunnar, David Rubin, og framkvæmdastjóri hennar, Dawn Hudson, hegðun Smiths sem „óafsakanlegri“ og viðurkenndu að hafa ekki brugðist rétt við atvikinu, sem átti sér stað í beinni útsendingu. „Við biðjumst afsökunar á þessu. Við fengum tækifæri til að setja fordæmi fyrir gesti okkar, áhorfendur okkar og meðlimi akademíunnar víða um heim en brugðumst því – óviðbúinn hinu ófyrirséða,“ segir í yfirlýsingu akademíunnar.

Þá lofaði akademían Chris Rock fyrir að hafa sýnt stillingu undir óvenjulegum kringumstæðum og þakkaði þeim sem voru viðstaddir atvikið sömuleiðis fyrir að sýna ró.

Will Smith sagðist í yfirlýsingu bæði samþykkja og virða ákvörðun akademíunnar. ■

Mannæturisarnir marsera áfram

ingunnlara@frettabladid.is

Öðrum hluta af síðustu seríu Attack on Titan lauk nú á dögunum með mögnuðu sjónarspili.

Um er að ræða vinsælustu Anime-þætti allra tíma, en þeir fjalla um baráttu mannkyns við mannæturisa. Risarnir marsera og örlög mannkynsins eru í höndum stríðsmanna og umskiptinga sem þurfa að mæta vini sínum sem hefur umbreyst í ógnvænlegt skrímsli.

Síðasta serían skiptist í þrjá hluta og er von á lokakaflanum á næsta ári. ■

Fimmtán ára frumkvöðlar í fatahönnun og fyrirtækjarekstri

Fjórir félagar úr tíunda bekk í Árbæjarskóla tóku sig til og stofnuðu fyrirtæki út frá nýsköpunaráfanga í skólanum, sem kallast Startup Árbær. Þeir hafa nú selt hátt í hundrað peysur og renna 150 þúsund krónur af ágóðanum til góðgerðarmála.

ninarichter@frettabladid.is

Arngrímur Egill Gunnarsson í Burners-peysu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þeir Arngrímur Egill Gunnarsson, Egill Airi Daníelsson, Ísak Örn Friðriksson og Tryggvi Þór Torfason, skipa einn þeirra fjögurra hópa sem taka þátt í nýsköpunarverkefninu Startup Árbær í Árbæjarskóla. Stjórnandi verkefnisins og kennari við skólann, Kristján Sturla Bjarnason, segir að hugmyndin að Startup Árbær hafi orðið til þegar hann vann í félagsmiðstöð fyrir nokkrum árum.

Hugmyndin löngu fædd

„Ég tek þetta verkefni svolítið með mér úr félagsmiðstöð. Við vorum þar með hópa sem voru með lítil fyrirtæki. Verkefni hópsins var að fá hugmynd og framkvæma hana,“ segir Kristján Sturla. „Ég fer að kenna í Árbæjarskóla og tek þessa hugmyndafræði með mér þangað yfir og þý til valgrein í skólanum sem heitir Startup Árbær.“

Hann segist leiða hópana í gegnum fyrirtækjaskref, þar sem búin er til viðskiptaáætlun, hún kynnt fyrir fjárfestum, „innan gæsalappa, sem eru í þessu tilfelli stjórnendur skólans.“

Því næst taki við markaðssetning, sem fari fram með hliðsjón af tegund fyrirtækisins, hvort um sé að ræða veitingastað, viðburðafyrirtæki eða fataframleiðanda. „Svo fara þau í mjög létta útgáfu af þessu fyrirtækjaferli. Þau hanna vöruna, kortgera fjárhagsáætlun og markaðssetja og selja,“ segir Kristján Sturla. „Það er gaman að virkja krakkana í stærri verkefnum, eins og félagsstarf er stundum. Maður kennir þeim helling í gegnum þetta. Fjármálafræðslu og lífsleikni.“

Vöfflur og veitingarekstur

Að sögn Kristjáns eru fjögur fyrirtæki í þessu verkefni. „Það er þetta peysufyrirtæki, svo eru strákar sem stofnuðu vöfflu-veitingastað og voru að selja vöfflur í tvo daga. Það var sett upp eins og veitingastaður,“ segir hann. „Svo voru stelpur að selja taupoka með Árbæjarskóla-lógóinu á. Svo verður síðasti hópurinn með betri-stofu. Svolítið eins og Saga Lounge á Keflavíkurflugvelli, þar sem hægt er að kaupa samlokur og djús og slaka á í einni kennslustofu í skólanum, svona klúbbur,“ segir Kristján Sturla.

Stofnendur Burners-fyrirtækisins, frá vinstri: Tryggvi Þór, Arngrímur Egill, Egill Airi og Ísak Örn.

Hafa alltaf haft áhuga á hönnun

„Við strákarnir höfum alltaf haft áhuga á fatagerð og tísku yfirhöfuð,“ segir Arngrímur Egill Gunnarsson, fimmtán ára frumkvöðull og einn stofnenda Burners-peysufyrirtækisins.

Hann segist hafa stokkið á tækifærið um leið og hann heyrði af Startup Árbær. Síðan hafi boltinn farið að rúlla.

„Það var einn strákur í hópnum sem kom með nafnið og svo fórum við að þróa hugmyndina. Bróðir stráks í fyrirtækinu er ógeðslega góður að teikna og er sjálfur með fatamerki, og teiknaði fyrir okkur merkin á peysurnar,“ segir Arngrímur Egill.

Gefa til góðgerðamála

Aðspurður hvort hópurinn hafi þekkst fyrir, svarar hann „Ég er nýkominn í skólann. Hinir þrír strákarnir hafa verið saman í skóla síðan þeir voru litlir, en ég er nýr í hópnum,“ segir hann. Strákarnir byrjuðu að selja hettupeysur undir merkjum Burners í febrúar og þegar þessi orð eru rituð eru 95 peysur seldar. Hópurinn hyggst gefa 150 þúsund krónur af hagnaðinum til góðgerðarmála.

Arngrímur Egill segist hiklaust ætla að halda áfram á sömu braut. „Mig langar að búa til fyrirtæki og gera eitthvað sjálfur, fyrir aðra. Ekki endilega fatagerð, en að reka fyrirtækið er það sem mig dreymir um að gera,“ segir hann. „Það er svo ógeðslega skemmtilegt ferli að framleiða og selja og sjá söluna koma inn.“

Kristján Sturla Bjarnason, kennari við Árbæjarskóla

Afhenti peysur í eigin persónu

Hvað helstu áskoranir í ferlinu svarar Arngrímur Egill. „Þegar við byrjuðum hélt ég að þetta væri einfaldara. En fólk var að kaupa utan af landi, til dæmis úr Keflavík, og við þurftum að koma peysunum til skila, sem er erfiðara en maður heldur,“ segir hann. „En ég bjó í Keflavík áður en ég flutti hingað, þannig að ég fór bara sjálfur með allar peysurnar til Keflavíkur og afhenti þær.“

Aðspurður hvort að þetta hafi kveikt áhuga sem leiði af sér sérhæfingu seinna meir, svarar Arngrímur að svo sé. „Já, það eru tveir strákar í hópnum sem ætla á hönnunarbraut í framhaldsskóla og sérhæfa sig í þessu. Þeir ætla að fara og bara kunna að búa þetta til og hanna merki og gera þetta vel,“ segir hann brattur. ■

Svæfandi soðningur

KVIKMYNDIR

Drive my Car
Sýnd í Bíó Paradís

Aðalhlutverk: Hidetoshi Nishijima, Tôko Miura og Reika Kirishima
Leikstjóri: Ryûsuke Hamaguchi

ingunnlara@frettabladid.is

Drive my Car er þriggja klukkutíma kvikmynd um ást, dauða, tungumál og helvíti langa bílferð, beint úr hugarheimi japanska skáldsins Haruki Murakami.

Myndin er byggð á nokkrum smásögum úr smásagnasafninu Men Without Women.

Aðalpersónan, Yusuke Kafuku, er leikari og leikstjóri sem setur upp margtyngdar útgáfur af leikritum eftir Beckett og Tsjekhov. Eiginkona hans, Oto, er handritshöfundur sem semur verkin sín í gegnum fullnægingar.

Einn daginn kemur Yusuke að Oto og ungum leikara í ástaratlotum. Skömmu síðar deyr hún af völdum heilablæðingar.

Tveimur árum síðar er Yusuke boðið að leikstýra Vanja frænda í Hiroshima. Hann fær einkabílstjóra, unga konu, og milli þeirra fer að myndast nánd. Yusuke nýtir aksturinn í að hlusta á upptöku af Oto að þylja upp línur eftir Tsjekov.

Ekki er hægt að réttlæta lengdina á kvikmyndinni. Það væri hægt að klippa hálftíma af henni og það væri sama sagan. Þegar rúmlega tveir tímar voru liðnir birtist fimmtán sekúndu

Að mati gagnrýnanda er Drive My Car alls ekki slæm kvikmynd.
MYND/SKJÁSKOT

skot af rauðum Saab í snjónum. Áhorfendur í sal þrjú í Bíó Paradís sprungu úr hlátri.

Þetta er alls ekki slæm kvikmynd. Hún er ljúf. Í henni má finna áhugaverðar pælingar um samskipti og tungumál og hvernig listin og djúp tenging milli vina og elskenda er hafin yfir tungumál. Kvikmyndatakan er líka helvíti flott. Sögustundin í bílnum milli leikstjórans og elskhuga eiginkonunnar stendur upp úr. Sömuleiðis einræðan á táknmáli í Vanja frænda. Römmunin minnir svolítið á In the mood for love.

Þetta er kvikmynd fyrir fólk sem er ekki að flýta sér, sem hefur gaman af listamannarúnki, djúpum pælingum og yfirborðskenndum og „dularfullum“ kvenpersónum. ■

NIÐURSTAÐA: „Slow burn“ listaverk en einnig góð kvikmynd til að leggja sig við.

SKJÁGLERAUGU HJÁ LYFJU

Skjábirta getur haft áhrif á svefngæði og augnheilsu. Gleraugu sem minnka bláa birtu frá snjalltækjum geta bætt svefngæði og almenna líðan þar sem þau hjálpa líkamanum við eðlilega framleiðslu svefnhormóna.

Hugaðu að augnheilsunni. Hjá okkur færð þú fjölbreytta fræðslu, ráðgjöf, bætiefni, augnvörur, gleraugu og linsur.

Sjáumst í Lyfju

LYFJA

Kokteiláhugafólk kætist um helgina

Kokteiláhugafólk getur glaðst um helgina, en Reykjavík Cocktail Weekend stendur nú yfir og lýkur á sunnudag. Um helgina býður fjöldi veitingastaða upp á sérstaka kokteila af þessu tilefni.

Hluti af viðburðinum er Íslandsmót barþjóna sem fram fór í Gamla Bíói á miðvikudag, þar sem Reginn Galdur Árnason á Nauthól fór með sigur úr býtum með drykkinn Galdur, og vann einnig sérstök verðlaun fyrir faglegustu vinnubrögðin. Reginn Galdur mun í framhaldinu keppa fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramóti barþjóna á Kúbu í haust.■

Glápið

Þrætt undir þilfarinu

Below Deck eru raunveruleikaþættir sem gerast um borð á leigusnekkjum. Áhorfendur fylgjast með tíu manna áhöfn sem samanstendur af litríkum persónum, og ekki er laust við átök í þröngu rýminu undir pressu, þegar þjóna skal ríkasta fólki heims.

Áhöfnin virðist þó ansi sátt, en þjórféð sem hún þiggur af gestum getur hlaupið á hundruðum þúsunda fyrir staka ferð sem tekur að jafnaði tvo daga. Að því gefnu að allt gangi hnökralaust fyrir sig. Þegar komið er í land sturtar áhöfnin í sig áfengi og losar um spennu og deilumál á misuppbyggilegan máta, áður en sagan endurtekur sig með nýja gesti um borð.

Fyrsta þáttaröð kom út árið 2013 en þættirnir njóta mikilla vinsælda og hafa alls 122 þættir verið framleiddir.

Below Deck eru í senn raunveruleikaþættir af gamla skólanum og ferðaþættir, en áhöfnin heimsækir marga af eftirsóttustu ferðamannastöðum heims. Hægt er að nálgast þættina á Netflix. ■

Sigræn Sóley og Sindri í Seabear taka upp þráðinn eftir tólf ára hlé

Sóley Stefánsdóttir og Sindri Már Sigfússon eru meðlimir indí-sveitarinnar Seabear, sem hefur snúið aftur eftir tólf ára hlé. Sóley og Sindri hafa aldrei hætt að vinna að tónlist saman á þessu tímabili, og segjast hafa átt auðvelt með að falla aftur í Seabear-hljómförin í verkefni sem ætti að kæta gamla aðdáendur sveitarinnar.

ninarichter@frettabladid.is

Sindri Már Sigfússon og Sóley Stefánsdóttir segja Seabear-sveitina stefna á útgáfutónleika í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Indí-rokksveitin Seabear var stofnuð árið 2003. Sveitina skipa Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir, Halldór Ragnarsson, Kjartan Bragi Bjarnason, Örn Ingi Ágústsson, Sindri Már Sigfússon, einnig þekktur fyrir Sin Fang, auk Sóleyjar Stefánsdóttur. Sveitin sendir frá sér nýja plötu eftir 12 ára hlé, sem ber titilinn In another life.

Seabear þá og nú

Sindri og Sóley segjast hafa hist reglulega, og oft hefur komið til tals að blása lífi í sveitina að nýju. „Þetta var alltaf eitthvert grín og svona pæling," segir Sóley.

Sindri svarar: „Já, það var alltaf spurningin: Hvernig myndi Seabear hljóma núna? Af því að við vorum allt annað fólk fyrir tólf árum síðan. Við höfum þróast sem tónlistarmenn," segir hann. „Það er fyndið að blanda okkur öllum saman aftur, af því að við erum svo ólík."

Hann segir að meðlimir sveitarinnar hafi alltaf verið ólíkir. „En svo þegar bandið hætti að vera aktíft held ég að fólk hafi enn þá meira verið að fara út í sín eigin horn. Ekki ég og Sóley samt, við höfum unnið saman eiginlega alveg síðan bandið hætti," segir hann og bætir við að sveitin hafi lagt hljóðfærin á hilluna í sátt og samlyndi, fyrir rúmum áratug. „Það var ekkert dramatískt þegar við hættum, þannig lagað, þetta var bara komið gott," segir hann og bætir við að planið hafi þó aldrei verið að hætta alveg.

Þreytt eftir langan túr

Sóley tekur undir það. „En þetta gerðist svo hratt, við gáfum út plötu og vorum að túra rosalega mikið," segir hún. „Og erum heppin að vera með þýskt útgáfufyrirtæki, þannig að það var auðvelt fyrir okkur að spila erlendis," segir hún. „Það var rosa mikið af tónleikaferðum og við vorum alveg þreytt eftir það. Það er ein af ástæðunum fyrir að við tókum pásu." Sindri jánkar því. „Já, og þá vorum við búin að vera stanslaust að túra í tvö ár," segir hann.

Aðspurð um hlustendahópinn og hvort að hann hafi breyst eða endurnýjast, svarar Sóley. „Þetta er pottþétt sama fólkið, en maður finnur að það er sami hópurinn sem er búinn að bíða spenntur. Það er fyndið að átta sig á að við erum alveg 12 árum eldri," segir hún.

Ellefu börn á tólf árum

Sindri nefnir einnig barnalán hljómsveitarmeðlima í því samhengi. „Það er búið að bætast ansi mikið af börnum í hljómsveitina, þetta eru alveg ellefu börn! Við erum bara komin með backup-band," segir hann glettinn. „En við náðum eiginlega bara að spila á Airwaves á meðan við vorum að vinna plötuna og svo kom Covid. Það hefur ekkert verið í boði að spila. En maður finnur að þetta er fólk sem hefur fylgst með bandinu lengi."

Platan var að miklu leyti unnin í samkomubanni og Sóley nefnir að það heyrist. „Mér finnst svo fyndið með þessa plötu, að við hittumst ekkert mikið á meðan við vorum að gera hana. Þar skín alveg í gegn karakter hljómsveitarmeðlima, hvaðan uppspretta laganna kom. Og svo þarf að koma þessu fyrir í einni plötu sem sándar svona – eins."

Aðspurð um íslenskt tónlistarlandslag þá og nú bendir Sindri á að mörg sem voru að spila í þeirra senu fyrir 12 árum síðan séu hætt í tónlist og farin að gera aðra hluti. „En okkar samtímafólk var rosalega sterkt þegar við vorum í þessari senu. Við vorum að ferðast svo mikið saman," segir hann.

> Já, það var alltaf spurningin: Hvernig myndi Seabear hljóma núna? Af því að við vorum allt annað fólk fyrir 12 árum síðan. Við höfum þróast sem tónlistarmenn.
>
> Sindri Már Sigfússon

„Við ferðuðumst með múm og Benna Hemm Hemm og Hudson Wayne, sem er alveg hægt að gera þegar maður er 25 ára," segir Sindri. „Ekki þegar maður er aðeins eldri en það, þá verður það erfiðara." Hann segist sjá það í tónlistarsmekk sinna barna að þau séu ekki upptekin af tónlistarstefnum. „Þau hlusta bara á allt sem þeim finnst skemmtilegt.

Landamærin að óskýrast

Sóley tekur undir það. „Mér finnst skemmtilegt hvað landamæri tónlistarstefna eru orðin óskýrari. Maður er einhvern veginn bara að gera allt og leggja sína bestu vinnu í það. Það skiptir ekki máli hvað það heitir," segir hún.

Stórum hljómsveitum fylgja flækjustig. „Eitt vandamálið við þetta band er að við erum til dæmis búin að reyna að plana myndatöku í þrjá mánuði. Það er aldrei þannig að allir komist á sama tíma," segir Sindri.

Þrátt fyrir það sé mannaskipan sú sama og þegar Seabear tók pásu fyrir tólf árum og Sóley segir að enginn sé hættur. „En alltaf þegar ég hugsa um Seabear hugsa ég um tónleika á sumrin í Reykjavík. Við höfum gert mikið af því og það er mjög Seabear-legt," segir hún.

Aðspurður hvort að um sé að ræða nostalgíukast fyrir gamla Seabear-aðdáendur, svarar Sindri. „Já, ég held að við höfum dottið bara í sömu förin frekar auðveldlega. Ég man að þegar við gerðum fyrsta lagið sagði bróðir minn: Þetta hljómar mjög Seabear-lega," segir hann. „En það er skemmtilegt þegar það er sía af sex skoðunum og þá kemst maður að niðurstöðu sem maður myndi aldrei komast að einn. En þetta eru stundum langir Facebook-þræðir, segir Sindri og hlær. ■

Pink Floyd gefur út lag til stuðnings Úkraínu

ninarichter@frettabladid.is

Pink Floyd hefur sent frá sér fyrsta lagið í 28 ár og er tilefnið mótmælaaðgerð við stríðsrekstur Rússa í Úkraínu. Rödd úkraínska tónlistarmannsins Andrijs Khlíjvnijuk úr hljómsveitinni BoomBox er notuð í lagið, en David Gilmour, söngvari Pink Floyd, kynntist Khlíjvnijuk þegar þeir spiluðu saman á góðgerðarsamkomu árið 2015.

David Gilmour talar umbúðalaust í viðtali við breska blaðið The Guardian, þar sem hann segir: „Það er mjög erfitt og frústrerandi að sjá þessa gríðarlega sturluðu, ólögmætu árás af hendi stórveldis gegn sjálfstæðu, friðsælu lýðræðisríki. Geðshræringin sem fylgir því að horfa upp á þetta, og hugsa: Hvað í fjandanum get ég gert? Er eiginlega óbærileg," segir söngvarinn.

Pink Floyd hefur því sent frá sér lagið Hey hey, Rise up, þar sem rödd Khlíjvnijuks er notuð. Lagið kom út á miðnætti aðfaranótt föstudags. Ágóði af útgáfunni rennur óskiptur til hjálparstarfs í Úkraínu. Lagið má nálgast á helstu streymisveitum.

Gilmour hafði gefið út fyrir örfáum árum að bandið væri hætt með öllu og myndi ekki senda frá sér tónlist aftur. Honum snerist hugur í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu. Hann nefnir einnig persónulega tengingu í því samhengi en tengdadóttir Gilmours, Janina, er frá Úkraínu, og barnabörnin hálfúkraínsk. ■

David Gilmour hefur persónulega tengingu við Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

NÓA
NÓA
APPELSÍNU
KROPP
10 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA
200 g
ÞAÐ ER LOKSINS KOMIÐ AFTUR!
Eins og allir vita þá passa appelsínur og súkkulaði ótrúlega vel saman. Hvað er betra en súkkulaði með appelsínubragði? Nú auðvitað Nóa Kropp með appelsínubragði!
Aðeins í takmörkuðu magni í tilefni af tíu ára afmælinu.
Ekki missa af þessari brakandi snilld!
cocoa HORIZONS
NÓI SÍRÍUS

Óðurinn til drónans

Frétt vikunnar

Helgi Steinar Gunnlaugsson

arnartomas@frettabladid.is

Ég er staddur í fæðingarorlofi og hef þar af leiðandi ekki fylgst jafnmikið með fréttum og venjulega, en ein frétt sem fangaði athygli mína var að Úkraínumenn væru búnir að semja lag um tyrkneska drónann Bayraktar. Dróninn er framleiddur af einkafyrirtæki sem er í eigu tengdasonar Erdogan Tyrklandsforseta. Tengslin við Rússa gera þetta að ansi furðulegum ástarþríhyrningi!

Það er ekki skrítið að Úkraínumenn séu ánægðir með drónann, enda hefur hann tekið út heilan haug af rússneskum skriðdrekum. Það fyrsta sem ég hugsaði þó þegar ég sá fréttina var blætið sem sveitir Mujahideen höfðu fyrir Stinger-eldflaugavörpunni á 9. áratugnum og notuðu til að skjóta niður þyrlur og það mynduðust hálfgerð trúarbrögð í kringum vopnið.

Ef þetta heldur áfram eru kenningar sem benda til að Úkraína gæti orðið að einhvers konar hliðstæðu við Afganistan þar sem jarðvegurinn er frjór fyrir öfgahægri hópa til að spretta upp. Þetta er kokteill og öll hráefnin eru til staðar til að geta búið til þessar aðstæður. ■

> Það er ekki skrítið að Úkraínumenn séu ánægðir með drónann.

Helgi Steinar í Úkraínu 2021 við gerð þáttanna Ragnarök.

Neonlituð gleði, perlur og elegans

Tískuvikan í París er einn stærsti tískuviðburður heims og fer fram, líkt og aðrar tískuvikur í helstu stórborgum heims, tvisvar á ári. Þar sýna hönnuðir úr framlínu tískunnar uppskeru þrotlausrar vinnu við fögnuð áhorfenda. Gestir á slíkum tískuvikum keppast um að skara fram úr og vekja á sér athygli og þar má gjarnan sjá brot af því sem koma skal í götutísku Vesturlanda. Áberandi og sterkir litir vekja athygli, víð buxna – og jakkasnið eru enn í tísku eftir sterka innkomu í heimsfaraldri, og einnig gætir frelsis og frumlegheita í hártísku. Perlur eru líka mjög heitar um þessar mundir.

Fyrsta tískuvika Parísarborgar var haldin í október árið 1973 í Versala-höll, í fjáröflunarskyni til þess að gera upp höllina, sem muna hafði mátt fífil sinn fegurri. ■

Gestur á tískuvikunni með neongulan filthatt, hvítar perlur um hálsinn og plasttösku yfir bláan jakka frá Quicksilver.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rósableikir tónar og perlur voru áberandi.

Gucci-sólgleraugun gefa gylltum langermakjól skemmtilega fágað og frumlegt yfirbragð.

Gestur tískuvikunnar í fallegri ullarpeysu í stíl við gráar mynstraðar buxur. Gæti vel virkað í íslenska vorið!

Loðhúfan tónar vel við pastellitaðar flíkur og strigaskó. Hér eru þægindin fyrir öllu.

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

GLEÐILEGA PÁSKA

Alltaf jafn gott
Eigðu Góa páska

Góa

BYKO

Allir út að hjóla!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

BARNAHJÓL 26"

26" götureiðhjól sem hentar vel til hjólreiða innanbæjar.6 gírar Shimano. V-handbremsur, kemur með bögglabera, brettum og körfu.

Vnr. 49620201
31.995

PHOENIX

Vinsæl vara

BARNAHJÓL 16"

með hjálpar-dekkjum fyrir 4-6 ára börn.

Vnr. 49620062A/63A
25.995

KENT A century of cycling

BMX HJÓL 20"

Sterkbyggt 20" BMX úr álblöndu með fram og aftur fóthvílum. Diskabremsur að framan og aftan.

Vnr. 49620145
35.995

KENT A century of cycling

BMX HJÓL 12"

með hjálpardekkjum og fótbremsu. Til í 2 mismunandi litum með keðjuhlíf.

Vnr. 49620143/059
23.995

KENT A century of cycling

GÖTUHJÓL 26"

700C M með fram- og afturbretti, dempara að framan, bögglabera og 21 gíra.

Vnr. 49620153
72.995

GÖTUHJÓL 26"

með fram- og afturbretti, dempara að framan, bögglabera og 21 gíra.

Vnr. 49620154
72.995

KENT A century of cycling

REIÐHJÓL

Megaflex fjólublátt með dempurum að framan og aftan.

Vnr. 49620148
37.995

KENT A century of cycling

FJALLAHJÓL

Sterkbyggt fjallahjól með 21 gíra skiptingu og dempara að framan og aftan. Blátt eða drapplitað.

Vnr. 49620150/51
54.995

KENT A century of cycling

RAFMAGNSHLAUPAHJÓL

20km/h hámarkshraði, 20km drægni, 12kg þyngd, þrjár hraðastillingar.

Vnr. 49620299
49.995

Verslaðu á netinu byko.is

Nú þarf að smúla eða spúla!

...eins og BOSCH

HÁÞRÝSTIDÆLA

Easy Aquatak 110 bör,
330 l/klst, 3,8 kg.

-20%

Vnr. 74810232

19.996

Almennt verð: 24.995

Þú sparar: 4.999

Frábær fyrir bílinn

HÁÞRÝSTIDÆLA

Universal AQU 130 bör,
380 l/klst, 7,8 kg.

-20%

Vnr. 74810238

30.396

Almennt verð: 37.995

Þú sparar: 7.599

HÁÞRÝSTIDÆLA

Advanced Aquatak 140 bör.
450 l/klst. 18 kg.

-20%

Vnr. 74810246

46.396

Almennt verð: 57.995

Þú sparar: 11.599

PALLAHREINSIR

AQUASURF 280. Margnota háþrýstihreinsir til að tengja við Bosch háþrýstidælur.

Vnr. 74819018

6.995

HÁÞRÝSTIDÆLA

Aquatak 150 bör.
480 l/klst 21.1 kg.

-20%

Vnr. 74810250

71.996

Almennt verð: 89.995

Þú sparar: 17.999

Mestur kraftur

HÁÞRÝSTIDÆLA

Aquatak 160 bör.
570 l/klst 23.4 kg.

-20%

Vnr. 74810260

79.996

Almennt verð: 99.995

Þú sparar: 19.999

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Liverpool
frá 8.999 KR.
flyPLAY.com

Bakþankar

Óttars Guðmundssonar

Vandi Þorgerðar

Persónuleiki Hallgerðar langbrókar Höskuldsdóttur einkenndist af narsissisma. Hún var sjálfmiðuð og sóttist stöðugt eftir viðurkenningu og athygli. Hallgerður átti enga hluttekningu með öðrum og ráðskaðist með líf og örlög umhverfisins. Bak við þessa hrjúfu framhlið duldist öryggislaus lítil stúlka, full af sársauka með brotna sjálfsmynd, sem óttaðist að verða afhjúpuð. Hallgerður þráði að vera elskuð og metin að verðleikum en enginn eiginmanna hennar stóð undir væntingum fremur en aðrir.

Einkadóttir Hallgerðar, Þorgerður Glúmsdóttir, átti erfiða og stormasama ævi. Það er ekki auðvelt að vera barn foreldris sem elskar sjálft sig meira en barnið sitt. Þorgerður reyndi í sífellu að gera Hallgerði til geðs í von um ást eða viðurkenningu. Hún lærði að umgangast móður sína af varúð því að sífellt var stutt í æðiskast. Þorgerður giftist kornung inn í logandi fjölskyldudeilur og hafði síðan ekkert um eigið líf að segja.

Börn narsissistískra foreldra fá sjaldnast tækifæri til að þróa eigin persónuleika. Á fullorðinsaldri reyna þau að skilja væntingar og kröfur umheimsins og gera öllum til geðs. Þau verða ósjálfstæð og háð áliti annarra. Einkennin eru þunglyndi, vanmetakennd og lélegt sjálfsmat. „Mér líður eins og ég falli á prófi á hverjum degi," sagði einn. Meðferð er erfið en mestu skiptir að fullorðna barnið trúi á sig og hætti að hlusta á bergmálið af röddum foreldranna í eigin höfði.

Hallgerður stóð aldrei með Þorgerði. Bergþórshvoll var brenndur vegna þess að hún sýndi henni ekki eðlilega móðurást. Það má því segja að Brennu-Njálssaga eigi narsissistískri móður tilveru sína að þakka. ■

Við blásum nýju lífi í hlutina

SANDBLÁSTUR
BLÁSTUR.IS
S: 555-6005

Helluhrauni 6,
220 Hafnarfirði